

Þjóðsögur um Suðurnes

HILDUR HARÐARDÓTTIR

HILDUR HARÐARDÓTTIR, FYRRUM KENNARI VIÐ HOLTASKÓLA OG SVÆÐISLEIÐSÖGUMAÐUR, HEFUR SAFNAÐ ÞJÓÐSÖGUM UM SUÐURNES OG GÓÐFÚSLEGA VEITT OKKUR LEYFI TIL AÐ BIRTA ÞÆR Á VEFNUM OKKAR.





Aðsókn

Þegar séra Kristján Eldjárn Þórarinsson var prestur að Stað í Grindavík, var hann eitt sinn staddur í skírnarveislu í Garðhúsum. Hann sat þar við borð og fyrir framan hann stóð staup á borðinu. Allt í einu springur stærðar stykki úr staupinu og kastast út í þil. Enginn skildi hvernig á þessu gæti staðið. En rétt á eftir kemur inn í baðstofuna maður að nafni Sigurður Sveinsson, er þá átti heima á Einlandi í Grindavík. Var hann dóttursonur Móhúsa-Jóns, sem kallaður var. Móhús var kot á Eyrarbakka og þaðan var hin fræga Móhúsa-Skotta (Sjá J.Á.I.347)

GRÍMA HIN NÝJA IV 332



Agat

Jón bóndi Daníelsson í Vogum var í miklu álitum bæði hjá Vogamönnum sjálfum og öðrum sem þar reru á vegum hans fyrir kunnáttu sína og þekkingu á mörgu. Leituðu þeir því tíðum ráða til hans í vandræðum sínum og eins ef þeir öfluðu illa. Lagði hann þeim oftast þau ráð sem dugðu. Oft gaf hann þeim steina og annað þess konar, en hann bað þá geyma vandlega og segja engum frá að þeir hefðu né heldur hvaðan þeir væru og mundu þeir verða varir meðan þeir geymdu steinana vel.

Einn formaður í Vogum var sá sem jafnan var óheppinn með afla. Hann leitaði einu sinni í vandræðum sínum til Jóns og bað hann kenna sér ráð við þeirri óheppni. Jón sagði honum að ekki mundi gott við því að gjöra, en ráð gæti hann þó kennt honum. Skyldi maðurinn fara með austurtrog út í Mölvík undir Vogastapa og koma með það fullt af malarsteinum og færa sér; mundi þá varla fara svo að þar væri ekki í einhver happasteinn.

Síðan fór maðurinn sem honum var sagt og færði Jóni fullt austurtrog. Jón fór að leita í því og fann seint þann stein sem honum líkaði. Brá hann ýmist á þá tungunni eða þefaði af þeim og stundum hvort tveggja. Loksins fann hann einn er honum líkaði. Þann stein fékk hann manninum og sagði að hann skyldi hafa hann jafnan með sér er hann reri til fiskjar og mundi hann þá varla fara fýluferð, en muna sig um það að láta ekki á þessu bera við nokkurn mann. Eftir þetta brá svo við í hvert sinn sem maðurinn reri að hann hlóð og dró með háseta sínum stanzlausan. Þegar þetta hafði gengið svo um stund getur formaðurinn ekki að sér gjört og segir háseta sínum frá hvað Jón hafi gefið sér og sýnir honum steininn. Þar með segir hann frá því að Jón hafi beðið sig að láta þetta ekki vitnast og biður hann fyrir alla

lifandi muni að láta það ekki fara lengra, en satt hafi karlinn sagt og fleira viti hann en almenningur.

En hér eftir fékk formaðurinn aldrei bein úr sjó það sem eftir var vetíðarinnar né upp þaðan og kenndi hann það mælgis sinni sem Jón hefði varað sig við.

JÓN ÁRNASON I 652



Andar í bílum

Eitt kvöld ók leigubílstjóri úr Reykjavík suður til Keflavíkur til þess að sækja fólk. Hann var einn í bílnum. Á var dumbungsveður, en úrkomulaust og fól á jörðu. Þegar hann var á veginum milli Voga og Vogastapa sá hann, hvar maður stóð á vegarbrúninni, lítið eitt fram undan. Þegar hann kom nær, sá hann að hann var í hermannabúningi og taldi víst, að þetta væri Bandaríkjamaður að bíða eftir fari til Keflavíkur. Hann stöðvaði bílinn og bauð gestinum á ensku að gera svo vel að setjast inn. Sá anzaði ekki, en smeygði sér þegjandi inn og settist við hlið bílstjórans sem ók af stað. Hann fór að tala á ensku og spyrja manninn hvert hann væri að fara. En hann svarar engu, lítur ekki við honum og horfir beint fram. Þegar hann var kominn þangað upp í Stapann, sem braut lá út af veginum að brag-gahverfi, sem Bandaríkjaherinn hafði haft þar á stríðsárunum, þá sá hann að maðurinn var horfinn hljóðalaust úr bílnum.

Seinna flutti sami maður eitt kvöld fólk úr Reykjavík suður til Keflavíkur og fór þaðan til baka inn eftir um klukkan fjögur um nóttina. Hann var aleinn í bílnum og stanzaði hvergi. Þegar hann kom inn á Vogastapa, þar sem hann er hæstur, varð honum lítið í spegilinn fyrir framan sig. Þá blasti þar við augum hans furðuleg sjón. Sá hann í speglinum, hvar tveir menn sátu hlið við hlið í aftursætinu. Hann sá að á þeim var nokkur aldursmunur, og var sá eldri með hatt á höfði, sem slútti niður yfir ennið, og bar hann herra í sætinu. Manninum brá nokkuð við þessa sýn, en rétt á eftir að hún birtist í speglinum, vildi svo til, að bíll kom á eftir með sterkum ljósum, sem skinu litla stund inn í bíl hans aftan frá, og sá hann þá men-nina í speglinum ennþá greinilegar. Enn sá hann þá betur, þegar hann var að fara niður Stapann og tunglið á himninum féll beint á spegilinn. Hann herti á akstri-num, því að hann kunni betur við að vita af bílnum á eftir sér en að verða einn

eftir á veginum. Þarna sátu þessir náungar hreyfingarlausir, þar til hann var kominn eitthvað inn fyrir Voga. Þá hurfu þeir eins skyndilega og þeir birtust.

Sami bílstjóri var að flytja mann suður í Keflavík í ausandi rigningu. Þegar hann var kominn uppundir hástapann á suðurleið, springur dekkið á öðru afturhjóli bílsins. Hann varð auðvitað að taka það af hjólinu og setti á það annað dekk, lítt notað. Síðan hélt hann áfram og skilaði manningnum af sér í Keflavík og ók að því búnu sem leið lá til baka. En þegar hann kom nákvæmlega á sama stað og dekkið hafði sprungið á í suðurleiðinni, þá sprakk dekkið, sem hann hafði sett þar á hjólið. Hann tók það af og fór að bauka við að gera við það á afturgólfinu í bílnum, setti það svo á hjólið og hélt sína leið. Þessar bilanir fundust manningnum mjög kynlegar, í fyrsta lagi vegna þess, að bæði hjólin skyldu springa nákvæmlega á sama stað og enn fremur af því, að þau voru bæði lítt slitin og vegurinn sízt verri þarna en annars staðar.

GRÁSKINNA II 217



Álfareiðin á gamlaárskvöld

Það var á Kalmanstjörn í Höfnum, á gamlaárskvöld 1910, að allt fólk af heimilinu var farið til Kirkjuvogskirkju til að hlýða á aftansöng, nema þrjár manneskjur. Veður var hið fegursta um kvöldið, blæjalogn, glaða tungsljós og bjart sem af degi; hrímfall var mikið og nokkurt frost. Þau sátu þrjú inni í stofu, og var ofninn rauðkyntur; var því hiti mikill inni, svo að fólkið opnaði bæði stofuhurðina og útidurahurðina. Nálægt miðnætti heyrðist allt í einu þytur mikinn, eins og af sterkri vindhviðu og samtímis geysimikinn undirgangur, eins og fjölda hesta væri hleypt á sprett á harðvelli. Þau hlupu öll út á tröppurnar, en í sama bili sáu þau hvar æðandi hestaþvaga kom inn um túngarðshliðið sem er á að gizka 30 metra frá húsinu. Þaut öll hestaþvagan þrjá til fjóra metra frá fólkinu með ógurlegum undirgangi, blæstri og þyt. Allir virtust þeim hestarnir hvítir og eins verur þær er á þeim sátu, en sökum þess að þetta var líkara leifturhraða en vanalegri hestareið gátu þau ekki glöggvað sig á því hve hestarnir voru margir; en færri en sex voru þeir alls ekki. Tveir mannanna hlupu eins hart og fætur toguðu niður túnið á eftir þessum undraverðu hestum. En áður en þeir voru komnir niður af tröppunum, var öll þvagan komin suður túnið, yfir túngarðinn og suður sandana fyrir sunnan tún. Skömmu síðar kom allt fólkið heim og var því sagt frá sýninni. Fór þá allt heimilisfólkið niður á tún og suður á sandana að leita að förum hestanna í hrímfallinu og sandinum en gátu ekki séð nein merki þess að hestar hefðu farið þar á flugferð fyrir fáum mínútum. Á nýárs morgun var gætt betur að þessu, en ekkert var öðruvísi nema að gaddavírsgirðingin var slitin sundur á tveim stöðum.



Álfaskip hjá Arnarbæli

Holt eitt með klettum og grasi vaxið á milli klettanna er upp í heiðinni milli Býjaskerja og Sandgerðis rétt fyrir ofan (sunnan) túngarðinn, er Arnarbæli heitir. Annar klettur er þar fyrir neðan Sandgerði sem brúkaður hefur verið fyrir hróf á sumarinn, er heitir Hamar. Þaðan þóttust menn sjá álfafólk vera að setja skip sín og upp í Arnarbæli nóttina fyrir Bátsendaflóðið - þann 4. janúar 1798 - sem mörgum sveitum olli hins mesta tjóns og töpunar.

JÓN ÁRNASON III 10



Álfkonan í Kirkjuhöfn

Í fyrri daga bjó að Eyri við Hafnaberg ungur og dugandi bóndi. Átti hann góða konu, unga og fríða sýnum, bóndadóttur úr Grímsnesi. Í þá tíð var grasnyt lítil orðin á Eyri en sjósókn því meiri því að útræði var afbragð og sat bóndi því öllum stundum á sævartrjám. Var hin unga húsfreyja óvön slíkum búsháttum og áður en langt leið sóttu að henni mikil leiðindi. Varð bóndi óglaður mjög af þessu en fékk þó ekki neitt frekara að því gjört.

Nótt eina um haust dreymir húsfreyju að til hennar kemur há og tíguleg kona og segir við hana: "Viltu gefa mér höfuðið af þeirri skepnu sem eftir verður á morgun í skutnum hjá bónda þínum þegar skipt hefur verið afla og tekið á köstum. Mun ég hirða höfuð þetta sé það látið á naustavegginn og launa þér með einhverju þótt síðar verði." Að því búnu fannst húsfreyju kona þessi hverfa burt. Þessa sömu nótt rær bóndi í bíti með falli suður fyrir Hafnaberg og leggst í svonefndri Skjótastaðaholu. Beitir bóndi sig niður og dregur þar flakandi lúðu um fallskiptin en rétt í því örvast svo fiskur hjá þeim við upptökuna að ekki stendur á neinu nema grunnmáli og höndum háseta. Fengu þeir brátt góðan afla og nutu að því búnu bæði straums og vinds heimleiðis.

Þegar heim kom var borinn upp afli, tekið á köstum og skipt í hluti. Gekk þá húsfreyja til varar og kom að máli við bónda sinn og sagði honum draum sinn. Sagði bóndi henni þá að flyðra væri óskipt í skut skipsins og skyldi hann að öllu leyti gjöra samkvæmt vilja hennar. Fór þannig allt eins og fyrr er frá sagt og var höfuðið horfið morguninn eftir.

Leið svo á vetur með góðum gæftum því að ýmist var hæg átt eða andvari af landsuðri með ládeyðu og var bóndi bæði fiskisæll og byrsæll. En það er frá hús-

freyju að segja að leiðindi hennar jókust svo mjög að hún tók að fara einförum. Svo var það í lok föstunnar að húsfreyja fór um lægri dagana inn að Kalmanstjörn sér til léttis og hugarbótar. Dvaldist hún lengi og lagði seint af stað heimleiðis. Segir ekki af ferð hennar fyrr en hún kemur suður að svo nefndum Kirkjuhafnarhólum. En húsfreyja var hindruð og settist þar því um stund til þess að hvíla sig.

Þegar hún stóð upp sá hún allt í einu hólinn standa opinn. Sá húsfreyja þar inn í stóra og mikla hvelfingu. Þar logaði eldur glatt í hlóðum og hékk pottur yfir í hóbandi. Fyrir framan eldinn stóð há og tíguleg kona sem hafði lítinn hnött undir handlegg sér en sprota í höndum. Varð húsfreyja hrædd við sýn þessa og hugði að flýja burt sem fljótast. En þá brá hin ókunna kona sprotanum í áttina til hennar. Runnu þá á húsfreyju töfrar svo miklir að hún gekk mót vilja sínum beint inn í hólinn til álfkonunnar.

Sú tók til orða og mælti: "Vita skaltu það að þú ert hingað komin af mínum völdum. Ég fékk hjá þér fiskinn en hef hann að litlu einu goldið þér. En ég veit að þú unir illa hjá bónda þínum hér við sjóinn. Ég mun því reyna að veita þér hjálp, þótt lítilfjörleg verði"

Tók þá álfkonan smyrslabauk og smurði bæði augu húsfreyju og mælti: "Upp frá þessu skaltu öðrum augum lífið líta og mæli ég svo um að lán fylgi þér."

Lagði svo álfkonan hönd sína á höfuð húsfreyju og mælti fram vísu þessa:

Brimhljóð á köldu kveldi kyrrir og svæfir bezt;
hlóðirnar hlaðnar eldi huganum sýna flest,
glæður og glitruð bára gylla muna og rann,
þá gleymist sorgin sára, sætztu við byggð og mann.

Að því búnu leiddi álfkonan húsfreyju út úr hólnum og brá sprota sínum. Brá þá svo einkennilega við að töfrar allir og leiðsla hurfu jafnskjótt af húsfreyju og var sem hún vaknaði af draumi. Þó mundi hún vel eftir öllu sem fyrir hana bar og eins nam hún vísuna, er áður getur. En nú var álfkonan horfin, og á hólnum sáuust engin verksummerki; hann var eins og hann jafnan hafði verið fyrr. En svo brá við að húsfreyja varð önnur eftir atburð þennan, hún mátti aldrei af heimili sínu sjá, varð bæði vinnusöm og stjórnsöm, jók kyn sitt og lifði farsælega með manni sínum til æviloka.

RAUÐSKINNA I 66



Bergþór og flugan

Bergþór bjó á Rafnkelsstöðum. Hann var maður fjáður einkum að sjávarútvegi og átti mörg skip. Það var þá siður að gjalda sjómönnum skiplag sitt í mjöli, hverjum tvo fjórðunga eða þá annan í mjöli en hinn í hörðum fiski og færið skyldu þeir fá að vertíðarlokum; flestir létu þá fá stykki úr gömlu færi.

Þar var með sjómönnum Bergþórs unglingspiltur úr Norðurlandi ósjóvanur. En er hann vó skiplagið í þetta skipti vildi hann ekki gjalda drengnum nema helminginn og lét hann gjalda þess er hann var ekki sjóvanur. Drengurinn krafðist þess og gat þess að hann væri ekki of birgur að útgerð, enda mundi hann eiga það sem aðrir sem á hans vegum reru. Kom hart í með þeim en vann ekki á að heldur. Drengurinn sagði hann mundi ekki alla tíð á því lífa - "enda ertu ekki farinn að vega skiplagið að ári."

Veturinn eftir þegar Bergþór sló upp méltunnuna til að gjalda sjómönnum sínum þá fló fluga upp úr tunnunni og ofan í Bergþór. Eftir það var alltaf ofan í honum að heyra sem suða í katli og verst þegar hann var í kirkju eður undir lestri. Þegar hann andaðist óaði alla hjá honum að vera og gat það engi nema Einar Gíslason, bróðir Guðrúnar í Lónshúsum. Var þá svo að heyra sem brakaði í hverju tré. Sagði hann það væri önnur sú óskemmtilegasta nótt og hin þegar hann vakti yfir Þorsteini sýslumanni á Hlíðarenda; og sér hefði orðið hverft við þegar hann bar líkkistu á öxlunum til graftar, eins og þá tíðkaðist. Var hann lítill vexti, en fremstur undir kistunni. Skauzt þá líkið allsbert úr kistunni.

JÓN ÁRNASON III 387



Bíllinn á Vogastapa

Vorið 1931 voru menn að vegavinnu á Vogastapa. Verkstjóri var Brynjólfur Melsteð. Var unnið í mörgum flokkum og einn vann að undirbyggingu á veginum í halanum, sem er skammt fyrir ofan vegamót Grindavíkurvegjar og Keflavíkurvegjar.

Dag nokkurn var Brynjólfur staddur í flokknum og var að mæla fyrir veginum. Logn var og glaða sólskin. Verður Brynjólfi þá litið niður á vegamót Grindavíkurvegjarins, sem voru um 330m frá honum. Sér hann þá við vegamótin bíl, sem fer suður Grindavíkurveginn með nokkurum hraða. En er hann hafði farið um 200m suður eftir veginum, leystist hann sundur og hvarf með öllu. Þetta var vörubíll með talsverðum flutningi og sýndist Brynjólfi húsið brotið af og menn sitja ofan á farminum.

Fyrst nefndi Brynjólfur þessa sýn ekki á nafn við neinn, en nokkurum dögum síðar sagði einn af þeim mönnum, sem voru í þessum sama flokki, Ragnar að nafni, að hann hefði séð sams konar sýn. Þá sagði Brynjólfur frá sinni sýn, og bar saman um stund og stað, svo og sýnina sjálfa, en Ragnar hafði þó séð allt þeim mun betur, að hann fullyrti, að húsið hefði verið brotið af bílnum, farmurinn hefði verið timbur og menn setið ofan á, enda var hann nokkuru nær veginum en Brynjólfur.

Laugardagskvöld hálfri annarri viku síðar var Brynjólfur staddur í Reykjavík ásamt mörgum, sem voru í vinnunni hjá honum. Þurfti hann þá að fá timbur flutt austur í Gnúpverjahrepp, og fékk hann vörubíl til þess að fara með það. Fimm menn voru á bílnum, auk bílstjórans. Var það Brynjólfur, Ragnar og þrjú menn aðrir. En á veginum milli Rauðavatns og Baldurshaga rann bíllinn út af og hvolfdi.

Enginn meiddist þó til muna og mátti það kallast heppni, þar sem þeir sátu fjórir á timburfarminum og brotnaði ofan af bílhúsinu. Þeir réttu bílinn við og héldu áfram. Þótti þeim Brynjólfi og Ragnari þá kynlega við bregða, þar sem þeir þekktu þar þá aftur sama bílinn, sem þeir höfðu séð á Vogastapa hálfri annarri viku áður.

RAUÐSKINNA I 232



Bjarni formaður

Bjarni var formaður í Kotvogi í hálfra öld. Var hann ráðinn í eitt skipti fyrir öll í Kotvogi með þeim skilyrðum að enginn væri yfir hann settur heldur væri hann sinn eiginn húsbóndi sumar, vetur, vor og haust. Hann var hár maður, beinn og sérlega vel limaður. Í klæðaburði var hann snyrtimenni enda átti hann mikið af fötum og gat oft skipt um spariföt á stórhátíðum og í landlegum. Trúmaður var hann og krafðist þess að lesið væri einungis í Vídalín. Allan þann tíma setti hann sinn svip á heimilið, fyrst sem óvenjulega efnilegur unglingur og svo sem einn af hinum mestu formönnum og hlutaguðum á Suðurnesjum og loks sem blindur öldungur, hvítur af hærum sem seint og snemma staulaðist vestur fyrir bæjarhúsin, þangað er vissi út að hafinu og horfði brostnum augum út á draumaland sitt og hlustaði á sjávarhljóðin og vindana.

Þegar Bjarni var á áttunda árinu fór hann fyrst á sjó. Varð hann þá svo veikur að honum var vart hugað líf og langur tími leið áður en hann hafði jafnað sig eftir þjáningar sjósóttarinnar. Nokkru seinna dreymdi hann einkennilegan draum. Hann þóttist sjá bláklædda konu, fyrirmannlega og gráhærða koma að rúmi sínu. Mælti hún við hann þessi orð: "Nú er það versta búíð, væni minn, hér eftir verður blaðinu snúið við." Að svo mæltu gekk kona þessi í burt. Næst þegar hann fór á sjó brá svo einkennilega við að öll sjóveiki var horfin og allt lék í lyndi fyrir honum og upp frá því óx honum jafnt og þétt fiskur um hrygg með öll sjávarstörf og 16 ára var hann orðinn formaður á teinæring.

Fyrstu vertíðina sem hann var formaður dreymdi hann nótt eina að bláklædda konan kæmi að rúmi sínu. Hún var gustmikil, ýti við honum og mælti: "Flýttu þér nú."

Hann vaknaði strax og þóttist sjá hana ganga frá rúmi sínu. Hann klæddist skjótt og fór út. Vindur var hægur af hafi en undirsjór mikill. Hann kallaði strax háseta sína, reri á undan öllum öðrum, sat stutt á sjó en fiskaði þó vel og hélt heimleiðis á undan öllum. Nokkru eftir að hann hafði lent tók að hvessa af hafi og sjór að aukast. Allir aðrir formenn fengu brimlendingu þennan dag og var það mikil mildi að manntjón varð ekki en skemmdir urðu á skipum.

Þegar Elzti-Ketill, fóstri Bjarna, var dáinn, tóku þeir við hver af öðrum Mið-Ketill og Yngsti-Ketill. Bjarni var formaður hjá þeim öllum en eftir lát Elzta-Ketils brá svo við að bláklædda konan kom aldrei til Bjarna en fóstri hans kom ávallt ef veðri var þannig háttað að gott var seinna hluta nætur og fram eftir morgni en breytti svo skyndilega en hann kom aldrei er gæftir voru stöðugar eða ef tíð var vond.

Í Kotvogi var eldastúlka sú er Ingigerður hét. Einu sinni reytti hún á einum sumardegi stóran kálgarð á hlaðinu í hjáverkum á milli þess sem hún eldaði þrímælt handa 28 manns yfir daginn. Hún hefir eflaust notað daginn vel. Hún var hið mesta stórveldi um skap og málfar. Vor eitt þegar kaupskip voru komin og mikið var annríki við uppskipun og útskipun, óð hún að Bjarna snemma morguns og spurði hann, hvort það væri ætlunin að láta heimilið vera soðningarlaust þar eð allar rár væru ruddar í fiskhjallinum og ekkert hendi nær nema að grípa til trofskissins eins og í stórrumbum og lengstu frátökum að vetrinum. Heldur væri það skrítið að þurfa nú að fara að elda slíkan mat þegar sjórinn væri eins og rjómatrog dag hvern. Lítið legðist nú fyrir kappann. Bjarni svaraði engu, og leið svo fram yfir hádegi. Þá mælti Bjarni við Gerðu: "Það fæst sykur og kaffi um borð í skipinu. Viltu koma með mér um borð og fá þér nokkur pund?" Hún var kaffikona mikil og vildi fegin eiga þessa hluti og kvað já við. Lögðu þau nú af stað tvö á báti. Veður var indælt og logn en ylgja mikil. Þegar að skipinu kom, hélt Bjarni áfram en Ingigerður hvítnaði upp og mælti: "Hvert ætlarðu, maður?" Þá mælti Bjarni: "Þú varst að kvarta um soðningarleysi í morgun, ertu búin að gleyma því? Ég ætla fyrst að skreppa fram á leirinn og ná í nokkrar ýsur, svo förum við upp í dallinn í

leiðinni heim." Ingigerður var ákalega sjóveik og bað hann nú blessaðan að fara ekki að hugsa um slíkt, því að nóg væri til af ágætum saltfiski, sem fólki væri nýnæmi á að borða í nokkra daga. Formaður sat við sinn keip og herti róðurinn framhjá skipinu og til hafs. Þegar minnst varði fór Ingigerður að kalla á Eyjólf, eins og það er orðað stundum, og varð loks fárveik og hljóðaði mikið, bað Bjarna fyrirgefningar á þessu um morguninn og lofaði að gera slíkt aldrei aftur og grátbændi hann loks að snúa við. lét þá Bjarni tilleiðast, sneri við og hélt í áttina til skipsins. Tóku þau bæði úr sér hrollinn, þegar þangað kom, með kornbrennivíni er veitt var á þilfari þeim, er komu og keyptu eða seldu.

Um sjómennsku og það að hafa vit á veðri sagði Bjarni meðal annars þetta: "Þegar ég kem út á nóttunni tek ég alltaf eftir því fyrst hvaðan hljóðin koma og hvernig þau eru. Það er aðalatriðið. Þar næst er sjávarlagið og útlit loftsins." Við formannsefni sagði hann þetta: "Allir formenn eiga að kosta kapps um að hafa valda skipshöfn, að tveim mönnum undanskildum; annar á að vera gamall sjómaður, þrotinn að kröftum er þarf að fá að fljóta einhvers staðar en hinn á að vera unglingur sem ekkert kann. Við það tengir maður saman viðurkenninguna á liðnu starfi og þörfina á nýjum kröftum, sem þjóna eiga framtíðinni, maður tengir saman kynslóðina, sem er að kveðja, og þá, sem er að koma. Þetta eru óskrifuð lög og mesti gæfuvegur fyrir formann og skipshöfn."

Bjarni reri framan af nokkur sumur, eftir að hann varð alblindur. Var hann þá leiddur til skips en jafnskjótt og á flot var komið var eins og hann væri alsjáandi, því að svo voru öll rétt handtök, stór og smá, orðin honum ósjálfráð. Það sannaðist hér sem oftast, að vaninn gefur listina. Stuttu áður en hann dó sagði hann: "Nú á ég sennilega fá ár ólifðu." Var hann spurður hvers vegna hann héldi það. "Það er af einkennilegum atvikum, sem fyrir mig hafa komið. Fyrir mörgum árum fór ég til Reykjavíkur þegar ég var farinn að tapa mikið sjóninni. Þá töldu lækarnir ekki hægt að hjálpa mér. Og nú hefi ég verið blindur í mörg ár. Fyrir fjórum árum, um vorjafndægrin, dreymdi mig bláklæddu konuna. Hún kom að rúmi mínu og leit alveg út eins og fyrr. Ég varð hálf hissa því að ég hélt að hún hefði alveg yfirgefið mig þegar fóstri minn varð draummaður minn. En nú kom hún og mælti: "Þér verður nú leyft að líta gamla umhverfið þitt þrisvar, áður en þú ferð úr fötum." Svo gekk hún burt. Ég vaknaði þann morgun á undan öllum. Hvað var þetta? Var mig

að dreyma eða var ég dáinn? Ég sá allt, hvern hlut í baðstofunni og fólkið í rúnum sínum. Ég þreif fötin, klæddi mig og fór út. Það var landnyrðings kaldi og fagurt veður og ládaður sjór, en ég held að mér hafi þótt, eins og oft í gamla daga, tilkomumest að sjá Jökulinn. Ég fór inn aftur og studdi mig hvergi við. Ég hafði gaman af því að sjá stéttarsteinana stóru, þessa gömlu kunningja, sem setið höfðu óhaggaðir marga áratugi, allt frá því að þeir höfðu verið lagðir þar af hinum verkvöndu austanmönnum. Ég fór upp í baðstofu, settist á rúm mitt, og þá smádvínaði sjón mín, þar til sama myrkrið var komið aftur. Ég gæti trúað að ég hefði haft fulla sjón í tvo tíma; engin breyting kom önnur á heilsu mína eða líðan. Svo liðu tvö ár. Þá endurtók þetta sig á nákvæmlega sama tíma og jafnlengi, en þá dreymdi mig ekkert á undan og nú er liðið ár, síðan það kom fyrir í seinna skiptið, svo að ég býst við því að ári á sama tíma og vant er, og eftir þann tíma fer ég að berja nestið."

RAUÐSKINNA II 21



Björn Jónsson í Haga

Í Arnarfelli skammt frá Krýsivík var draugur sá er Arnarfellslabbi var nefndur. Var hann svo kallaður af því að þeir er skyggir voru gátu að líta strákhvelping með svartkollótta húfu staglaða með hvítu lopbandi koma ofan úr fellinu og á labbi þar umhverfis til og frá um Krýsivíkurmýrar, en þar var almennur áfangastaður og lágu menn þar með lestir, flestir nálægt Arnarfelli.

Labbi gjörði ferðamönnum þar ýmsar glettingar. Svipti hann stundum tjaldi ofan af mönnum eða hann þeytti farangri þeirra út í allar áttir eða fældi burt hestana úr haganum og helti suma. Fór enginn maður þann veg eða lagðist þar í áfanga svo að hann hefði ekki heyrt Labba getið. Hann hafði og helt og lamað fé og færleika fyrir Krýsivíkingum og þótti þeim hann sér ærið amasamur í nágrenni, en gátu þó ekki að gjört. Smalamaður Krýsivíkurbóndans hafði og orðið bráðdauður og var það eignað Labba.

Samkvæmt konunglegri tilskipun 1772 skar Björn sem aðrir bændur allt sitt sauðfé. Ætlaði hann nú að róa vetrarvertíðina og réði hann sér far suður í Garði. Býst hann nú í ákveðinn tíma með öðrum vermönnum; voru þeir nótt í Krýsivík. Bóndi kenndi Björn þegar því þeir voru kunningjar.

"Mörg ár held ég nú liðin síðan þú hefur róið út Björn minn," segir bóndi; "get ég að sauðleysið valdi því að þú ferð nú að róa."

"Rétt getur þú til," segir Björn, "sveltur sauðlaust bú. Ég hef ekki róið síðan ég fór að búa, enda hef ég nú orðið litla lyst til sjóróðra."

"Kaup vilda ég eiga við þig," segir bóndi; "vilda ég biðja þig að fyrirkomu Arnar-

fellslabba, en ég býst til að taka við færunum þínum og róa þér svo hlut."

Þeir sömdu nú þetta með sér; reri bóndi honum hlut um vetrinn og fiskaði vel, en Björn varð eftir í Krýsivík. Fer hann nú að hitta Labba og er ekki sagt frá viðskiptum þeirra; hitt er ljóst að Björn kom Labba fyrir og varð aldrei framar vart við hann.

JÓN ÁRNASON III 593



Börnin að Útskálum

Þegar Brynjólfur prestur Sívertsen hélt Útskála í Garði 1826-37 hélt hann tvö fósturbörn, afkvæmi fátækra foreldra. Voru þau heitin í höfuð þeim hjónum og hétu Brynjólfur og Ragnheiður. Þau voru bæði efnileg.

Þegar þau voru 12 og 13 ára tók Ragnheiði litlu að dreyma það að til hennar kom í þrjár nætur eina eftir aðra kona nokkur allmikilúðleg og ferleg að sjá og það hana fara með sér.

Ragnheiður spurði hvaðan og hver hún væri. "Ég á heima í Steinbítusklettum," svaraði hún.

Stúlkan þverneitaði að fara með henni enda vissi hún að þar var hvorki bær né býli eða neitt örnefni með því nafni. Þegar Ragnheiður neitaði í síðasta skiptið mælti konan með þjósti: "Ég skal nú hafa þig samt og þá kannski einhvern með þér."

Svo hvarf hún og liðu nú tímar fram og allt þar til á sauðburði. Þá voru börnin einn dag að mala korn í handkvörn. Kom þar þá nágranni þeirra og sagði þeim frá því að ein af ám fóstura þeirra væri borin úti á Skaga svo sem venjulega stekkjarleið frá bænum og kvað hann þurfa að huga að henni. Börnin fóru þá bæði að vitja ærinnar. En hvorugt þeirra hefir sést síðan og ekkert er þeim viðkom nema hálsklútur Brynjólfs, hann var vafinn utan um stein í flæðarmáli.

Grynningar eru þar með landi fram. Veður var bjart og kyrrt um daginn. Engin torfæra segja menn að væri þar til á leið barnanna. Og með því að öllum mönnum var óskiljanlegt hvarf þeirra þá leiddust ýmsir menn til að setja það í sam-

band við draum Ragnheiðar litlu og trúðu einstakir menn því að sækona og þá einkum margýgur hefði numið til sín þau fóstursystkinin.

SIGFÚS IV 79



„Djöful þann sem drumbinn bar”

Karl bjó í koti hjá Útskálum í Garði. Einu sinni sem oftár gekk hann á reka. Þá fann hann trédrumb á Útskálarekanum og bar hann heim til sín í laumi. Næsta sunnudag eftir fór hann til kirkju. Þegar hann kom inn í kirkjuna var prestur kominn upp í stólinn, og það hittist á að þegar karl rak inn höfuðið sagði prestur: „... rak út djöful þann sem dumbi var.” Karli heyrðist hann segja: „djöful þann sem drumbinn bar,” - og hugsar hann hafi meint til sín og verið að skipa að reka sig út. Þá varð kallinn illur í skapi og kallaði upp: „Það hafa fleiri stolið af rekunum þínum heldur en ég.”

JÓN ÁRNASON V 350



Dokum við og dokum við

Vogur á Rosmhvalanesi var fyrrum höfuðból og kirkjustaður fyrir sveit þá er Hafnir heita nú. Voru þar í pápisku prestar á staðnum og kirkjan helguð Máriu guðs móður og heilögum Pétri postula. Var þar fyrrum bygging mikil og staðurinn fjölmennur enda gengu ætíð þrjú stórskip á vertíðum frá Vogu.

Sagt er að í þann tíma er saga þessi gjörðist hafi kirkjubóndinn í Vogu haft formann þann er Valgeir hét. Var hann duglegur sjósóknari og aflamaður mikill og lét sér ekki allt fyrir brjósti brenna ef sjó skyldi sækja. Einhverju sinni kom maður að Vogu sem Arngrímur nefndist og falaði skiprúm; var hann langt að kominn og vissi enginn deili á honum. Sýndist Valgeiri maður þessi knálegur og lét honum skiprúmið falt en er fram á vertíðina leið þótti formanninum sem hann hefði ekki keypt köttinn í seknum því að maðurinn reyndist duglegur til allra verka og bestur ræðari á skipinu. En ljóður sá var á ráði manns þessa að hann þótti hvarvetna sækja illa að er hann kom og skyggir menn þóttust sjá fjanda nokkurn er með honum fór. En ekki varð mein að þessu í Vogu meðan vertíðin stóð yfir. Um lokin fóru allir hásetar á brott hver heim til sín nema Arngrímur þessi því að Valgeir hafði falað hann til ferðar með sér í Geirfuglasker en sú för skyldi farin síðla sumars. Var því Arngrímur þar við slátt fram að þeim tíma. Nóttina áður en fara skyldi í skerin dreymdi formanninn að til hans kom maður fríður og fyrirmannlegur ásýndar, klæddur bláum kufli með bláa þrjónahúfu á höfði og kvað vísu þessa: Veit eg för frá Vogu búna,
varlega fara skalt;
viljirðu ráð þitt vanda núna,
veldu lið þitt allt.

Vaknaði formaður við þetta og sá hann manninn ganga frá rúminu; þóttist hann vita að átt væri við Arngrím þann er draugurinn fylgdi, en án hans þóttist hann sízt mega vera vegna dugnaðar hans og atorku. Skeytti hann þess vegna ekki draumnum en bjó ferð sína í skerið og hafði Arngrím með sér. Sigla þeir nú þægilegan byr og er þeir koma að skerinu er þar ládeyða. Leggja þeir þá að skerinu að norðanverðu, og velur hann Arngrím til landgöngunnar; tekur Arngrímur skó af fótum sér, eins og vani var þeirra manna, er upp skyldu stökkva með landfestina og býst hann til að stökkva upp í steina þá er vant var að lenda við fyrir framan skerið og hefir festina hringaða í hendi sér. Í sömu svipan heyra þeir hræðilegt vein uppi í skerinu og sjá, hvar óskapnaður nokkur kemur veltandi ofan af skerinu og flytur kerlingar eftir sjónum fram að skipinu til þeirra. Í sömu svipan sjá þeir að festin er gripin úr hendi Arngríms og henni brugðið á loft og utan um hann. Við það hnígur Arngrímur niður en í sömu svipan hvessir og gerir súganda svo mikinn við skerið að þeir sjá sér ekki fært að leggja að því aftur. Harðnar veðrið svo að þeir eiga þann einn kost vænstan að fara heim aftur og komust það við illan leik.

En eftir ferð þessa brá svo við að Arngrímur hætti að sækja illa að og skyggir menn sáu ekkert illt með honum, en formaðurinn tók fáleika mikla og þótti hann upp frá því ekki við alþýðuskap. Aldrei sótti hann tíðir og aldrei mátti hann klukknahringing heyra og var það vandi hans að hlaupa jafnan árla morguns er messa skyldi í Vogu í áttina út á Nes. Fór svo fram um hríð að hann hélt uppteknum hætti, án þess að neinn skipti sér af því.

Var það þá einn sunnudagsmorgun að drengir tveir frá Vogu veittu honum eftirför, því að þá fýsti að vita hvert hann færi og hvað hann hefðist að þarna úti á Nesi. Sjá þeir þá að hann stefnir að eyðikoti því er Melaberg heitir og hverfur þar inn í bæinn. Fara þeir nú hljóðlega að bænum og læðast inn í göngin og sjá þaðan til baðstofu. Situr Valgeir þar og horfir í gaupnir sér og er því líkast að hann sé í móki eða dáí. En uppi á bitanum yfir honum sjá þeir sitja púka einn ófrýnilegan mjög og heyra þeir hann raula vísu þessa með dimmri röddu:

Dokum við og dokum við
dálítið enn;
vart eru þeir viknir heim
Vogskirkjumenn.

Skaut nú drengjunum heldur skelk í bringu og hlupu þeir sem mest þeir máttu heim til Vogs aftur og sögðu presti tíðindin, hvers þeir hefðu vísari orðið um hátterni Valgeirs. Varð prestur hljóður við og kvað mikla nauðsyn að leysa manninn frá vandræðum þessum og kvaðst mundu freista þess innan skamms.

Næsta messudag lét prestur hringja snemma til tíða og flýtti messugjörðinni sem mest hann mátti. Að því búnu kvaddi hann djákna sinn til fylgdar við sig til Melabergs; hafði prestur með sér messuskrúða sinn og helga dóma og er þeir koma að Melabergi skryðist prestur og tekur róðukross í hönd, kallar á djáknann og fær honum krossmark úr tré sem hann segir honum að leggja yfir ljórann á baðstofunni. Að því búnu kemur djákninn aftur til prestsins og réttir hann honum þá saltarann og segir honum að setjast með hann opinn við baðstofugluggann og hreyfa sig ekki þaðan, fyrr en hann kalli til hans. En sjálfur gengur prestur í baðstofudyrnar alskryddur með róðukross í hendi og hefur þar upp Móriubæn. Heyrist þá þrusk mikið og vein í baðstofunni, eins og skriðið sé upp súðina til ljórans og hrapað niður aftur. Er þá skriðið að baðstofuglugganum en ekki var þar greiðara útgöngu því að þar var djákninn fyrir með opinn saltarann. Hörfar nú þetta til dyranna en þar stóð prestur fyrir alskryddur með róðukross í hendi og þuldi Móriubæn. Sá þá prestur óféti þetta velta frá sér í blöðrulíki inn á mitt baðstofugólfíð og sprakk það þar með bresti miklum. Sáu þeir þá bláa gufu hverfa niður úr gólfínu. Gekk þá prestur inn í baðstofu og lá Valgeir þar í öngviti. Stökkti prestur á hann vígðu vatni og dreypti á hann messuvíni og raknaði hann von bráðar við. Fluttu þeir hann síðan heim með sér að Voggi og varð hann eftir þetta samur maður sem áður.

En það sagði gamalt fólk að bláklæddi maðurinn, er Valgeir dreymdi og vísuna kvað, myndi hafa verið huldumaður sá, er heima átti í Geirfuglaskeri og draugsi myndi að vanda hafa farið á undan Arngrími upp í skerið en huldumaður þar tekið á móti honum og sent hann aftur formanninum fyrir óhlýðni hans.

RAUÐSKINNA I 45



Draugagangur á Stóru-Vatnsleysu

Það mun hafa verið nálægt 1850, sem Jón nokkur fór að byggja sér nýjan bæ á Stóru-Vatnsleysu. Hann gróf fyrir kjallara, en þegar komið var nokkuð langt niður, fundust mannabein mörg. Gamlir menn þóttust þá hafa heyrt þess getið að fyrrum hefði bænahús verið á Stóru-Vatnsleysu og var þess því getið til að kirkjugarður eða grafreitir mundi hafa verið þar, sem nú átti að byggja bæinn. Jóni var ráðlagt að hætta við að byggja á þessum stað; því sinnti hann ekki, en hann hætti við að grafa kjallarann.

Svo var bærinn byggður og var á þeim tíma ekki annar skrautlegri hér í hreppi. Það var loft í honum öllum og undir því voru afþiljuð tvö herbergi, sitt í hvorum enda. Fólkið allt svaf uppi á loftinu. Eina nótt um vorið vaknaði allt fólkið (nema húsbóndinn) við það að hurðunum að herbergjunum niðri var skellt svo hart, að bærinn skalf allur.

Gömul kona, Ingveldur að nafni, var þar þá vinnukona og hefur hún sagt þessa sögu. Ekki kvaðst hún hafa orðið vör við annað undarlegt á meðan hún var þar, en fyrrnefnda hurðaskelli, en ýmsa fleiri kynjaviðburði heyrði fólk sagða úr þessum bæ; þar á meðal var sá, að kona af næsta bæ gekk einu sinni um albjartan dag fram hjá stofugluggunum og leit inn um þá, um leið og hún ætlaði framhjá; sá hún þá sex menn sitja þar inni við borðið, og þekkti engan þeirra.

Jón nokkur var vinnumaður á þessum bæ hjá nafna sínum þau ár, sem bærinn var byggður. Einhverju sinni þegar mikið gekk á niðri fór hann ofan í stigann um bjarta sumarnótt; en hann sneri fljótt við aftur, því hann sagði að sér hefði sýnst allur bærinn niðri, og göngin, svo langt sem hann sá, svo troðfull af fólki, er hann

þekkti ekki, að hvergi var hægt að smjúga út né inn. Húsbóndinn sjálfur varð aldrei neins var, og trúði því engu af því, sem fólk hans sagði honum um þessa fyrirburði í bæ hans; taldi hann það allt hérvillu og eintómar ýkjur. En á fyrsta eða öðru ári, er hann var á bænum, veiktist hann af einhverri óþekkjanlegri veiki, sem hann þjáðist af í fimm ár eða lengur. - Þá flutti hann burt úr bænum, af því hann þóttist viss um að hann fengi ekki heilsuna aftur, ef hann væri þar, enda batnaði honum nokkrum árum eftir að hann flutti úr bænum, þó hann væri fremur veiklulegur lengst af æfinni. Guðmundur bóndi á Auðnum ólst upp á næsta bæ við Stóru-Vatnsleysu; hann var kominn yfir tvítugt, þegar Jón byggði bæ sinn.

Með Guðmundi reri vinnumaður frá bænum, að nafni Magnús, þá orðinn gamall, fámálugur og dulur. Karlinn vildi lítið um þessa atburði tala, en sagði honum þó, að eina nótt sem hann vaknaði í rúminu, tók hann hendinni uppfyrir sig; þreifaði hann þá á alsberum, ísköldum mannskrokk, sem lá fyrir ofan hann í rúminu. Ekkert gaf karl sig að þessum lagsmanni sínum, en fór að sofa aftur. Þegar hann vaknaði um morguninn til að klæðast var þar enginn.

"Varð þér ekki bilt við?" spurði Guðmundur. "Ekki svo mjög," svaraði hann.

"Maður er orðinn þessu svo vanur," bætti hann við. Guðmundur sagði að bær Jóns hafi staðið í eyði, mannlaus, eftir að Jón flutti úr honum, að minnsta kosti eitt ár. Sú saga gekk, að ferðamaður, einn eða fleiri, hefðu um sumarnótt gengið um hlaðið á Stóru-Vatnsleysu; hefðu þá þrír menn staðið þar á stéttinni fyrir framan bæ Jóns; hafði einn þeirra haldið á öxi, annar á atgeir, og þriðji á hríslu; tveir voru fulltíða menn, en sá, sem á hríslunni hélt, var unglundur.

ÞJÓÐTRÚ 171



Draugur á Hólmsbergi

Helgi nokkur var sjómaður á Meiðastöðum í Garði, þegar þessi saga gerðist, um 1865. Þegar Helgi kom suður um haustið, flutti hann verkföng sín á hesti, en gat ekki komið honum austur aftur, svo að hann varð að hafa hann hjá sér. Hesturinn var mjög strokgjarn, og þá daga, sem Helgi reri á sjó, þurfti hann einatt að elta hann, ýmist inn í Leiru eða inn á Hólmsberg.

Eitt kvöld sem oftast, þegar Helgi kom af sjó, var hesturinn strokinn; brá Helgi við eins fljótt og hann gat því við komið og fór að leita hans. Þetta var snemma hausts í rökkurbyrjun. Fann hann hestinn inni á miðju Hólmsbergi, sem er á milli Leiru og Keflavíkur, hnýtti upp í hann og teymdi heim á leið. Þegar hann er nýsnúinn við, sér hann að maður kemur ofan úr heiðinni og gengur út bergið sömu leið og hann; hægir hann þá ferðina og ætlar manningnum að ná sér, svo að þeir geti orðið samferða, og þegar maðurinn er kominn svo nálægt, að til mundi heyrast, kallar Helgi til hans:

"Viltu verða samferða, lagsi?"

Hinn ansar því engu, og Helgi kallar til hans þrisvar, án þess að detta annað í hug en að þetta sé drukkinn maður sem ekki geti svarað eins og annað fólk. Færist maðurinn alltaf nær, en hesturinn fer að verða hvimpinn og tekur að sperra eyrun og frýsa. Fer þá Helga að gruna, að hér sé ef til vill eitthvað óhreint á ferð, þótt í mannsmynd sé, en heldur samt áfram að kalla, þótt ekki væri það í þeim tilgangi að bjóða samfylgd; snýr hann við blaðinu og vísar manningnum norður og niður með ýmsum kjarngóðum orðum. Hinn færir sig samt sem áður alltaf nær og nær Helga.

Gerist hesturinn þá svo hræddur og staður, að naumast er hægt að þoka honum áfram. Var þá komið út á Berghóla, sem eru rétt upp af Leirunni. Helgi hafði lítinn broddstaf í hendi. Sleppir hann þá hestinum og veður með stafinn á undan sér á móti mannum. Hörfar hann fyrst nokkuð undan, en nemur svo snögglega staðar, tekur ofan hausinn og heldur á honum; tindra þá eldglæringar úr stúfnum, líkt og glytti í maurildi, en af því að skap er komið í Helga, lætur hann ekki aftra sér, heldur veður hiklaust áfram. Þegar hann er alveg kominn að mannum, hverfur hann og sést ekki framar. Hesturinn sefaðist jafnskjótt sem ófögnuður þessi var horfinn, og Helgi varð einskis frekar var á heimleiðinni.

GRÍMA HIN NÝJA IV 390



Draugur rak sig á hníf

Símon nokkur var húsmaður í Vatnagarði hér um bil 1780. Hann fór inn að Miðhúsum til Björns er þar var þá bóndi með flatningshnífinn sinn til að leggja hann á stein því Björn var smiður. Lá leið hans fyri austan kirkjugarðinn á Útskálum. Þetta var um vökuna. En er hann kom að kirkjugarðinum sér hann mann framundan kirkjugarðinum og er sá að spíkspora þar. Hann skilur ekki hvað hann muni vera að gera en forvitnar þó að bíða; gengur að kirkjugarðinum og leggur handlegginn upp á garðinn svo að hann lá á honum með almbogann og hnífinn í þeirri hendinni svo að upp stóð oddurinn. Að stundu liðinni gýs moldargusa upp úr einu leiðinu og fylgir þar með maður.

Sá spyr hvað hann vili sér. "Þú skalt fara norður í land og drepa þar stúlku."

Tilgreinir hann bæinn og stúlkuna. Sendingin á stað og stefnir beint á Símon, en hann líður í óvit. En er hann vissi af sér sá hann hvergi drauginn en mannskerðablað er á hnífnum en maðurinn stendur þarna í kirkjugarðinum. Símon gengur til hans og tekur heldur en ekki ómjúkt á honum fyri þetta sitt tiltæki; sýnir honum samt kerðablaðið. Maðurinn viknar við, þakkar honum þetta og segir hann hafi ekki einasta frelsað stúlkunnar líf heldur og sitt og lofar að gera það ekki oft.

- Þetta var sjómaður á Útskálum norðlenskur.

JÓN ÁRNASON III 389



Draugurinn hjá Brennínípu

Brennínípa heitir innarlega á Hólmsbergi bjargsnös nokkur. Þar að rak einu sinni kaupskip og strandaði. Komust allir menn af nema skipherrann, en svo atvikaðist um dauða hans að hann hlóð svo miklu af peningum utan á sig að hann loftaði sér ekki upp í bergið af skipinu, heldur datt í sjóinn. Oft sást hann eftir það á kjól og stígvélum gangandi á berginu. Vilti hann menn og vildi koma þeim í sjóinn.

JÓN ÁRNASON III 323



Draumkona og draumamaður

Jón Daníelsson í Vogum var draumamaður mikill og auk þess sem hann átti bæði draummann og draumkonu dreymdi hann alloft merkisdrauma.

Draumkona þessi réð honum í svefninum ýms heilræði hvernig hann skyldi haga því eða því eða hverja aðferð hann skyldi hafa við fyrirtæki sín. Hún vísaði honum og á það sem hann glataði eða missti á einhvern hátt og varð honum jafnan að góðu ef hann fór í öllu að ráðum draumkonunnar.

Það var einu sinni að týnt var fyrir honum silfurskeið. Hann lét leita hennar dyrum og dyngjum. Eina nótt þar á eftir kom draumkonan til hans í svefni og þykist Jón spyrja hana um skeiðina; hún segir að hann skuli leita í buxunum sínum. Jón lætur þegar um morguninn leita í öllum sínum buxum og fötum, en allt kom fyrir ekki. Þegar fundum þeirra bar saman næst segir Jón að ekki hafi skeiðin fundizt, en hún segir að þá hafi ekki verið vel leitað því þar sé hún niður komin sem hún hafi sagt. Eftir það lætur Jón byrja nýja leit og er nú sjálfur með í henni og leitar í öllum buxum sínum og fötum svo hann þykist viss um að skeiðin getur hvergi leynzt þar og hættir svo leitinni að hann finnur ekki að heldur. Þykist hann nú genginn úr skugga um að draumkonan hafi logið að sér, en þess hafði hann aldrei fyrr var orðið. Þegar hún kemur næst til hans segist hann ekki finna skeiðina. Hún segir að hann hafi þá enn illa leitað því hvergi sé skeiðin annarstaðar en hún hafi sagt. Jón fyrtist við það og segir henni að koma aldrei fyrir sín augu framar fyrst hún vilji fara með þá lygi því nú hafi hann sjálfur leitað. Eftir það hvarf draumkonan frá honum og kom aldrei til hans eftir það. En veturinn eftir er Jón

fór að hugsa til róðra lét hann taka skinnbrók sína ofan úr eldhúsi sem þar hafði hangið frá því vorinu áður og fannst þá skeiðin í annari brókarskálminni.

Um draummanninn sagði Jón það að sér virtist hann snoðlíkastur Tærgesen kaupmanni í Reykjavík. Einu sinni þegar draummaðurinn kom til hans sýndi hann honum inn í eilífðina. Honum þótti hann sýna sér tólf menn bláklædda er allir voru bundnir með járnviðjum. Hann þóttist engan þeirra þekkja, en einn þóttist hann vita að væri Skúli Magnússon landfógeti eftir því sem hann hafði heyrt frá hómum sagt. Spurði hann þá draummanninn hversu lengi þeir menn ættu við þann kost að búa, en hann svaraði: "Til dómadags."

"Hvað verður um þá síðan?" segir Jón.

Hann svarar: "Guðs miskunnsemi er ómælanleg."

Ekki er sagt að hann hafi sýnt Jóni fleira í það sinn.

Í öðru sinni var það er Jón var vestur á Tálknafirði á skútu sinni og hafði þá búið nálega tuttugu ár í Vogum og verið alla þá stund mesti uppgangs- og lánsmaður að honum þótti draummaður sinn koma til sín í svefni og segja: "Þegar þú ert búinn að búa tuttugu ár í Vogum fer auðna þín hnignandi. Flyttu þig því inn í Firði (Hvalfjörð eða Borgarfjörð) og reistu þar bú. Þar muntu verða eins mikill uppgangsmaður næstu tuttugu árin eins og þú hefur verið í Vogum."

Eftir það hvarf maðurinn. En Jón vildi ekki flytja byggð sína úr Vogum er hann hafði allt þangað til átt svo miklu láni að fagna. En sannast þótti það er draummaðurinn sagði honum að heldur rénaði en óx auðsæld hans er hann var búinn að vera full tuttugu ár í Vogum.

Oft dreymdi Jón meira en draummann sinn eða draumkonu. Einu sinni var Jón kominn í Reykjavík á teinæring stórum eftir mófarmi. Hafði hann lagt skipinu um kvöldið úti á höfninni, en svaf með hásetum sínum í landi um nóttina. Þá dreymdi hann að hann þóttist vera staddur hér í bænum, honum þótti og dóttir sín ein er hann hafði misst uppkomna, karlmanns ígildi til mannskapar, koma til sín og ráða á sig. Hann þóttist taka á móti og gekk svo lengi, að hann þóttist þurfa alls síns við að neyta til að verjast föllum. En loksins fer svo að hann kom henni undir og vaknar við það. Einn af þeim sem með honum voru var mesti ofurhugi eins og Jón, en miklu framgjarnari. Um morguninn var suðurferðaveður allgott, en Jón lét sér hægt og hafði ekkert ferðasnið á sér. Skipverji Jóns sem á var minnzt vakti þá

máls á því við hann hvort hann ætli ekki að leggja suður. Jón kvað nei við. Hann segir að það sé skömm fyrir þá að leggja ekki suður í þessu veðri og kallar það bleyðuskap Jóns og skorar fast á hann. Jón var nokkuð bráðlyndur og segir að það sé þá bezt að fara, en ekki komi sér á óvart þó þeir fái sig fullreynda. Leggja þeir svo suður og gekk það vel allt suður undir Brunnastaðatanga. En þegar þeir ætluðu að leggja fyrir tangann bráðrauk hann á móti þeim með steinóðan réttssynning svo umhverfði sjónum á augabragði. Var þá ekki um annað að gjöra en snúa við og náðu þeir með illan leik inn í Hafnarfjörð um kvöldið. Sagði Jón það síðan að þá hefði hann verið hættast kominn á sjó á ævi sinni, en því hefði hann ekki viljað fara úr Reykjavík um morguninn að sig hefði grunað af draumnum hvernig fara mundi.

JÓN ÁRNASON I 412



Draumur Halldóru Ólafsdóttur

Kotvogi í Höfnum hefur verið útræði frá ómunatíð. Þaðan var sjósókn mikil öll búskaparár Katlanna þriggja, er þar bjuggu hver fram af öðrum. Eftir dauða Ketils yngsta hélt ekkja hans, Hildur Jónsdóttir út báti þaðan. Árið 1928 lét hún smíða opinn vélbát. Hét sá bátur Ketill. Hjá Hildi hafði í mörg ár verið ráðsmaður, Björn að nafni. Fjögur síðustu ár sín í Kotvogi var hann þar að auki formaður Hildar og stýrði vélbátum Katli.

Eina nótt haustið 1931 dreymir Halldóru Ólafsdóttur að hún sé komin suður í Hafnir. Kannast hún þar vel við alla staðhætti frá því að hún hafði verið á sumrin í Kotvogi. Þykir henni í draumnum að hún standi hjá kirkjustaðnum Kirkjuvogi og horfi þaðan niður að Kotvogi sem er niður á sjávarbakkanum. Sér hún þá að þar er orðin nokkur breyting á útsýni frá því sem áður var, því að nú liggur opið haf yfir Kotvogi og alla leið upp að Kirkjuvogi, þar sem hún stendur og gengur sjórinn í þungum, þykkum og löngum öldum upp á ströndina við fætur hennar. Þykir henni þetta í meira lagi kynleg breyting og horfir hún um stund undrandi út á hafið. Sér hún þá fjórar smápústir fljótandi á sjónum sem svaraði skammt fyrir utan Kotvog. Líktust þær helzt tilsýndar ofurlitlum steinum. Þústir þessar þokast hægt og hægt nær landi og sér hún þá, að þetta eru engir steinar, heldur fjórir menn. Var einna líkast sem þeir stæðu í sjónum þannig að efri hluti líkamans var alltaf upp úr. Lyftust þeir upp á hvern öldugarðinn á fætur öðrum er ýttu þeim nær og nær ströndinni og kirkjustaðnum. Þá sá hún að á brjóstum þessara manna hvers um sig er svartur kross með hvítu letri. Gat hún ljóslega greint þar nöfn þeirra allra, en undir nöfnunum er letraður mánaðardagur og orðið "árið" en sjálft ártalið, sem henni þykir einnig vera merkt á krossana, er hulið einhverskonar glýju eða móðu, svo að hún fær með engu móti lesið það. Þessir menn eru allir naktir og

eru líkamir þeirra allir útþandir og uppblásnir og miklir fyrirferðar. Þykist Halldóra vita að það stafi af því að þeir hafi hver sinn legstein í eftirdragi og sér hún að þeir eru fjötraðir um þá eða við þá með járnhlekkjum. Þrjá þessara manna þekkti hún ekki, en þegar þeir eru komnir í námunda við flæðarmálið, sá hún að sá, sem er fremstur þeirra er Björn ráðsmaður í Kotvogi. Þar með endaði draumurinn.

Þegar Halldóra vaknaði hafði hún gleymt nöfnunum og mánaðardeginum sem letruð voru á krossana. En að öðru leyti mundi hún drauminn og þykist viss um að hann boði bátstapa í Kotvogi og að þar muni farast Björn Lárusson við fjórða mann. Hún sagði móður sinni drauminn og vildi hún að Halldóra segði engum svo að hann fréttist ekki suður í Hafnir. Þó sagði hún móðurbróður sínum hann, en bað hann að hafa ekki orð á þessu við nokkurn mann. Fleirum sagði hún drauminn ekki, vegna þess að hún var sannfærð um að hann væri ekki markleysa, heldur myndi hann rætast á næstu vertíð.

Á vertíðinni var vélbáturinn Ketill gerður út frá Kotvogi. Hringdi Halldóra þá vertíð oft suður í Hafnir og grennslaðist eftir aflaföngum syðra og líðan sjómanna. En vertíðin leið án þess að nokkuð sögulegt bæri til tíðinda. Næstu vertíð er sami vélbáturinn gerður út í Kotvogi og er Björn Lárusson formaður sem undanfarna vetur. Talaði Halldóra þá sem fyrr öðru hverju suður og innti eftir líðan fólksins í Höfnum, því að draumurinn var henni ennþá í fersku minni. Þá er það að morgni hins 22. mars, að hringt er heim til Halldóru og hún spurð hvort hún hafi frétt úr Höfnunum.

Halldóra spyr þá hvort Björn í Kotvogi hafi farist. Þá er henni sagt að Björn hafi róið og sé enn ókominn að; hans hafi verið leitað, en ekkert til hans spurst. Aðfaranótt hins 21. mars höfðu bátar róið úr Höfnum og þar á meðal Ketill í Kotvogi. Var þá veður sæmilegt, en fór versnandi. Komu þeir allir að um daginn nema Ketill. Var Ægir sendur til að leita hans að kvöldi daginn eftir, en fann ekkert nema lóðarbelgi sem menn töldu að vera merkta Katli. Til Ketils spurðist aldrei síðan. Fórust með honum fjórir menn, allir á bezta aldri.

GRÁSKINNA II 251



Drykkjarsteinn

Alfaravegur lestamanna og vermannna að austan er sóttu fiskifang til verstöðvanna á Suðurnesjum haust og vor fyrr á tímum lá með suðurströndinni um Þorlákshöfn, Selvog, Herdísarvík og Krýsuvík til Grindavíkur og þaðan til Hafna. Milli Krýsuvíkur og Grindavíkur, og þó miklu nær Grindavík, í landi Ísólfskála, greindist vegur þessi í tvær áttir. Lá annar vegurinn áfram til Grindavíkur en hinn yfir fjallgarðinn til Vogastapa.

Þar sem vegirnir skiptast er steinn sá er Drykkjarsteinn nefnist. Er hann mikill um sig, en ekki allhár eða svo sem hálfönnur mannhæð þar sem hann er hæstur. Nafn sitt dregur steinninn af því að í honum eru holur nokkurar þar sem vatn safnast fyrir. Svo var sagt að í hinni stærstu þeirra þrjóti ekki drykkjarvatn nema í langvinnustu þerrum. Hefir þetta komið sér harla vel fyrir ferðamenn er þarna áttu leið um, þar sem hvergi var vatn að fá á þessum vegi á löngu svæði og menn og hestar voru því örmæddir af þorsta er að Drykkjarsteini kom og svaladryknum sárlega fegnir. Varð steinninn þannig langþráður áfangastaður ferðamönnum og var ekki laust við að á honum hvíldi helgi nokkur, þar eð varla þótti einleikið hversu haldsamur hann var á drykkjarvatn, jafnvel í mestu langviðrum.

Þó gat það við borið að vatnið þryti í steininum eins og þessi saga sýnir. Einhverju sinni bar svo við sem oftast að ferðamenn voru á suðurleið um veg þennan. Þurrkar höfðu miklir á undan gengið svo að hvergi var vatn að fá á leiðinni. Voru mennirnir því mæddir af þorsta og hugðu því gott til að fá sér nægan svaladrykk er þeir kæmu að Drykkjarsteini. En er þangað kom bar nýrra við því að allar holurnar voru tómar og engan dropa þar að fá. Urðu mennirnir vonsviknir mjög eins og vænta mátti. Í gremju sinni tók þá einn þeirra til þess klækibragðs að hann

ósæmndi í stærstu holuna. Segja sumir, að hann hafi migið í hana, en aðrir, að hanna hafi gengið þar örna sinna. Eftir þetta brá svo við að holan var jafnan þurr og það engu að síður þótt rigningum gengi.

Liðu svo nokkur ár að ekki bar til tíðinda. Átti þá þessi sami maður enn leið um veg þennan og var ferðinni heitið til Grindavíkur. Vissu menn það síðast til ferða hans er hann lagði upp frá Krýsuvík. En fáum dögum síðar er farið var um veginn fannst hann dauður undir Drykkjarsteini og kunnir það enginn að segja hvað honum hefði að bana orðið. En eftir þetta brá Drykkjarsteinn til sinnar fyrri náttúru, og hefir vatn eigi þrotið í honum síðan.

RAUÐSKINNA II 120



Dularfull mannshvörf

Stundum hurfu menn svo enginn vissi hvað um þá varð. Í Njarðvík innri bjó um tíma Ólafur nokkur. Ólafur hélt vinnumann sem Þorsteinn hét. Hann var smár vexti en mjög fráfrá á fæti. Hann var skyggn. Einn morgun kemur Þorsteinn inn og segir: "Ég verð hræddur við þann mann sem hingað kemur í dag."

"Því skal það?" segir Ólafur. "Það vitum við báðir þegar þessi dagur þver."

Sýndist Ólafi Þorsteinn dapur í bragði er jafnan var þó léttur í lund.

Nú leið á daginn og enginn gestur kom. Þá sagði Ólafur við Þorstein: "Þú þarft líklega ekki að hræðast komumann þennan daginn."

Þorsteinn svaraði: "Dagur er auðvitað að kvöldi kominn en þó telst hann til miðnættis."

Þegar þeir höfðu slitið tal sitt var barið að dyrum. Ólafur gekk út. Var þar kominn bóndi innan af Seltjarnarnesi, kunningi Ólafs. Ólafur bauð honum í stofu og ræddi við hann um stund. Loks stóð bóndi upp og bjóst að fara. Ólafur taldi bónda til að vera þar kyrran um nóttina því lognmolludrífa var og dimmt orðið og villugjarnt á Vogastapa og óhrein þótti þar.

Bóndi kvaðst vilja ná inn í Voga til bróður síns hvað sem tautaði. En vænt þætti sér um að fá fylgd eitthvað áleiðis. Ólafur kvaðst skyldi ljá honum vinnumann sinn Þorstein. En hann sást hvergi. Var hans þá lengi leitað uns hann fannst loksins í heystáli. Var honum sagt að hann ætti að fylgja bónda áleiðis. Þorsteinn tók því fálega og kvaðst hafa ætlað sér að komast hjá því, sagði sig grunaði að illt mundi af þeirri för hljótast. Ólafur herti þá heldur að honum svo hann lét tilleiðast. Síðan lögðu þeir af stað inn í Stapann. Um morguninn var Þorsteinn ókominn. Ólafur lét þá þegar hefja leit inn í Stapa og í Voga. En ekkert spurðist til þeirra.

Og enn hafa engar líkur fundist til þeirra. En enginn veit hvað þeim hefur orðið að skaða með neinni vissu.

SIGFÚS IV 39



Dýrið í Innri Njarðvík

Árið 1930 sagði Guðbjörg Jafetsdóttir þessa sögu:

Einu sinni sem oftast brá eg mér suður í Innri-Njarðvík til að heimsækja Ingveldi systur mína. Þar var þá uppi fótur og fit út af dýri ókennilegu, sem þar hafði sézt nýlega á Kampinum heima við íveruhúsið. Sjónarvottar lýstu því svo, að það hefði verið áþekkast tryppi, að því fráskildu, að það var með upphringaðan hala eins og hundur. Það var hvítt á lit. Vinnumenn og sjómenn í Innri-Njarðvík hlupu út til að skoða þessa skepnu nánar. En þá tók hún á rás fram til sjávar. Þeir eltu hana, þar til þeir sáu hana hverfa í sjóinn niðri í Kirkjuvík. Þetta mun hafa verið á síðasta áratug nítjándu aldar.

Heiman frá bænum í Innri-Njarðvík niður í Kirkjuvík mun vera um 200 metra vegalengd. Eitt kvöld rétt fyrir miðjan nóvembermánuð árið 1912 fór faðir minn út í fjós, eins og venjulega, til að vatna kúnum. Það mun hafa verið um tíuleytið og orðið alrokkið. Fjósið og önnur útihús, sem hér koma við sögu, voru þann veg sett, að syðst var hesthús með dyrum á móti suðri. Norður af því var fjósið og gengið í það úr hesthúsinu. En nyrzt og áfast við fjósið var fjárhússkúr og dyr á honum í austur. Við vesturhlið hans var steiptur brunnur, sem safnað var í rigningarvatni af þökum gripahúsanna handa búpeningnum, en þess utan var yfir honum hlemmur. Örskammt frá suðvesturhorni hesthússins var vanhús, með dyrum til norðurs. Sást úr þeim meðfram vesturveggnum á hesthúsinu, fjósinu og fjárhússkúrnum og til brunnsins.

Eg fór með föður mínum þetta kvöld og skrapp á vanhúsið, á meðan hann var að vatna kúnum. Hesthúsdyrnar voru opnar og lagði út um þær daufa glætu frá ljósi, sem faðir minn hafði hjá sér í fjósinu. Vanhúsdyrnar stóðu líka opnar, og sá

eg ljósglætuna út um þær, dálítið skáhallt til hægri hliðar. Eg hafði ekki lengi setið á vanhúsinu, þegar mér verður litið um dyrnar norður með gripahúsunum. Þykist eg þá sjá skepnu, líkasta tryppi, standa á brunnhlemminum, um tíu metra frá mér. Eg þorði ekki að trúa minni eigin sjón og kreisti aftur augun í þeirri von, að þetta yrði horfið, þegar eg opnaði þau á ný, sem hver önnur missýning. En það varð ekki. Þegar eg opna augun, sé eg glöggt, hvar skepnan stendur á hlemminum, hvít á lit, eða annan lit gat eg ekki greint á henni. Hún sneri hliðinni að mér og sperrti eyrun eins og hestur, sem hlustar, og horfði í vesturátt til næsta bæjar, er hét Hákot. Eg reyni að telja mér trú um, að þetta væri náttúrlegt tryppi. En þá tek eg eftir því, að það hefur upphringaðan hala eins og hundur. Þá get eg ekki beðið þaðanna lengur og kalla til föður míns. Hann kemur út í hendingskasti, hélt víst af kallinu, að eitthvað hefði orðið að mér.

Eg segi við hann: "Sjáðu dýrið, sem stendur á brunnhlemminum!"

Faðir minn lítur þangað og segir: "Eg sé ekkert dýr."

En við því var máski ekki að búast. Hann var nýkominn út í myrkrið úr ljósbirtunni og mun hafa verið dimmt fyrir augum. Í sömu svifum sé eg dýrið snarsnúa sér við og skjótast austur fyrir fjárhúshornið, eins og í átt til kirkjunnar. Nú var mér runninn móður í brjóst og segi við föður minn: "Við skulum hlaupa austur fyrir húsin og vita, hvort við sjáum ekki til þess."

Við þutum þangað, en urðum einskis vör.

Þá skunduðum við heim og inn í setstofuna. Þar sat móðir mín við borð með handavinnu. Olíulampi hékk niður úr loftinu yfir borðinu. Við settumst við borðið. Móðir mín sá, að okkur var brugðið. Við sögðum henni hljóðlega frá því, sem fyrir okkur hafði komið. Á suðurenda hússins voru dyr að kjallaranum og allþung hurð fyrir. Áður en varir, heyrum við öll, að hurðin tekur að skellast og það af svo miklu affli, að hrikti í húsinu við hvern skell. Á því gekk í eina til tvær mínútur. Þá hættu skellirnir eins snögglega og þeir hófust. Okkur brá nokkuð við, því að faðir minn hafði lokað hurðinni um kvöldið, eins og hann var vanur. Læsingin var járnklinka og lokað innan frá. Auk þess var lygnt úti, svo að hurðin hefði ekki átt að geta skellzt, þó að gleymzt hefði að loka henni.

Faðir minn fór þó niður í kjallarann með ljós til að ganga úr skugga um, að hurðin væri læst. Hún var læst, eins og hann hafði gengið frá henni um kvöldið. Hvort

sem það hefur verið rétt á gízkað eða ekki, þá settum við hurðarskellina í samband við sýn mína, án þess þó að geta gert okkur grein fyrir, hvernig því sambandi hefði verið varið. Þess má geta, að fáum dögum síðar lézt kona í Há koti úr barns-
farasótt.

GRÁSKINNA II 127



Einn hárlítill

Sigurður Benediktsson þótti ágætur sjómaður. Hann var hafnsögumaður verslunarskipa á Reykjanesi. Eitthvert sinn var hann að lóssa eitt inn. En það komst eigi og varð að leggja frá og lét sig reiða til og frá um hafið milli Reykjanness og Vestmannaeyja. Eitthvert sinn stendur Sigurður við stýrið og allir aðrir skipverjar eru niðri. Þá sér hann hvar kemur upp úr sjónum því líkast sem maður væri. Þykist hann strax sjá að þar er hafmaður. Sigurður horfir á hann lengi. Var hann nærri því fast við skipið. Allur var hann fyrirferðarmeiri en maður, það sem sást niður fyrir brjóst, en nær allt að einu nema höfuð bert utan gisin hár nokkuð upp úr því. Þegar Sigurður hafði horft lengi á þetta kallar hann ofan og biður skipstjóra að koma upp. Hann kom þegar hlaupandi. Sigurður bendir honum á hafmanninn. Skipstjóra brá lítið við og virtist gefa í skyn að hann væri þessu ekkert óvanur. "Þetta eru menn ekkert óvanir við að sjá í suðurhöfum," mælti hann, "og þykir jafnan vita á afarstorm og ósjó" Það rættist og í þetta skipti sem oftast því skipið var eigi fyrr sloppið inn en gerði stórviðri og hafrót. Það er mál manna að oft hafi sjómenn orðið varir við ýmsa marvætti á milli Garðskaga eða Reykjanness og Vestmannaeyja.

SIGFÚS IV 7



Eiríkur borgar hestlán

Annað sinn gistu vermenn á Vogsósum og komu þar á laugardagskvöldi. Á sunnudagsmorguninn mælti Eiríkur prestur til þeirra: "Piltar mínir, vill nú enginn ykkar gjöra svo vel og ljá mér hest til að ríða út að Krýsuvík í dag og bíða á meðan?"

Þeim þótti það mikil töf og neita allir nema einn. Það var ungur maður. Þeir hlógu að honum og fóru burt að morgni og út að Krýsuvík.

Prestur reið undan og mætti þeim á heimleiðinni, hélt áfram heim og þakkaði maninum hestlánið og bað hann vera í nótt, "en farðu strax á morgun og muntu fá gott veður og færð og komast út í Vík, en kom þú ekki að Krýsuvík." Maðurinn fór að ráðum hans og fékk gott veður, en heim að Krýsuvík var bylur að sjá.

Maðurinn kom í Grindavík um kvöldið og reri næsta dag og annan og hinn þriðja. Að kvöldi þess dags komu félagar hans og höfðu teppzt í Krýsuvík þrjá daga í byl. En maðurinn hafði þá fiskað meir en hundrað.

JÓN ÁRNASON I 551



Eiríkur og biskupinn

Einhverju sinni kom biskupinn heim til séra Eiríks og vildi verða honum samferða til kirkju, þegar hann ætlaði að messa næst í Krýsuvík. Prestur sagði að sín væri æran en hans lítillætið. Þegar þeir voru komnir af stað dróst í sundur með þeim því að prestur var betur ríðandi og missti biskup loks sjónar á honum. Þegar biskup var kominn nokkuð út í hraunið, sá hann að séra Eiríkur sat utan við götuna og var að tína lýs úr nærfötum sínum, en festi að sér fötin jafnskjótt sem biskup kom og hélt af stað með honum.

Alveg eins fór í annað skipti og þriðja skipti. En þegar séra Eiríkur hafði nýriðið fram úr biskupi í þriðja skiptið, vissi hann ekki fyrr til en prestur kom á móti honum og sagði að óþarfi væri fyrir hann að halda áfram því að messa væri úti í Krýsuvík. Biskup sá nú að séra Eiríkur hafði gert honum sjónhverfingar, en við því var ekkert að gera, og sneri hann aftur með presti. Einu sinni þegar biskup var staddur í Vogsósum í yfirreið, spurði hann séra Eirík, hvort hann gæti ekki sýnt sér djöfulinn. Hann lét lítið yfir því og fór inn í kirkju, en biskup gekk út fyrir kirkjugarð. Þar sá hann ófreskju nokkra og varð mjög hræddur þangað til séra Eiríkur kom til hans eða kallaði til hans og varð biskup því mjög feginn. Prestur spurði hvort biskup hefði orðið var við nokkuð og játaði hann því; spurði prestur þá, hvort hann langaði til þess að sjá djöfulinn oftar, en biskup neitaði því og er ekki getið um fleiri viðskipti þeirra.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON II 190



Eyjólfur Pétursson frá Rein

Eitt sinn fór Eyjólfur þessi suður í Voga. Hann var ríðandi og hafði hest í taumi. Margir urðu til þess að beina Eyjólf, og var honum gefið, þangað til lítið vantaði á, að hann hefði fullar klyfjar á hestinn af fiski og öðru æti, því að ekkert hafði hann til þess að borga með. Að lokum fann Eyjólfur formann einn í Vogunum, sem var vanur að afla svo vel, að það var að ágætum haft. Vertíð þessa hafði formaður þessi aflað jafnvel og vant var, kom Eyjólfur í fjöruna til hans eins og aðrir, en formaðurinn brást illa við og sagði, að það væri engin skylda að beina honum; þessir umrenningar ættu nóg fyrir sig að leggja, þótt þeir væru síkveinandi, og liti svo út sem þeir vildu hafa allt af öllum; hrakyrta hann Eyjólf mjög, og lauk svo, að hann fór tómhentur frá formanni, hryggur í skapi. Um leið og þeir formaður skildu, kvað Eyjólfur vísu þessa:

Fyrst mín ei grundar meinin vönd,
mundu ræðu slíka,
guðs alvoldug hjálparhönd,
hún skammti þér líka.

Þetta fór mjög að ósk Eyjólf, því að svo brá við vísu hans, að formaður þessi hætti að afla eins og aðrir menn; varð hann bláfátækur að lokum og manna þurfi, en börn hans fóru flest á sveit.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON 132



Feigðarspár

Það var á gamlaárskvöld 1845, að Björn í Kirkjuvogi og Guðmundur í Merkinesi voru í heimsókn hjá Katli Jónssyni í Kotvogi. Öllum þótti þeim góður sopinn, og voru nú þetta gamlaárskvöld að drekka romm-toddý hjá Katli og allir orðnir vel hreifir. Þá segir Guðmundur við Björn:

"Veistu, hvernig dauða þinn mun bera að, Björn?"

Björn gamli svaraði: "Ekki veit eg það, Guðmundur minn, og eg kæri mig ekki heldur um að vita neitt um að, fyrr en þar að kemur."

"En eg ætla að segja þér það samt," segir Guðmundur.

"Þú deyr þannig, að af dauðanum veistu ekki, fyrr en þú stendur fyrir dómstóli drottins þíns. En hvernig dey eg, Björn?"

Björn gamli þagði um stund og segir svo: "Ekki er mér það vel ljóst, hvernig dauða þinn ber að, Guðmundur minn, en trúað gæti eg að Kalmanstjarnarfólkið ætti einhvern þátt í fráfalli þínu, þótt óviljandi verði."

Mánuði seinna, þá er allir hásetar Guðmundar voru komnir til hans fór hann með þá norður í naustin, þar sem áttæringur hans hvolfdi til þess að snúa honum við og búa hann til vertíðarinnar. Þá er búið var að bylta skipinu við, horfir Guðmundur litla stund þögull niður í skutinn og segir svo, fremur við sjálfan sig en háseta sína:

"Jæja, gamalt fer með gömlum, en guði sé lof, öllum skila eg þó hásetum mínum." Sennilega hefur hásetum Guðmundar ekki fallið vel að heyra þessi orð af vörum spekingsins, sem þeir trúðu allir á og báru hina dýpstu virðingu fyrir. Leið nú svo öll vetrarvertíðin, þar til tveir dagar voru til loka og gekk allt slysalaust í Hafnahreppi, bæði á sjó og landi. En er Guðmundur var að róa heim þann dag um

kvöldið, segir Jón, sem lengi var búinn að vera bitamaður hjá Guðmundi:

"Nú held eg, að gamla mannum ætli að skeika í spádómi sínum."

"Ekki er kominn lokadagurinn enn þá, Jón minn," svaraði Guðmundur.

Lokadagsmorguninn var veður gott en biksvartur bakki niðri við sjóndeildarhringinn á öllu útnorður loftinu; allir Hafnaformenn reru þó í bítíð um morguninn, en er menn voru komnir skammt frá landi, rótar hann upp skýjabakkanum yfir allt loft og samtímis er komið afskaplegt ofviðri af norðvestri með blindhríðarbyl. Var rokið svo mikið að við ekkert varð ráðið og hrakti öll skipin þar að landi, sem þau voru fram undan, er veðrið kom. Segl voru þá sama sem engin, sem hægt væri að bjarga sér með, en það hlífði við stórkostlegu manntjóni að sjór var vatnsdauður um morguninn og skipin örskammt frá landi, er ofviðrið kom. Guðmundur var kominn suður á móts við Kalmanstjörn er veðrið skall á. Hrakti hann upp í svo nefnt Gerðisvík en um leið og skipið kenndi grunns kom stór sjór og hvolfdi því. Hásetar Guðmundar komust þó von bráðar allir út úr skipinu og á þurrt land, en Guðmundur varð einn undir skipinu og náðu hásetar honum ekki fyrr en eftir nokkurn tíma; hafði hann þá drukkið mikinn sjó, en var þó með góðu lífsmarki. Báru þeir Guðmund tafarlaust heim að Kalmanstjörn; var hann nálega með fullri rænu, en afar þungt haldinn af sjónum, sem ofan í hann hafði farið. Í stað þess að ná nú upp úr honum sjónum, þá var í einfeldni, flýti og fátí hellt ofan í hann lútsterku kaffi með nógu brennivíni í, og var það nóg til þess að Guðmundur dó skömmu síðar. - Skipið fór í spón. Björn Brandsson varð skyndilega bráðkvaddur, þar sem hann sat alheilbrigður inni á rúmi hjá syni sínum.

RAUÐSKINNA I 2



Ferming hjá huldukonu

Þessi saga gerðist árið 1892 á Kálfatjörn. Þegar ein heimasætan var fermd, fékk hún peysuföt eins og þá tíðkaðist. Yngri systirin hafði safnað saman nokkrum flauelspjötlum og náði sér í viðbót í það, er féll frá peysufötum systurinnar. Með þessu ætlaði hún að skreyta skautföt brúðu sinnar. Hún hafði þetta allt í litlum lokuðum kistli og hafði alltaf lykilinn í bandi um hálsinn því að enginn mátti komast í kistilinn.

Rétt eftir ferminguna dreymir litlu stúlkuna að hún sé stödd suður á túninu á Kálfatjörn. Sá hún þá hinum megin við túngarðinn á Hliðstúninu grannleita konu, frekar fátæklega búna vera að reka kú. Hún hljóp til hennar og ætlaði að hjálpa henni að reka kúna en spyr hana um leið hvar hún eigi heima.

Þá svarar konan: "Ég er huldukona og á heima í þessari klöpp", og bendir á klöpp sem fólk var vant að ganga yfir þegar það fór að heiman suður á Ströndina.

Þá þykist stúlkan segja við hana: "En hvað ég er glöð að hitta huldukonu. Þiggðu nú af mér hringinn hennar ömmu sem ég er með á hendinni, því að mig hefur alltaf langað svo til þess að hitta huldukonu og gleðja hana".

Þá mælti konan: "Ekki skaltu gera það, góða mín, því að þú færð illt fyrir það að glata honum. En þú getur gert mér annan greiða. Lánaðu mér flauelspjötlurnar þínar. Það á líka að ferma hjá mér dóttur mína, en ég er svo fátæk að ég get ekki keypt flauel á treyjuna hennar. Ég skal skila þeim öllum jafnóðum aftur, þegar ég hef notað þær".

Stúlkan lofaði þessu með ánægju og segir: "Vertu nú sæl". Þá segir hún ósköp hrygg: "Segðu ekki sæl við mig, við erum ekki sæl, en ég get ekki launað þér með

öðru en því að ég skal sjá til þess að þú verðir lánsmanneskja". Var svo draumurinn ekki lengri.

Eftir nokkurn tíma ætlar stúlkan að fara að sauma á brúðuna sína. Hún lýkur upp kistlinum en bregður heldur en ekki, því að allar flauelspjötlurnar eru horfnar. Man hún þá ekkert eftir draumnum. Fór hún nú að grennslast eftir því, hvort nokkur hafi komizt í kistilinn og sannfærðist um að enginn hafði farið í hann. Þá man hún allt í einu eftir draumnum og segi mömmu sinni frá honum. Þá mælti hún: "Góða mín, vertu ekki að leita úr því að þetta er svona, álfkonan skilar þeim aftur". Líður svo tíminn fram á haust. Einn dag er það, er stúlkan opnar kistilinn sinn að allar pjötlurnar liggja þar eins og hún skildi við þær um vorið.

RAUÐSKINNA II 301



Festarfjall

Austarlega í Grindavík, hér um bil miðja vegu milli bæjanna Hrauns og Ísólfskála, er þverhnípt fell fram við sjóinn, sem heitir Festarfjall. Neðan undir felli þessu er hátt blágrýtisstandberg og ægisandur undir sem ganga má þurrum fótum með lágum sjó. Frá Hrauni blasir við í miðju berginu grá rák sem gengur þráðbeint upp í gegnum bergið og nefnist Festin.

Sagan segir að rák þessi sé silfurfesti sem tröllkona ein hafi einhvern tíma í fyrndinni hengt fram af berginu með þeim ummælum að þá er dóttir bóndans á Hrauni, sú sem bæri nafn hennar, gengi þar neðan undir þá skyldi festin detta niður og verða eign stúlkunnar. Því miður lét tröllkonan ekki nafns síns getið svo að ekki hefir verið auðvelt að láta heita eftir henni, enda hangir festin óhreyfð enn í dag.

RAUÐSKINNA I 45



Finngálkn

Finngálkn er það dýr kallað sem köttur og tófa geta saman. Er það grimmt mjög og öllum vargi skaðlegri fyrir sauðfé manna og skotharðast allra dýra. Vinnur engin kúla á finngálknið og verður það ekki skotið nema með silfurhnapp eða silfurkúlu. Það er og styggt mjög og ákaflega frátt á fæti.

Einu sinni lagðist finngálkn á sauðfé Hafnamanna og annara þar nærlendis. Hélt það sig mest umhverfis Ósana, sem kallaðir eru og gjörði tjón mikið. Reyndu menn á allar lundir að drepa finngálknið en það tókst ekki. Gekk svo lengi þangað til loksins að maður einn sem vissi jafnlangt nefi sínu hitti upp á því að hann makaði hellu eina við Ósaboðnana með hunangi. Vissi hann að finngálkn er mjög sólgíð í sætindi, helzt hunang. Síðan lagði maðurinn sig í leyni skammt frá hellunni. Dýrið rann á hunangslyktina og fór að sleikja helluna. Skaut þá maðurinn dýrið og hafði silfurhnapp af bol sínum fyrir kúlu. Þótti öllum mjög vænt um verk þetta.

Hellan er síðan kölluð Hunangshella og er hún við landsuður-horn Ósanna hjá alfaraveginum milli Keflavíkur og Hafna.

JÓN ÁRNASON I 611



Forvitni framliðinnar konu

Stefán hét prestur á Kálfatjörn. Hann var maður laus við alla hjátrú og hindurvitni; gerði jafnvel gys að þeim mönnum sem höfðu trú á slíkum hégóma og voru myrkfælnir því að hann var gamansamur. Eitt af hans fyrstu embættisverkum eftir að hann kom suður var að fara út í Njarðvíkursókn sem þá var annexía frá Kálfatjörn og jarða þar gamla konu sem var þá nýlega dáin. Prestur fór út eftir daginn áður en jarða átti og gisti um nóttina á kirkjustaðnum, Innri-Njarðvík. Hann var látinn sofa einsamall í útihúsi; var það á hlaðinu og laust við önnur hús svo að milli þess og íbúðarhússins var hérumbil 3 - 4 metra bil. Í þessu húsi var afþiljað herbergi sem prestur svaf í. Hann lá nokkra stund vakandi í rúminu, eftir það er hann var háttður og sneri sér fram að stökk. Þetta var í ágústmánuði og var því nóttin svo björt að hann sá alla hluti í herberginu.

Þegar prestur hafði legið þannig vakandi um stund sá hann að kona með skuplu á höfði leið með mestu hægð inn með rúmi hans, allt inn að höfðalagi; þar sneri hún við og leið aftur með rúminu uns hún hvarf út með hurðinni. Skömmu eftir þetta sofnaði prestur og svaf vel til morguns. Daginn eftir jarðaði hann konuna; hann hafði aldrei séð hana í lifanda lífi, en gat þó lýst henni svo nákvæmlega að allir kunnugir dáðust að; um nóttina hafði hann tekið svo vel eftir hvernig hún var í hátt. Aldrei varð prestur konunnar var upp frá þessu. Furðaði hann sig mjög á þessari sýn því að viss var hann um það að hann sá hana í vöku en ekki í draumi.

GRÍMA HIN NÝJA IV 156



Frá Eiríki presti í Vogsósum

Gunna sú er Eiríkur prestur kom fyrir á Reykjanesi gat barn við manni og vildi hann eigi eiga hana. Hézt hún þá við hann, drap sig og gekk drjúgan aftur og sótti að barnsföður sínum. Fór hann þá til fundar við Eirík prest og bað hann ásjár, því hann kvaðst nauðuglega hafa undan komizt, því þá hann leiddi kú yfir hraun nokkurt heyrði hann beljan ógurlega niðri í hraungjótu, kæmi hún upp þar og elti sig. Prestur fékk honum bréf lítið, skipaði honum að fá henni er þau fyndust næst, mundi hún verða að lesa en bað hann koma trefju hvítri nokkurri í hönd henni meðan hún læsi, mundi hún festast við hana. Skyldi hann leiða hana á trefjunni til hvers á Reykjanesi og láta hana þar lausa. Fór sem prestur hafði fyrir sagt að hann leiddi hana að hvernum. Mátti hún þá ei annað en ganga um hverinn. Jafnan sáu hana freskir menn og ófreskir og það lengi síðan og segja að þá væri hún að knjám gengin.

Það segja Suðurnesingar að Gunna sú er Eiríkur prestur í Vogsósum kom fyrir við hverinn á Reykjanesi væri Önundardóttir og að hún hétist við dóttur mann sinn, er Guðmundur hét. En er hún hafði farið sér var það eitt sinn að Guðmundur kom frá Útskálakirkju, fylgdi annar maður honum á hæðirnar ofan Garðsskaga og skildi þar við hann. En litlu síðar kom Gunna að Guðmundi og fékkst við hann og gekk af honum dauðum. Versnaði hún mjög eftir það og kvaldi bæði menn og fénað áður Eiríkur sendi henni trefil og seðil knýttan í enda hans, en varaði hann við að rétta henni þann er seðillinn var í og gæta þess að fá henni endann áður hún gengi út úr túngarðshliði á Hofi. Er það næsti bær við Lambastaði í Garði. Sá fór er sendur var og fór svo að sem fyrir hann var lagt. Er þá sagt Gunna segði: "Á fjandanum átti ég von í víti en eigi þessu".



Frá Lofti, syni Galdra- Jóns

Jón Þórðarson í Junkaragerði eða Galdra-Jón átti einn son er Loftur hét; var hann æskilmenni að vallarsýn, en greindur vel og góðmenni hið mesta. Fékkst hann lengi við barnakennslu í Hafnahreppi, en sjómennsku átti hann aldrei við. Eitt sinn var hann spurður, hvað hann hefði gert við allar bækur, handrit og galdraskruddur Jóns, föður síns. Loftur svaraði: "Og eg brenndi það allt saman, eg vildi ekki styggja minn góða guð með því að láta þetta vera lengur til." Óefað hefir Loftur í einfeldni sinni brennt þarna miklum og dýrmætum fjársjóði, því að faðir hann átti stóra kistu fulla af bókum og handritum.

RAUÐSKINNA I 17



Frá marbendli

Mér er í minni stundin,
þá marbendill hló.
Blíð var baugahrundin,
(er bóndinn kom af sjó).
Kyssti hún laufalundinn,
lymskan undir bjó.
Sinn saklausan hundinn
sverðabaldur sló.

Á Suðurnesjum er bæjarpörp nokkurt sem heitir í Vogum, en raunar heitir þorpið Kvíguvogar og svo er það nefnt í Landnámu. Snemma bjó bóndi einn í Vogum er sótti mjög sjó. Einhvern dag reri bóndi sem oftast og er ekki í það sinn neitt sérlegt að segja af fiskifangi hans. En frá því er sagt að hann kom í drátt þungan og er hann hafði dregið hann undir borð, sá hann þar mannlíki og innbyrti það. Það fann bóndi að maður þessi var með lífi og spurði hann, hvernig á honum stæði en hann kvaðst vera marbendill af sjávarbotni. Bóndi spurði hvað hann hefði verið að gjöra þegar hann hefði ágoggast.

Marbendill svaraði: "Ég var að laga andskjólin fyrir eldhússtrompnum hennar móður minnar. En hleyptu mér nú niður aftur."

Bóndi kvað þess engan kost að sinni," og skaltu með mér vera." Ekki töluðust þeir fleira við, enda varðist marbendill viðtals. Þegar bónda þótti tími til fór hann í land og hafði marbendil með sér og segir ekki af ferðum þeirra fyrr en bóndi hafði búið um skip sitt að hundur hans kom í móti honum og flaðraði upp á hann. Bóndi brást illa við því og sló hundinn.

Þá hló marbendill hið fyrsta sinn.

Hélt bóndi þá áfram lengra og upp á túnið og rasaði þar um þúfu eina og blótaði henni.

Þá hló marbendill í annað sinn.

Bóndi hélt svo heim að bænum. Kom þá kona hans út í móti honum og fagnaði bónda blíðlega og tók bóndinn vel blíðskap hennar.

Þá hló marbendill hið þriðja sinn.

Bóndi sagði þá við marbendil: "Nú hefur þú helgið þrisvar sinnum og er mér forvitni á að vita af hverju þú hlóst."

"Ekki gjöri ég þess nokkurn kost," sagði marbendill, "nema þú lofir að flytja mig aftur á sama mið er þú dróst mig á." Bóndi hét honum því.

Marbendill sagði: "Þá hló ég fyrst er þú slóst hund þinn er kom og fagnaði þér af einlægni. En þá hló ég hið annað sinn er þú rasaðir um þúfuna og bölvaðir henni, því þúfa sú er féþúfa full af gullpeningum. Og enn hló ég hið þriðja sinn er þú tókst blíðlega fagurgala konu þinnar, því hún er þér fláráð og ótrú. Muntu nú efna öll orð þín við mig og flytja mig á mið það er þú dróst mig á." Bóndi mælti: "Tvo af þeim hlutum er þú sagðir mér má ég að vísu ekki reyna að sinni, hvort sannir eru, tryggð hundsins og trúleik konu minnar. En gjöra skal ég raun á sannsögli þinni, hvort fé er fólgið í þúfunni og ef svo reynist, er meiri von að hitt sé satt hvort tveggja, enda mun ég þá efna loforð mitt."

Bóndi fór síðan til og gróf upp þúfuna og fann þar fé mikið eins og marbendill hafði sagt. Að því búnu setti hann skip til sjávar og flutti marbendil á sama mið sem hann hafði dregið hann á.

En áður en bóndi léti hann fyrir borð síga, mælti marbendill: "Vel hefur þú nú gjört, bóndi, er þú skilar mér móður minni heim aftur og skal ég að vísu endurgjalda það ef þú kannt til að gæta og nota þér. Vertu nú heill og sæll, bóndi."

Síðan lét bóndi hann niður síga og er marbendill nú úr sögunni.

Það bar til litlu eftir þetta að bónda var sagt að sjö kýr, sægráar að lit, væru komnar þar í túnjaðarinn við fjöruna. Bóndi brá við skjótt og reif spýtukorn í hönd sér gekk svo þangað sem kýrnar voru, en þær rásuðu mjög og voru óværar. Eftir því tók hann að þær höfðu allar blöðru fyrir grönum. Það þóttist hann og skilja að hann mundi af kúnum missa, nema hann fengi sprengt blöðrur þessar. Slær hann

Þá með kefli því er hann hafði í hendi sér, framan á granirnar á einni kúnni og gat náð henni síðan. En hinna missti hann og stukku þær þegar í sjóinn. Þóttist hann þá skilja að kýr þessar hefði marbendill sent sér í þakkar skyni fyrir lausn sína. Þessi kýr hefur verið hinn mesti dánumanns gripur sem á Ísland hefur komið. Æxlaðist af henni mikið kúakyn sem víða hefur dreifzt um land og er allt grátt að lit og kallað sækúakyn.

En það er frá bónda að segja að hann varð mesti auðnumaður alla ævi. Hann lengdi og nafn byggðar sinnar og kallaði af kúm þessum, er á land hans gengu, Kvíguvoga, er áður voru kallaðir Vogar.

ÞJÓÐSAGNABÓKIN I 171, BERGMÁL 51



Frá séra Þorsteini á Útskálum

Séra Þorsteinn á Útskálum á 17. öld var allvel viti borinn og vel að sér en þótti stærilátur og hjátrúarfullur og fór með fjölkynngi. Almælt var að hann hafi fyrstur manna gert mynd af Hallgrími Péturssyni þegar hann var nágrannaprestur hans á Hvalsnesi. Þegar séra Þorsteinn tók að eldast varð hann líkþrár og blindur; samt sem áður gat hann barn í hórdómi og missti fyrir það kallið. Það var honum þvernauðugt og gerði hann allt hvað hann gat til að halda kallinu, fór til alþingis, þótt veikur væri orðinn og talaði máli sínu við höfðingja. En það kom fyrir ekki og var séra Þorleifi veitt kallið. Þó varð nokkurt þóf um mál þetta, því að séra Þorsteinn vildi ekki standa upp af staðnum góðviljuglega og séra Þorleifur hikaði við að ganga að staðnum á meðan séra Þorsteinn væri þar kyrr; hefur hann ef til vill haft beyg af fjölkynngi prests.

Leið svo fram um hríð. Nokkrir skólapiltar í Skálholti gengu þá á fund Brynjólfs biskups og báðu hann leyfis að fara til Útskála, bera séra Þorstein út úr bænum og búa hann til ferðar þaðan. Biskup leyfði þeim þetta með því skilyrði að þeir misbyðu honum í engu, hvorki í orði né verki og hétu þeir því. Síðan hófu skólapiltar ferð sína, allmargir í hóp, suður að Útskálum. Þegar þeir komu á staðinn stöldruðu þeir við og ráðguðust um hver þeirra mundi fyrstur til verða að ganga í bæinn og hitta gamla manninn. Það voru einkum þrír þeirra sem álitnir voru færastir um að eiga orðastað við prest og kunnu þeir allir eitthvað fyrir sér. Héttu þeir Finnbogi, Magnús og Eiríkur; sá síðastnefndi var yngstur þeirra. Magnús var þeirra framgjarnastur og lagði hann fyrstur á vaðið, gekk rakleitt inn í bæinn og alla leið inn í svefnherbergi prests; gerði hann þar vart við sig og heilsaði. Prestur tók kveðjunni, spurði hver hann væri og hvert hann væri að fara. Magnús sagði til sín og það með að hann ætti að bera hann út úr bænum.

Þá mælti prestur: "Róta þú ekki við mér, það er ekki þitt meðfæri."

Magnúsi féllst hugur við þetta og gekk út aftur til félaga sinna. Þá gekk Eiríkur inn til prests og gerði vart við sig.

"Hver er þar?" spurði prestur. Eiríkur nefndi sig.

Þá sagði prestur: "Þú verður mikill maður, en eig þú ekkert við mig."

Eiríki þótti sem það mundi vera gæfuraun að eiga við prest og fór því aftur út til félaga sinna. Þá gekk Finnbogi inn til prests og gerði vart við sig.

"Hver er þar?" spurði prestur. Finnbogi sagði til sín.

"Já," sagði prestur, "allir erum vér börn hjá Boga, og mun ekki tjá að bíða."

Gekk Finnbogi þá að sænginni, tók prest í fang sér, bar hann út og sýndi hann þá enga mótstöðu. Síðan var hann settur á hest og búinn til ferðar. Bað hann þá að teyma hestinn undir sér hringinn í kringum bæinn, sumir segja þrjá hringi, áður en hann færi burtu. Prestur var þá blekktur þannig að hesturinn var teymdur kringum skemmu eina er laus var frá bænum og prestur átti og brann hún nokkrum vikum einna til kaldra kola.

Prestur var fluttur að Setbergi í Garðahverfi og átti hann þá jörð sjálfur. Þar lifði hann nær fjórtán ár eftir þennan atburð. Ekki lagði hann niður hjátrú sína og hindurvitni og lét jafnvel á banasænginni lesa þesskonar fræði fyrir sig. Finnbogi sá, er fyrr var nefndur, varð eigi gamall; sætti hann vélráðum af Magnúsi félaga sínum, sem öfundaði hann af gáfum hans og kunnáttu. Eiríkur varð prestur og bjó að Vogsósum og var nafnkunnur fyrir þekkingu sína í töfrafræðum, og eigi síður hitt, hvað hann var góðgjarn og hjálpfús og fór vel með kunnáttu sín.

GRÍMA HIN NÝJA III 337



Frá Þorgeiri og Guðfinnu

Þorgeir hét maður í Hafnahreppi. Hann var gríðar stór og stíður svörguls kraftaboli. Hann var mikill sjómaður og frægur skiphaldsmaður, þegar lá var svo mikil að menn flutu almennt uppi við kollubandið. Hann var völundur á tré og járn, söngmaður góður og listhneigður. Hann dvaldi á löngum úti í dönskum "spekulöntum" í kauptíðinni og lék sér að því að lyfta tunnum og drakk svo frítt brennivín fyrir. Við landverk var hann linur og latur, nema ef hann fékkst við stóryrkju og í stórrumbum steig hann stéttir og horfði til hafs og talaði um göngurnar sem kæmu upp úr djúpinu með útsynningsruddanum. Hann var geysilegur matmaður og drakk margar grautarskálar fullar af köldu vatni með hverri máltíð, hvort sem það var spónamaður eða þurr matur. Hann gat komið með einkennilega útúrdúra, en annars var hann að öllu jöfnu gæfur og hægur.

Einu sinni hlustaði hann á nýjan prest. Þegar prestur ætlaði að ganga úr kirkju að aflokinni messugerð gekk Þorgeir í dyrnar og varnaði honum útgöngu. Hann sagði presti að ætlan sín væri að leggja fyrir hann eina spurningu og skyldi hann fá að fara út ef hann svaraði henni. Prestur spurði hann þá hver hún væri. Þá sagðist Þorgeir ætla að spyrja hann, hvor þeirra hefði verið meiri Jesús Kristur eða Grímur Ægir. Presti varð orðfall en svaraði loks að þeir hefðu báðir verið góðir, hvor á sinn hátt. Þorgeir sleppti prestinum þá með það svar en sagan getur þess eigi, hvernig honum hafi líkað það.

Þorgeir bjó fyrst með konu þeirri, er Guðfinna hét, en er nokkur ár höfðu liðið, vildi hann losa sig við hana. Skipaði Guðfinna honum þá að eiga sig, en hann var tregur til og kvað það sitthvað að hafa bústýrur eða vera söðlaður kvenfólki. En þegar hún heyrði þetta, hvessti fljótt hjá henni, og hótaði hún honum líftjóni, ef hann víxlaði. Þetta dugði; hann lét til leiðast og voru þau þússuð saman. Hún var

nokkru eldri en hann. Guðfinna þessi var lítil, en digur og öll hin ferlegasta í sjón og gat verið eins í reynd. Hún var með afbrigðum svipdökk og hafði illviðrispoka yfir augum en fætur hennar voru eins og gildustu gripslæri allt niður að ristarkverkum. Hún var og ótvíræð ákvæðakona en hafði það líka til að vera mannelk. Grófyrtar tröllasögur voru yndi hennar, og sagði hún þær af mestu list. Oftast brá fyrir blikuböndum í skapi hennar en þegar lund hennar var létt þá raulaði hún venjulega þessa vísu:

Ása gekk um stræti með kurt og pí o.s.frv. en jafnskjótt sem syrti að í huga hennar, breytti hún vísunni, og var þá upphaf hennar svona:

Ása gekk um stræti, far vel Frans o.s.frv. Þá var vísan hroðaleg.

Guðfinna var rifrildiskvenmaður til allra verka og hraðhend við matinn enda var þess og full þörf því að allt starfið á heimilinu fór fyrir það sem nærzt var á og dugði ekki til á köflum. Þegar sílfiskur fór að ganga á vertíðum þá byrjuðu frægar mélmagaveizlur hennar. Hún tók kútmagana úr síltroðnum þorskum og kreisti svo feita lifur í sundur, tók úr henni allar slýjur og hrærði svo rúgméli saman við lifrina. Síðan var allt sett í kútmagana og bundið fyrir með seglgarni. Þessum slöttólum laumaði hún svo rétt undir hlemminn á soðningarpottinum og snöggsauð þá sér til búdrýginda, en karlmönnum sínum til krafta og var þá stundum ekki þrautalaus matarvist Guðfinnu. Því var það einu sinni, er ýmsir réttir bárust í tal hjá Þorgeiri og öðrum mönnum, svo sem mélmagar, lönguskálmir, beinastrjúgur og fleira að Þorgeir sagði þá í því sambandi að allt væri á kóngsbord berandi sem hún Guðfinna sín matreiddi nema ef það kynni að vera mélmagar.

Oft bar menn að garði hjá þeim hjónum. Einu sinni á vertíð, þegar staðið var í róðrum, kom Páll vitavörður til þeirra hjóna. Honum var vel tekið, og var fuglasúpa á borðum. Hann var þar um nóttina. Milli rismála og miðmorguns var Þorgeir kallaður. Hann brá skjótt við og var von bráðar kominn í böslin. Hann lagði svo af stað til skips og hafði langt farið, þegar hann minntist þess að beitukistan hafði orðið eftir heima. Sneri hann skjótt við og hraðaði sér heim eftir henni. Um leið leit hann inn í baðstofuna. Var þá vitavörðurinn kominn í bólið til konu hans. Varð Þorgeiri þá það fyrst fyrir að þrífa hníf, sem stunginn var upp undir sperrukjálkann.

Guðfinna vatt sér þá fram úr rúminu, þreif hnífinn af bónda sínum og mælti: "Að

þú skulir láta svona, Þorgeir; veiztu ekki, að hann Páll er heldri maður?"

En Þorgeir var hinn versti engu að síður. Skipaði þá Guðfinna gestinum að klæðast og fara hið skjótasta, meðan hún gætti bónda síns. Hann gerði það, beið ekki boðanna og var óðara á bak og burt og kom þar aldrei síðan. En þar eð Þorgeir var á leið til skips hafði hann ekki frekara færi til þess að veita gestinum eftirför að því sinni. Leið svo tíminn fram að lokum. Þá var það dag einn að von var á vitavörðinum. Kom þá Guðfinna heldur fasmikil til höfðingja sveitarinnar og sagði honum að nú réði hún ekkert lengur við Þorgeir. Hann hefði frétt fyrir nokkru að Páls væri von og farið þá strax út í skemmu. Sagðist hún hafa veitt honum eftirför. Steig hann þá hverfistein sinn rólega og lagði á ellefu gata ljá. Sagðist hún þá hafa spurt hann að því hvað það ætti að þýða að leggja á ljái fyrir lok.

Hann svaraði ofur rólega: "Oft er vargshöfuð á vormorgni," - og herti um leið á steininum.

En er Guðfinna lét eigi nægja orðskviðinn, þá mælti Þorgeir: "Ég ætla að ganga hreinlega frá honum Páli einhvern tíma núna fyrir vökulokin, Guðfinnu tetur, en þú getur sparað þér alla dalla."

Litlu síðar lagði Þorgeir af stað út fyrir byggðina með ljáinn. Sagðist hún þá hafa flýtt sér að heiman til þess að segja frá þessu. Var nú gerð leit að Þorgeiri. Fannst hann nærri alfaraleiðinni og sat rólegur í gömlu skothúsi með ljáinn sinn. Svipur hans var þrúttinn og rómfallið ekki hið fegursta, er á hann var yrt. En þegar honum var boðið upp á púnsdrykkju um kvöldið í Kotvogi þá hækkaði brún hans og hann ákvað fljótt að hætta við hernaðinn. Um kvöldið, þegar hann var orðinn hreifur, sagðist hann nú finna bezt, hvílíkum breytingum líðan manna gæti tekið yfir daginn og hann gæti nú fyrirgefið allt og öllum en það menn þó að gæta þess að slitin vinátta hnýtist aldrei svo vel að ekki verði vart við hnútinn og satt að segja, sagði hann, hefði sér stundum brugðið en aldrei eins og þegar hann svo að segja sá ekkert til hennar Guðfinnu í rúminu hjá honum Páli. Féll svo þetta mál niður og sættust þeir að kalla en alltaf sneiddi vitavörðurinn fram hjá þessum slóðum eftir þetta.

Merkasta sagan af Guðfinnu var á þessa leið: Einu sinni var það á vertíð, að hagstæð háátt hafði gengið nokkra hríð og landburður var af fiski. Það lá vel á mönnum því að það leit út fyrir sömu tíð og sama aflann áfram. Þá var það dag

einn er allir höfðu lent og fiskað mikið að Guðfinna hitti einn formanninn. Hann var mesta aflakló og ríkur maður, ókvæntur en bjó með systur sinni þar í nágrenninu. Guðfinna bað hann á að lána sér nokkrar kaffibaunir og eitt pund af sykri. Hún fékk blákalt nei. Þetta var illa gert af manni, sem hafði nóg ráð til þess, en hún aftur á móti fátæk. Þetta var ekki heldur betl, heldur beðið um til láns. En nú reiddist Guðfinna og það ógurlega.

Hún strúaðist, froðufelldi og mælti við formanninn: "Þú skalt ekki fá eitt bein úr sjó á morgun og ekki hinn daginn heldur. Ég skal sjá um það. Þú skalt ekki þurfa að ómaka þig við að skipta. En taktu eftir því, að allir fiska nema þú."

Síðan stikaði hún í burtu. Um leið og hún gekk burt, mælti hún við mann, er nálægt stóð: "Þeir gefa ekki tvö tálkn með einu höfði, þessir piltar." S

iðan fór hún heim. Daginn eftir var sama sjóveðrið, hægur norðan kaldi og hverri fleytu var ýtt úr vör. Formaðurinn, sem Guðfinna talaði við, reri eins og aðrir.

Hann fór á líkar slóðir og undanfarna daga; þar hafði bæði hann og aðrir formenn fiskað bezt. Hann lenti á sjónum milli tveggja nágranna sinna; annar var fyrir norðan, en hinn fyrir sunnan hann. Þessir formenn drekkhlóðu báðir skip sín, en hann fékk ekkert, aðeins nokkrir blöndulókar komu á skip hans þann daginn.

Hann gat ekki heldur skipt þeim, þegar í land kom; þeir voru ekki svo margir. Allir aðrir mokfiskuðu undantekningarlaust þennan dag. Daginn eftir endurtókst allt þetta. Þegar Guðfinna frétti þetta, kastaði hún sér upp í rúmið sitt háhljóðandi.

Hún var spurð, hvað að gengi. Hún ansaði ekki.

En loks stundi hún upp: "Æ, æ, að ég skyldi ekki tiltaka lengri tíma. Nú er því tækifæri spillt, þar sem mér er runnin reiðin."

Eftir þetta mátti segja að hún væri í vissum skilningi einvöld í sveitinni. Henni var aldrei synjað um nokkurn hlut sem hún bað um hvorki af konum né körlum. Nokkurum árum síðar bað hún ríkisbónda um eina flösku af olíu til láns. Hann neitaði henni af þeim ástæðum að svo einkennilega stóð á hjá honum þá stundina að hann hafði enga olíu og hann sagði henni það. Hún reiddist samt og sagði við konu hans um leið og hún fór að það væri ekki úrhendis að hugsa eitthvað til hans á næstunni. Þetta dugði. Konan sendi í ofboði til næsta bæjar, fékk lánaða olíuflösku og gaf Guðfinnu; þar með var því máli lokið.



Frásögn af Gunnari sterka Halldórssyni

Í KIRKJUVOGI

Fyrir mörgum árum bjuggu bræður tveir í Kirkjuvogi; heitir þar Innrahverfi - þar heitir og Syðrahverfi skammt frá. Kirkjuvogur var þá annexía frá Útskálum. Þeir voru hálfbræður, að móðurinni. Hét annar Vilhjálmur en hinn Gunnar. Vilhjálmur var mesti búhöldur og ríkur og dugmaður, stórgjöfull og sterkur en stilltur vel. Hann átti þá konu er Þórunn hét. Gunnar var fátækari og þó hófsmaður og gæfur í lund, vinsæll og vel metinn; hann var dulur maður. Hann átti Halldóru, systur Þórunnar konu Vilhjálms. Það er frásögn kunnugra manna að Gunnar væri svo styrkur maður að enginn vissi honum affátt verða enda var hann og óframur maður. Ýmsir hafa fært afl hans í frásögu.

GOTUTUNNURNAR

Það var siður Keflavíkurkaupmanna lengi að senda skip með ýmsar vörur á Þórshöfn - hún er nærri Kirkjuvogi. Fluttu þeir þangað salt og tóku aftur sjávarföng. Það var þá eitt sinn að þeir bræður fluttu vörur um borð í skip á Þórshöfn á miðjum degi og lagði sinn að hvorri hlið skipsins. Hafði Vilhjálmur fermdan bát af fiski en Gunnar af gotutunnum. Fékk Vilhjálmur fisk sinn þegar veginn því meir virtu þeir hann er hann var auðgari en kappdrægt var með þeim bræðrum þótt eigi spillti það frændsemi. Gunnari leiddist biðin og bað hann skipverja að taka þegar í móti tunnunum en þeir kváðu dögurðartíma kominn og gengu til snæðings. Gunnar hafði áður talað við þann er veitti vörunni móttöku og samdist með þeim að hann legði hann þar inn en nú þykknaði í honum og þóttist hann smáður; hugsar nú sitt ráð, að eigi vilji hann þeirra lengi bíða en óhægt er til aðgerða er talíu vantaði til þess að hefja tunnurnar upp á þilfarið er var mannhæðarhátt. Tveir menn voru með honum á bátinum. Hann leggur þá að skipshliðinni og langs með

hlið skipsins og biður háseta halda bátnum við það svo hvergi svífi. Síðan stígur hann öðrum fæti á þóftu en hinum á band og grípur fyrstu tunnuna þannig að hann bregður annarri hendi undir laggirnar en hinni styður hann á bumbuna og hefur hana á loft og kastar henni inn yfir skipsborðið; valt hún eftir þilfarinu uns eitthvað varð fyrir er stöðvaði hana. Þannig hélt hann áfram og snaraði þeim öllum upp á þilfarið og stóðust sumar ekki kastið og brotnuðu og vall úr þeim um þilfarið. Að þessu búnu lagði Gunnar frá og kvaddi enga og fór heim síðan. En hinir fengu nóg að starfa um borð, er tunnurnar keyptu, að ræsta þilfarið og gera að tunnunum en enginn þeirra áræddi að finna að þessu því mjög undraði þá á aflraun þessari því hver tunna er talin 256 punda þung. Höfðu þeir eigi síðan sýnt Gunnari mótþróa eða fyrirlitningu en margir urðu til að freista þess hvað hann orkaði sem enn skal sagt.

KAGGINN

Enn er þess getið að nærri þessum tíma tóku þeir bræður á móti vörum á Þórshöfn og fluttu í land. Vilhjálmur hafði keypt fullan tunnukagga af tjöru - hann er meira en tunnubýngd venjuleg.

"Hvað ætlarðu með alla þessa tjöru?" segir Gunnar, "þér er víst óhætt að láta mig fá eitthvað af henni." Vilhjálmur kvað tjöruna ómissandi eign en vel gæti hann selt honum til sinna þarfinda ef hann æskti þess. Síðan koma þeir að landi og afferma bátinn og ber Gunnar kaggann upp í fanginu og segir sig hafa grunað að eigi myndi hann léttur vera.

"Já, víst er hann þungur," segir Vilhjálmur, "og vitna ég það undir þá er hér eru að ég gef þér hann ef þú berð hann einn heim á kirkjugarðsvegginn en það muntu nú ekki geta þótt þú sért sterkur." Gunnar glotti við en svaraði engu; fóru þeir heim síðan. Var þá dags úthall. Snæddu þeir síðan en er þeir höfðu étið hvarf Gunnar ofan og var brott litla stund. Veittu menn því litla eftirtekt. Vilhjálmur gekk einn út í kveldrökrinu og sér einhvern hrauk á kirkjugarðinum. Hann gengur þangað og sér að þar er þá kominn kagginn. Grunar hann að Gunnar hafi sótt hann og borið heim. Hittir hann bróður sinn og spyr hann hvort hann bar heim kaggann. Hann sagði svo vera. Vitnuðu allir að enginn var til er gæti stoðað hann við það. Hafði hann tekið hann einn á herðar sér og borið heim síðan og þótti það eftir öðrum aflraunum hans. Vilhjálmur kvað hann hafa unnið og ætti hann því

kaggann. Leið sú er Gunnar bar kaggann er fyrst brattur malarbakki og lítill flái síðan heim að bænum en vegalengd sú skiptir eigi mörgum hundruðum faðma.

HALLDÓR SJÓMAÐUR

Sjávarúthald var mikið úr Höfnunum og eigi síst úr Kirkjuvogi því þeir bræður voru mestu sjósóknarar og dugnaðarmenn. Var þar verskáli við sjó niðri frá Kirkjuvogi og oft margir úthaldsmenn; var þar löngum slark og vinnautn mikil. Sá maður var einn með Gunnari og sjóari hans er Halldór hét, mikill og sterkur, drykkfelldur og svaðamenni mikið. Hann lagði komur sínar í sjóbúðina á síðkveldum og drakk sig þar drukkinn og fann Gunnar að en það tjáði eigi og fór svo fram um hríð og gerðust slagsmál og áflog með honum og þeim þar. Eitt kveld voru margir um Halldór einn. Þetta vissi Gunnar og vildi ná honum þaðan og bað menn sækja hann en það þorði enginn er til var kvaddur. Leið svo fram um hátatíma og vildi Gunnar eigi loka bæ fyrr en Halldór kæmi en bæði var dimmt orðið af nóttu og í annan stað þótti engum barnameðfæri að sækja í hendur þeirra er í búðinni voru og sá Gunnar að hann hlaut að fara sjálfur og snaraðist út og ofan að búðinni. Var þar þá mannþyrping, hávaði og illindi mikil. Gunnar ruddist í gegnum fylkinguna og hratt mönnum frá sér og varð engum að ráða á hann. Tók hann Halldór undir hendi sér og bar hann út úr mannhringnum og leiddi hann síðan heim þegjandi. Þótti honum fara líkt og Breska-Birni forðum er hann sótti manninn í höll Sveins konungs tjúguskeggs.

HELLAN

Gunnar var þéttur í lund og sýndist fáum að sýna honum mótþróa. Hann húsaði vel bæ sinn og lét flytja að grjót á báti langa leið því eigi fékkst það nærri; tók hann mest í svonefndum Ósaboðnum. Honum þótti fyrst allsmátt grjótið hjá mönnum sínum og bað þá finna stærri köggla. Þá fundu þeir hellu og báru fjórir og lögðu yfir skutinn og þótti fullþung og reru heim. Gunnar stóð á fjörinni og brýndi bátinum og tók til hellunnar og segir um leið: "Þetta mismunar, piltar mínir." Síðan bar hann helluna einn upp sem hægast og lét þar er hentast þótti.



„Fölur er nú minn farfi”

Fram að aldamótunum 1800 voru Básendar ein helzta verzlunarstöð danskra einokunarkaupmanna á landi hér. Básendar lágu undir höfuðbólið Stafnes. Ein af hjáleigunum frá Stafnesi hét Þemba. Var það lítið kot og afgjaldið goldið að Básendum inn í reikning heimabóndans.

Þegar saga þessi gerðist, þá bjó maður sá í Þembu, er Narfi hét. Narfi þessi var allur vel á sig kominn, gleðimaður, kvæðamaður, dróst oft að drykk og laus var í honum hornriðinn. Hann var hrókur alls fagnaðar í veizlum og á mannamótum. Eins og aðrir leiguliðar þá hann atvinnu sína aðra en sjóróðra af Básendakaupmönnum, og tók þar jafnan mikið út af brennivíni. Söfnuðust oft að Þembu kunningjar hans og vermenn; var þar þá oft glatt á hjalla og fast drukkið. Einn kaupmanna hafði konu sína jafnan með sér að Básendum og dvaldist hún þar með honum. Var hún fríð kona og glaðvær, þótti henni Narfi bera af öðrum mönnum og sýndi honum meiri vinsemd en góðu hófi þótti gegna. Fór svo að lokum, að kaupmanni þótti nóg um dálæti það, sem hún hafði á Narfa. Var það orsök þess, að Narfa var byggt út af kotinu og flæmdur loks burt frá Stafnesi. Þóttist Narfi vita, hvaðan sú alda var runnin og lagði upp frá því mikla fæð á Básendakaupmann.

Næsta vor var Þemba byggð manni einum dönskum, er vera skyldi aðstoðarmaður þeirra Básendakaupmanna. Eigi linnti drykkju og söng í Þembu, þó að Narfi væri farinn, og voru það nú Danir, sem höfðu þar drykkjusamkomur og ýmsan gleðskap. En það er frá Narfa að segja, að hann fluttist suður til Kirkjuvogs í Höfnum og dó þar snögglega eftir skamma dvöl. Var hann jarðsunginn þar. Narfi hafði átt góðhest einn steingráan, bæði fljótan og vakran. Hafði sá margan

golþeysinginn farið, þegar jörð var sett á vorum. Þennan hest hafði Narfi neyðzt til að slá af, þegar hann var hrakinn frá Þembu.

Á þrettánda dag jóla, vetur þann, er Narfi andaðist, voru Danir saman komnir í Þembu til drykkju. Þetta sama kvöld bar svo við í Kirkjuvogi, að stúlka nokkur gekk út í vökulok. Úti var veður mjög skuggalegt, en þó nokkur birta af tungli, út-suðurhiminninn sundurtættur af kolsvörtum skýjabólstrum með ljósum glufum á milli og urgur mikill í sjó. Varð þá stúlkunni litið til kirkjugarðsins. Sér hún þar standa mann nokkurn, er styður sig við apalgráan hest og heyrir hann kveða vísu þessa við raust:

Þembu að eg þeysi af stað,
þar er mitt eftirlæti.
Hleypi eg dyn því hófakyn
hefi eg á fæti,
hefi eg létt á fæti.

Vindur hann sér á bak hestinum og tók sá sprettinn, en hvorki heyrði hún jódyn né sá spor hans. Varð stúlkunni óglatt við sýn þessa og hljóp inn og sagði frá því, er fyrir hana hafði borið. Nú víkur sögunni að Þembu. Þar voru, sem fyrr segir, gleðilæti mikil. Er leið á kvöldið, urðu menn snögglega varir við, að kuldagust lagði um skálann og fylgdi því óþefur nokkur. Og er þeir litast um, sjá þeir, að ókenndur maður er kominn í hópinn. Hefur sá gripið eina brennivínsflöskuna og ber hana að vitum sér. Maður sá var bleikur sem bast, beinaber og brúnaþungur; glotti hann svo, að þeim stóð stuggur af. Rann þá nokkuð af þeim ölvíman. Varð kaupmaður fyrstur til að spyrja, hver hann væri. Svarar þá aðkomumaður:

Hér er kominn Narfi,
hann hraktir þú frá starfi.
Fölur er nú minn farfi,
falli yfir þig stjarfi.

Bregður þá svo við, að kaupmaður féll sem dauður væri á gólfið, og í sama bili sýndist þeim, er inni voru, veggurinn opnast að baki Narfa og hann hverfa þar út. Stumra þeir yfir kaupmanni, en geta ekki vakið hann af dvalanum. Var hann

færður heim að Básendum og hugðu hann allir dauðan. Lá hann lengi í dái þessu, en raknaði þó um síðir við, en aldrei varð hann samur maður eftir þetta.

RAUÐSKINNA I 64



Galdraveifa

Hægt er að gera gjörningaveður með galdraveifu; ekki er þess getið að þar séu ristingar né formálar við hafðir. Sagan segir að kerling ein í Garði ætti tengdason sem henni var ofboð illa við. Einu sinni þegar hann var á sjó gjörði hún að honum ofsaveður með veifunni svo hann fórst. Varð það veður síðan kallaður kerlingarbylur.

JÓN ÁRNASON I 437



Garðaburðurinn

Þegar Brynjúlfur Jónsson fræðimaður frá Minna-Núpi var ungur, reri hann í Grindavík. Var þá allur affi hertur og fiskurinn breiddur á grjótgarða, er hlaðnir voru uppi í hrauni. Var það langur vegur sem bera þurfti fiskinn í herzluna úr kösunum. Eitt sinn, nálægt sumarmálum, voru menn að því verki. Var Brynjúlfur þar meðal annarra. Liðið var að kvöldi. Kastar þá einn þeirra orðum á Brynjúlf og segir: “Það er langur garðaburður hérna. Mikið andskoti er hann líka langur!” Í því hafði Brynjúlfur séð sumartunglið og þótti honum svarið ekki sem bezt. Ekki löngu seinna tók Brynjúlfur vanheilsu mikla. Lá hann lengi, svo að hann var nærri magnlaus. Komst hann þó að lokum á fætur en gat aldrei unnið erfiðisvinnu síðan. En andlegum kröftum hélt hann óskertum og varð mesti fræðimaður, eins og kunnugt er.

RAUÐSKINNA I 131



Gengið í Ræningjahól

Rétt fyrir aldamótin 1900 bjó í Krýsuvík 18 ára gamall piltur er Guðmundur hét. Var hann þar vinnumaður ásamt fjórum öðrum. Tuttugu manns voru á heimilinu, kátt fólk og skemmtilegt. Vorið 1898 stundaði Guðmundur veiðar í berginu, náði fugli og eggjum. Hann fór á morgnana niður á berg og var þar allan daginn fram á kvöld.

Í þá tíð var Krýsuvík stórbýli, túnið afar stórt og hæðótt svo að ekki sást yfir það allt frá bænum. Í túninu var hæð sem hét Ræningjahóll. Þegar komið var sunnan í hól þennan sást ekki heim að bænum. Hæð þessi var slétt tún og skammt fyrir innan túngarðinn.

Venja var í þá daga að tveir sváfu saman í rúmi og svaf Guðmundur hjá einum vinnumanninum sem hét Jón Ívarsson. Rúmið þeirra var inni við gluggann og svaf Guðmundur fyrir ofan Jón.

Þá dreymdi Guðmund að honum þótti maður koma inn gólfið inn að rúmi þeirra. Mann þennan hafði hann ekki séð áður; var hann á að giska um þrítugt og meðal-maður á hæð. Hann var á stuttbuxum og skóm úr íslensku skinni. Hann var í svartri prjónapeysu, með prjónahúfu á höfðinu eins og alpahúfa í laginu. Honum fannst hann heilsa og biðja hann að koma með sér heim til sín. Honum fannst þá hann fara fram fyrir Jón og klæða sig í flýti og ganga með mannum út og að Ræningjahól. Þegar þeir voru þangað komnir voru þeir allt í einu komnir að bæ sem Guðmundur hafði aldrei fyrr séð því að hann bjóst við að sjá þar aðeins slétt tún.

Þessi bær var með tveim húsum, hlið við hlið og gengið þversum inn í bæinn um hleðsluna. Þegar þeir komu inn í fremra bæinn voru gömul hjón þar fyrir sem sátu á rúmunum sínum og sitt barnið hjá hvoru. Voru þau að gefa börnunum að borða

skyr eða graut úr tréskálum. Þeir héldu inn í innra bæinn. Þar inni var kona mannsins. Guðmundi virtist hún vanfær og að því komin að ala barn.

Rúmstæði var á gólfinu sem var brotið og það bað maðurinn Guðmund að gera við, um leið og hann fékk honum verkfæri. Guðmundur fór að fást við þetta eins og hann væri vanur smiður. Þegar hann hafði lokið viðgerðinni, lét konan fót í rúmið en maðurinn hafði orð á því við Guðmund að hann gæti ekki borgað honum þetta núna, en hann skyldi minnast hans síðar. Guðmundur hélt því næst heim og fylgdi maðurinn honum inn að rúmi. Þar kvaddi hann og fór.

Þennan morgun svaf Guðmundur fram að fótaferðartíma. Klæddist og hélt til veiða niður á berg. Þegar hann var kominn suður með túngarðinum, var honum litið upp að Ræningjahól og þá mundi hann drauminn um nóttina. Hann hugsaði svo sem að þetta væri allt tóm vitleysa, þarna gæti enginn bær verið og svo hvarf þessi draumur alveg úr minni hans. Hann var allan daginn frammi á bergi og veiddi með mesta móti þennan dag. Þegar hann kom heim um kvöldið var fólkið að borða kvöldverð, margt við sama borð og hann. Þá spyrði Jón hvað hann hefði verið að gera út um nóttina.

"Ég fór ekkert út", varð honum að orði.

Þá svaraði hinn: "Jú, ég sá þig klæðast og þú varst lengi úti".

"Það getur ekki verið", svaraði Guðmundur.

Rétt í þessu kom húsbóndinn inn, heyrði samtali þeirra og segir: "Jú, ég var úti og var að reka fé úr túninu um klukkan tvö og ég sá þig koma sunnan frá Ræningjahól og fara inn í bæinn".

Guðmundi þótti þetta nokkuð skrýtið en minntist þá draumsins og sagði fólkinu drauminn. En aldrei dreymdi hann manninn í Ræningjahól síðan.

RAUÐSKINNA II 54



Gestgjafi lífs og liðinn

Stafnes á Rosmhvalanesi var fyrrum höfuðból og sýslumannssetur fyrir Gullbringu. Var þaðan útræði mikið og mjög var sótt þaðan til Geirfuglaskers á fyrri öldum. Lágu 24 hjáleigur undir Stafnesbóndann og auk þess var Básendakaupstaðurinn í landi hans. Hétu hjáleigur þessar ýmsum nöfnum og voru sum þeirra harla einkennileg, svo sem Refshalakot, Gosa, Hattakollur, Þemba og Lodda.

Hjáleiga sú, sem næst var Básendum, hét Lodda. Hét hún upphaflega Lúðvíksstofa, en síðar breyttist nafnið í Loddustofu og Loddu. Var kot þetta í byggð fram á miðja 19. öld. Loddu fylgdi grasnyt fyrrum og voru leigur goldnar með þremur vættum fiska að Básendum í reikning heimabóndans. Í fyrri daga bjó einhverju sinni í Loddu maður sá, er Bergþór hét. Var ætt hans austan úr Biskupstungum. Hann var maður með sínu lagi og hafði mikla náttúru til hafsins. Kona hans hét Þorkatla. Voru þau hjón einyrkjar, lítt fjáð, en veitul mjög og gestrisin. Var það venja bónda að bregða skjótt við, er gest bar að garði, og taka á móti þeim, er kom, í bæjardyrnum og leiða jafnskjótt til baðstofu, og var á ekkert dregið undan af því, sem ætilegt var í kotinu. Var orðtak þeirra hjóna jafnan þetta: "Lítið en ljúft er veitt í Loddu."

Bergþór reri á skipi heimabóndans ýmist sem konungsmaður eða hlutamaður. Einu sinni á vertíð var það dag einn, að lengi var setið á færum í kulda, því að dráttur var sæmilegur og vilja varð vart öðru hvoru. En er á daginn leið, tók að hvessa og fengu þeir brátt hinn versta barning heim. En nokkru síðar fékk Bergþór tak mikið og lagðist í rekkju. Var það með þeim býsnum, að hann lá dauður innan þriggja nátta. Hörmuðu menn dauða hans, því að hann var greiðamaður hinn

mesti og vinsæll af öllum. Hélt Þorkatla ekkja hans kotið það sem eftir var vetrar og fram að fardögum. Var svo Lodda í eyði um sumarið.

En svo bar til, þegar liðið var sumar fram yfir höfuðdag, að maður einn úr Grindavík kom síðla dags út að Básendum. Varð hann of seinn til að ná tali af kaupmönnum, og gengur því í áttina heim að Loddu og hyggst að leita þar gistingar. Sér hann þá mann standa þar í bæjardyrnum. Býst hann þá við, að menn hafi þar séð til ferða sinna, og húsbóndinn muni bíða í dyrunum til þess að leiða hann til baðstofu og veita honum húsaskjól. Greikkar hann því sporið og er brátt kominn heim undir hlaðvarpann. Sér hann, að maður sá, er dyra gætir, er í selskinns-vesti með silfurhnöppum og skóm með hvítum ristarþvengjum. Þá er hann kemur að bæjardyrnum, heilsar hann manni þessum, en hann tekur eigi kveðju hans, heldur snýr sér óðara við og bandar til hans hendinni að fylgja sér inn göngin til stofu, og gerir gesturinn það. Þá er þeir koma inn göngin, spyr komumaður þann, er á undan gekk, hvort hann ráði þar ekki húsum. Svaraði þá maðurinn honum með vísu þessari:

Eg bý í Loddu, ljúfurinn,
löng eru göng og steinar,
stígðu innar, stúfurinn,
stofuna enginn meinar,
dyrnar eru á dráttunum
dregnar upp á náttunum,
brátt mér einar,
brátt mér opnast einar.

Sér þá gesturinn grjótvegginn opnast í göngunum og bónda hverfa þar inn. Greip þá gestinn slík ofsahræðsla, að hann óð út úr bænum og hljóp sem fætur toguðu heim að Stafnesi, og vakti þar fólk allt með höggum miklum. Tókst von bráðar að sefa hann svo, að hann sagði upp alla sögu. Bar þá heimamönnum saman um það, að þarna hefði Bergþór verið kominn og viljað sýna fyrri gestrisni sína. Síðar var Lodda byggð aftur og bar þá minna á reimleikum upp frá því.

RAUÐSKINNA I 62



Gíslavarða

Skammt fyrir austan Staðarberg í Grindavík er sker eitt hér um bil landfast sem heitir Ræningjasker. Nafnið á það að hafa fengið af því að einhvern tíma á 17. öld kom ræningjaskip að landi í Grindavík og lentu ræningjarnir í skerinu og gengu þaðan á land. Þá var prestur á Stað er Gísli var nefndur og var talinn fjölkunnur. Þá er byggðarmenn urðu varir við ferð ræningjanna, fóru þeir sem skjótast á fund prests og sögðu honum tíðindin. Brá prestur skjótt við og fór á móti ræningjunum og stökkti þeim á flóttu þó að sagan segir ekki með hverjum hætti. Hlóð hann síðan vörðu til minja um þennan atburð spölkorn fyrir ofan prestssetrið og lét svo um mælt að meðan nokkur steinn væri óhruninn í vörðunni, skyldu ræningjar ekki granda Grindavík. Varðan nefndist Gíslavarða.

RAUÐSKINNA I 44



Grimshóll

Þess er og getið um Norðlinga að þá er þeir fóru suður í verið gerði byl á þá nálægt Grímshóli á Stapanum. Einn þeirra var heldur hjárænulegur og dróst hann aftur úr hjá hólnum og hvarf félögum sínum. En er hann var einn orðinn kom maður að honum og bað hann róa hjá sér. Norðlingurinn varð feginn boðinu og fór með hinum ókunna manni og réri hjá honum um vertíðina. En um lokin þegar Norðlendingar fóru heim fundu þeir hann í sama stað á leið sinni og þeir skildu áður við hann. Var hann þar þá með færur sínar og hafði ekki leyst þær upp því ekki hafði hann lagt sér neitt til um vertíðna. Landar hans gjörðu nú heldur en ekki gys að honum að hann skyldi hafa setið þarna alla vertíðina og spurðu hvar hann hefði verið. Hann sagðist hafa róíð eins og þeir og ef til vill ei hafa aflað minna. Tekur hann þá upp hjá sér sjóvettling einn fullan af peningum og segir að þarna sé hluturinn sinn. Blæddi þeim þá mjög í augum er þeir sjá það og sýndist aflinn ei allítill. Fóru þeir síðan allir saman norður. Maðurinn réri suður margar vertíðir eftir þetta, og fór æ á sömu leið og fyrsta skipti. En aldrei sagði hann neitt greinilega hvar hann var og vissu menn það eitt um hann er allir sáu, að hann réri einhverstaðar þar sem hann aflaði vel.

JÓN ÁRNASON I 14



Guðleif á Lambastöðum

Einar bjó á Lambastöðum; átti hann konu þá er Guðleif hét. Þau höfðu átt saman átján börn er öll dóu í æsku nema sonur þeirra einn. Þau voru ákaflega rík og var Guðleif tákona hin mesta og skörungur að flestu, þar með ákaflega heilsuhraust; sem dæmi þar til: Strax er hún hafði börnin alið át hún þorskhelfing, stóreflis köku og fjögra marka ask af nýmjólk. Einar maður hennar og þeirra einbirnissonur sátu einu sinni á miði einu fyrir framan vörina, á Lambastaðabót. Þá var hún stödd upp í garði og mær ein lítil með henni. Hlóðu þeir sig í sjó og fórust báðir. En er mærin sá þetta fór hún að gráta, en Guðleifu varð það á orði, er síðan er að orðtæki haft: "Ég væri brotin væri ég gler og bráðnuð væri ég smér; og farðu inn að sjóða Lauga." Mið þetta er síðan kallað Einarsmið. Guðleif bjó búi sínu eftir þetta á Lambastöðum og hallaðist ekki á henni hatturinn þangað til hún dó, hér um bil 1780.

JÓN ÁRNASON IV 204



Guðmundur í Réttarhúsum

Réttarhús voru áður hjáleiga frá Kotvogi í Hafnahreppi. Voru Réttarhús nálægt 300 metrum í suður frá Kotvogi. Helmingur leiðarinnar er yfir tún að fara en fyrir utan túnið tekur við þýfður mói. Beint niður af túngarðshorninu, þar sem túninu sleppir, en móinn tekur við, eru þrjú sker í sjónum, sem kölluð eru Hásteinar, um það bil 100 metra frá stórstraumsfjörumáli. Oft fara sjómenn því fyrir innan Hásteina, þá er dauður er sjór, því að það styttir lítið eitt leiðina, þá er róið er suður með landi. En háskafliðir eru Hásteinar, því að oft er það svo, að þá er komið er að þeim, þá bólar ekki á báru, en eftir svo sem andartak er orðið alófært á milli þeirra og lands. Hafa sjómenn stundum komist í krappan dans við ægi á sundinu milli lands og Hásteina.

Haustið 1872 bjó í Réttarhúsum Guðmundur og kona hans Vilborg. Guðmundur reri á útveg Ketils í Kotvogi. Formaðurinn hét Jón; var hann hinn mesti sjógarður og dugnaðarmaður. Þá er kom fram í septembermánuð fór Guðmundi að finna sem mikill troðningur og þrengsli væru í kring um sig er hann var að fara í sjóklæði sín á morgnana í bæjardyrnum, svo að hann átti erfitt með að skinnklæðast. Og er hann var á leiðinni til skips, fannst honum, sem væri hann umkringdur af einhverjum ósýnilegum verum er vörnuðu honum skipsgöngunnar. En eftirtektarvert var að þessar verur fylgdu honum aldrei lengra en að túngarðshliðinu á móts við Hásteina. Ágerðist aðsókn þessi meira og meira eftir því sem leið á haustið en aldrei varð Guðmundur neins var hvað snemma sem hann fór á fætur nema þá morgna sem róið var. Þá er komið var fram í nóvember fór Guðmundur að sjá að þetta voru mannlegar verur; fylltu þær bæjardyrnar og vildu varna honum útgöngu. Harðnaði stöðugt ásóknin að Guðmundi með hverjum róðrardegi og tvívegis varð hann að skríða út um baðstofugluggann í skinnklæðunum því að

honum var með öllu varnað að komast út um bæjardyrnar. Innar af bæjardyrnum var lítil eldhúskytra þar sem Guðmundur heitti sér kaffi, áður en hann reri, en næðisamt varð það starf ekki, því að hann varð að hafa sax í hendinni, sem hann lét jafnt og stöðugt ganga aftur fyrir sig, á meðan kaffihitunin fór fram. Voru öll þessi ósköp því nær búin að gera Guðmund sturlaðan. Kvartaði hann oft undan þessum ásóknum við Ketil en hann gjörði lítið úr og kvað þetta hugarburð einn og hræðslusýn. Þó stóð Katli ótti af þessu, þó hann léti lítið á því bera.

Með jólaföstu komu gekk vindur til útsuðurs með roki og brimi og gaf ekki á sjó í hálfan mánuð. Allan þann tíma varð Guðmundur einskis var þó að hann færi snemma á fætur en seinna hluta jólaföstu gerði sjóveður aftur og gerðust þá aðsóknirnar svo magnaðar að Guðmundur varð að verja sig með barefli heim móann en jafnan hurfu verurnar sjónum hans við túngarðshliðið sem er beint upp af Hásteinum eins og áður er sagt. Sá nú Guðmundur orðið full skil á þessu verum að það voru menn í sams konar sjóklæðum sem hann sjálfur reri í. Fáum dögum fyrir jól, þá er Guðmundur var kominn af sjó, bað hann eitt sinn Ketil að tala við sig einslega. Fór hann með Guðmund fram í ytri stofu hússins.

Þá er þeir voru komnir inn í stofuna, segir Guðmundur: "Nú þarftu ekki að rengja mig framar, Ketill, því að nú þekki eg orðið alla mennina; það er hann Friðrik og hásetarnir hans, en eg sé hvorki hann Hákon né hann Pétur, og ekki heldur hann Jón Brandsson, en eg sé hann Símon litla í þessum hóp, þó að hann rói ekki með Friðriki."

Katli brá mjög mikið, er Guðmundur sagði honum þetta. Bað hann Guðmund að nefna það ekki við nokkurn mann annan, og það mun Guðmundur hafa gjört, nema hvað kona hans vissi um þetta allt. En einkennilegt var það, að aldrei fann Vilborg, kona hans, minnsta geig í sér, þó að hún væri ein með tvö smábörn í kotinu í myrkri á morgnana, eftir að maður hennar var róinn.

Á þessum tíma bjó í Kirkjuvogi Þórunn Brynjólfsdóttir; var hún þá búin að missa mann sinn og tók Friðrik, fóstursonur hennar, við formennsku og búforráðum; voru þrír fóstursynir hennar á bátnum, en fjórði fóstursonur hennar, Símon að nafni, þá 15 vetra gamall, var ekki farinn að róa. Alls voru 8 menn á bátnum. Framan af janúarmánuði 1873 voru gæftir mjög stirðar, en þann 15. janúar var komið gott veður og lítið í sjó. Reri Friðrik nokkurum mínútum á undan Jóni,

formanni Ketils. Þá er Friðrik kom að Hásteinum, "lá hann alveg niðri", eins og kallað er, svo að Friðrik taldi fært að fara fyrir innan steinana. En er hann er í miðju sundinu, tekur Hásteinaboðinn sig upp og kemur margbrotinn veltandi yfir Hásteina og yfir bátinn; hvolfdi bátnum samstundis, en mennirnir komust þó allir á kjöl. Örfáum mínútum seinna bar Jón, formann, þar að, og sá hann þegar, hvernig komið var. Var þá gott lag, og taldi Jón hættulítið að róa að mönnunum og ná þeim af kjölnum. Skipar hann því hásetum sínum að róa sem hvatlegast að bátnum og ná mönnunum, en kveðst sjálfur skulu hafa gát á ólaginu og varast það í tæka tíð. En þá rís Guðmundur upp viti sínu fjær af hræðslu og kvað nóg að gjört, þó að þeir færu ekki að drepa sig líka. Tókst honum með þessum úrtölum og ópi að telja hásetunum hughvarf, svo að þeir lögðu ekki út ár. En á meðan í þessu stappi stóð milli Jóns og háseta hans, einkum Guðmundar, kom annað ólag og sópaði öllum mönnunum af kjölnum. Sneri Jón þá samstundis við heim í vör og hljóp svo heim til Ketils, sem þá var að koma á fætur og sagði honum, hvernig komið var. Hljóp þá Ketill tafarlaust suður í fjöruna og hengu þá tveir af mönnunum utan í þangklöpp og tókst honum að ná þeim báðum, áður en næsta ólag kom. Mennirnir, sem hann bjargaði, voru Hákon og Pétur, en hinir allir drukkuðu. En nóttina áður en slysið vildi til, fór Jón Brandsson út, en datt í stiganum og meiddist það mikið, að hann treysti sér ekki til að róa um morguninn. Tók Friðrik því Símon litla með sér, og skildi þar milli feigs og ófeigs. Engan efa taldi Jón á því, að sér hefði tekizt að bjarga mönnunum, ef Guðmundur hefði ekki verið innanborðs. En eftir að mennirnir voru drukknaðir, varð Guðmundur aldrei neins var.

RAUÐSKINNA I 34



Gunna

Önundardóttir

Fyrrum bjó maður einn á Kirkjubóli á Suðurnesjum, er Vilhjálmur hét. Á dögum hans skyldi hafa verið þar í koti hjá kona sú er Guðrún hét og var Önundardóttir. Hún átti að gjalda Vilhjálmi skuld að Kirkjubóli, en hafði það ekki, er gjalda skyldi. Er þá sagt, að Vilhjálmur hafi tekið pottinn hennar í skuldina. Litlu síðar kom Gunna heim að Kirkjubóli og bað um að drekka. Fólk sá, að henni var brugðið, og var henni fært helgað messuvín. Hún spyr, hvern þremilinn hún eigi að gjöra við þetta. Dembdi hún því niður, en greip vatnsfötu og slokaði svo mikið, að fólk undraðist stórum. Gekk hún síðan heim. Maður sá, er hjá henni var, hafði róið þennan dag. En er hann kom heim, var Gunna dauð í bæli sínu. Var þá smíðað utan um hana og líkið fært til Útskálakirkju. En er þeir, sem báru líkið, komu miðja leið, þótti þeim kistan furðulétt. Þó var ekki athugað um það meira. En þegar verið var að taka gröfina, er sagt, að Gunna hafi sézt á milli þangkastanna á Útskálum og sagt: "Ekki þarf djúpt að grafa, ekki á lengi að liggja." Eftir þetta lagðist sá orðrómur á, að mjög reimt væri á Skaganum.

Nokkru síðar var Vilhjálmur við samkvæmi á Útskálum. Var hann þar fram eftir kvöldinu og vildi þá heim. En þar eð þessi orðrómur lá á, var honum boðin fylgd. En hann var hugmaður og þá kenndur nokkuð og þá því ekki fylgdina, en kom ekki heim um kvöldið. Daginn eftir fannst hann í Hrossalág, illa útleikinn. Var hann fluttur í bænahús á Kirkjubóli og fengnir tveir menn til að vaka yfir honum. Nær miðri nóttu komu þeir inn og fengust ekki til að fara út aftur. Aðra nótt voru aðrir tveir fengnir. Þeir vöktu að vísu þá nótt út, en fengust ekki til þess lengur. Var þá fenginn til þess presturinn frá Útskálum, og hafi hann sagt það þá örðugustu nótt, sem hann hefði lifað. Síðan var líkið Vilhjálms jarðað, og bar þá ekki á neinu. En reimleikinn ágerðist eftir það, og sáu allir Gunnu bersýnilega. Reið hún

húsum og fældi fénað. Síðan voru fengnir tveir menn hinir ötulustu og sendir til síra Eiríks í Vogsósum og hann beðinn hjálpar. Hann tók þeim stutt og veitti afsvör, unz þeir fengu honum átta potta kút af brennivíni, er þeir höfðu með sér. Hýrnaði hann þá í svari og fékk þeim síðan hnýti og seðil með tveimur hnútum og bað fá Gunnu. Þeir gerðu sem fyrir þá var lagt, og tók Gunna við og leysti af hnútana og leit á. Er sagt, að henni hafi orðið þetta að orði: "Á andskotanum átti ég von, en ekki á Vogsósakarlinum. En ekki tjáir við að standa." Hafi hún látið hnýtið renna fyrir, en elt það, þar til hún kom að hver, sem er á Reykjanesi. Hafi hún hlaupið þar sífellt í kring, unz hnýtið var endað, og þá stungizt ofan í hverinn, og heitir þar síðan Gunnuhver.

JÓN ÁRNASON I 563



Gunnar og draugurinn

Gunnar bóndi í Keflavík í Hegranesi hafði þann sið að róa syðra á vetrum, þegar hann var á léttasta skeiði, eins og Skagfirðingum var þá títt. Eitt haust var hann á suðurleið með þeim Skagfirðingum, og voru þeir nálægt tuttugu saman. Eitt kvöld hrepptu þeir vont veður og urðu því að gista á kotbæ einum allir saman. Hann var einhvers staðar á Nesjum suður. Lítið var um húsrúm í kotinu, og urðu sumir þeirra féлага að sofa á gólfinu, en sumum var hrúgað saman í rúmplet, og var Gunnar einn þeirra. Um nóttina dreymdi hann, að hann fyndi einhvern ógnarlegan þunga ofan á fótunum á sér, þóttist hann þá líta upp og sá, að stelpa sat á fótunum á honum.

Gunnar þóttist vita, að þungi sá, er hann fann til, væri af völdum stelpunnar, yrti því á hana og sagði: "Farðu burt, helvítis dubban þín, því að annars skal eg góma þig."

Stelpan fór ekki að heldur, og þóttist Gunnar þá ætla að rísa upp, en gat það ekki; þóttist hann nú illa staddur og mælti aftur til stelpunnar: "Komdu nær," en hún hreyfði sig ekki.

Þá tók að síga í Gunnar, og mælti hann til stelpunnar í þriðja skipti: "Komdu nær, ef þú þorir."

Þá svaraði stelpan, að sér væri ómögulegt að komast upp fyrir kné á honum, og yrði hún að halda sig fyrir neðan þau.

Gunnar þóttist nú taka á öllu því, sem hann átti til, og reyna að rísa upp; tókst honum það loksins, og ætlaði hann þá að þrífa til stelpunnar, en hún hoppaði ofan af fótunum á honum og ofan á gólf. Við það vaknaði Gunnar, og sá hann stelpuna skoppa út úr baðstofudyrnum, um leið og hann vaknaði.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON I 272



Gömul sögn um Stafnes

Svo er sagt að endur fyrir löngu hét Stafnes ekki því nafni, heldur aðeins Nes. En sú saga er til þess, að nafnið breyttist, er hér fer á eftir: Í fyrndinni bjó maður nokkur í Nesi og mun bærinn þá hafa staðið þar sem nú er kallað Urð. Er þar nú rif sem kemur aðeins upp með hálföllnum sjó. Maður þessi var orðinn gamall og blindur þegar þessi saga gerðist. Hann átti tvo sonu er stunduðu sjómennsku og reru til fiska frá Nesi. Einn dag að áliðnum vetri er þeir voru á sjó að vanda bri- maði snögglega svo mikið að ólendandi var. Gerðist gamli maðurinn órór gekk til smíðahúss og telgdi þar til staf einn eða kefli. Bað hann vinnukonur sínar að vera á höttunum og tjá sér hvers þær yrðu áskynja um afdrif skipsins. Um miðjan dag kemur ein þeirra inn til hans og segir að ekki muni lengur þurfa að bíða þess að synir hans lendi. Þær stúlkurnar hafi horft á þá bræður leggja í sundið en þá hafði Boðinn komið og fallið á bátinn flatan og honum þá þegar hvolfi og borizt upp á skerið.

Gamla manningum sást lítt bregða og svo var að sjá sem honum kæmi þetta ekki á óvart. Bað hann stúlkuna að koma aftur til smíðahússins eftir litla stund og þær tvær saman. Þegar stúlkurnar komu til karls hafði hann lokið við að smíða stafprik sitt svo sem honum líkaði. Var stafurinn ekki mikill en haglega gerður og með út- skurði allmiklum. Stakk hann stafnum niður með vestisboðang sínum og biður stúlkurnar að leiða sig fram á nesið þar sem Boðinn falli á land. Segir þeim að leiða sig svo nærri sjónum sem frekast sé fært og láta sig vita nákvæmlega þegar Boðinn falli hæst á land við fætur sér. Gera þær nú sem karl leggur fyrir og þegar Boðinn rís hæst tvíhendir karl stafinn á loft, keyrir hann í ölduna og mælir: “Héðan í frá skaltu Stafur heita og nesið Stafnes. Aldrei skaltu framar mönnum að tjóni verða sé rétt sundleið farin. Og leiðið mig nú heim.”

Það fylgir sögu þessari að ummæli karls hafi orðið að áhrinsorðum því að í manna minnum hafi engir menn frá Stafnesi farizt á sundinu þó að jafnan hafi þaðan sjór verið sóttur djarflega og stundum brimað snögglega. Á þeim tímum er konungsútgerðin stóð í sem mestum blóma fórst þó eitt skip þarna með 20 manna áhöfn, en þeir voru komnir langt inn fyrir aðalsundið og boðann Staf. Hafði skipið ekki farið rétta sundleið og steytti á skeri því sem Brúnkolla heitir, á gjánni rétt framman til við aðallendinguna.

RAUÐSKINNA I 57



Haffrú frá Reykjanesi

Veturinn næsta fyrir aldamótin 1900 var fiskiskip á siglingu út undan Reykjanesi. Heyrðu skipverjar þá á lengdar frá sér seiðandi, töfrandi fagran margýgjarsöng og sáu bráðlega hvar gýgurin sat nærri réttum beinum á marfletinum og lét öldurnar vagma sér. Skipverjum brá nokkuð við þetta því þeir trúðu fornmælunum um það að þótt hún næði eigi mönnum eða hvelfdi skipi í það sinni þá hefði þó söngur hennar spádómslega þýðingu um það að þar mundi einhver bráðlega tynast í djúpið. Skip þetta fór til Vestmannaeyja og hélt þaðan út um tíma uns einn af skipverjum veiktist svo þeir urðu að flytja hann til Reykjavíkur. En þegar þeir komu á þær slóðir, sem gýgurin hafði áður birst þeim á, þá hrökk einn af skipverjum fyrir borð og drukknaði þar. Rættist svo þessi spádómur margýgjarinnar er þeir kölluðu haffrú.

SIGFÚS IV 77



Hafmeyin í Grindavík

Það var nálægt 1705 er Sigurður prestur Eyjólfsson hélt Stað í Grindavík að skip það er prestur átti lét úr vörum til fiskfangs og renndi færur á svokölluðu Þórköt-lumiði. Ormur hét stjórnbitamaður er réði næst formanni; hann var forsöngvari að Stað. Þeir draga þegar nægan fisk. En þá sjá þeir allt í einu hvar skýst upp úr sjónum kvenmaður með nýgreitt og slegið hár. Logn var og sléttur sjór sem rjómatrog. Sjá þeir að það er hafmey. Hún sest þegar á marflötinn og horfir að skipi. "Sjáið piltar! Hún er að hagræða sér til söngs," segir formaður, "en illt er að fara strax frá góðum fiski í land. Hvað segið þið, piltar?"

Andþófsmaður svarar: "Öllu er óhætt meðan hún þegir."

Drógu menn nú af kappi fiskinn. En þá hóf markvendi þetta sönginn og reri sér yndislega en söngur hennar hreif skipverja með því seiðandi töframagni að þeir urðu allir að hætta að draga. Doðnaði þegar yfir flestum smám saman uns allir voru fallnir í svefndvala nema Ormur forsöngvari.

Hann tók það til ráðs að syngja líka og byrjaði á einu laginu eftir annað og söng hafmeyjan hvert lag til enda með honum. Þetta gekk lengi dags. Fór Ormi þá ekki að lítast á gamanið því nú var hann loks að þrotum kominn með lögin sem hann kunni. En þá hugkvæmdist honum að syngja Pater noster. Byrjaði hann þá á því. Þá þagnaði hafmeyjan loksins, brá upp annarri hendinni og seig loðbeint niður í sjóinn.

Ormur kallaði þá til skipverja og bað þá heim róa, sagði að nú væri hafmeyjan fagra loksins unnin og sigin í sæ. Höfðu þeir þá verið búnir að sofa lengi og allir þeir sem þá voru á sjó voru komnir í land fyrir löngu og búnir að setja skip sín í naust. Skipverjar tóku þá geystan róður í land. Þökkuðu þeir Ormi lífgjöf sína og lofuðu

hann fyrir þrótt hans, kunnáttu og dirfsku. Varð hann frægur fyrir þennan söng. Klerkur hélt og til hans þakkarræðu fyrir mannbjörg þessa.

Ári síðar geisaði Stórabóla hér yfir land og felldi mikinn mannfjölda til moldar. Var talið víst að hafmeyjan hefði boðað hana fyrir því marbúar birtast helst á undan stórtíðindum. Þetta sama skip fórst í sjóhrakningi með allri áhöfn nokkrum árum síðar. Fórst Ormur á því og þótti að honum mannskaði mikill.

SIGFÚS IV 14, HULDUFÓLK 136



Hallgerður á Bláfelli

Maður er nefndur Ólafur og kallaður hinn eyfirzki. hann fór suður á Stafnes á hverjum vetri og reri þar til fiskjar. Einhverju sinni var það að Ólafur fór suður fjöll; gjörði þá á hann drífu mikla og fannkomu svo hann missti vegarins og villtist lengi uns hann þekkti sig undir fjalli því er Bláfell heitir; sér hann þá í drífunni ekki alllangt frá sér tröllkonu ákaflega stóra.

Hún yrðir á hann að fyrra bragði og segir:

"Ólafur muður,
ætlarðu suður?
Vel mun þér veita
með hestana feita.
Ræð ég þér það rangkjaftur
að þú snúir heim aftur.
Gyrtu þig betur
ef þú ætlar að róa á Stafnesi í vetur."

Ólafur lét sér ekki bilt við verða orð tröllkonunnar þó hann treystist ekki að deila illdeilum við hana og segir því:

"Sittu heil á hófi
Hallgerður á Bláfjalli."

Þá kvað hún:

"Fáir kvöddu mig svo forðum
og farðu vel ljúfurinn ljúfi."

Ólafur varð síðan gengið í för tröllkonunnar og sá hann að blóð var í þeim. Bauð hann henni þá að setjast á lend áburðarhestsins, en láta þó hestinn jafngóðan.

Hún þáði það og sagði: "Kennir hver sín þó klækjóttur sé."

Reið hún svo um stund þangað til hún kom Ólafi aftur á rétta leið. En þegar hún skildi við hann sagði hún honum að hann skyldi sleppa hestunum er suður kæmi og ekki skipta sér af þeim meir. Gekk svo Ólafi ferðin greiðlega; þegar hann kom suður sleppti hann hestunum og hurfu þeir bráðum. En í lokin um vorið komu þeir aftur og voru þá hjólspikaðir. Sneri Ólafur norður aftur og er hans ekki getið að fleiru.



Hallgrímur Pétursson

Þegar síra Hallgrímur Pétursson fór suður á Hvalsnes að taka við prestakalli sínu þar, var hann fótgangandi. Kom hann seinni part dags á prestssetrið, þreyttur mjög og svangur. Í eldhúsi sat kona og eldaði graut og bað hann hana að gefa sér að borða. Bað kerling hann að hypja sig í burtu hið bráðasta og gaf hreint afsvar, því að hún sagði, að vellingurinn ætti að vera handa nýja sóknarprestinum, honum síra Hallgrími.

Varð síra Hallgrími þá að orði:

Einhvern tíma, kerling, kerling,
kann svo til að bera,
að ég fái velling, velling
og verði séra, séra

RAUÐSKINNA II 59



Hallur á Haugsendum

Haugsendar voru bær einn fyrrum á Reykjanesi; átti hann land allt milli Bóndhóls og Skiptivíkur. Voru þar fyrrum mikil tún og góð og sjósókn mikil, því að útræði var gott og bærinn stóð frammi við sjávarbakkann. Var þar vegleg húsaskipan og risna mikil, eins og sjá má af vísunni:

Á Haugsendum er húsa vist,
sem höldar lofa;
þar hefir margur glaður gist
og gleymt að sofa.

Sagt er að fyrr á öldum hafi einhverju sinni búið á Haugsendum maður sá er Hallur hét. Var hann maður mikill vexti, hamhleypa til allra verka og völundur að hagleik en öðlingur í lund og sérstaklega var hans getið að lagni og skilningi á öllum sjávarverkum. Kona Halls hét Salgerður og var ættuð frá Junkaragerði. Salgerður þessi var bæði stórlynd og stíflynd en forkur mesti við bústörf, og aldrei hafði bóndi hennar svo margt karla á vertíð, að eigi kysi hún þá heldur að vera ein í bænum við verk sín en að halda vinnukonur.

Hallur var formaður mikill og góður og reri á vetrum á stórum áttæringi, er hann hafði sjálfur smíðað. Tók hann oft unglunga og kenndi þeim sjó, en átti sjálfur dauðu hlutina. Varð hann því brátt efnaður og græddist honum einnig fé af dugnaði og sparsemi Salgerðar. Hallur reri alltaf við fimmta mann, enda þótt skip hans væri stórt; en það kom ekki að sök, því að jafnan reri hann manna styst og lá þá löngum við stjóra og beitti ljósabeitu fyrir legufisk. Var hann talinn setuhundur mikill af öfundarmönnum sínum, og ávallt urðu hlutir háir hjá honum í vertíðar-

lokin. En öllum hásetum sínum setti Hallur þau skilyrði í byrjun að einu gildi, hvort þeir kæmu af sjó eftir barning, vosbúð eða kulda, þá yrðu þeir að setja skipið og bera upp aflann, áður en þeir færu heim í bæ. En það þótti hásetum Halls einna kynlegast að í hvert skipti er þeir höfðu lent úr róðri, þá skipaði Hallur hásetum að hlunna fyrir skipið í skyndi; voru það eikarhlunnar miklir er ofan í voru felldar hvalbeinsþynnur eftir Hall. En jafnskjótt sem þeir höfðu hlunnað og raðað sér að skipinu, sáu þeir mann einn mikinn vexti koma gangandi ofan frá bænum og niður naustin til þeirra.

Maður sá var í vænni og vel verkaðri kálfskinnsbrók, sjóskóm úr blautu leðri og skinnstakk, með óróna sjóvettlinga á höndum. Á höfði hafði hann barðastóran og djúpan sjóhatt, er huldi mjög andlit hans, en það var alskeggjað og auk þess ógreinilegt, þar eð svo virtist, sem andi hans þéttist og myndaði úða eða móðu kringum höfuð hans. Maður þessi gekk ætíð þegjandi að hnýfli skipsins stjórnborðsmegin, og jafnskjótt skipaði Hallur hásetum að baka skipið og byrja að setja. Brá þá svo við, að þeir leiddu skipið viðstöðulítið, þótt fiskur væri í því, enda kvað Hallur það óþarfa einn að taka fisk úr skipi, ef þeir fengju minna en þrenna sjö í hlut í róðri. Er þeir höfðu leitt skipið þangað sem það skyldi standa, þá mælti Hallur bóndi: "Skorðið þið nú, skipsmenn."

Gekk þá hinn ókunni maður til bæjar aftur, en hásetarnir gengu frá skipinu. Lét Hallur einn þeirra ætíð skipta aflanum og stóð sjálfur yfir á meðan. Síðan var gengið til bæjar. Var Hallur jafnan dasaður eftir setningu skipsins, þó að öðrum veittist verkið létt, en hann náði sér brátt, er á daginn leið. Þá er heim kom, var flot og fiskur, kjöt, skyr og mjólk á borðinu, en húsfreyja lá þá alltaf í sæng sinni og mókti. Oft var það, að hásetar spurðu Hall um mann þenna, en hann svaraði fáu einu til, en kvað skiprúmið vera að léttara hjá þeim, og mættu þeir því vel una.

Eitt sinn í byrjun vertíðar, er Hallur var nýbyrjaður að róa kom til hans unglingspiltur, er Áskell hét, frá Vogu á Rosmhvalanesi; falaði hann skipsrúm hjá Halli og bað hann að kenna sér sjó. Halli leizt strákur þessi mundi vera heldur ódæll, en þar eð hann vantaði einn mann, tók hann Áskel með sömu skilyrðum sem aðra háseta sína. Er það skemmst að segja, að morguninn eftir er bezta sjóveður; rær Hallur þá snemma suður á Vík og lagðist við stjóra fram undan Ey-rarbænum svo nefnda. Drógu þeir brátt drjúgum við stjóran, og meðal annars

setti formaðurinn í flakandi lúðu, og fór á spottinn sem fyrr fallega í höndum Halls. Segir þá Hallur Áskeli að greiða til færi sitt og renna, og sýnir honum handtökin. - Rennir nú Áskell, en keippingin fórst honum frekar klaufalega; þó kom þar að um síðir, að hann varð var og dró krækta smáspröku, og var það Máriufiskur hans. Fer nú að draga úr drætti hjá þeim, því að um sama leyti hvessir hann og gerir hrinuveður á móti þeim. Skipar Hallur þá hásetunum að hanka uppi og snúa heimleiðis. Fá þeir nú barning og ágjöf, en svo vildi til á heimleiðinni, að blöndukúturinn hraut niður í austurinn, og þar eð tappinn var laus í honum, spilltist sýran svo mjög, að hún varð ódrekkanði; varð því ekki að gjört, þó að þorsti sækti á menn.

En er þeir lenda, þá talar Áskell um það við Hall bónda, að hann færi heim og fengi að drekka og gæfi Salgerði Máriufisk sinn. Hallur bregzt reiður við og bannar honum harðlega að tefja þá við að setja skipið með slíkri óþarfaferð, en skipar hásetum að hlunna fyrir skipið og raða sér síðan að því. Sjá þeir þá, eins og vant var, hinn ferlega, skinnklædda mann koma niður naustin. En meðan Hallur er að bogra undir skipinu og hleypa upp neglunni, tekur Áskell á rás frá skipinu til bæjar með sprökuna í hendinni. Gengur hann til skála og býst við að hitta þar húsfreyju, en þar er enginn maður, en matur tilbúinn á borðum. Gengur Áskell þá til baðstofu og til herbergis húsbænda; sér hann þá, hvar Salgerður liggur í sæng sinni og er öll af manni gengin og lá, að því er honum sýndist, undir hræðilega þungri martröð. Sér Áskell, að svo búið má ekki standa lengi og þrífur hranalega í öxl hennar, og biður hana að vakna og heimtar drukk. Rís þá Salgerður upp og horfir á hann hálfbrostnum augum og eru svo mikil feikn yfir andliti hennar, að Áskell hugði, að hún væri afturgengin. Bíður hann nú ekki boðanna og ætlar út, en heyrir í sama bili eins og vindsúg koma inn um bæjardyrnar svo sterkan, að dyr allar opnast inn að herbergi húsfreyju og fellur hún þá með miklum dynk á gólfíð. Hyggur Áskell nú, að húsfreyja sé dauð, og hugsar sér að verða fyrri til að fara úr vistinni, en bíða ekki reiði bónda. Tínir hann því saman leppa sína og tekur á rás frá bænum og kom þar eigi síðan.

En það er frá Halli og hásetum hans að segja, að þá er hinn mikli maður hafði tekið á skipinu, þá byrjuðu þeir að setja og leiddu sem fyrr, þar til skipið fór allt í einu út af einum hlunninum og féll á stjórnborðssíðuna svo hart, að lá við broti.

Sáú menn nú, að hinn ókunni maður var horfinn frá stefninu, en gráleitur móðuvindill leið niður með því og hvarf undir stjórnborðssíðuna. Urðu þeir nú að bera árar og fisk úr skipinu, áður en þeir fengju rétt það og sett.

Þá er þeir komu heim, fundu þeir húsfreyju meðvitundarlausá á gólfinu. Bar Hallur hana til sængur og færði henni flóaða mjólk og hjúkraði henni eftir föngum. Lá húsfreyja lengi, áður en hún gæti stigið á fætur, en aldrei varð hún söm sem áður, og varð hún ávallt eftir þetta að halda vinnukonur. Sáú nú hásetar Halls aldrei frammar hinn kynlega mann, en eftir það fjölgaði Hallur hásetum, og varð þeim þó setningur skipsins erfiðari en áður, þótt fleiri væru. En aldrei bar á því, að Hallur væri miður máttar síns eftir það.

RAUÐSKINNA I 19



Hallur á Sandhólum

Þessi saga á sér það eitt til ágætis að hún sýnir að Suðurnesjamenn kunnu ýmislegt fyrir sér á árum áður og voru heiftræknir sem aðrir landsmenn.

Á Sandhólum í Eyjafirði bjó eitt sinn bóndi sá sem Hallur hét. Hann var hraustmenni mikið og einhugaður. Um þær mundir fóru Eyfirðingar á sumrum ferðir suður á land til skreiðarkaupa og Hallur ekki síður en aðrir. Og er þeir fengu ekki næga skreið á Innnesjum fóru þeir suður yfir hraun og keyptu hana þar.

Eitt sumar var það að Hallur deildi illdeilu við kaupanaut sinn þar syðra út af viðskiptum þeirra; var sá haldinn fjölkunnugur. En að skilnaði hézt hann við Hall að senda honum sendingu nokkra næsta vetur. Hallur kveið því ekki mikið og fór heim til sín. Liðu nú tímar fram yfir jól um veturinn að ekki bar til tíðinda. Það var venja Halls að leggja sig til svefns tímakorn á kvöldvökunum; og eitt kveld vaknar hann snöggliga, litast kringum sig í baðstofunni, stekkur á fætur og ofan og segir um leið að enginn skuli dirfast út að ganga meðan hann komi ekki inn aftur því líf hvers liggi við sem að gjöri. Fer hann nú sem kólfi væri skotið fram úr baðstofunni og eftir göngunum og út og skellir bænum fast aftur eftir sér. Veit nú fólkið ekki meira um hann og situr nú lafhrætt langa stund, því strax og Hallur var út kominn heyrðust dunur nokkrar ekki litlar úti fyrir, en enginn þorði eftir að skyggast. Í vökulokin kemur Hallur inn; er hann þá dæstur mjög og máttvana, talar ekkert en dregst með naumindum í rúmið og breiðir feld á höfuð sér.

Morguninn eftir getur hann ekki klæðzt og litlu bergir hann þann daginn og fannst þá skyrta hans samanbrotin á bita í bæjardyrnum; var hún öll snorkin af svita og blóði. Líka sáust vegsummerki í bæjarhólnum og þúfunum þar fyrir neðan að þar hefði orðið atgangur mikill. Þeyviðri var um nóttina, og hafði grassvörðurinn gen-

gið af allt að klaka og var það um mikið svæði. Blástur hljóp í búk Halls allan og lá hann viku rúmfastur, en rétti síðan við og varð albata.

Sagði hann svo frá að þegar hann hrökk upp af svefninum um kveldið hefði hann séð draug fara niður eftir Vatnahjalla og vitað að hann var sér sendur, en þegar hann hefði komið út á hlaðið þá hefði draugsi komið sunnan að bæjarhólnum og ráðið á sig. Aldrei kvaðst hann í slíka afraun komið hafa sem að eiga við draug þennan og lengi hefði hann átt nóg með að verjast falli en þó hefði hann að lokum borið hærri hluta og getað fellt drauginn. Hefði hann þá kennt mikinn ódaun en draugurinn misst allan mátt sinn og orðið að eldglæringum sem bráðum hurfu. Lá Hallur þar eftir sem draugurinn datt langa stund að hann vissi lítið til sín, en sem hann vitkaðist aftur dró hann sig í bæinn og skildi eftir skyrtu sína á fyrrgreindum stað.

Sumarið eftir fór Hallur suður; hitti hann þá hinn fyrri kaupanaut sinn sem ken-
nir hann og segir: "Ertu kominn, Hallur?"

"Já, fyrir guðs náð," kvað Hallur, vék sér að honum skyndilega og rak hnefa sinn á nasir honum svo fast að úr honum hrotu allar framtennurnar og hann lagðist í svima og flaut í blóði sínu.

Hafði hann áverka þennan bótaust af Halli.

JÓN ÁRNASON I 319



Háaleitisdraugurinn

Nálægt þrem kílómetrum í suðvestur frá Ytri-Njarðvíkum er melhrygur einn langur og lágur, sem kallaður er Háaleiti. Austan til á mel þessum er grasi gróin þúfa, og í kringum þúfuna er dálítill grasflöt.

Eitt sinn bjó í Höskuldarkoti í Ytri-Njarðvíkum maður, sem Erlendur hét. Þetta ár var hjá Erlendi haustmaður og vetrarmaður Guðmundur nokkur Guðmundsson. Var hann sagður ógurlegt heljarmenni að burðum, að minnsta kosti þriggja til fjöggra manna maki. Hann var kallaður Guðmundur klárt, en viðurnefni sitt fékk hann af því, sem nú skal greina. Þá er Guðmundur var ungur, gerðist hann eitthvað lítilsháttar brotlegur við friðhelgi eignarréttarins, en þó að brotið væri lítið, þá varð Guðmundur að hlíta dómi réttvísinnar og í orðsins fyllsta skilningi að kenna á vendi laganna. Var honum á manntalsþingi klappað 27 sinnum, en er því var lokið, sagði Guðmundur þessi minnilegu orð: "Þá er það nú klárt á þessari jörð, piltar".

Upp frá því var hann alltaf kallaður Guðmundur klárt. En þá er Guðmundur minntist þessa atburðar síðar, fórust honum svo orð, að þetta hefðu verið mjúk meyjarklöpp, og mun það hafa verið sannleikur, því að sá, er verkið innti af hendi, sagði síðar svo frá, að hann hefði ekki þorað annað en haga því að vilja Guðmundar. Haust þetta gætti Guðmundur sauðfjár fyrir Erlend, húsbónda sinn; varð hann daglega að sækja féð seinni hluta dags suður í Hafnaheiði og Miðnesheiði, og varð hann því oft seinn fyrir um heimreksturinn.

Eitt kvöld snemma á jólaföstu var Guðmundur ekki kominn heim, þá er komið var langt fram á vöku. Fór Erlendur þá út að vita, hvort hann yrði ekki hans var, en er hann kom út fyrir túngarðinn, sér hann að allt féð er komið heim að

görðum, en Guðmund sér hann hvergi. Hrópar Erlendur þá og kallar á hann en fær ekkert svar. Þykir Erlendi þetta kynlegt mjög, og telur víst, að eitthvað hafi orðið að honum. Bregður hann sér heim örskamma stund og leggur því næsta af stað að leita Guðmundar.

Tungl óð í skýjum, en jörð var alauð, svo að dimmt var úti og draugalegt. En er Erlendur kemur suður undir Háaleiti, sér hann í myrkrinu hilla undir mann, sem er að glíma við eitthvað. Erlendur gengur nú nær og sér, að þetta er Guðmundur, en ekki getur hann greint þann, sem hann var að glíma við; stóð hann þó á grasflötinni örskammt frá þeim. Verður Erlendi nú ósjálfrátt litið niður fyrir fætur sér og sér hann þá, að öll grasflötin er ein silfurpeningabreiða. Verður honum það nú, sem mörgum myndi verða, að honum þótti féð fýsilegt. Gleymir hann því alveg að hnýsast frekara í hagi Guðmundar og sópar saman peningunum í mesta ofboði, fylgir alla vasa og flýtir sér að því búnu sem mest hann má heim til bæjar aftur.

En nú er að segja frá Guðmundi klárt. Þá er hann kemur sunnan úr Stafnesshrauni, sér hann í myrkrinu einhverja hrúgu á Háaleitisþúfunni; dettur honum fyrst í hug, að þetta sé örn, en er hann er rétt kominn að þessu, hverfur það sjónum hans, en er í sama vetfangi komið upp á herðar honum. Nær Guðmundur samt handfestu á fjanda þessum, og kastar honum fram fyrir sig, en samstundis er hann kominn upp á herðar Guðmundi aftur. Á þessu gengur þannig alla nóttina, að jafnharðan sem Guðmundur kastar draugnum af sér, er hann kominn upp á herðar honum aftur. Loks er komið var að dögum, getur Guðmundur kastað óvætti þessari á klett einn, er áflogin höfðu borist að. Þar hvarf hún honum niður í jörðina, en sagði um leið með dimmri og draugslegri rödd: "Þig skal aldrei bresta peninga fyrir vín, fyrir brennivín".

Þetta var það eina, sem Guðmundur heyrði til draugsins allan þann tíma, er þeir áttust við. Þá er Guðmundur var búinn að jafna sig eftir öll áflogin, var orðið bjart; tíndi hann þá saman nokkuð af peningunum, aðallega smápeningum, er Erlendur hafði skilið eftir í flýtinum. En seinna mun Erlendur þó hafa orðið að skila Guðmundi aftur nokkuru af peningunum.

Guðmundur klárt var eftir þetta mörg ár í Kotvogi í Hafnahreppi. Sagðist honum svo frá viðureign sinni við drauginn að hann hefði verið háll eins og áll, - "en út yfir tók þó ólyktin; hún ætlaði mig alveg að drepa", sagði Guðmundur.

Aldrei virtist Guðmundur eiga neina peninga til og jafnan var hann fátækur, en samt gat hann alltaf keypt vín. Meðan hann var í Kotvogi fór hann á hverjum laugardegi til Keflavíkur og koma þaðan alltaf klyfjaður af víni.

"Ketill, má eg skreppa inn fyrir móann, að sækja í einn ask?" sagði Guðmundur á hverjum laugardegi. Guðmundur drakk aldrei annað en 16 gráða romm, og blandaði það í púns í grautaraski sínum. Því talaði Guðmundur um að sækja í einn ask.

Guðmundur dó 1869, og sögðu menn, að vinnautn hefði flýtt fyrir dauða hans.

RAUÐSKINNA I 23



Helgi í Helgakoti

Ástríður bjó í Vörum í Inn-Garðinum og hét Snorri drengur hjá henni í fóstri. Einu sinni fyri jólin sendi Ástríður Snorra inn að Helgastaðakoti (Höskuldarkot) með fjöggra potta kút til að fá í hann fyrir jólin því gamli Helgi sem þar bjó var kunningi hennar. Snorri fór nú til hans og sagði honum orðsending Ástríðar. Helgi sagði það væri nú ekki hægt - "en fáðu mér pokann, það má setja hann þarna við stafinn." Hann setti pokann við rúmstólpann, en Snorri stóð á gólfinu og var gamli Helgi að hjala við hann um hitt og þetta og sat á rúminu sínu. Að stundu liðinni gengur hann að stafnum og fær Snorra pokann, en bað hann fyri að koma nú ekki í Keflavík er hann færi heim. Snorri tók við og fann að sekkurinn hafði þyngzt. En er hann kom út hugsar hann með sér hvað það mundi saka þó hann kæmi út í Keflavík, bregður á sitt ráð og flýtir sín sem hann kunni, því hann var þá á léttasta skeiði og hleypur út í Keflavík um kvöldið og kemur af sér kútnum og atlar að fá sér að vera í Fjósi (hús vinnufólks kaupmannsins). En er hann kemur þar í dyrnar mætir hann Helga.

"Þú ert þá ekki kominn lengra," segir Helgi.

Snorri sagði það ekki vera en hvumsaði við er hann mætti honum þarna því vegurinn var örskammur og sagðist hann ekki hafa skilið hvernig karl gat orðið svo fljótur. Þar var hann um nóttina. En er hann kom að Vörum þá var kúturinn fullur.

Helgi í Helgakoti hafði alltaf þurrkaðan himbrima í hjallgættinni og hvert sem gárungarnir báru hann var hann óðara kominn í hjallgættina og eins þó þeir reru með hann út á sjó og slepptu honum þar; hentu þeir gaman að þessu. Hann hélt of mjög fyri kerlingu sinni og svelti hana. En er hann brá sér að heiman fór hún í

hjallinn að ná sér nokkru, en setti Guðrúnu, sem hjá þeim var á varðberg að hafa gát á nær hann kæmi. Oftast nær sáu þær hann koma gangandi; þutu þær þá í bæinn. Kom hann þó oft og einatt ekki; eins þegar hann var róinn kom Helgi, að þeim sýndist og varð þá ekki meira úr jafnvel þó hann væri út á sjó. Oftast nær lét hann illa í svefni jafnvel þó hann læsi “Englabrynju” og “Fjandafælu” á hverju kvöldi. Einu sinni “fór upp á” Guðrúnu í svefni og þótti henni það reka klóna í háls henni; þar var blár blettur um morguninn og skar karlinn hann burtu.

Guðrún Björnsdóttir, móðir Guðrúnar fór suður 1757, uppflosnuð í Kötluelidinum. Hún var gamansöm og glettufull. Það er til merkis um það að einu sinni fekk hún Helga falleg sokkabönd og bað hann lengstra orða að láta þau aldrei kólna, hvað hann varaðist sem heitan eldinn. Af þessu hélt hann að hún mundi kunnáttusöm. Einu sinni kemur hann með kver fram í dyr og sýnir Guðrúnu yngri, flettir því fyri henni og spyr hvort hún hafi ekki séð annað eins hjá móður sinni - eins og stafina sem á því voru - en hún neitar. Karl trúði ekki. Af þessu má sjá hvað auðtrúa hann var.

JÓN ÁRNASON III 595



Helgi í Njarðvík

Ljótunn hét ekkja er bjó í Njarðvík auðug vel. Hjá henni var fyrirvinna maður sá er Helgi hét. Hann var einn með sexæring og reri honum oft í tvísýnu veðri og sat þangað til hann var hlaðinn; reri honum svo heim í vörina og skildi þar við hann. En altíð er hann kom heim varð hún að hafa tilbúið handa honum á rúmi hans sauðarfall, tuttugu hrognakökur og smjörfjórðung. Lauk hann þessu; enda lá hann úti dægum saman matarlaus.

JÓN ÁRNASON IV 200



Hornístöð

Það var þrautaráð fátæklinga áður fyrr að beygja sér horn í ístöð ef eigi voru efni til annars betra. Meðal slíkra manna var Hallgrímur Pétursson, þá er hann dvaldist að Bolafæti, hjáleigukoti frá Ytri-Njarðvík, ásamt Guðríði Símonardóttur (Tyrkja-Guddu) heitkonu sinni. Voru þau Guðríður örsnauð en Hallgrímur vann hverja þá vinnu er fánæg var. Ekki bætti það úr neyð þeirra að þau bjuggu saman í meinum því að hún hafði ekki fengið skilnað frá manni þeim er hún hafði gifzt áður en henni var rænt af Tyrkjum og var þeim gert að greiða sakareyri til yfirvalda er þeim bættist barn á kotinu Bolafæti. Loks fékk Guðríður skilnað og þau Hallgrímur hlutu blessun sóknarprestis síns og gátu þar eftir óáreitt búið að ást sinni.

Þá kom einnig Brynjólfur Sveinsson biskup til hjálpar eins og fyrri daginn og veitti Hallgrími Hvalsnesþing þó svo að Hallgrímur hefði eigi fulllokið námi sínu. Fór Hallgrímur í kall sitt klæddur slitnum ígangsfötum, en önnur átti hann eigi og hafði auk þess einkenni öreiga þess tíma, hornístöðin við hnakkpútu sína. Stórbokki nokkur, efnaður útvegsbóndi, varð til að bekkjast við Hallgrím og sagði lítinn álitsauka fyrir söfnuðinn að senda þeim hálfærðan tötraprest til sálgæzlu. Hallgrímur svaraði fáu til, en síðar, að lokinni guðspjónustu, brá Hallgrímur bónda á eintal. Spurði Hallgrímur með þunga eigi litlum hvort bóndi treysti sér til að meta manngildi einvörðungu eftir klæðaburði og veraldlegum efnum. Bóndi galt þau svör að margsannað væri að þeir sem héldu vel á, væru mannkostamenn meiri en þeir sem gerðu allt að engu. Hallgrímur svaraði því til að Guð hefði gert heiminn úr engu og væri það Guðs að aðgreina verðuga og óverðuga. Ekki skipaðist bóndi við það og varð fátt á milli þeirra Hallgríms.

Nokkru síðar veiktist einkabarn bónda þessa og var ekki sýnt að það myndi lifa. Hafði allra læknisráða verið leitað en ekki komið að haldi. Kom þá Hallgrímur ótilkvaddur á bæ bónda, settist við barnsrúmið og bað fyrir barninu heitt og innilega. Hafði bóndi og fólk hans aldrei heyrt neitt slíkt sem bæn tötraprests síns. Brá svo við að barninu batnaði og stuttu síðar kom bóndi til Hallgríms með silfurbúin ístöð og bað prest að skipta á þeim og hornístöðunum. Hallgrímur var eigi fús til skiptanna, en bóndi bað því meir og lét auk þess þau orð fylgja, að hann ætlaði sér sjálfur eftirleiðis að nota hornístöðin. Þau mættu minna sig á að hroki og sjálfumgleði væri engum til sóma. Lét þá Hallgrímur að beiðni hans og voru þeir síðan trúnaðarvinir.

INGÓLFUR 111



Hrafninn í Krýsuvík

Það er orðlagt hvað lítið sé um hrafna vetrarvertíðina í Garðinum, þvílíkur sægur sem þar sé af honum endranær, svo sem haust og vor, en sú er saga til þess: Í fyrndinni var dæmafár hrafnagangur suðrí Garði svo hann reif allt og sleit, hvort sem var á görðum, hjöllum, króm eða byrgjum. Einn af bændum þar í Garðinum stefndi honum í burtu um vertíðina og austrí Krýsuvík.

Síðan hefir þar varla sézt hrafn um vertíðina því síður hann hafi gjört skaða. En því stefndi hann honum í Krýsuvík að hann átti Krýsuvíkurbóndanum eitthvað illt upp að inna; gott ef hann hafði ekki stefnt hrafninum frá sér haust og vor suðrí Garð; beittust svo þannig brögðum með hrafninn líkt eins og Loðmundur gamli og Þrasi forðum með Fúlalæk eður Jökulsár á Sólheimasandi. Það hafa vermenn sagt að þeir hafi oft mætt hröfnunum þremur og fjórum í hópum er þeir hafi farið suður á vetrinn.

JÓN ÁRNASON IV 7



Huldufólk stöðvar framkvæmdir

Þá er Hákon Vilhjálmsson bjó í Kirkjuvogi ætlaði hann eitt sinn að láta byggja vindmylnu uppi á Virkishólnum. Nóttina eftir að byrjað var að róta hólnum um dreymir Hákon að til hans kemur maður, stór og tígulegur og biður hann að hætta mylnusmíðinni. Hákon var samt ekki alveg á því að láta draumarugl aftra sér frá ákveðnu verki og lét halda áfram daginn eftir að grafa fyrir grunnstæði mylnunnar eins og ekkert hefði í skorizt. Nóttina eftir kom sami maður til Hákonar aftur og bað hann hins sama sem fyrr og var sýnu þyngri á brún og alvarlegri en nóttina áður. En Hákon sat við sinn keip og lét hinn þriðja dag fara að hlaða mylnustæðið. En þó að Hákon væri enginn veifiskati og óvanur því að láta hlut sinn fyrir hinu raunverulega, hvað þá fyrir draumum einum þá var honum þó nóg boðið þriðju nóttina, er sami maðurinn kom æðandi inn að rúmi hans með reiddan hnefa og sagði reiðilega:

"Ef þú hættir ekki, Hákon, skal öllum máttarstöðum kippt undan Kirkjuvognum". Þar með var mylnusmíðinni á Virkishólnum lokið hjá Hákonni og sjást þess glögg merki enn í dag hvar mylnan átti að standa.

RAUÐSKINNA I 6, ÞJÓÐHÆTTIR 139



Huldukona hefnir sín

Á síðustu öld og fram á fyrstu tugi þessarar aldar var það siður í Innra-Njarðvíkurhverfi hjá þeim sem höfðu litla grasnyt að þeir þurftu á graslitlum sumrum að bæta sér heyleysið upp með einhverjum hætti. Þá var ekki um nein fóðurbætiskaup að ræða. Því varð að leita að hverri tuggu er að gagni mætti koma til gjafar. Það var helzt til ráða að fara upp í heiðina og heyja þar, þótt þar væri ekki um hey að ræða eins og bezt hefði þurft. En þá sannaðist sem oftast gamla máltækið: "Allt er hey í harðindum."

Þessi heiðarheyskapur var aðallega stundaður seinnipart sumars. Sá heyfengur var þá helzt beitleyng og fleiri lyngtegundir ásamt grasgróðri er óx þar hvað með öðru. Þegar búið var að slá það sem slá þurfti var lyngið ýmist sett í poka eða bundið í bagga og flutt á hestum niður á tún. Það var þurrkað eina dagstund og síðan látið ofan á töðu sem fyrir var, eða í sér stabba, eftir því sem á stóð og gefið kindunum á veturna.

Þeir sem bjuggu í Innra-Njarðvíkurhverfinu sóttu þennan heyfeng upp í Njarðvíkurheiðina, í Löngubrekkur, Vatnsstæðisbrekkur eða Miðaftanshæðir (brekkur), en þær síðast töldu liggja skammt í austur og upp af Löngubrekkum. Meðal þeirra er sóttu þennan feng upp í heiðina voru þær mæðgur Valgerður Björnsdóttir, bústýra Andrésar Grímssonar í Ólafsvelli, og Þórey Ólafsdóttir, dóttir hennar. Andrés var mörg sumur til sjóróðra á Austfjörðum. Hann var oftast á Norðfirði og sáu þær mæðgur því um heyöflun á sumrin. Það var sumarið 1910 að Andrés var á Austfjörðum og þær mæðgur við heyskapinn heima. Þær voru búnar að heyja heimatúnið er gaf af sér þegar vel áraði, töðufeng sem næst handa einni kú og 20-30 kindum en það var oftast bústofn heimilisins. Þetta sumar heyjaðist

með lakara móti hjá þeim mæðgum og vildu þær því drýgja heyfenginn með því að ná sér í tuggu úr heiðinni. Þær höfðu tvö undanfarin sumur slegið dálítið upp í Vatnsstæðusbrekkum en þar var orðið fremur lítið að fá og fóru þær því þetta sumar í Miðaftanshæðirnar því að þar voru mun betri slægjur. Valgerður og Þórey voru þar við heyskap í góðu veðri í nær heilan dag og töldu sig hafa heyjað vel. Daginn eftir fengu þær lánaðan hest innan úr Vogum hjá Eyjólf Péturssyni í Tumakoti. Þær reiddu slægjufenginn heim á tún á hestinum og gekk það allt ágætlega. Voru þær mæðgur ánægðar með sinn feng og fóru, að loknu erfiðu dagsverki, þreyttar að háttu um kvöldið og sofnuðu vært.

Seinni part nætur dreymdi Valgerði að inn að rúmi hennar kom kona er hún þekkti ekki. Valgerði fannst þessi kona vera huldukona. Konan ávarpaði Valgerði og sagði í kuldalegum tón:

"Þú varst nærgöngul við bústaðinn minn þegar þú slóst lyngið í fyrradag." Konan beygði sig því næst yfir Valgerði og strauk vísifingri yfir hæggra augað á henni og sagði um leið: "Þetta skaltu hafa fyrir," og hvarf hún síðan á braut.

Er Valgerður vaknaði um morguninn hafði hún mikinn verk í auganu en kvöldið áður hafði það verið alheilbrigt. Þessi verkir héldust stöðugt og oft mjög slæmir. Valgerður var við rúmið á aðra viku með stöðugar þjáningar í auganu og reyndi hún ýmis ráð sér til fróunar, en allt var það án árangurs. Það var ekki til síðs á þeim tímum að leita til læknis fyrr en í síðustu lög og kom að því að Valgerður gat ekki lengur þraukað og lét senda til læknis í Keflavík með lýsingu á sjúkdómnum. Hún fékk augndropa er henni skánaði svolítið af en lítið fór fyrir batanum. Á augasteininum hafði myndast hvítt vagl og sá Valgerður tæpast hálf sjón með auganu. Hún hafði stöðug óþægindi í því og fór seinna til augnlæknis í Reykjavík. Hann skoðaði augað og lét hana fá meðul er gerðu henni eitthvað betri líðan. Valgerður fékk aldrei nema hálf sjón á augað og hafði hún alltaf óþægindi í því á meðan hún lifði. Þær Valgerður og Þórey fóru aldrei eftir þetta upp í heiði til heyskapa.

SAGNIR AF SUÐURNESJUM 25



Huldukona hefnir sín

Á síðustu öld og fram á fyrstu tugi þessarar aldar var það siður í Innra-Njarðvíkurhverfi hjá þeim sem höfðu litla grasnyt að þeir þurftu á graslitlum sumrum að bæta sér heyleysið upp með einhverjum hætti. Þá var ekki um nein fóðurbætiskaup að ræða. Því varð að leita að hverri tuggu er að gagni mætti koma til gjafar. Það var helzt til ráða að fara upp í heiðina og heyja þar, þótt þar væri ekki um hey að ræða eins og bezt hefði þurft. En þá sannaðist sem oftast gamla máltækið: "Allt er hey í harðindum."

Þessi heiðarheyskapur var aðallega stundaður seinnipart sumars. Sá heyfengur var þá helzt beitilyng og fleiri lyngtegundir ásamt grasgróðri er óx þar hvað með öðru. Þegar búið var að slá það sem slá þurfti var lyngið ýmist sett í poka eða bundið í bagga og flutt á hestum niður á tún. Það var þurrkað eina dagstund og síðan látið ofan á töðu sem fyrir var, eða í sér stabba, eftir því sem á stóð og gefið kindunum á veturna.

Þeir sem bjuggu í Innra-Njarðvíkurhverfinu sóttu þennan heyfeng upp í Njarðvíkurheiðina, í Löngubrekkur, Vatnsstæðisbrekkur eða Miðaftanshæðir (brekkur), en þær síðast töldu liggja skammt í austur og upp af Löngubrekkum. Meðal þeirra er sóttu þennan feng upp í heiðina voru þær mæðgur Valgerður Björnsdóttir, bústýra Andrésar Grímssonar í Ólafsvelli, og Þórey Ólafsdóttir, dóttir hennar. Andrés var mörg sumur til sjóróðra á Austfjörðum. Hann var oftast á Norðfirði og sáu þær mæðgur því um heyöflun á sumrin. Það var sumarið 1910 að Andrés var á Austfjörðum og þær mæðgur við heyskapinn heima. Þær voru búnar að heyja heimatúnið er gaf af sér þegar vel áraði, töðufeng sem næst handa einni kú og 20-30 kindum en það var oftast bústofn heimilisins. Þetta sumar heyjaðist

með lakara móti hjá þeim mæðgum og vildu þær því drýgja heyfenginn með því að ná sér í tuggu úr heiðinni. Þær höfðu tvö undanfarin sumur slegið dálítið upp í Vatnsstæðusbrekkum en þar var orðið fremur lítið að fá og fóru þær því þetta sumar í Miðaftanshæðirnar því að þar voru mun betri slægjur. Valgerður og Þórey voru þar við heyskap í góðu veðri í nær heilan dag og töldu sig hafa heyjað vel. Daginn eftir fengu þær lánaðan hest innan úr Vogum hjá Eyjólf Péturssyni í Tumakoti. Þær reiddu slægjufenginn heim á tún á hestinum og gekk það allt ágætlega. Voru þær mæðgur ánægðar með sinn feng og fóru, að loknu erfiðu dagsverki, þreyttar að háttu um kvöldið og sofnuðu vært.

Seinni part nætur dreymdi Valgerði að inn að rúmi hennar kom kona er hún þekkti ekki. Valgerði fannst þessi kona vera huldukona. Konan ávarpaði Valgerði og sagði í kuldalegum tón:

"Þú varst nærgöngul við bústaðinn minn þegar þú slóst lyngið í fyrradag." Konan beygði sig því næst yfir Valgerði og strauk vísifingri yfir hægri augað á henni og sagði um leið: "Þetta skaltu hafa fyrir," og hvarf hún síðan á braut.

Er Valgerður vaknaði um morguninn hafði hún mikinn verk í auganu en kvöldið áður hafði það verið alheilbrigt. Þessi verkir héldust stöðugt og oft mjög slæmir. Valgerður var við rúmið á aðra viku með stöðugar þjáningar í auganu og reyndi hún ýmis ráð sér til fróunar, en allt var það án árangurs. Það var ekki til síðs á þeim tímum að leita til læknis fyrr en í síðustu lög og kom að því að Valgerður gat ekki lengur þraukað og lét senda til læknis í Keflavík með lýsingu á sjúkdómnum. Hún fékk augndropa er henni skánaði svolítið af en lítið fór fyrir batanum. Á augasteininum hafði myndast hvítt vagl og sá Valgerður tæpast hálf sjón með auganu. Hún hafði stöðug óþægindi í því og fór seinna til augnlæknis í Reykjavík. Hann skoðaði augað og lét hana fá meðul er gerðu henni eitthvað betri líðan. Valgerður fékk aldrei nema hálf sjón á augað og hafði hún alltaf óþægindi í því á meðan hún lifði. Þær Valgerður og Þórey fóru aldrei eftir þetta upp í heiði til heyskapar.

SAGNIR AF SUÐURNESJUM 25



Huldukonan í sjóbúðinni

Sjómenn hjá Einari G. Einarssyni, kaupmanni í Garðhúsum sváfu á vertíðum í gamalli baðstofu sem kölluð var Norður-Gjáhús; voru þar oft um 10 karlmenn og sváfu þeir tveir og tveir í rúmi. Kvöld eitt var formaðurinn ásamt einum sjómanni sínum og rekkjufélaga lengi niðri í naustum og voru allir sofnaðir er þeir komu heim í sjóbúðina, því að klukkan var langt gengin 12. Þeir kveiktu á borðlampa nálægt rúminu og fóru þegar að hátta. Sjómaðurinn las dálitla stund eins og hann var vanur áður en hann fór að sofa. Eftir litla stund lagði hann frá sér bókina og ætlaði að slökkva ljósið. Þá heyrði hann að gengið var inn göngin. Þótti honum það undarlegt þar sem þeir höfðu lokað bænum að innanverðu eins og venja var. Svo var hurðin opnuð og inn kom ung stúlka. Gekk hún inn að rúmi þeirra félaga og stansaði þar á gólfinu. Hún var í peysufötum, dökkhærð, með mikið hár og dökk augu, rjóð í kinnnum og lagleg. Sjómanninum fannst þetta kynlegt þar sem hann þekkti hvert mannsbarn í Grindavík en hafði aldrei séð stúlku þessa áður. Hún horfði á sjómennina litla stund, kom síðan aftur og staðnæmdist fyrir framan rúm þeirra og leit á þá einu sinni enn; sá sjómaðurinn greinilega andgufu hennar fyrir ljósið. Að þessu búnu gekk hún til dýra, opnaði hurðina og fór en hallaði henni aftur mjög gætilega. Þá datt sjómanninum í hug að elta hana, rauk þegar fram úr rúminu, setti skó á sig lauslega og fór í skyndi á eftir henni fram göngin. Þegar hann kom til útidýra voru þær lokaðar að innan eins og venjulega. Leitaði hann hennar þá í göngunum, en þar var ekkert að sjá. Fór hann þá út úr bænum og í kring um hann en engin manneskja var sjáanleg.

RAUÐSKINNA I 27



Huldukonan í Vogastapa

Þegar Jón Jónsson og Þorbjörg Ásbjarnardóttir, voru að draga sig saman átti hann heima í Landakoti á Vatnsleysuströnd en hún í Innri-Njarðvík. Fóru þau þá oft fundaðir hvort til annars.

Eitt sinn í síðara hluta ágústmánaðar skrapp Þorbjörg á gæðingi föður síns inn að Landakoti. Tekið var að bregða birtu þegar hún kom að Vogastapa á heimleið. Þar er farið upp Stapann um svokallað Reiðskarð. Var það alltaf farið áður en akvegurinn var lagður nokkru austar í Stapanum. Skarðið var mjög bratt og sendið og teymdu vegfarendur oft reiðhesta sína upp úr því og niður úr. Þegar Þorbjörg er að byrja að leggja á skarðið verður henni það fyrir að óska sér að hún hefði nú samfylgd yfir Stapann. Það er rösk fimm kílómetra leið og þótti óhrein í skuggsýnu og nú var farið að skyggja. Þó mátti Þorbjörg heita einhugi í myrkri. Rétt í þessu verður henni litið upp eftir skarðinu. Sér hún þá hvar þrjár verur eru að þokast upp eftir, 50 til 60 metra fyrir framan hana. Fremst gengur kona, á eftir henni kýr sem konan teymir og á eftir kúnni labbar hundur. Konan var klædd eins og þá tíðkaðist um sveitakonur, hafði til dæmis hyrnu á herðum. Kýrin var skjöldótt og hundurinn flekkóttur. Þorbjörgu fannst ekkert óvenjulegt við þetta. Hún hugsar með sér að það sé skárra að hafa samfylgd þessarar konu, þó að hún sé með kú í eftirdragi heldur en að rorra ein yfir Stapann.

Hún kallar til hennar: "Kona! Eigum við ekki að verða samferða?"

En konan lét sem hún heyrði ekki. Þó kallaði Þorbjörg svo hátt að hún hlaut að heyra.

Hún kallar aftur: "Kona, kona! Eigum við ekki að verða samferða yfir Stapann?"

En það fer sem fyrr að konan anzar ekki. Þegar hún er komin upp á skarðsbrúnina

kallar Þorbjörg til hennar ennþá einu sinni. Þá lítur konan við og glottir til hennar. Í þeim svifum hverfur hún upp fyrir brúnina með kúna og hundinn.

Þegar upp úr skarðinu kom gerðist gatan mjög niðurgráfin svo að götubrúnirnar tóku meðalmani í öxl. Þar var og mikil bugða á henni. Ekkert sá Þorbjörg til konunnar þegar hún kom upp á skarðsbrún. Gerir hún sér þá í hugarlund að hún sé niðri í götuskorningum hinumegin við bugðuna, því að henni datt ekki enn í hug að þetta væri ekki allt með felldu. Hún stígur nú á bak hestinum og hyggst að ná henni handan bugðunnar. En þegar þangað kemur sér hún enga lifandi veru. Dettur henni þá í hug að hún hefði vikið út úr götunni og haldið niður að bæ sem hét Brekka og stóð norðvestan undir Stapanum. Snýr Þorbjörg hestinum á leið þangað og að stíg sem lá niður að Brekku og kallaður var Kvennagönguskarð. En þar var ekkert kvikt að sjá. Þá fyrst rann það upp fyrir henni að þessar verur gátu ekki verið af okkar heimi enda lá henni það nú í augum uppi að ef konan hefði verið mennsk, myndi hún hafa gengið götuna sem lá undir Stapanum heim að Brekku, því að það var venjuleg leið, í stað þess að taka á sig krók upp í Stapann og klöngrast þaðan ógreiðari veg niður að bænum. Það fannst henni líka einkennilegt, þegar hún hugleiddi það eftir á að hún skyldi ekki koma auga á þetta föruneysi fyrr en það var komið upp í mitt Reiðskarð.

GRÁSKINNA II 240



Höggjöld í "Skökk"

Leira var góð veiðistöð og lá vel við til sjósóknar. Það var því algengt, að formenn af Innnesjum lægju þar við með skip sín fram til sumarmála, er fiskur fór að veiðast inni í bugtinni. Það voru formenn af Álftanesi, Seltjarnarnesi og Reykjavík. Nokkrir formanna þessara lágu við í sjóbúð einni, er venjulega var nefnd "Skökk". Það var timburkofi, ein hæð og dálítið ris. Þar voru oft 3-4 skipshafnir og jafnvel fleiri. Vertíðina 1910 voru þar 4 skipshafnir með 28 manns.

Árið 1915 var aðeins einn formaður í "Skökk" með sína skipshöfn. Einn af hásetum hans hét Jón. Það var algengt þann vetur, að hann segði félögum sínum sögur á kvöldin, eftir að þeir voru háttaðir og komnir til náða. Svo var það kvöld eitt er Jón hafði lokið sögu sinni að umtal varð um gamlan mann einn, er lá fyrir dauðanum úti í Garði. Sumir héldu því fram að lát mannsins hefði þegar frést, en aðrir sögðu það ekki vera. En meðan á þessari umræðu stóð kom högg mikið á húsið. Háseti einn lá með höfðagafl að vesturþili og sagði hann að höggið hefði verið svo mikið að sér hefði fundizt þilið bifast. Mönnum brá við höggið og gátu ekki gert sér neina grein fyrir hvernig á því stóð. Einhver stakk upp á því að rotta hefði étið í sundur band er fullur brauðpoki var bundinn með upp í mæni í hinum enda búðarinnar og hefði skellurinn orðið er hann hefði dottið á gólfid. Ekki var um þetta fengizt meira og fóru menn að sofa.

Morguninn eftir gaf ekki á sjó. Litið var eftir brauðpokanum og var hann á sínum stað. En er á daginn leið kom maður utan úr Garði og sagði hann að þessi gamli maður sem rætt var um kvöldið áður hefði látizt þá um kvöldið.



Jáson draugur

Jáson hét unglingspiltur einn, heldur fíráðlingur með stóru skarði í efri vörinni og öðru minna í neðri vörinni. Þessi Jáson andaðist og var grafinn að Hvalsnesskirkju.

Þá bjó sá maður í Glaumbæ í Stafneshverfinu er Þórarinn hét. Séra Gestur að Hvalsnesi kom út úr bænum um vökuna og sér hvar tveir menn eru að glíma í kirkjugarðinum. Prestur gengur þangað og sér hvað um er að vera; er þar Þórarinn og Jáson nærri því búinn að drepa hann. Prestur bjargaði Þórnari og kom Jásyni frá honum. Þórarinn hafði vakið Jáson upp og sent hann eftir peningum; var hann þá aftur kominn.

Sagt er að síra Gestur muni hafa tekið til sín megnið af peningunum. Þórarinn bjó í Glaumbæ eftir þetta og hét Ingibjörg kona hans. Oft féll hann niður með froðufalli þegar hann var inni, vakandi sem sofandi, en áður en hann fékk köstin sá Ingibjörg altíð skyggja fyrir gluggann, en aldrei fékk hann þau er hann var á gangi.



Jón í Vogum

Jón Daníelsson í Vogum þótti vita lengra en nef hans náði og var mál manna að hann væri rammgöldróttur. Hann var sjósóknari mikill og einn vetur reru hjá honum ellefu menn; héldu þeir allir til í einni búð.

Einu sinni kemur einn sjómaðurinn að máli við Jón og segir að það hafi verið stolið frá sér talsverðu af smálka og sméri; biður hann Jón blessaðan að komast eftir því fyrir sig, hver valdur sé að stuldinum. Jón segist ekki geta það, en hann skuli samt koma til sín að tveim dögum liðnum. Maðurinn kom til Jóns á tilteknum tíma og spurði, hvort hann væri nokkurs vísari. Jón neitaði því, en sagði við maninn að hann skyldi stefna öllum búðarfélögum sínum til sín í kvöld og skyldu þeir þá sjá, hvað setti. Maðurinn gerði þetta og komu allir sjómennirnir til Jóns um kvöldið. Hann talaði við þá um þjófnaðinn og sagði að einhver þeirra hefði hlotið að stela smálkanum. Því næst fékk hann hverjum þeirra spotta og voru þeir allir hnífjafnir. Skipaði hann þeim að sýna sér spottana daginn eftir og kvaðst skyldu sjá svo um að djöfullinn hefði þá teyggt spotta þess, sem stolið hefði, um helming.

Um morguninn komu mennirnir með spottana til Jóns, því að þeir þorðu ekki annað og voru þeir allir jafnlangir, nema einn; hann var helmingi styttri en hinir. Jón bar þjófnaðinn upp á þann sem kom með stytzta spottann og kannaðist hann við stuldinn. Hann hafði trúað Jóni eins og nýju neti og skorið af spotta sínum, svo að hann yrði jafnlangur hinum, þótt djöfullinn teygði hann um helming.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON II 412



Jón Snorrason á Gauksstöðum

Jón Snorrason bjó fyrst í Vatnagarði, svo Flankastaðakoti og seinast á Gauksstöðum. Kona hans var Gróa Narfadóttir frá Melum. Jón var ákaflega mikill vexti, herðaprekinn og að öllu sterklegur. Lítið verður vitað um afrek hans því hann var kyrrlátur maður í skapi. Þó var það venja hans þegar svo bar við að taka í laggir á brennivíns- eða sýrutunnum og setja þær upp á herðar sér upp úr skipi og bera þær þannig heim hvort heldur var lengri vegur eða skemmri.

Þá var hann ungur er hann var einu sinni sem oftast í útskipun í Keflavík hjá Jakobæus. Kastaði hann þá bagga á einn skipsmann danskan af áaðgæti svo sá er fyrir var slasaðist mikið. Jakobæus bað hann forða sér svo hann væri ekki framan í Dönum því þeir mundi ekki ætla honum gott kæmu þeir því við. Svo sást slúffa koma í land; en er Jón sá það bað hann kaupmann gefa sér í staupinu, greip upp spíru er þar lá, veður út í þangað til braut á öxlum honum, mætti þar slúffunni, tók um framstafninn og hvolfdi henni; óð svo til lands aftur, en hinir skoluðust upp í slúffuna og héldu aftur til skipsins.

JÓN ÁRNASON IV 196



Jón tíkargjóla

Jón hét maður á Suðurnesjum. Hann var sjósóknarmaður og aflamaður mikill. Þegar hásetum hans þótti óróandi vegna hvassviðris sagði Jón að þeir skyldu ekki láta svona þetta væri ekki nema tíkargjóla og festist nafn þetta við hann.

Þegar Jón var 7 eða 9 vetra að aldri hittist svo á að faðir hans kom einhvers staðar að með hlaðna byssu. Karl lagði hana snöggvast frá sér og ætlaði að taka hana aftur þegar í stað, en í því bar Jón litla að. Hann þrífur byssuna, heldur að hún sé óhlaðin og miðar á vinnukonu, sem stóð á hlaðinu. Skotið hleypur úr byssunni og dettur vinnukonan dauð niður. Þá verður karl þess fyrst vísari hvað um er að vera og verður honum þetta að orði við Jón:

"Skjóttu bölvadur, - þú skýtur einhvern tíma!"

Þetta þótti rætast á Jóni, því að hann varð afbragðsskytta, þegar fram liðu stundir.

Einu sinni fór Jón með öðrum mönnum norður á fjöll til álftadráps. Þeir félagar komu auga á álftahóp mikinn og skaut Jón í hópinn en um leið og skotið reið úr byssunni, sló hún Jón um koll og í rot. Félagar Jóns fóru að stumra yfir honum en hirtu ekki um álftirnar.

Þegar Jón raknaði úr rotinu, varð honum þetta fyrst að orði: "Liggur ekkert helv... eftir?"

Var nú farið að huga að álftunum og lágu fimm dauðar.

Oft skaut Jón á illfiska, er þeir sóttu að honum á sjó og fældi þá svo frá sér. Einu sinni reri Jón á sjó við annan mann á tveggja manna fari. Þann dag reru allir sem vettlingi gátu valdið því að veður var hið blíðasta. Þegar leið á daginn, gekk í ofsarok og þótti Jóni ráðlegast að halda til lands. Hann lét háseta sinn róa en átti sjálfur fullt í fangi með að stýra, svo að ekki fyllti undir þeim. Þegar þeir voru komnir

nokkuð á leið, sleit aðra árina af háseta Jóns. Hann varð hræddur og fór að biðja fyrir sér en Jón sagði honum að halda kjafti og mundi eitthvað leggjast til. Ekki brá Jóni sjálfur, þó að óhapp þetta kæmi fyrir. Í þessu bili hvolfdi bát skammt frá þeim.

Þá sagði Jón: "Nú held eg, að eitthvað verði til um árar, því að nú köstuðu einir úr kláfunum." Jón lét svo reka undan sjó og vindi, þangað til hann náði ár af hvolfda bátinum, og komust þeir til lands með heilu og höldnu.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON III 59



Jón tíkargjóla og stökkullinn

Maður hét Jón og var kallaður “tíkargjóla” og bar það til þess að þegar hásetar hans mögðu um að róa af því hann væri svo hvass var það viðkvæði Jóns allajafna að þeir skyldu ekki vera að því arna, það væri ekki nema svolítill tíkargjóla; en Jón var sjósóknari hinn mesti og kunni ekki að hræðast.

Einu sinni sem oftari reri hann með hásetum sínum til Sviðs á Faxaflóa. En skamma stund höfðu þeir setið áður en stökkullinn kom og ásótti þá svo að þeim gagnaðist ekki að sitja og Jón varð nauðugur viljugur að halda undan í land, enda tjáði honum ekki annað fyrir hásetum sínum sem urðu lafhræddir. Daginn eftir var logn og gott sjóveður; reri Jón og hafði með sér kúlubyssu sem hann átti því hann var bezta skytta.

Þegar þeir voru komnir í sátur segir Jón: “Komi nú andskotans stökkullinn ef hann er nokkuð til í sjónum.”

Hásetarnir urðu forviða við þetta og sögðu: “Guð fyrirgefi þér Jón að tala sjóvíti í logninu.”

En á sömu stundu sjá þeir hvar stökkullinn kemur og stefnir á þá. Jón grípur þegar byssuna og hleypir af í því stökkullinn létti sér svo hann skelldist á augabragði niður í sjóinn aftur og tók á rás undan til hafs; það merktu þeir á blóðrákinni sem eftir hann varð í sjónum, en sá stökkull ómakaði þá aldrei framar.

JÓN ÁRNASON I 627



Junkaragerðisbræður

Junkaragerði er bær einn í Höfnum. Þar bjuggu bræður tveir afarmenn hinir mestu. Þá var sjósókn mikil í Höfnunum, en þó sköruðu þeir bræður fram úr öllum öðrum Hafnamönnum; reru þeir sex- eða áttæru skipi tveir einir. Mikil öfund lék öðrum Hafnamönnum á atgjörvi og afla þeirra bræðra. Gerðu þeir margar tilraunir til að stytta þeim aldur fyrir utan það hvað þeir spilltu veiðarfærum þeirra. Oft söguðu þeir sundur keipa-nagla þeirra, en þeir reru þá við kné sér. Loksins boruðu þeir sundur árar þeirra undir skautum; en við það fórust þeir. Sagt hefur verið að þeir væru útlendir menn og af þeim taki bærinn nafn. Það er samt óviðfellt útlenzkir jungherrar færu til sjóróðra.

JÓN ÁRNASON IV 190



Kalt á fótum

Bónði á Miðhúsum í Garði dó. Þegar hann stóð uppi, dreymdi dóttur hans að hann kæmi og segði henni að sér væri kalt. Vaknar hún við þetta og fer að gæta að líkinu. Var þá dautt á lampanum og farið ofan af fótunum.

ÞJÓÐHÆTTIR 426



Kaupamaðurinn

Einu sinni fór maður sunnan af Suðurnesjum norður í kaupavinnu. Hann fékk þoku mikla þegar norður kom á heiðarnar svo hann villtist. Gjörði þá og hret og kulda. Lagðist hann þá fyrir, tjaldaði þar sem hann var kominn og tekur nesti sitt og fer að snæða. En þá kemur inn rakki mórauður í tjaldið og er mjög hrakinn og sultarlegur. Svo var rakkinn ljótur og undarlegur að honum stóð stuggur af; ei að síður gaf hann honum þó svo mikið af nesti sínu sem hann vildi. Át hvolpurinn gráðulega og fór síðan burt og hvarf út í þokuna.

Maðurinn skipti sér ekki af þessu, en fór að sofa. Dreymdi hann þá að kona kom inn í tjaldið. Hún var mikil vexti og hnigin á efra aldur. Hún segir: "Ég þakka þér maður minn fyrir hana dóttur mína, en ekki get ég launað þér sem skyldi. Þó vil ég þú þiggir af mér ljáspík þessa sem ég legg hér undir hnakkinn þinn. Ég vona að hún verði þér að góðu liði og mun hún eins bíta hvað sem fyrir verður. Aldrei skaltu eldbera hana því þá er hún ónýt, en brýna máttu hana ef þér þykir þess þurfa." Síðan hvarf konan á braut.

Þegar maðurinn vaknaði sá hann að upp var létt þokunni og albjart. Tekur hann þá saman tjaldið og leggur á hestana. En þegar hann tók upp hnakkinn sinn sá hann þar ljá svo sem hálsleginn og allíðlegan, en þó ryðgaðan. Þá man hann eftir draumnum og hirðir hann spíkina. En er hann kom norður vildi enginn taka hann því allir voru þá búnir að fá sér nóg kaupafólk. Hann heyrir þá sagt að þar sé kona ein í sveitinni sem engan kaupamann hafi tekið. Hún var auðug af fé og þótti hún margt kunna. Hún var ekki vön að taka kaupafólk og byrjaði aldrei sláttinn fyrr en viku og hálfum mánuði á eftir öðrum og þó var hún jafnan eins fljótt bún

og aðrir. Þá sjaldan hún hafði tekið kaupamenn hélt hún þá ekki nema eina viku og galt engum kaup.

Sunnlendingnum var nú vísað til þessarar konu og sagt frá siðum hennar. Og af því hann fékk hvergi vinnu fór hann til hennar og bauðst að slá hjá henni. Hún tók því vel og kvaðst mundi lofa honum að vera eina viku.

"En ei geld ég þér kaup nema þú sláir svo mikið alla vikuna að ég geti ekki rakað ljána á laugardaginn." Þetta þótti honum góður kostur og fór nú að slá. Tók hann þá spíkina álfkonunaut og fannst honum hún bíta vel. Aldrei þurfti hann að brýna og svona sló hann í fimm daga. Þótti honum hér gott að vera og var konan góð við hann.

Einu sinni varð honum gengið út í smiðju. Þar sá hann ógrynni af orfum og hrífum og ljáabunka mikinn. furðaði hann sig á þessu og þótti konan ekki á hjarni með amboð. Á föstudagskveldið fór hann að sofa eins og hann var vanur. Dreymdi hann þá um nóttina að álfkonan, sú er gaf honum ljáinn, kom til hans og sagði: "Mikil ljá er nú orðin hjá þér, en ei mun konan húsmóðir þín verða lengi að skara henni saman og þá rekur hún þig burt ef hún getur náð þér á morgun. Þú skalt því ganga í smiðjuna ef þú heldur að ljáin ætli að þrjóta og taka svo mörg orf sem þér list og binda ljái í þau og bera þau út í teiginn hjá þér og reyna hvernig þá fer."

Og við þau orð fór hún burt en kaupamaðurinn vaknaði og reis á fætur. Fór hann þá að slá. Um miðjan morgun kemur konan út og hefur þá fimm hrífur með sér. Hún segir: "Mikil er ljáin orðin og meiri en ég hugsaði."

Lagði hún þá hrífurnar til og frá í teiginn og fór að raka. Það sá kaupamaður að mikið rakaði konan, en ei rökuðu hrífurnar minna og sá hann þó engan. Þegar leið fram að miðjum degi sá hann að ljáin ætlaði að þrjóta. Gekk hann þá í smiðjuna og tók þar orf nokkur og batt í ljái. Síðan gekk hann út aftur á völlinn og stráði orfunum til og frá með óslægjunni. Fóru þau þá öll að slá og stækkaði þá bletturinn óðum. Gekk þetta daginn allan til kvelds og þraut eigi ljáin.

En þegar kveld var komið gekk konan heim og tekur hrífur sínar. Bað hún þá kaupamanninn koma líka og bera orfin heim. Sagði hún að hann kynni meira en hún hefði hugsað og skyldi hann njóta þess og vera hjá sér svo lengi sem hann vildi. Varð hann svo hjá henni um sumarið og kom þeim vel saman. Heyjuðu þau

vel og fóru þó í hægðum sínum. Um haustið galt hún honum kaup geysimikið og fór hann suður með það.

Sumarið eftir var hann og hjá henni og svo mörg sumur sem hann fór í kaupavinnu. Seinna meir reisti hann bú á Suðurnesjum og þótti jafnan hinn besti dregur. Hann var hinn besti sjómaður og dugnaðarmaður til hvers sem hann gekk. Hann gekk ætíð einn að slætti og hafði aldrei annan ljá en spíkina álfkonunaut. Þó var hann jafnan eins fljótur og aðrir að slá tún sitt, en ei hafði hann annað gras en túnið eins og þar er tíðast.

Eitt sumar bar svo við að hann var róinn til fiskjar. Þá kom nábúi hans til konu hans og beiddi hana að ljá sér ljá til að slá með því hann sagðist hafa brotið spíkina sína og vera ráðalaus. Konan fór að leita hjá manni sínum og fann spíkina góðu, en engan ljá annan. Hún ljær bóndanum spíkina, en tekur honum vara fyrir að eldbera hana því það sagði hún að maðurinn sinn gjörði aldrei. Hann lofaði því og fór heim. Batt hann þá spíkina í orfið og fór að slá, en náði engu hári af með heni. Reiddist þá bóndi og brýndi hana, en það dugði ekki. Fór hann þá í smiðju og ætlaði að dengja spíkina því hann hugsaði að ekki væri mikið í húfi þó hann eldbæri spík þessa. En undireins og hún kom í eldinn rann hún niður sem vax og varð að gjalli einu. Fór þá bóndi og sagði konunni hvar komið var. Varð hún þá hrædd því hun vissi að þetta mundi manni sínum líka stórilla þegar hann vissi það. Það var og. Þó er þess ei getið að hann hafi látið það lengi fá á sig, en mikið sá hann eftir spíkinni.

RAUÐSKINNA I 12



Ketill Jónsson í Kotvogi

Það var seint um kvöld um vetur að Ketill ætlaði að sækja sög út í læsta skemmu í Kirkjuvogi sem var þar á hlaðinu. Þegar hann lýkur upp skemmuni og ætlar að ganga inn gólfíð er honum gefinn rokna löðrungur utanundir með kaldri hendi að honum fannst. Lætur hann sér ekki bylt við verða og fer innar eftir þangað, sem sögin er og fer svo með hana út og læsir skemmuni. Daginn eftir kom sendimaður innan af Álftanesi með þá frétt að Bjarni bróðir Ketils hefði dáið kvöldið áður um sama leyti og Ketill sótti sögina. Bjarna þennan hafði Ketill elskað mest bræðra sinna.

ÞJÓÐHÆTTIR 152



Ketill í Kotvogi

Svo er sagt, að maður nokkur hafi heitazt við Ketil eldra í Kotvogi og hótað að senda honum draug. En Ketill lét það ekki á sér festa og kvaðst ekki vera hræddur við manninn né bölbænir hans. Næsta vetur þurfti Ketill eitt sinn út í fjós að kvöldi dags. Hann fór inn aftur, þegar hann hafði lokið erindum sínum og ætlaði að loka bænum, þá hann gekk inn. En þegar hann sneri sér að hurðinni var henni fleygt framan í hann af miklu afli. Ketill hrökklaðist undan og komst inn í baðstofu en hann hafði meitt sig mjög. Seinna sagði hann að þá hefði hann komizt í hann krapastan er hurðin skall framan í hann. Ketill þóttist vita að sendingin frá óvini hans hefði verið völd að áfalli þessu en ekki er þess getið að draugurinn hafi ásótt hann eftir þetta.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON I 355



Kjartan í Gerðakoti

Þegar Kjartan í Gerðakoti var um tvítugt reri hann út suður í Leiru. Einn vetur fór hann suður með öðrum sjómönnum; voru þeir fjórir saman og fóru þeir á ís yfir Ölfusá á Hamarendum og ötluðu að halda so beina leið út í Selvog. En þegar þeir komu út á skeiðið fyrir ofan Þorlákshöfn þá datt á bylur. Treystust þeir ekki að halda áfram og snéru af leiðinni til að reyna að ná upp á Hlíðarbæi og komust loksins að Breiðabólstað í Ölfusi. Þegar þeir komu þar voru allar hurðir lokaðar. Börðu þeir lengi að dyrum og kölluðu á glugga, en enginn gegndi og ekki var dyrum upp lokið. Voru þeir búnir að taka ofan af hestum sínum, því svo var bylurinn myrkur að ekki treystust þeir burtferðar. Knúðu þeir nú hurðina fast og fá þá grun á því að maður muni standa við hurðina að innan. Þegar Kjartan verður þess var þá teymir hann hest sinn að hurðinni og snýr hönum so við að rassinn snéri að hurðinni. Síðan hleypur hann sjálfur undir brjóst hestinum og hrindir honum með affi á hurðina so hún hrökk í mola og hesturinn rakst aftur á bak inn í dyrnar. Fer so Kjartan innar hjá hestinum.

Veit hann þá ekki fyr til en maður hleypur á hann og ætlar að keyra hann undir sig, en Kjartan tók þegar á móti og bregður hönum á loft og rekur niður fall mikið og hleypur á hann ofan óþyrmilega. Rekur hann þá upp hljóð mikið og biður um hjálp. Kom þá húsfreyja fram með ljós og biður hún Kjartan að lofa manni sínum að standa upp og lofar að veita hönum góðan beina og lætur Kjartan hann þá upp standa. Fór bóndi þá inn, en húsfreyja er hin blíðasta við þá og ljær þeim rúm og er hestum þeirra gefið hey, en bóndi gekk þegar til rekkju og þóktist þjakaður af viðskiptum við Kjartan. So sofna þeir, en Kjartan segir lítið því hann uggir bónda og líka það að húsfreyja fór ekki til rekkju, en var fram í bæ. Þegar nokkuð er liðið á nótt þá heyrir Kjartan að komið er að rúmi sínu og sprettur hann þá upp, en hús-

freyja gerir vart við sig og er hún þar komin með grautartrog handa Kjartani og þeim félögum hans, og borða þeir eftir þörfum og sofa so af um nóttina.

Um morguninn er veður fært og fara þeir Kjartan þaðan og segir ekki af ferðum þeirra fyr en þeir koma suður í Leiru. Kjartan var ráðinn hjá ríkum bónda í Hróðurnesi er Þórður hét, og átti hann að róa hjá hönum sjálfum. Til Þórðar var þá kominn maður einn að norðan er Jón hét og kallaður sterki og var sagt um hann að hann hefði tveggja manna megn eða meira og hefði aldrei fundið jafningja sinn á Norðurlandi. Voru þeir Kjartan og Jón miðskipsmenn hjá Þórði; heldur var Jón fálátur við Kjartan, en lagði þó ekkert illt til hans.

Nú leið svo fram á veturinn að ekkert bar til tíðinda. Seint á vertíð var það einn dag að Þórður fór í langleiði. Þá bar so við að lúða kom á öngul Jóns sterka og fór hann að draga og í sama bili fer Kjartan að draga líka og draga nú báðir hið rösklegasta.

En þegar næstum er komið upp undir borð þá kallar Kjartan og segir: "Dragðu ekki af mér, maður," - og staldrar þá Jón við að draga og lítur við, en í sama vetfangi kemur Kjartan með lúðuna inn í skipið með báðum önglum í, sínum og Jóns.

Jón sezt þá niður á þóftuna þegjandi og sáu menn að hönum brá mjög að yfirliti og mælti hann ekki orð það er eftir var dagsins og fóru þeir svo til lands um kvöldið. En þegar skipið er landfast þá gekk Jón frá skipi þegjandi og heim til bæjar.

Þá segir Þórður: "Varaðu þig nú, Kjartan, á hönum Jóni því þungt mun í hönum vera til þín." Seta þeir so upp skipið og skipta afla sínum og fara so heim til bæjar. Sezt Kjartan inn á rúm sitt og fer að éta og hefir smérdall sinn á hnjám sér. Þá veit hann ekki fyrr til en Jón kemur að hönum og rekur hnefahögg á nasir hönum so Kjartan svimar mjög og liggur við hann falli í óvit, en blóðið fossar niðrum hann úr nefinu. Kjartan hendir samt dallinum þegar á Jón og hleypur jafnsnart af rúminu og undir hann. Verða þar sviptingar miklar og berast þeir svo fram úr skálanum með því móti að þeir seta allan dyraumbúninginn undan hönum. Gangast þeir so fast á í bæjardyrum þar til um síðir að Kjartan rekur Jón niður fall mikið. Er Kjartan þá svo reiður að hann grípur barsmíðarsleggju er þar lá nærri hönum og ætlar að færa þegar í höfuð Jóni. Kom þá Þórður bóndi að og tók um

hönd hans og biður hann vægja, og fyrir bænastað Þórðar lét Kjartan hann upp standa og var Jón þá þrekaður mjög.

Það er eftir var vertíðar bar ekkert til tíðinda og fór Jón þá að reyna til að ná vináttu við Kjartan því hann sá að hann þurfti ekki að reyna sig við hann, og skildust þeir vinir í lokin og réðust báðir hjá Þórði næstu vertíð. Reru þeir báðir síðan nokkrar vertíðir hjá Þórði og urðu þeir Jón og Kjartan þá mestu vinir, og eftir að þeir hættu að róa suður skrifuðust þeir jafnan á sín á milli og voru mestu vinir til dauðadags. Synir Kjartans hétu Jón og Þórður og bar annar nafn Jóns sterka, en hinn Þórðar bónda í Hróðurnesi sem var líka mikill vinur Kjartans. Þegar Þórður Kjartansson var lítið á legg kominn fór hann suður til Þórðar í Hróðurnesi og ólst upp með hönum og ílentist þar síðan.

JÓN ÁRNASON IV 191



Klossahljóðið

Haustið 1906 með jólaföstukomu bar svo til, að einn af heimilismönnum í Kotvogi gekk kvöld eitt heim til Kirkjuvogs, sem er örskammt fjær sjó. Er yfir slétt tún að fara, sem á milli liggur. Veður var gott, heiðríkja, tungl, hrím og logn. Segir ekki af ferð hans, fyrr en hann kemur aftur heim undir bæjarhúsin.

Fellur þá allt í einu yfir hann villa svo annarleg, að hann treystist ekki til þess að halda áfram þá fáu metra er eftir voru og átti hann hægara með að snúa við.

Blöstu þó við honum alls staðar húsin í þorpínu, og ekki síst Kotvogur, sem fullyrða má, að verið hafi með langstærstu býlum hér á landi. Tók því maðurinn það til bragðs, að ganga í hring á túninu og það gerði hann þar til í vökulok, að komið var út í Kotvogi og séð til hans og hann hrifinn úr villu þessari.

Þótti það bæði einkennilegt og óskiljanlegt, þar eð maðurinn kenndi sér einskis meins, hvorki fyrr né síðar. En eigi leið á löngu, áður en einhver andsköp virtust eins og liggja í loftinu. Einhver undarlegur blær ríkti stundum, er út var komið að kvöldinu, og þóttust sumir heyra einhver hljóð, er þeir gátu ekki gert sér grein fyrir.

Svo var það kvöld eitt seint á jólaföstu að Ketill kom út sem oftur. Vindur var hægur af hafsuðri, en á útsunnan í sjó. Heyrir hann þá eins og lágt hvísl sunnar á hlaðinu; gengur hann á hljóð þessi, en þá fjarlægjast þau þannig að honum virtist hann heyra eins og óm af orðum, þar sem margir töluðu ákaft í senn, er smá dvínaði og hvarf með öllu, en ekkert sá hann. Leið svo fram yfir nýár. Þá kom það fyrir, að stignar voru stéttar í Kotvogi á síðkveldum, en færur menn út, voru engin merki sýnileg né menn. Leið svo nokkura hríð.

Kvöld eitt í janúar fór einn vinnumanna fram bæjargöngin. Heyrir hann þá gengið á stígvélum suður hlaðið. Lýkur hann upp bænum og fer út, og stenst það þá svo á,

að menn þeir, er hann hyggur vera, eru horfnir fyrir suðurhorn bæjarins. Eltir hann þá og kemur að vörmu spori fyrir húshornið, en sér ekkert, en heyrir síðustu fótatökin glamra við stéttarsteinana. Þótti þetta undrum sæta, en var þó yfirleitt haldið leyndu meðal heimilismanna.

Leið nú að vertíðarbyrjun, en þá varð sú breyting, að skóhljóð þessi fluttust norður fyrir bæinn og færðust svo í aukana, að um það varð ekki lengur villst, að hér voru svipir eða óþekktar verur manna á ferð. Í

norðurhlið bæjarhúsanna stendur timburhús eitt stórt, sem geymd eru í veiðarfæri, en við norðausturhorn bæjarhúsanna stendur fjósið lítið eitt frá; er það timburhús bikað. Á stéttinni milli þessara húsa heyrðist, er tjörumyrkt var, gengið á klossum og það af mörgum mönnum. Litlu seinna var það kvöld eitt, að Ketill var úti í fjósi. Var það á vöku. Veður var gott en myrkur hið mesta. Heyrir hann þá allt í einu, að undir tekur í norðurstéttinni og það allt að fjósdyrum, svo mjög, að hann hleður laupum í ofboði milli útidyra og innra þröskuldar. Heyrir hann nú, að þetta er hópur manna, á að giska milli 10-20; eru þeir allir á klossum og æða fram og aftur á stéttinni; hann heyrir vel mál þeirra, sem er útlent, en æsingunni og ósköpum þeim, er fylgdu tali þeirra, kvaðst hann ekki geta lýst. Stóð þetta allt að tíu mínútum eða lengur, en þá féll allt í dúnalogn. Þegar Ketill gekk til bæjar, sá hann hvorki né heyrði neitt óvanalegt.

Leið svo tíminn til 20. marz. Þann dag gerði moldösku austanbyl. Um miðjan þennan dag strandaði enskur botnvörpungur, "Abydos" að nafni, á svo nefndri Merkinesshleini, sem er háskalegur staður milli Kirkjuvogsporpsins og Merkiness. Brim var það mikið, að ómögulegt var að komast nálægt skipinu til björgunar, þó að margar tilraunir væru gerðar og nægur mannaflí frá flestum eða öllum bæjum. Seinna þennan dag rauk hann svo upp af útsuðri með ógurlegasta ofsa og hafróti, tætti sjórinn skipið sundur á nokkurum klukkutímum, og fórust allir mennirnir. Segja þeir, sem muna strand þetta, að það sé eitt átakanlegasta sjóslysið, sem gerzt hafi í manna minnum. Morguninn eftir var með birtu farið að leita að líkunum, höfðu mörg þeirra borist norður með landinu. Voru þau borin upp hjá Kotvogi, en af því að menn vanhagaði um börur, þá var ytri fjóshurðin tekin af hjörunum og líkin borin heim á henni; voru sum þeirra látin í timburhúsið er áður getur en önnur borin heim í samkomuhús sveitarinnar, er þá var í Kirkjuvogi.

Heyrt hefi eg, að ýmislegt hafi líka heyrzt í samkomuhúsinu í Kirkjuvogi þennan vetur, þegar þar var engra manna von, og mun það einnig hafa staðið í sambandi við þennan voveiflega atburð. En öll fyrirbrigði í Kotvogi hurfu, er mennirnir voru drukknaðir. Menn þeir, sem rak, voru 11 að tölu; voru þeir jarðsungnir í Kirkjuvogi, og munu það vera flest lík, sem borin hafa verið til grafar í einu út úr Kirkjuvogskirkju.

RAUÐSKINNA I 159



"Kominn er eg að keipnum senn"

Það er gömul sögn á Suðurnesjum, að einhverju sinni hafi maður nokkur ungur komið þar um vetur til sjóróðra. Ekki er kunnugt, hvaðan hann var. Sóttist honum ferðin seint sökum fannfergis og veðurníðslu, og var það loks á Kyndilmessukvöldi, að hann kom til húsbónda síns, sem sagt er, að hafi verið stórbóndi í Kotvogi.

Hús voru þar mikil og rammger, frambærinn rekinn fimmtommu, en þó að hýsing væri hin bezta, var þar þó þröngt þetta kvöld, því að mannaferð var mikil, þeirra er komu og fóru, og ys og þys að venju í byrjun vertíðar. Var manni þessum vísað til svefns í framhýsi einu. Hátaði hann skjótt, því að hann var hvíldar þurfi. Birta var af tungli. Varla hafði honum runnið í brjóst, er hann hrökk upp við það, að lokið var upp svefnstofu hans, og hann sá mann inn ganga. Var sá mikill og þreklegur með skeggkraga, er þá var tízka. Þóttist sjómaður nú vita, að ekki myndi hann hafa verið síðastur gesta og hefði þessum verið til sín vísað. Gekk komumaður að rúminu, tók að afklæðast og tautaði fyrir munni sér:

"Kominn er eg að keipnum senn, kallaður til róðra enn".

Sezt hann brátt á rúm sjómanns og leysir skó og fer úr buxum og stígur að því búnu upp í sængina fyrir framan hann. Leggst maður þessi endilangur, breiðir brekán að höku, signir sig og mælir svo: Maríu sælli og Mikael, máttarvöldum Guðs ég fel sjávarreisur seint og árla, signi þau hverja unnarskel, svo að lendi lífs við endi í líknarvari bak við hel. Reis þá sjómaðurinn upp, lagði handlegginn yfir gestinn og mælti:

"Hver ert þú annars, lagsmaður?"

En svo brá þá við, að ekkert varð fyrir honum og komumaður allur á burtu.



Krýs og Herdís

Krýsuvík er austastur bær í Gullbringusýslu með sjávarsíðunni, en Herdísarvík er vestastur bær í Árnessýslu. Þetta eru næstu bæir sinn hvoru megin við sýslumótin; hvort tveggja er landnámsjörð og svo að ráða sem sín konan hafi gefið hvorri nafn er þar bjuggu lengi, og hét sú Krýs er byggði Krýsuvík, en Herdís sú er setti bú í Herdísarvík.

Jarðir þessar hafa alla tíð verið taldar með beztu bólstöðum hér á landi og er það ekki að undra, því báðum fylgir útræði, fuglaberg mikið og trjáreki nógur. Á landi áttu báðar jarðirnar veiðivötn ágæt: Krýsuvík mörg í suður og austur frá bænum þar sem hann er nú, en Herdísarvík litla tjörn eina í heimatúni milli sjós og bæjar. Rétt hjá veiðivötnunum átti Krýsuvík starengi mikið og fagurt. Herdísarvík átti aftur á móti ekkert engi, en beutiland svo miklu betra fyrir sauði en Krýsuvík að nálega tekur aldrei fyrir haga í Herdísarvíkurhrauni; er þar bæði skjólasamt af fjallshlíð þeirri er gengur með endilangri norðurbrún hraunsins og kölluð er Geitahlíð og skógur mikill. Þótt fjarskalöng bæjarleið, hér um bil hálf þingmannaleið, sé milli þessara bæja voru þær Krýs og Herdís grannkonur og var nábúakritur megn á milli þeirra; því hvor öfundaði aðra af landgæðum þeim er hin þóttist ekki hafa, Krýs Herdísí af beutilandinu, en Herdís Krýs aftur af enginu. Svo hafði lengi gengið að hvor veitti annari þungar búsisfjar; rak Krýs sauðfénað sinn í land Herdísar, en Herdís vildi aftur ná í engið, og beittust svo þessu á víxl með því landamerki virðast annaðhvort hafa verið óglögg eða engin í það mund.

Þegar þær grannkonurnar eltust meir fóru þær síður að hafa fylgi á framkvæmdum til að ásælast hvor aðra, en ekki var skap þeirra að minna eða vægara fyrir það. Bar þá svo við einhverju sinni að Herdís hafði gengið út í hraun og síðan út

með Geitahlíð svo sem leið liggur út í Krýsuvík. En utarlega undir hlíðinni ganga úr henni hæðir nokkrar fram að hrauninu og eru þær kallaðar Eldborgir. Yfir þessar hæðir liggur vegurinn. Þann sama dag er Herdís tókst þessa göngu á hendur fór og Krýs að heiman. Í suður frá Krýsuvík er slétt melgata; er hún nokkuð langur skeiðsprettur suður undir hornið á Geitahlíð, en þegar komið er fyrir það horn blasa Eldborgir við sunnar með hlíðinni og er allskammt þangað undan hlíðarhorninu.

Nú segir ekki af ferðum þeirra grannkvennanna fyrr en Krýs kemur þar á götunni sem hún liggur yfir hina nyrztu Eldborgina, þá kemur Herdís í flasið á henni að sunnan. Þegar þær hittust varð fátt af kveðjum, en því fleira af illyrðum á milli þeirra er hvor um sig þóttist eiga land það er þær stóðu á. Ekki er þess að vísu getið hvernig hvorri um sig hafi farizt orð, en svo lauk að hvor hézt við aðra vegna landadeildarinnar. Lagði þá Krýs það á Herdís að allur ætur silungur skyldi hverfa úr veiðitjörn hennar, en verða aftur full af loðsilungi, sumir segja öfugugga. En Herdís lagði það aftur á Krýs að allur silungur í veiðivötnum hennar skyldi verða að hornsílum. Enn lagði Krýs það á Herdísarvík að þaðan skyldi týnast tvær eða þrjár skipshafnir. Herdís mælti aftur það um fyrir Krýsuvík að starengið þar skyldi smásökkva á hverjum 20 árum, en koma upp á jafnlöngum tíma. Eftir þessi ummæli sprungu þær báðar þar sem þær stóðu og eru þær dysjaðar báðar til vinstri handar við götuna þegar riðið er út í Krýsuvík norðan til á Eldborginni nyrztu, og sér dysirnar þar enn; dys Krýsar er það sem nær er Krýsuvík, en Herdísar hitt sem fjær er. Meðan þær voru að mæla hvor um fyrir annari kom að þeim smalinn úr Krýsuvík, en svo brá honum við heitingar þeirra að hann féll þegar dauður niður og er hann dysjaður hægra megin við götuna þar upp undan sem þeirra dys er niður undan svo ekki skilur nema gatan ein. Dys þeirra grannkonanna eru enn kölluð Krýs og Herdís og þar með eru þau kölluð sýsluskil Gullbringusýslu og Árnessýslu, svo eru þau og talin landamerki milli Krýsuvíkur og Herdísarvíkur.

En af ummælum þeirra er það að segja að í veiðivötnum Krýsuvíkur hefur enginn silungur fengizt svo menn viti nokkurn tíma síðan, en fullt er þar af hornsílum, og í Herdísarvíkurtjörn hefur ekki heldur orðið silungs var; en loðsilungar ætla menn þar hafi verið þótt ekki sé þess getið að neinn hafi af því bana beðið. Aftur var það einn vetur eftir þetta er sjómenn gengur til sjávar snemma

morguns frá Herdísarvík, en skemmst leið er að ganga til sjávar þaðan yfir tjörnina þegar hún liggur, að þeir fórust allir í tjörninni ofan um hestís, og segja menn þeir hafi verið 24 að tölu. Um starengið í Krýsuvík er það enn í dag sannreynt að það lækkar smátt og smátt fram við tjörnina er það liggur að svo að hún gengur hærra upp eftir því unz hún er komin yfir allt engið eftir 20 ár, en þá fjarar tjörnin aftur smásaman svo engið kemur æ betur upp unz það er orðið jafngott og áður að öðrum 20 árum liðnum.

JÓN ÁRNASON I 459



Krýsuvíkur Guðmundur

Guðmundur hét maður úr Breiðafirði. Hann felldi ástarhug til stúlku einnar er hann fékk ekki að eiga og fór þá suður á land og létti eigi fyrri en suður kom í Gullbringusýslu en þar hafðist hann við alla æfi upp frá því á ýmsum stöðum, lengst af í Krýsivíkursókn. Þar byggði hann nýbýlið Læk frá stofni. Einnig bjó hann í Garðshorni nokkur ár.

Á veturnum gætti hann fár síns við helli einn í Klofningahrauni, Gvendarhelli og hélt því mjög til beitar. Framan við hellinn byggði hann skemmu með opi á miðju og sést hún enn þá. Rétt inn af skemmuni afgirti hann skáp úr hellinum og geymdi þar lömbin, ef illt var veður og þörf var á að gefa þeim. Þar hafði hann og rúm sitt, er hann hlóð upp úr grjóti og þakti svo með gæruskinnum, er hann lá á. Út frá hellinum var veðursæld mikil og hagar fyrir sauðfé svo góðir að aldrei brugðust.

Eitt sinn, er Guðmundur var í hellinum, kom til hans maður, að nafni Einar, sem var að fara í verið til Grindavíkur. Guðmundur tók vel á móti Einari og veitti honum hangikjöt og brennivín. Einari leizt vel á fénaðinn og þótti vel um gengið í skemmu hans og helli. - Um þessar mundir flutti Einar að Stóra-Nýjabæ við Krýsivík, og voru þeir Guðmundur því nágrennar lengi síðan.

Þegar Guðmundur bjó í Garðshorni, færði hann frá ám sínum á vori hverju og flutti lömbin eftir fráfærur inn í Lambatanga við Kleifarvatn. Eitt sinn eftir fráfærurnar sluppu ærnar í þoku og komust inn undir Lambatanga, þar sem lömbin voru. Þau heyrðu þá jarminn í ánum og fóru öll, 50 að tölu, út í vatnið og drápust öll og rak þau síðan upp úr vatninu. Guðmundur reiddi lambskrokkana

heim í Garðshorn, rak í þau fótinn, þar sem þau lágu á túninu og sagði: "Þar fóru þið að fara hægara, nú ræð ég við ykkur."

Það er enn sagt af Guðmundi, þegar hann bjó í Garðshorni, að hann batt ullina, óþvegna, í bagga og flutti hana þannig til kaupstaðar. Úr Krýsivíkurbær mun Guðmundur hafa farið inn í Garðahrepp, líklega að Setbergi, því öllum ber saman um það, að hann hafi haldizt við í Gjáarrétt með fé sitt og sér enn merki þess. Einnig var hann um tíma með féð uppi í Bakhlíðum og sér þar votta fyrir byrgi sem við hann er kennt, Gvendarbyrgi. Og enn er þess að geta að Guðmundur var um stundarsakir í Straumsseli í Hraunum, þá líklega búlaus. Þaðan seldi hann sauði sína í Bessastaðaskóla. Guðmundur Bjarnason var talinn sérkennilegur í mörgu: einrænn og dulur í skapi, en kjarkmaður og einbeittur, skýr í hugsun og þrekmikill, og sumir töldu hann fjölkunnugan.

Hér kemur að lokum saga, sem sögð er af Guðmundi. Kona nokkur hélzt við í Ólafsskarði og á Svínahraunsvegi og stundum í Jósefsdal; þar sást bæli hennar til skamms tíma, segja sumir. Hún var mannskæð og réðst á ferðamenn, er um veginn fóru og rænti þá, því er þeir höfðu meðferðis. Þessu framferði kunnu menn illa, og af því að nauðsyn þótti til að ráða hana af dögum, en enginn vildi reyna, var Guðmundur Bjarnason fenginn og fór hann við annan mann upp að Ólafsskarði. En er þangað kom, legst Guðmundur í leyni, en lætur fylgdarmanninn halda áfram eftir veginum, þar sem illkvendið var vant að hafast við. Að litlum tíma liðnum kom kerling, ræðst á manninn, en þá kom Guðmundur honum til hjálpar, vegur að henni, og varð það hennar bani. Aðrir segja, að Guðmundur hafi ekki drepið flagðkonuna, en í þess stað afhent hana yfirvöldunum.

BLANDA VI 187



Kynlegur farþegi

Einn dag í febrúar árið 1940 ók bílstjóri nokkur fullfermi af olíu í Sandgerði. Gekk þá á með krapahryðjum en þurrt á milli, jörð auð að mestu og mikið slabb og bleyta en ekki kalt í veðri. Þegar hann hafði stöðvað bílinn kom til hans kona, á að gizka milli fimmtugs og sextugs, frekar lág vexti en þrekin. Hún gekk til bílstjórans og spyr hvort hann geti lofað stúlku að sitja í bílnum til Reykjavíkur um kvöldið. Það var auðsótt mál. Þá biður hún hann að flauta á planinu fyrir framan Kronhúsið er hann fari, en hann gat ekki sagt henni ákveðið um hve snemma það yrði. Síðan kvaddi konan og hvarf upp fyrir íbúðarhús kaupmannsins.

Bílstjórinn starfaði allan daginn við að koma olíunni í báta við bryggjuna. Þegar klukkan er svo langt gengin ellefu nam hann staðar og flautaði á planinu fyrir framan Kronhúsið og opnaði bílhurðina. Þá kemur kvenmaður inn í bílinn og sest við hlið hans. Hún gaf ekki frá sér neitt hljóð, en ekki man hann hvort hún kinkaði til hans kalli. Hún var fremur hávaxin og grönn, hvítleit í andliti og í fríðara lagi. Hún var í dökkri kápu og berhöfðuð, berhent og hafði ekkert handa millum, ekki einu sinni kventösku. Hún virtist vera 25 til 30 ára. Þegar þau lögðu af stað fór hann að spyrja hana um hitt og þetta en hún svaraði engu, sat þegjandi og keik í sætinu og horfði beint fram.

Bílstjórinn var þó að ávarpa hana öðru hverju, allt að því hálfu leiðina til Reykjavíkur, en hún ansaði aldrei. Þá var hann farinn að halda að þetta mundi vera mállaus manneskja eða heyrnarlaus eða hvort tveggja og hætti að ávarpa hana, lét hana afskiptalaus þar til þau voru komin inn í Öskjuhlíðarháls, þar sem sést til bæjarins.

Þá gerði hann síðustu tilraun til að tala við hana og spyr hvert hún ætli í bæinn.

Hún situr eins og fyrr hreyfingarlaus í sæti sínu og gefur ekkert hljóð frá sér. En tæpri hálfri mínútu seinna er hann orðinn einn í bílnum. Honum varð hálfvegis hverft við, en þó ekki meira en svo að hann myndi flytja þennan kvenmann aftur sunnan úr Sandgerði ef hún beiddist þess.

GRÁSKINNA II 168, GRÍMA HIN NÝJA IV 234, BERGMÁL 95



Landvættir

“Braut fór hann þaðan og suður um Reykjanes og vildi ganga upp á Vikarsskeiði. Þar kom í móti honum bergrisi og hafði járnstaf í hendi, og bar höfuðið hærra en fjöllin, og margir aðrir jötnar með honum.”

Í þjóðsögu segir frá nátttröllahjónum, sem dagaði uppi í fornöld úti fyrir Reykjanesi og urðu að steinum. Karlinn stendur þarna enn í sjó fram og "brýtur hrygg í hverri hafs glymbrúði", sem æðir þar að landi, eins og hann hefir gert um aldir.

DULHEIMAR 89,97



"Langar mig í lífs höll"

Á fyrra hluta 19. aldar var í Hafnahreppi barnakennari sem Hafliði hét og kenndi lestur, skrift og reikning; aðrar námsgreinar voru þá ekki kenndar. Hafliði var ókvæntur og búlaus á meðan hann dvaldist í Höfnum en hafðist við sem lausamaður í Kirkjuvogi.

Eina nótt í júlímánuði vaknar Hafliði og gengur út. Var þetta laust eftir sólaruppkomu. Logn var og blíðviðri. Þá er Hafliði kemur vestur fyrir húshornið sér hann að Virkishóllinn opnast og út úr honum kemur mikill mannföldi. Sá hann brátt að þetta var líkfylgd og gengu tveir prestar á undan þeim sem kistuna báru, en báðir voru prestarnir í fullum skrudá. Jafnframt heyrði Hafliði söng mikinn og gat vel greint að sunginn var sálmurinn:

Langar mig í lífs höll,
leiðist mér heimsról, o.s.frv.

Horfði Hafliði undrandi á líkfylgd þessa uns hún kom að Hjallhólnum. Þá opnaðist sá höll einnig fyrir sjónum Hafliða og hvarf öll líkfylgdin þangað inn. Virkishóllinn er hár höll sem stendur í Kirkjuvogstúninu, hér um bil 20 metra frá Kotvogi en Hjallhóllinn er á að gizka 100 metra í norðaustur frá Virkishólum.

Sagt er að bóndi nokkur í Kirkjuvogi hafi nokkurum árum síðar séð nákvæmlega sömu sýn og heyrt sunginn sama sálm.

RAUÐSKINNA I 6, ÞJÓÐHÆTTIR 139



Lárus læknir Pálsson

Þegar Lárus læknir Pálsson var ungur maður suður á Vatnsleysuströnd bar svo til einu sinni að til hans kom ung og óþekkt stúlka og bað hann ganga með sér spölkorn og hjálpa móður sinni í barnsnauð. Hann var tregur til og kvaðst illa til þess fær sökum vanþekkingar. Hún kvað hann vel vera laginn til þess og mundi hjálp hans duga. Lét hann þá til leiðast og fór með henni.

Komu þau að húsi þar sem annars var klettur; gengu þau þar inn. Sá Lárus að þar lá kona á gólfi þungt haldin af barnsförum. Settist hann þá niður hjá henni og fór höndum um hana og greiddist þá hennar hagur vel svo hún ól barnið. Að því búnu segir hún að minni verði laun sín en verðugt væri. "En þó legg ég það til með þér," segir hún, "er þér skal verða betra en ekki því hér eftir skulu þér vel farnast allar lækningar og líknarstörf við nauðlíðandi menn. Skaltu því hér eftir leggja fyrir þig lækningar; mun þér farnast það flestum betur og sjaldan koma fyrir sá sjúkleiki er þú sér eigi ráð við".

Eftir það skildu þau með kærleikum. Síðan gerðist Lárus smáskammtalæknir og hafa þótt furðuvel rætast á honum ummæli huldunnar. Einnig halda menn að hann viti betur um hagi álfa en aðrir menn.

SIGFÚS III 43



Lengi lífi Mókolla

Eitt sinn var bóndi í Krýsuvík sem átti 900 fjár. Fóstra hans sagði honum á haustin, hvað skera skyldi, en eitt haust er hún leit yfir fé bónda sagði hún aðeins:

"Lengi lifir Mókolla,"

- og fékk bóndi ekki meira upp úr kerlingu, hvernig sem hann reyndi til.

Bóndi lét skera fátt fé þetta haust, en um veturinn missti hann 300 fjár í Kleifarvatn og 300 í Kerið á Kirkjufjöru; sjást þar enn kindabein, þegar smogið er inn í Kerið um fjöru, því að ekki er hægt að komast niður í það að ofan; 299 kindur missti bóndi niður fyrir berg, en mókollótt ær ein, sem bóndi átti, stóð á bergsbrúnni, þegar hann koma að; varð hann þá svo reiður yfir missi sínum, að hann ætlaði að fleygja Mókollu fram af líka, en hún hafði sig undan bónda, og segir sagan, að svo margt fé hafi æxlast út af henni, að bóndi hafi orðið fjárríkur maður aftur.

(Þessi saga er til í nokkrum útgáfum - sjá Ólaf Davíðsson II 124)



Loftsjónir

Vor eitt um 1820 í heiðríkju hér um bil milli hádegis og miðmunda heyrðist skruðningur í lofti því líkast sem stórskip væri í flughasti dregið um kastmöl. Þetta heyrðist víða á Suðurnesjum, í Keflavík, Grindavík, Garði og Hafnarfirði. En á Miðnesinu sást skýflóki líða hér um bil skafthátt fyrir ofan sjóndeildarhring úr landsuðri til útsuðurs; fyrst dökkur, en er hann kom fyrir sól að sjá, hvítbleikur. Að honum horfnum kom þessi skruðningur upp - sögðu Nejsamenn. Var þetta kallaður loftandi. Sögur svipaðar þessari gengu manna á meðal og voru alltaf kallaðar loftanda verkan.

JÓN ÁRNASON IV 27



Maður fær að drekka hjá huldufólki

Þegar Schram snikkari bjó í Mosbúðarhólma á Miðnesi var hann eitt sinn að smíðum inni í Keflavík. Kvöld eitt rétt fyrir jólin ætlar hann heim til sín. Veður var dimmt en hlýtt. Fór hann villur vegar og ber hann að kletti einum. Með því að veður var gott tekur hann það ráð að bíða þar birtu og leggst til svefns.

Um nóttina vaknar hann við það að hann sækir þorsti mikill og er hann lítur í krin-gum sig, sér hann að hann liggur í glugghúsi einu og innum gluggann sér hann stúlku eina á ferli. Hann talar til stúlkunnar og biður hana að gefa sér að drekka.

Hún kemur að vörmu spori út með ausu í hendinni og segir honum að í hlaðvarpa-num sé brunnur með hlemm yfir sem hann geti drukkið úr.

Meðan hann er að drekka fer hann að hugsa um hvað þetta geti verið; hann var kunnugur í grenndinni en man ekki eftir neinum bæ að líkt sé umhorfs. Stúlkan hefur gengið inn í þessum svifum og kann hann eigi við að kveðja hana til dyra aftur, til þess að beiðast næturgistingar. Sezt hann í glugghúsið og hugsar ráð sitt en áður en hann varir er hann sofnaður aftur. Þegar lýsa tekur vaknar hann; ekkert hús sér hann þá en þekkir sig að hann er staddur undir kletti einum suður við Ósaboтна.

GRÁSKINNA I 185



Maðurinn í ganginum

Það bar til á Útskálum litlu eftir 1890 að Ögmundur Sigurðsson, barnaskólakennari sá þar mann um hábjartan dag sem hvorki hann né aðrir gátu gert sér grein fyrir. Þetta var á sunnudegi og var messað á Hvalsnesi og allt fólkið við húslestur inni í íbúðarhúsi prests nema kona ein sem var við eldhúsverk í gamla bænum á Útskálum. En þannig hagaði til að úr gamla bænum lágu tvennar dyr, aðrar úr eldhúsinu og út en hinar fram á hlaðið. Þar var bjartur gangur.

Ögmundur þurfti að sinna mönnum er voru í erindum við hann og þurfti að fara inn um ganginn, en hann var lokaður að innanverðu, svo að hann varð að fara inn um eldhúsið og opna ganginn að innanverðu. En þá sér hann þar mann greinilega. Hann var öðruvísi klæddur en almennt gerist, - var í stuttbuxum, hneppum fyrir neðan hnéð og í stórri mussu mórauðri, einhnepptri, með hattkúf á höfði og mikið grátt hár kom undan hattinum. Hann sneri baki við veggnum og var álútur, studdist fram á gönguprik og löfðu vettlingar niður með prikinu.

Ögmundur heilsar upp á manninn en hann tekur ekki kveðjunni. Hugði Ögmundur þetta vera karl að nafni Bjarni er oft var í slæmu skapi og segir við hann: "Það liggur illa á þér í dag, Bjarni minn".

En hann áttaði sig þegar og sá að þar var annar maður en Bjarni. Síðan fer hann fram hjá honum og út og lýkur erindum við mennina. Fer svo inn aftur og út um eldhúsið og spyr hvort nokkur hafi gengið um og kvað eldakona það ekki vera og hefir maður sá ekki sést síðan.

RAUÐSKINNA II 168



Magnús í Króki

Einu sinni bjó maður sá í Króki í Garði er Magnús hét. Var hann jafnan kallaður Magnús í Króki og talinn afbragðs verkmaður til hvers sem hann gekk. Sérstaklega var það í frásögur fært hver afburða sjómaður hann var.

Eitt sinn fór hann til Vestmannaeyja og sótti þangað teinæring við þriðja mann. Þótti ferð sú með afbrigðum og var lengi í minnum höfð. Óspar var Magnús að segja frá hreystiverkum sínum og svaðilförum. Vildi þá frásögn hans stundum verða ýkjuborin, og ekki trútt um, að með ólíkind-um væri.

Hér er sögð ein saga eftir Magnús:

Einu sinni sem oftast reri Magnús til fiska. Var hann einn á fjöggra manna fari. Reri hann út á svonefndar Setur. En það eru fiskimið úr Garðinum. Leggst Magnús nú við stjóra og rennir færi en verður ekki fisks var. Hankar hann þá upp færið og rær snertu til hafs og reynir þá fyrir sér í annað sinn. En það fer á sömu leið sem fyrr að hann verður ekki var. Rær hann á enn til hafs nokkurn spöl, leggst svo við stjóran og rennir nú færi í þriðja sinn. Gengur svo æði lengi, að hann verður ein-skis var. Tekur honum þá að leiðast og ætlar að halda af stað heimleiðis við svo búid.

En er hann er byrjaður að draga upp færið er bitið á. Lifnar nú skjótt yfir Magnúsi og tekur hann að draga sem ákafast. En það finnur hann brátt að ekki muni það vera nein smáræðisskepna er hann hefur komizt í kast við því að allmjög reynist honum erfiður drátturinn áður en lýkur. Loks kemur þó að því að Magnús fær tosað skepnu þessari upp að yfirborði og er hann þá talsvert orðinn dasaður. Sér hann þá að þetta er skata og er hún svo stór að hann hefur enga slíka áður séð og hefur þó komizt í færi við margar laglegar um dagana. Er það til marks um stærð hen-

nar að börðin á henni náðu fram fyrir stafn og aftur fyrir skut.

Grípur nú Magnús til ífærunnar og leggur til skötunnar. En er hún kengi lagsins, tekur hún svo snart viðbragð að Magnús hrekkur útbyrðis með ífæruna í hendinni og hvolfir bátnum um leið. En svo vildi til að Magnús lenti á baki skötunnar er hann hraut fyrir borð og barst hann nú í kaf með henni og gekk svo æðistund. En þar kemur um síðir að fer að draga af skötunni með því líka að hana mæddi blórá af sári ífærunnar. Þar kemur að lokum að þau berast úr kafi.

Verður það þá hið fyrsta er fyrir Magnús ber að hann sér bát sinn rétt hjá. Krækir hann þá til bátsins með ífærunni og fær komið honum á réttan kjöl og komst svo upp í hann. Alltaf hefur Magnús haft færið í annarri hendinni en ífæruna í hinni. Er nú skatan dauð, en svo stór er hún að með engu móti fær Magnús innbyrt hana. Tekur hann þá það ráð að hann sker hana alla við borðstokkinn og innbyrðir hana með þeim hætti. En er Magnús hafði innbyrt alla skötuna er báturinn svo hlaðinn að hann ber ekki meira. Við svo búid heldur Magnús til lands og þykist hafa gert góða ferð. En er Magnús var spurður að því síðar hvort ekki hefði verið sleipt á skötunni, svaraði hann:

"Ó-jú, nokkuð svona, þegar hún var að bretta börðin."

RAUÐSKINNA I 127



Magnús sálarháski

Magnús hét maður, auknefndur sálarháski og festist nafn það við hann sökum þess að sjálfur hann kvað svo að orði um það og það sem hættligt var að það væri sálarháski. Magnús var atgervimaður bæði að greind og líkamsþroska og lagvirkni, en auðnumaður lítill og urðu honum því rýr notin atgervi sinnar.

Einu sinni var hann staddur í Keflavík syðra og kom þar þá sýslumaðurinn. Gjörðust menn þá til að segja Magnúsi af hljóði að hann mundi ætla sér að taka hann. Varð Magnús þá mjög hræddur og bað kaupmann að fela sig og lætur kaupmaður hann koma niður í stóra ámu er stóð á plátsinu og er að því búnu botn sleginn í ámuna og er hún sem heil. Hér ætlaði Magnús sig óhultan fyrir eftirleit sýslumanns; en er minnst varði verður sýslumanni sem skýrt var frá málavöxtum Magnúsar reikað um plátsið í fylgd með kaupmanni og mörgum öðrum og er þeir koma nálægt ámunni fer sýslumaður að biðja kaupmann að selja sér stóra ámu. Kaupmaður kveðst ekki geta það, hann eigi ekki ámur.

"Það er ekki satt," segir sýslumaður, "hér er ein strax og tek ég hana."

- Áttu þeir nokkra keppni um ámuna en svo lauk að kaupmaður varð að láta hana fala.

Sýslumaður tekur til ámunnar og byltir á hliðina, en halllent var og veltur hún niður og á sjó fram. Áman var stafgysin og féll strax kolblár sjór í hana; en áður hún sykki var hún sókt og henni velt upp á plássið aftur og sjór látinn renna úr henni.

Sýslumaður fer enn að skoða ámuna og hrista hana; þykist hann þá merkja að eitthvað muni í henni vera og lætur slá úr henni botninn, og sem það var gjört sprettur Magnús þar upp alvotur og ófrýnligur mjög. Hefur hann engar kveðjur,

en hleypur gegnum mannþröngina sem stóð um kring. Var hann þá sem óður maður og rann þeim brátt, hvarf burt úr kaupstaðnum og vissu þeir lengi síðan ekki til ferða hans.

JÓN ÁRNASON IV 233



"Margt smátt fyllir"

Fyrir mörgum árum fórst vélbátur við Vestmannaeyjar vegna bilunar; var skipverjum bjargað að undanteknum einum manni er mun hafa átt eitthvað í bátum og vildi eigi skiljast við hann. Fórst hann því með honum. Bátur þessi brotnaði í spón þar við eyjarnar og rak brot og fleka af honum víðs vegar með suðurströndinni. Nokkru síðar rak bátsfleka einn nálægt lendingunni á Járngerðarstöðum í Grindavík. Var hann hirtur og lagður upp við fiskihjall fyrir ofan naustin og lá þar langan tíma.

Á þrettándakvöld jóla árið eftir var Páll, frá Akurhúsum í Grindavík, staddur hjá bróður sínum. Undir miðnætti fór Páll áleiðis heim til sín. Veður var gott með tunglsskini en þó skyggði allmikið annað kastið, því að tungl óð í skýjum. Á heimleiðinni datt Páli í hug, að rétt myndi vera að hyggja að skipunum í naustunum en bær hans stóð næst þeim. Þá er Páll kemur til naustanna, sér hann mann, er hann þekkti þó ekki, standa hjá bátsflekanum og lúta fram yfir hann. Átti hann ekki von á neinum manni þar svo síðla, en bjóst samt við, að það hlyti að vera einhver maður úr þorpínu, og segir því við hann í hálfgerðu spaugi: "Hvað ert þú að gera þarna, lagsmaður?"

Við spurninguna réttir hinn úr sér og svarar nokkuð seinlega með málrómi, er Páll kannaðist ekki við: "Margt smátt fyllir og faranda dregur".

Páli mun hafa brugðið við svarið, og hvarflaði eitt andartak augum af manni þessum, en er hann leit við aftur til þess að virða hann betur fyrir sér, var hann horfinn sjónum hans.

Þótt Páll væri karlmenni hið mesta, kjarkmikill og alvanur næturförðum í misjöfnu veðri, þá varð honum samt allbilt við sýn þessa, og brá sér sem skjótast heim.

Kona hans sá þegar, að honum var brugðið og spurði hann, hverju það sætti. Sagði hann henni þá, hvað fyrir sig hefði borið. Eigi var Páli kunnugt, er sýn þessa bar fyrir hann, úr hvaða skipi flakið var, en miklar líkur þykja á, að það hafi verið úr vélbáti þeim, er að framan greinir, og hafi eigandinn verið að líta eftir brotunum og því þurft víða við að koma.

RAUÐSKINNA I 40



Máriufiskur

Máriufiskur heitir fyrsti fiskur, sem maður dregur úr sjó, hvernar tegundar sem hann er. Var á honum helgi mikil, og var sá siður fyrrum í Höfnum og allt til þessa, að drengir fóru jafnskjótt sem þeir voru komnir í land með Máriufisk sinn til elztu konunnar í þorpínu og gáfu henni. Blessaði hún þá fyrir gjöfina og bað fyrir þeim, að þeir yrðu fræknir, fengsælir og lángefdir sjómenn.

Jón Thorarensen minnst þess er hann reri í fyrsta skipti, 9 ára gamall, með Bjarna Guðnasyni formanni:

"Eg dró þá stórýsu fyrsta fiska. Var Bjarni þá fjálgur mjög, sagði mér að taka hníf og skera krossa í báða kinnfiska hennar og geyma hana svo á sérstökum stað í skipinu, því að þetta væri Máriufiskur minn. Jafnskjótt sem við lentum, sagði Bjarni mér að taka Máriufiskinn og gefa hann konu er Ingigerður Ketilsdóttir hét; var hún elzta konan þá í Höfnum. Tók eg nú ýsuna og labbaði með hana inn að rúmi hennar, því að hún lá í kör, og sagði eg henni, að eg væri kominn með Máriufiskinn minn til hennar. Fannst mér þetta þá mjög alvarleg stund. Hýrnaði heldur en ekki yfir gömlu konunni; þakkaði hún mér gjöfina og óskaði mér farsællar framtíðar á sjónum. Það þótti heiður mikill fyrir gamalmenni að fá marga Máriufiska".

RAUÐSKINNA I 23



"Mér er um og ó"

Einhvern tíma í fyrndinni var unglingsmaður á Suðurnesjum á ferð meðfram sævarhömrum á nýársnótt. Hann kom þá að helli einum miklum og gekk inn í hann. Sá hann þar þá 12 stúlkur yndislega fríðar og 12 selahami í öðru lagi. Hann undraðist þetta mjög en grípur einn haminn og hleypur út með hann. Stúlkurnar urðu þessa varar og brást hver í sinn ham og þutu í sjóinn nema sú sem átti haminn sem hann náði. Hún kemur til hans og biður hann grátandi að fá sér haminn sinn. Hann neitar því og spyr hver hún sé. Hún segist ein afkomenda Faraós og segir sem áður er greint að því sé leyft að taka á sig rétt manneðli á nýársnótt og halda því þangað til það fer í selshamina aftur.

"Og fá mér nú haminn minn," segir hún.

"Fyrr skaltu nú fara heim með mér og verða konan mín," segir maðurinn.

Og hversu mikið sem hún hafði á móti því og streittist við þá leiddi hann hana heim til sín og læsti haminn niðri í kistu og bar á sér lykilinn. Síðan giftist hann henni og fór að búa þarna eftir foreldra sína.

Er svo sagt að þau bjuggu svo saman í 7 ár og áttu 7 börn og gætti hann svo hamsins að hún gat aldrei náð honum og þráði þó mjög í sjóinn hversu heitt sem hún elskaði mann sinn. Á áttunda ári samveru þeirra vildi svo til að bóndi fór heim og hafði buxnaskipti; gleymdi hann þá að taka lykilinn. Neytti konan þá færir og náði ham sínum; fór hún í hann og hvarf til sævar. En er hún kom ofan á sævarbakkann stanzaði hún sem hún væri ei ráðin í því hvort hún skyldi fara eða vera. En í þeirri andránni kom bóndi hennar hlaupandi sem hafði saknað lykilsins og snúið aftur og saknað hennar. Þegar bóndi nálgadist hana heyrir hann hún telur harmatölur og kvað þessi stef við raust:

Mér er um og ó,
ein af fólki Faraó,
á sjö börn í sjó
og sjö á landi þó.

Í því varð hún bónda vör og stakk sér í sjóinn. En svo er sagt að löngum sæist hún sveima þar í selslíki með ströndinni og koma í land með miklu blíðlæti þegar börnin léku sér á ströndinni. Lagði bóndinn blátt bann fyrir að þar væru veiddir selir. Fannst honum það raunabót að vita þarna af henni og sjá hana leitast við að sýna sér og börnunum ástaratlot þótt eigi gæfi hún fang á sér. Loksins tókst svo óheppilega til að ókunnugur maður vann á henni. Eftir það sá bóndi ei glaðan dag og dó úr hugstríði.

SIGFÚS IV 187



Náskata og skötuselur

Náskata og skötuselur eru hálfgerð skrímsli og óvættir. Sjómaður sá ungur skötusel og nærri 30 árum síðar veiddi hann einn í grásleppunet á Vatsleysuströnd. Hann var á stærð við hnísu og strjálhærður. Alveg eins og skata að sjá á bakið og grár neðan. Hann þótti óætur. Þá er náskatan eigi frýnilegri. Er hún gagnsæ sem gler og óefað vond átu. Selamæður og skötumæður þykja og hálfgerðir óvættir. - Margslags ódrættir og skrímsladýr eru til.

SIGFÚS IV 146



Nikulás á Kvíavöllum

Nikulás hét maður og kona hans Ingvöldur; þau bjuggu á Kvíavöllum í Kirkjubólshverfi. Hann kom innan úr Útskálasókn áleiðis heim til sín. En er hann kom að Hrossalág innanvert við Kirkjubólshverfið sér hann hvar kvensvunta með silfurhnapp á liggur þar samanbrotin. Ætlar hann að taka í hnappinn, en náði henni aldrei, gengur þanneg áfram að aldrei nær hann svuntunni þangað til hann er kominn svo upp í heiðina að hann var kominn að hól þeim er kallaður er Skiphóll. Þar yfirgaf hann svuntuna. Var það haldinn útburður.

JÓN ÁRNASON III 291



Óbrennishólmi

Krýsuvík var fyrst byggð niður við sjó fyrir utan Krýsuvíkurborg en lagðist svo af að eldur kom upp í fjöllum þar norður frá og runnu hraunkvíslar hér og þar fram milli hálsanna. Hin austasta var einna mest. Smalamaður frá Krýsuvík var kippkorn frá bænum með féð. Hann sá glóandi hraunleðjuna brjótast með feikna hraða ofan úr skarðinu upp frá bænum og fleygjast út yfir láglendið. Hann sá sér enga von til undankomu og beið með fjárhópinum þess er að höndum kæmi og fal sig guði; því hefir þetta skeð í kristni. Eldflóðið fór allt í kringum hann og sakaði hvorki hann né féð nema eina á. Það heitir síðan Óbrennishólmi er hann var.

Hraunið hljóp um allt láglendið og fram í sjó en túnið í Krýsuvík stóð óskaddað og bærinn. En nálega var ófært þangað þegar hraunið var storknað. Þá var bærinn fluttur þangað sem Krýsuvík er nú, það er ofar og austnorðar. Þegar eldgangurinn var afstaðinn og hraunin storknuð, fóru menn að leggja veg til Grindavíkur yfir þau og urðu öll rudd að þessu austasta fráteknu. Það var svo stórgert og hart að það var óvinnandi og varð ekki veginum komið á.

Ögmundur var berserkur. Er hann sagður hafa lagt veginn yfir hraunið en verið drepinn að verki loknu. Grjóthrúga er þar við götuna sem kallað er leiði Ögmundar. Vegurinn gegnum hraunið er djúpur og mjór og víða brotinn eða höggvinn gegnum stór hraunstykki en víða þrepóttur í botninn sem hin gamla staka segir:

Eru í hrauni Ögmundar
ótal margir þröskuldar,
fáka meiða fæturnar
og fyrir oss brjóta skeifurnar.

Síðan hefir hraunið heitið Ögmundarhraun. Þar sem áður var bærinn Krýsuvík,
heitir nú Húshólmi. Þar er vatnsskortur oftast. Litlar menjar kvað sjást þar af
tóftum, en þó nokkrar.

JÓN ÁRNASON IV



Ólafur stóri

Ólafur var einn svipmesti og aðsópsmesti vinnumaður í Kotvogi. Hann var tröll að vexti og kröftum og mikilmenni til allra verka, bæði á sjó og landi. Honum var ekki boðið annað rúm en háandófið á stjórn. Því fylgdi og að vera skiphaldsmaður. Hann var gæfur og góðlyndur og skipti aldrei skapi við þá er voru honum minni máttar og sjaldan og seint við þá er voru jafningjar hans eða honum meiri. En þá skipti hann hömum og fór upp úr sporinu. Við stórvirki á landi og sjó var hann fremsti maður. Trúmaður var hann mikill og gekk út úr bænum á drottinsdögum ef ekki var lesinn Vídalín. Af víni varð hann saddur en ekki fullur og var þá bæði hýr og prúður. Var það örsjaldan sem hann hafði slíkt um hönd og aldrei var það til skemmtunar hjá honum, heldur aðeins í sambandi við erfiðustu landverk til að deyfa þreytuna og þá vildi hann um leið borða nógar baunir og ket. Hann var greindur og minnugur og sagði manna bezt sögur.

Ólafur var með ör þvert yfir lófann. Sagði hann sjálfur frá hvernig hann fékk það:

"Ég kom að Kotvogi ungur og var hér til tvítugs. Sama vor og ég var tvítugur sendi Ketill mig út á Miðnes. Í þeirri ferð sá ég unga stúlku og við fyrstu sýn sá ég og fann að hún var mér fyrirhuguð. Það sama sumar náði ég tvisvar fundi hennar og gengum við svo frá málum okkar að þau bönd biluðu aldrei. Ég sagði Katli fyrir jólin að ég ætlaði að fara næsta vor frá honum út á Miðnes, ráða mig þar í nágrenni við heitmey mína eitt ár áður en við færum að búa. Um vorið tók Ketill mann í minn stað en rétt um það leyti sem ég ætlaði að flytja út á Nes, þá brást mér vistin þar. Ég var því kyrr í Kotvogi en óráðinn þar og mátti gera hvað ég vildi. Þá var það rétt eftir fardaga að Ketill bað mig að skreppa til Keflavíkur og

sækja nokkur pund af ýmsu smádóti. Ég fór og ekkert bar til tíðinda fyrr en á leiðinni heim. Þegar ég var kominn suður í heiðina náði ég Jóni Ingimundarsyni í Merkinesi. Hann var mikill vexti og mesti jötunn að burðum. Hann var lítið eitt hreifur af víni og mælti er ég kom: "Þú ert þá búinn að ná mér, Ólafur, hvað er að tala um þig."

Við áttum nú samleið og spjölluðum saman um stund.

Allt í einu segir Jón: "Á ég ekki að hvíla þig og bera pokann þinn um stund, Óli?"

É

g kvað nei við, því að þetta væri svo létt. Þá varð Jón svo að segja hamslaus af löngun að fá að bera pokann. Ég vissi ekki hvernig ég átti að skilja þetta, og lét það loks eftir honum. En þá brá skyndilega við. Jón tók að herða ganginn svo mikið að ég hafði orð á því við hann að ekkert lægi á að hraða sér svona. Hann anzaði mér ekki. Við gengum nú svona góða stund. Þá tók Jón að hlaupa og ég skildi nú að hann ætlaði að hirða pokann. Ég sagði honum þá að fá mér pokann því að hann væri búinn að bera hann nógu lengi fyrir mig en hann anzaði ekki. Mér þótti skömm að því að láta hann taka pokann af mér ekki sízt vegna þess að aðrir áttu það sem í honum var. Það var því ekki um annað að gera en að neyta réttar síns. Ég þreif til poka míns en hann var ekki alveg laus. Jón svaraði með því að kasta af sér allri byrðinni og fljúga á mig. Ég fann strax krafta hans en gætti þess að geyma mína ýtrustu krafta ef viðureignin yrði löng. Rétt í þessu bar að ríðandi mann. Jón hætti samstundis, sneri sér að honum og mælti: "Mikið andsk... er það hressandi að tuskast við þessa ungu og efnilegu stráka!"

Það var orðið þungt í mér og ég sagði ekki eitt einasta orð. Við urðum svo þrír samferða suður undir byggðina og héldum svo hver heim til sín. Nokkrum dögum seinna kom Jón að Kotvogi. Hann tók mig tali og sagðist hafa heyrt að ég væri á lausum kili en sig vantaði nauðsynlega mann og bað mig að vistast til sín þetta eina ár. Ég hafði oft heyrt að Jón væri beggja handa járn og til í allt og hafði líka reynt það dálítið svo að mér datt strax í hug að hann vildi nú fá mig til að jafna við mig reikninginn úr því að það varð svona endasleppt í heiðinni. Ég vildi því sízt láta Jón finna að ég væri hræddur við hann og sagði honum strax að ég skyldi koma og vera hjá honum til næsta vors. Ég fluttist svo til Jóns og var hjá honum þetta ár. Þar háðu sukk og barsmíðar einvígi dag hvern en aldrei lagði Jón neitt til mín. Um lokin sagði ég Jóni að nú færi ég frá honum í fardögum eins og ákveðið

hafði verið þegar ég réð mig til hans. Ég sagði honum að ég ætlaði að fara að hokra úti á Miðnesi upp úr fardögum þar sem ég ætti barn í vonum með heitmey minni.

Þá sagði Jón: "Nei, Óli. Ég má ekki missa verkin þín. Nú losar þú þig við stúlkuna og barnið. Ég skal í staðinn hækka árskaup þitt um tíu krónur svo verður þú kyrr hjá mér."

Þá sagði ég við hann: "Ég hefi oft heyrt sagt um þig að þú sért illmenni, en aldrei hefði ég trúað því að þú værir svona mikið þrælmenni. Ég læti þig því vita það að ég fer strax héðan þegar tími minn er runninn út og það gildir mig einu, hvort þér líkar betur eða verr."

Eftir það var fátt á milli okkar Jóns þá daga sem eftir voru til fardaga. Í fardögum fór ég. Var þá sumt af dóti mínu horfið; varð fátt um kveðjur og mest öllu árskaupi mínu tapaði ég. Ég flutti nú út á Nes og tók að reisa baðstofu. Efni mín voru lítil og mig munaði um þótt minna væri en það að tapa kaupi fyrir heilt ár. Mig vanhagaði og um timbur til byggingarinnar. Þá var það einn dag að menn lentu á sexmanafari fyrir neðan hjá mér. Voru þeir með timbur frá Katli í Kotvogi. Var það til mín með kveðju frá gamla manninum og að hann hefði grunað að ég væri í spýtnahraki. Þetta reið baggamuninn. Ég kom baðstofunni alveg upp á skömmum tíma. Milli messna skrapp ég svo suður að Kotvogi og hitti gamla manninn. Ég þakkaði honum fyrir sendinguna og spurði hann hvað ég ætti að borga fyrir þetta. Þá mælti hann: "Þú færð nú fyrst kaffi og franskt koníak, og svo lætur þú mig ekki heyra um þetta spýtnarusl á eftir."

Mér var því létt um fót þennan daginn er ég fór frá Kotvogi. Í litla bænum mínum á Miðnesinu bjó ég svo allan minn búskap. Ég var alltaf fátækur, en það var eins og það yrði meira úr því litla sem við áttum af því að við vorum ánægð.

Þetta fyrsta haust í búskapnum mínum skrapp ég á jólaföstudni til Keflavíkur.

Þann dag var útnyrðingsruddi og kalsa veður. Ég kom í Duusbúð; þar var mikið verzlað og margt um manninn. Þar voru saman komnir margir menn af Miðnesi, Höfnum og Grindavík. Brennivín var selt í "snöfsum" í búðinni og tóku margir úr sér hrollinn.

Allt í einu rakst ég á Jón í mannþrönginni. Hann var kenndur og mælti reiðilega er hann sá mig: "Þarna ert þú, helvískur svikarokkurinn; fyrir lágnætti skalt þú liggja dauður úti á Nessheiði."

Öllum brá við í búðinni, þegar Jón sagði þetta.

Litlu seinna var hann hrofinn. Tóku nú bæði verzlunarmennirnir og aðrir Keflavík-ingar að ganga í skrokk á mér og biðja mig að fresta förinni um kvöldið. Þeir þekktu Jón og sögðu að hann væri ekki vanur að láta sitja við orðin tóm og kepp-
tust þeir við að bjóða mér gistingu. En nú hafði hlaupið svo stjórnlaust skap í mig að ég vildi heldur láta lífið en að láta Jón aftra mér frá því að fara heim um kvöldið. Ég tók því út ýmislegt smádót, fékk mér þrjá sterka "snafsa" af brennivíni til þess að taka úr mér einhvern ónotahroll og hélt svo heimleiðis. Ég vissi vel að fyrir lá það að berjast þetta kvöld upp á líf og dauða. Grunur minn var ekki lengi að rætast. Þegar ég var kominn suður og út af Leirunni, lá vegurinn milli tveggja melbakka.

Undan öðrum bakkanum spratt Jón upp, heldur ófrýnilegur, og mælti: "Nú er dauðastundin komin." Ég hafði tæplega ráðrúm til þess að fleygja af mér dótinu áður en hann var kominn yfir mig. Næstu augnablikum get ég varla lýst. En það var mér strax ljóst að hann var mér meiri að kröftum og eina vonin til lífs væri að láta hann sækja á en verjast aðeins svo lengi sem hann yrði ekki móður. Ég hafði líka von um að hann hefði minna þol því að hann var kenndur. Nú fóru fötin að fara af mér í tætlum fyrst jakkinn svo vestið og seinast varð ég eins og staur sem á hafa verið hengdar druslur. Ég get ekki lýst þessari raun og alltaf síðan hefi ég verið sannfærður um að hann hafi verið miklu meira karlmenni en ég. Við höfðum nú borizt þarna um í flaginu góða stund, flest fót tætt af okkur og við orðnir blóðugir. Ég var farinn að finna til þreytu þó að ég gerði ekki annað en að verjast. Ég sá því fram á að ég gæti alveg eins gefizt upp að lokum þó að ég verðist alla stund. Heiftin var nú orðin mikil í mér og ég var alveg sinnulaus um það þótt hann dræpi mig. Ég hafði nú andstyggð á allri varkárni trylltist alveg og hugsaði að því betra væri sem þetta væri fyrr búíð. En við þetta varð sú ótrúlega breyting að það fór að halla á hann. Það bjargaði lífi mínu að ég lét hann sækja á fyrst. Ég æstist og versnaði þegar ég fann hann vera að linast. Loks kom ég honum undir. Þá mælti hann: "Æ, blessaður Óli, við skulum ekki vera að þessu tuski lengur." Ég hélt nú að hann hefði gefizt upp og gætti mín ekki eitt augnablik en áður en auga yrði á fest hafði hann farið ofan í vestisgarminn sinn og opnað mikinn og beittan sjálf-skeiðung og ætlaði að reka hann á kaf í kvið mér. Á síðasta augnabliki gat ég gripið utan um blaðið og sveigt það til hliðar og skarst illilega í lófanum. Ég vildi

nú ekki eiga von á fleiri slíkum augnablikum. Ég lét því hnefahögginn dynja af öllu affi á honum og notaði svo fæturna með. Þá kom karlmennska hans bezt í ljós. Hann stundi aðeins en hljóðaði aldrei. Loks stóð ég upp. Ég riðaði allir og mér sortnaði fyrir augum. Hann lá nú kyrr á bakið. Ég tók snæri úr poka mínum og reyndi að þekja mig með fatadruslum mínum sem lágu víðs vegar og vefja snærum utan um mig. Ég gat þetta varla fyrir þreytu og skjálfta; mér var að verða illt. Ég hraðaði mér af stað, gekk slyppur og snauður, því að ég treysti mér ekki til þess að bera pokann minn. Ég komst heim um nóttina með veikum burðum og lá rúmfastur í rúma viku. Síðar frétti ég að Jón hefði komið undir morgun til Keflavíkur aftur. Hann lá þar veikur í þrjár vikur. Næsta haust hittumst við í Duusbúð aftur. Þá var Jón hraustur og kátur, bauð mér brennivín og virtist vera hinn bezt. Ég afþakkaði öll boð hans og var alltaf á varðbergi gagnvart honum það sem eftir var." Ólafur var eitt sinn spurður hvort hann gæti ekki sagt eitthvað einkennilegt, sem fyrir hann hefði komið. Sagði Ólafur þá þessa sögu: "Á yngri árum fór ég sumar eitt norður í land í kaupavinnu. Ég var á skemmtilegum bæ; þar var ungt og fjörugt fólk við heyvinnu. Dag einn er við vorum komin á engjar var ég við slátt sem oftar og tvær stúlkur í ljánni nálægt mér. Voru þær ungar og fjörugar og höfðum við slegið marga brýnuna saman. Þennan dag var hiti og molla. Allt í einu finn ég einhver ósköp koma yfir mig; ég henti orfinu og ljánum, áður en ég hné niður. Nú brá kynlega við; ég varð allt í einu sem dauður væri þar eð é gat ekkert hreyft mig né gefið hljóð frá mér, en hafði fulla meðvitund og heyrn. Ég heyrði stúlkurnar koma með flissi; þær sögðu að þetta væri nú rétt eitt bragðið hjá mér til að koma þeim til og væri nú hægt að sýna mér það fljótt að ég gæti hreyft mig aftur. Þær ruku því og kitluðu mig allan og kysstu mig loks en ekkert dugði. Þegar þær komust að raun um að þetta var alvarlegt, flýðu þær. Komu nú karlmenn að mér og var ég borinn heim og lagður upp í rúm.

Um kvöldið ræddi fólk mikið um þetta sem ég heyrði allt. Sumir töldu það óvíst að ég væri dáinn; aðrir sögðu að það leyndi sér ekki. Á bænum var gömul kona. Hún sagði að það væri áreiðanlegt að ég væri skilinn við. Daginn eftir var ég alveg eins. Enginn getur skilið hugarangur mitt þegar sá hluti heimilisfóksins sigraði sem hélt að ég væri dáinnæ. Um kvöldið sagði kerlingin fyrr nefnda að það þyrfti endilega að fara að slá einhverju saman handa mér því að það væri vont að

hafa mig hér í hitatíðinni. Ég sendi henni ekkert hlýjar hugsanir þá helvískri. Þetta kvöld var ljósmóðirin gestkomandi í bænum. Hún var að koma frá sængurkonu í sveitinni og átti leið um. Hún var látin líta á mig. Hún sagði strax að ég hefði fengið hræðilega martröð eða stjarfa og ég væri eins lifandi og aðrir; kvaðst hún skyldu dvelja á bænum þar til ég hefði lifnað við. Ég get ekki með orðum lýst þeim fögnuði og friði sem um mig á fór. Tók hún nú að nudda mig allan og dúða mig með heitum bökstrum. Ekki leið á löngu þar til ég gat hreyft fingur á vinstri hendi og smám saman færðist líf í mig allan. Urðu þeir nú sagnafáir sem mest höfðu haldið fram dauða mínum, einkanlega kerlingin. Hafði ég andstyggð mikla á henni það sem eftir var af samvist okkar. Ljósmóðurinni, lífgjafa mínum, launaði ég eins vel og ég gat. En langur tími leið áður en ég varð jafnheill við vinnu mína og svo fór ég af bænum, að aldrei gat ég til fulls endurlífgað fyrra gáskann hjá ungu vinkonunum mínum." Einu sinni spurði ég Ólaf, hvort hann myndi ekki eftir nokkuru merkilegu frá fyrri dvöl sinni í Kotvogi.

Þá mælti hann: "Ekki nema honum Teiti, sem sagði fyrir með fiskaflann."

"Hvernig var það?" spurði ég.

"Það var þannig, að í Kotvogi var nokkrar vertíðir, þegar ég var ungur, maður sá austan úr Árnessýslu, er Teitur hét. Hann var eins og fólk er flest og ekkert sérstakt eftirtektarvert við hann, en eina vertíð var hann eitthvað einkennilegur, öðruvísi en hann átti vanda til, og þegar kom fram á mið-góu, þá skeði það einkennilega, að hann gat alltaf í viku byrjun sagt nákvæmlega upp á fisk, hvað við fengjum til hlutar næstu viku. Þegar þetta hafði gengið í nokkrar vikur og aldrei skeið, þá þótti mönnum þetta mestu undur, og sumir urðu forvitnir og vildu fá að vita fleira hjá honum. Einn sjómaður var þá í Kotvogi, miðaldra, sem gekk svo langt í forvitninni, að hann spurði Teit, hvort hann gæti sagt sér, hvernig dauða sinn myndi bera að. Yfirbragð Teits varð þá allt í einu óvenjulega einkenni-legt, og hann kvað hjá við, en mælti um leið, að bezt væri fyrir manninn að vita það ekki. En sjómaðurinn lét Teit aldrei hafa frið upp frá því og linnti ekki látum, fyrr en Teitur lét loks tilleiðast fyrir þrábeiðni hans að segja honum, að hann myndi drukkna í sjó. Um lokin fóru svo sjómenn allir heim úr verinu, þar á meðal Teitur, sem rétt komst heim og lagðist í lungnabólgu og dó, og fannst mönnum því þessi næmleiki seinna hluta vetrar hafa staðið í einhverju sambandi við hina bráðu feigð hans. En

sjómaður sá, sem mest hafði gengið eftir svari Teits um dauða sinn, varð altekinn af hugsýki, eftir að hann frétti lát Teits. Aldrei fór hann á flot eftir þetta, hvorki sumar né vetur, en vann að ýmsum smásnúningum að vetrinum og hirti fénað og skrapp til Keflavíkur fyrir hina og aðra, þegar róið var í beit að vetrinum. Svo liðu nokkur ár. Þá var það einu sinni um vetur, að hann fór sem oftast suður að Haugsendum að líta eftir því, að fé flæddi ekki. Hann kom ekki aftur, og fóru menn þá að leita hans. Fannst hann þá holdvotur og örendur í flæðarmálinu fyrir ofan Markasker."

RAUÐSKINNA II 32



Órotnaða höndin

Sagt var að börn mættu ekki slá foreldra sína. Mundi sú hönd ekki rotna nema slegið væri á hana með viðarhríslu. Eitt sinn kom upp órotin hönd úr Útskálakirkjugarði.

ÞJÓÐSAGNAKVER 118



Óþægilegur farþegi

Ökumaður sagði svo frá:

"Eitt sinn sem oftast var ég að koma af Suðurnesjum, eftir að hafa flutt þangað ýmsan varning. Þetta var í byrjun nætur, og var mér rótt í geði, þar sem ég sat einn í hlýju húsi vörubíls á nýjum steinsteyptum vegi. Þau stóðu þó ekki lengi rólegheitin mín, því að ég varð þess skyndilega var, að maður var kominn við hlið mér. Var hann klæddur hettuúlpu og sá ógerla í andlit honum, þar sem hann sneri því sem mest frá mér. Ég vissi ekki, hvaðan á mig stóð veðrið, og varð mér sem nærri má geta meir en illt við.

"Hvað ertu þú að gera hér?" spurði ég hranalega og dró um leið úr hraða bílsins eftir megni, en ekki er gott að snarstanzan í slíkri umferð eins og er á Keflavíkurvegi á nótt sem degi.

Engu svaraði maðurinn og sneri frá mér í sætinu eins og áður. Bíllinn var nú stanzatur og ég hugsaði mér að láta til skarar skríða við þennan óvelkomna gest, sem ég hugði helst, að hefði komizt inn í bílinn, áður en ég lagði af stað, og ég hefði ekki tekið eftir honum þá.

En ekki þurfti að koma til átaka, því að eins skyndilega og farþeginn hafði birzt, hvarf hann nú og var aðeins autt sætið, þar sem hann hafði setið. Ég ók hálf utan við mig í bæinn og hef síðan sótt eftir raunverulegum farþegum á þessari leið, sem öðrum, er ég hefi ekið. Hinir geta farið með öðrum en mér."

INGÓLFUR I 60



Prestsvarða

Í heiðinni skammt fyrir ofan Leiru er mannhæðar há grjóttvarða sem alltaf var nefnd Prestsvarða. Sagt var, að síra Sigurður Sívertsen, sem prestur var á Útskálum fyrrum, hafi einhverju sinni verið þarna á ferð að vetrarlagi. Kom hann úr Keflavík og ætlaði heim til sín að Útskálum. Talið var að leiðin væri tveggja tíma gangur eða meira eftir þeim vegi sem þá var farinn. En við lestagang voru allar vegalengdir miðaðar á þeim tímum. Þegar prestur kom út á móts við miðja Leiru villtist hann af leið. Fannst honum líðan sín þannig að hann treystist ekki til þess að halda áfram ferðinni. Prestur tók það ráð að leggjast fyrir og vera kyrr alla nóttina. Nokkru síðar lét síra Sigurður hlaða upp vörðu á þessum stað. Var hún ferstrend eins og margar grjótvörður. En eitt var það, sem gerði hana frábrugðna öðrum vörðum. Á hlið þeirri sem að austri snéri var allstór flöt hella sem á var höggvið sálmavers.

RAUÐSKINNA II 295



Rauðhöfði

a) RAUÐHÖFÐI:

Í fornöld var það mjög tíðkað á Suðurnesjum að fara út í Geirfuglasker til að sækja þangað bæði fugl og egg. Þóttu þær ferðir jafnan hættulegar og varð að sæta til þeirra góðu veðri því bæði eru skerin langt undan landi og svo er líka mjög brimsamt við þau.

Einu sinni sem oftast fór skip eitt út í Geirfuglasker; geymdu sumir skips, en sumir fóru upp í skerin eftir eggjum. Ókyrrði þá sjóinn fljótt svo þeir urðu að fara burtu fyrr en þeir hefðu viljað. Komust eggjatökumennirnir með illan leik upp í skipið allir nema einn. Hann kom seinastur ofan úr skerinu því hann hafði farið lengst og hugsað að ekki mundi liggja svo mikið á. Hann var sonur og fyrirvinna ekkju nokkurrar sem bjó á Melabergi í Hvalsnessókn, og var hinn ötulasti maður og á bezta aldri (sumir nefna manninn Helga). Þegar nú maðurinn kom niður að skipinu þá var hafrótið orðið svo fjarskalegt við skerið að honum varð ekki náð út í skipið hversu mjög sem þar var leitað lags við. Urðu skipverjar að fara burtu við svo búíð og töldu þeir manninn af með öllu nema hans yrði bráðlega vitjað. Héldu þeir svo í land og sögðu hvar komið var og átti nú að fara í skerin og vitja mannsins hvenær sem þar gæfist færi á. En eftir þetta varð aldrei framar komizt út í skerin um sumarið fyrir brimi og stórviðrum. Var þá hætt með öllu að hugsa til manns þessa framar eða leiða sér í hug að hann mundi nokkurn tíma sjást lifandi framar.

Nú leið og beið þangað til sumarið eftir. Þá fóru Nesjamenn á skipi út í Geirfuglasker eins og þeir voru vanir. Þegar eggjatökumennirnir komu upp í skerið urðu þeir hissa, þegar þeir sáu þar mann á gangi þar sem þeir áttu sér hér engra manna

von. Maðurinn gekk til þeirra og þekktu þeir þar Melabergsmanninn sem eftir hafði orðið sumarið áður í skerinu. Gekk það öldungis yfir þá og þóttust sjá að þetta væri ekki einleikið. Forvitnaði þá nú heldur en ekki að vita hvernig á þessu öllu stæði. En maðurinn sagði þeim óljóst frá því sem þeir spurðu, en í skerinu sagðist hann alltaf hafa verið og hefði þar ekki væst um sig. Samt bað hann á að flytja sig í land og gjörðu þeir það fúslega. Var Melabergsmaðurinn hinn glaðasti, en þó fremur fátalaður. Þegar í land kom varð þar hinn mesti fagnaðarfundur og þótti öllum þessi atburður allur undrum gegna, og enga glögga grein vildi maðurinn gjöra um veru sína í skerinu.

Nú leið enn og beið og var hætt að tala um nýlundu þessa. En seint um sumarið, einn góðan veðurdag þegar messað var á Hvalsnesi, varð sá atburður sem alla kynjaði á. Við kirkjuna var fjöldi fólks og þar á meðal Melabergsmaðurinn. En þegar fólkið kom út (aðrir segja inn í kirkjuna og láta allan atburðinn fara fram fyrir messu) úr kirkjunni stóð uppbúin vagga við kirkjudyrnar og lá ungbarn í vöggunni. Ofan á vöggunni lá dýrindisábreiða sem enginn þekkti hvað í var. Á þetta varð öllum starsýnt mjög og enginn leiddi sig að vöggunni eða barninu og enginn lézt þar vita nein deili á. Nú kemur prestur út úr kirkjunni; sér hann vögguna og barnið og furðar á þessu öllu ekki síður en aðra. Spyr hann þá hvort viti nokkur deili á vöggunni og barninu eða hver með það hafi komið eða hvort nokkur vilji að hann skíri barnið. En enginn lézt vita neitt um þetta og enginn þóttist hirða um að hann skírði barnið. En af því presti þótti allur atburður með Melabergsmanninn kynlegur spurði hann hann ítarlegar um allt þetta en aðra, en maðurinn brást þurrlega við og sagðist ekkert vita um vögguna né barnið enda skipti hann sér öldungis ekkert um hvorugt.

En í því bili sem maðurinn sagði þetta stóð þar kvenmaður hjá þeim fríð sýnum og fönguleg, en æði svipmikil. Hún þreif ábreiðuna af vöggunni, snaraði henni inn í kirkjuna og segir:

"Ekki skal kirkjan gjalda."

Síðan víkur hún sér að Melabergsmanninum og segir við hann mjög reiðulega:

"En þú skalt verða að hinu versta (argasta) illhveli í sjó."

Greip hún þá vögguna með barninu og hvarf með allt saman og sást ekki síðan. -

Presturinn tók ábreiðuna og lét gjöra úr henni altarisklæði handa kirkjunni, og hefur það verið þar til skamms tíma og þótt hin mesta gersemi.

Nú viku sögunni til Melabergsmannsins. Honum brá svo við orð hinnar ókunnugu konu að hann tók undir eins á rás frá kirkjunni og heim til sín. Ekki stóð hann þar við, heldur æddi sem vitstola norður eftir þangað til hann kom fram á Hólmsberg sem er fyrir vestan Keflavík, en berg það er fram við sjó, býsna hátt og þverhnipt. Þegar hann kom fram á bergsbrúnina staldraði hann við. Varð hann þá allt í einu svo stór og þrútin að bergið sprakk undir fótum honum og hljóp fram klettur mikill úr hamrinum. Stakkst maðurinn þar fram af í sjóinn og varð í sama augnabragði að feikilega stórum hvalfiski með rauðan haus því maðurinn hafði haft rauða húfu eða hettu á höfðinu þegar hann brást í hvalslíkið. Af þessu var hann síðan kallaður Rauðhöfði. En kletturinn sem fram hljóp með hann í sjóinn stendur enn fram í sjónum austarlega undir Keflavíkurbergi og er kallaður Stakkur.

Það er sumra manna sögn, að nú hafi það komið upp á Melabergi eftir móðurmannsins að hann hefði sagzt hafa dvalið um veturinn í skerinu (skerið var síðan kallað Helgasker) í álfabæ einum í góðu yfirlæti. Hefðu þar allir verið sér vel, en þó hefði hann ekki geta fest þar yndi. Fyrst þegar hann hefði orðið eftir af lagsmönnum sínum í skerinu hefði hann gengið um skerið í eins konar örvilnan og verið að hugsa um að steypa sér í sjóinn og drekkja sér til að stytta hörmungar sínar. En þá sagði hann að til sín hefði komið stúlka fríð og falleg og boðið sér veturvist og sagt að hún væri ein af álfafólki því sem ætti heima í Geirfuglaskeri. Þetta þá hann, en vegna óyndis fékk hann heimfararleyfi sumarið eftir. Þá sagði hann að álfastúlkan hefði sagzt ganga með barni hans og skyldi hann muna sig um að láta skíra það ef hún kæmi því til kirkju þar sem hann væri viðstaddur, en ef hann gjörði það ekki mundi hann gjalda þess grimmilega. Sumir segja að maðurinn hafi sagzt móður sinni frá þessu einhvern tíma einslega um sumarið; sumir segja að han hafi gjört það um leið og hann gekk um á Melabergi frá kirkjunni seinast, en sumir segja að hann hafi sagzt það einhverjum trúnaðarmanni sínum öðrum. En ekki er þess getið hvers vegna hann brá út af skipun álfkonunnar með barnsskírnina.

En nú viku aftur sögunni til Rauðhöfða. Hann tók sér aðsetur í Faxaflóa og grandaði þar mönnum og skipum svo engum var óhætt í sjó milli Reykjaness og

Akraness. Varð það fjarskinn allur sem hann gjörði illt af sér í skipsköðum og manntjóni, en enginn gat að gjört eða stökkt óvætti þessum burtu, og áttu margir um sárt að binda af hans völdum þó ekki séu þeir nafngreindir neinir sem hann drap eða tölu hafi verið á þá komið. Upp á síðkastið fór hann að halda til á firðinum milli Akraness og Kjalarness og er sá fjörður því síðan kallaður Hvalfjörður.

Þá bjó gamall prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd; hann var blindur, en þó ern að öðru leyti. Hann átti tvo syni og eina dóttur. Voru systkini þessi öll uppkomin þegar hér var komið sögunni og hin efnilegustu og ann faðir þeirra þeim mjög. Prestur var forn í skapi og vissi jafnlangt nefi sínu. Synir hans reru oft út á fjörðinn á báti til fiskjar. En einu sinni urðu þeir fyrir Rauðhöfða og drekkti hann þeim báðum. Presturinn faðir þeirra heyrði að synir sínir væru drukknaðir og svo af hvers völdum. Féllst honum mikið um sonamissinn.

Litlu síðar einn góðan veðurdag biður hann dóttur sína að koma og leiða sig niður að firðinum sem er þaðan ekki alllangt frá bænum. Hún gjörir svo, en prestur tekur sér staf í hönd. Staulast hann nú með tilhjálp dóttur sinnar ofan að sjónum og setur stafinn fram undan sér út í flæðarmálið og styðst svo fram á hann. Spyr hann þá dóttur sína hvernig sjórinn líti út. Hún segir hann vera spegilfagran og sléttan. Að lítilli stundu liðinni spyr karl aftur hvernig sjórinn líti út. Stúlkan segir að utan fjörðinn sjái hún koma kolsvarta rák líkt og stórfiskavaður ösli inn fjörðinn. Og þegar hún sagði rák þessa komna nærri á móts við þau biður prestur hana leiða sig inn með fjörunni og gjörir hún það. Var röstin jafnan á móts við þau og gekk það uns komið var inn í fjarðarbotn. En þegar grynna fór sá stúlkan að röstin stóð af ákaflega stórum hval sem synti beint inn eftir firðinum eins og hann væri rekinn eða teymdur. Þegar fjörðinn þraut og þar kom að sem Botnsá kemur í hann bað klerkur dóttur sína að leiða sig upp með ánni að vestanverðu. Hún gjörði það og staulaðist karlinn upp fjallshlíðina með ánni, en hvalurinn öslaði einatt hér um bil jafnframt þeim upp eftir ánni sjálfri, og var honum það þó örðugt mjög sökum vatnsleysis. En þegar inn kom í gljúfrið sem áin rennur um fram af Botnsheiði þá urðu þrengslin svo mikil að allt skalf við þegar hvalurinn ruddist áfram, en þegar hann fór upp fossinn hristist jörðin umhverfis eins og í mesta jarðskjálfta. Af því dregur fossinn nafn og heitir síðan Glymur og hæðirnar fyrir

ofan Glym eru síðan kallaðar Skjálfandahæðir. En ekki hætti prestur fyrr en hann kom hvalnum alla leið upp í vatn það sem Botnsá kemur úr og síðan er kallað Hvalvatn.

Fell eitt er hjá vatninu og dregur það einnig nafn af atburði þessum og er kallað Hvalfell. Þegar Rauðhöfði kom í vatnið sprakk hann af áreynslunni að komast upp þangað og hefur síðan ekki orðið vart við hann, en fundist hafa hvalbein mjög stór-kostleg við vatnið og þykir það vera sögu þessari til sannindamerkis. - En þegar prestur var búinn að koma hvalnum fyrir í vatninu staulaðist hann heim aftur með dóttur sinni og þökkudu honum allir vel fyrir viðvikið.

JÓN ÁRNASON I 82

b) RAUÐHÖFÐI

Örlítið breytt og stytt saga.

Melabergsmaðurinn hleypur fram af hamri sem kallast Stakksgnípa. Drekkir 19 skipum milli Akraness og Seltjarnarness. Drekkti bæði syni prestsins í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og prestsins í Saurbæ á Kjalarnesi. Tóku þeir sig saman og kváðu Rauðhöfða inn fjörðinn á milli bæjanna og heitir hann því Hvalfjörður. Varð þá landskjálfti mikill og því heita hæðirnar við Hvalvatn Skjálfandahæðir.

JÓN ÁRNASON I 81

c) FAXI

Nokkuð breytt og mikið stytt frá hinum.

Þegar upp komust svik mannsins varð hann óður og steypiti sér í sjóinn og breyttist í hrosshveli og kölluðu menn hann Faxe. Af því nafni dregur Faxaflói nafn sitt. Drap tvo syni manns er kunni jafnlangt nefi sínu. Var Faxi rekinn í Hvalvatn þar sem síðan fundust hvalbein til sannindamerkis um þessa atburði.

JÓN ÁRNASON I 82

d) MELABERGS-HELGI

Ekkja nokkur bjó að Melabergi ásamt sonum sínum þremur og hét einn Helgi. Eitt sinn fóru bræðurnir í Geirfuglasker ásamt öðrum. Þeim varð illt til fengs og fóru því í fleiri sker. En nú fór að brima og komst Helgi ekki í bátinn. Ekki var komist í

skerin fyrr en vorið eftir og var leitað eftir beinum Helga. Var undrun manna mikil er hann fannst lifandi og vel á sig kominn. Eftir þetta var skerið kallað Helgasker.

Síðan gerist allt sem í hinum sögunum og er upp komast svik Helga segir hann allt af léttu og fer síðan inn þvera heiði og fam af Hólmsbergi. Um leið og hann stakk sér féll úr berginu klettur og er hann hér um 100 faðma fyrir framan bergið og heitir Stakkurinn til þessa dags. Bræður Helga ætluðu heim og komust inn fyrir Melabergsá og urðu þar að steinum. Heita steinar þeir Bræður enn. Helgi breyttist í rauðhöfðaðan hval og hafðist við í Hvalfirði á fjaðrarmótum Kollafjarðar.

Að Reynivöllum bjó prestur og drekkti Rauðhöfði sonum hans tveim. Prestur var skáld og kunnáttusamur. Hann stefndi Rauðhöfða upp í Hvalvatn. Melaberg lagðist í eyði vegna reimleika. En klæðið sem var yfir ruggunni skyldi hafa verið haft fyrir altarisklæði á Hvalsnesi þar til slitið var, þá tekið í sundur og verið lengi til nokkuð af því og ei alllangt síðan eyðilagðist.

JÓN ÁRNASON III 148

e) MÓKOLLUR Á MELABERGI

Mókollur var ríkur bóndi á Melabergi. Allt fer sem fyrr en nú er hann finnst er kona ein hjá honum og lætur vel að honum. Segist hún ganga með barn hans og muni koma með það í kirkju til skírnar. En er barnið var til skírnar fært vildi Mókollur ekki kannast við neitt. Hann stekkur úr kirkju og fram á Hólmsberg á snös þá er síðan er kölluð Stakksnös. Þá féll þar úr berginu með honum klettur sá er Stakkur heitir. Á Katanesi bjó karl sem átti tvo sonu sem Mókollur gleypiti að karli ásjáandi. Hann kom svo Mókolli fyrir í Hvalvatni.

JÓN ÁRNASON III 149

f) RAUÐHÖFÐI

Árni hét kvæntur maður og átti hann nokkur börn. Skip hans hvarf við Geirfuglasker en vorið eftir birtist Árni þessi heima hjá sér. Ekki sagði hann hvernig hann hefði komist af. Nú gerist allt sem áður: barn er fært til skírnar og yfir því er dýrindis klæði í rauðum lit. Presturinn reynir árangurslaust að telja Árna á að viðurkenna barnið og álfkonan leggur á að hann verði að hinum versta fiski í sjónum "og granda skipum og mönnum og aldrei komast úr þeim ánauðum, og jafnan skal einhver ógæfumaður vera meðal niðja þinna, allt í átjándu lið." Árni var

með rauða húfi á höfði er hann tók að tryllast og þrútna út. Stökk hann svo í sjóinn og breyttist í illhveli mikið og hafðist við milli lands og Geirfuglaskerja þar til kraftaskáld nokkur kvað hann upp í Hvalvatn. Mælt er að Einar á Iðu sem var dæmdur til lífláts fyrir barneign í meinum væri kominn að Árna í níunda lið, en nú er komið í hinn tólfta.

JÓN ÁRNASON III 150

g) ÁLFKONAN Í GEIRFUGLASKERI

Enn ein útgáfan af Rauðhöfða.

Nú er það presturinn að Útskálum er fær barnið til skírnar og maðurinn kastar sér fram af "Hólsbergi". Hann drekkir síðan tveim sonum ekkju á Bjarneyjarsandi.

Hún var margkunnug og kom illhvelinu fyrir í Hvalvatn.

JÓN ÁRNASON III 151

h) HVALURINN Í HVALVATNI

Í þessari sögu hér maðurinn Gísli (eða Björn). Hann hafðist við hjá tveimur konum og gerði þá yngri óléttu. Við messu kemur kona með vöggu og yfir henni er rautt klæði. Þegar Gísli neitar að eiga barnið breytist hann í illhveli og hefst við á Faxaflóa og gengur síðan allt eftir sem fyrr.

JÓN ÁRNASON III 152

i) ÁRNI Á MELABERGI

Árni þessi átti þrjá bræður er bjuggu á næstu bæjum við Melaberg. Hann hvarf við Geirfuglasker um haust og kom fram vorið eftir að Hvalsnesskirkju heill á hófi og vel útlítandi. Nú gengur sem fyrr að kona kemur með vöggu til kirkju og yfir henni er fagur dúkur.

Þegar Árni neitar að meðkenna barnið segir konan: "Illa launar þú mér lífgjöfina og veturvistina enda skaltu í sjóinn fara - og verða að þeim versta og mann-skæðasta hval og óhamingja skal fylgja ætt þinni í átjándu lið."

Árni ærðist og steiptist fram af klettunum hjá Melabergi. Bræður Árna voru við kirkju og urðu þeir allir að steinum á heimleiðinni. Þeir steinar sjást hjá kirkjuveginum og eru stórir drangar og ganga út úr þeim mjóir drangar sem handleggir. Það fylgdi ætt Árna í átjándu lið að í henni var alltaf einhver ólánsmaður. Seina-

stur þeirra er talinn Einar á Iðu á Skeiðum sem átti barn með dóttur sinni. Árni varð að versta hval og lagðist inn í Hvalfjörð. Þar var hann þar til hann drekkti tveimur sonum bónda á Kjalarnesi. Þessi bóndi var kraftaskáld og kvað hann hvalinn inn úr Hvalfirði og undir jörðu inn í Hvalvatn þar sem hann sprakk. Eftir hvarf Árna var um langa tíð reimt á Melabergi.

JÓN ÁRNASON III 153



Reimleikinn í Kotvogi 1878

Í vertíðarbyrjun 1878 kom í Kotvog útgerðarmaður einn, sem Ólafur hét. Ekki er getið hvers son hann var né heldur hvaðan hann var, en helst að hann væri úr Skagafirði. Jafnskjótt sem Ólafur þessi var kominn á heimilið fór að bera á ýmsu dularfullu, sem aldrei hafði borið á áður. Undir eins og búið var að slökkva ljósin tóku hundarnir jafnan að ýlfra, gelta og urra og láta öllum illum látum. Kettirnir hvæstu, skyrptu og mjálmuðu en einkennilegast var þó, og því veittu allir heimamenn undir eins eftirtekt að í skoti einu bak við búið undir baðstofuloftinu, þar sem geymdir voru þvottabalar, koppar, kirnur og annað skran, komst allt á fleygiferð inn á gólfið, þá er búið var slökkva ljósin hjá sjómönnum, sem sváfu undir baðstofuloftinu. Höfðu þeir oft engan svefnfrið fyrir þessum látum. Á sjálfu baðstofuloftinu var stundum litlu betra, því að oft var stigagatshlerinn opnaður, er ljós voru slökkt á loftinu hjá vinnufólkinu og honum skellt svo hart aftur að hvert mansbarn, sem sofnað var, vaknaði við hávaðann.

Löng göng lágu frá baðstofu til eldhúss, en eldhússtúlkum þótti slæmur gestur vera sestur að í göngunum og oft komu þær æðandi inn með ópi og óhljóðum og sögðust hafa verið slegnar á kinnina með köldum lófa í göngunum. Fór svo að lokum, að karlmenn urðu að fylgja þeim aftur og fram um bæinn, en verst var þó leikin ein af vinnukonum, er Sigríður hét, sem ekki lét sér allt fyrir brjósti brenna. Gegndi hún fjósverkum með öðru fleira og átti oft í brösum við þessa óvætti. Mátti heita að draugsi og Sigga berðist oft í návígi og margt kjaftshöggið fékk Sigga bæði í fjósdyrunum og þá ekki síður í bæjardyrnum, er hún kom inn með mjólkina á kvöldin. Eitt kvöld heyrðist hávaðinn í Siggu inni í fjósi og að hún sagði meðal annars:

"Ætlarðu ekki að láta kýrnar í friði, helv... kvikindið þitt?"

Kom Sigga síðan æðandi fram í fjósdyrnar með reidda reku.

Ólafur þessi svaf ekki undir baðstofuloftinu, heldur í skála einum, sem byggður var beint inn af bæjardyrnum; sváfu þar 12 menn aðrir, tveir í hverju rúmi, en Ólafur svaf einn í öðru nyrsta rúminu. Mæltist hann til þess, þá er hann kom, að fá að sofa einn og var honum veitt það.

- Ekki varð honum svefninn næðissamur að sögn skálabúa. Leið hann þá óttalegustu martröð, sem hugsast gat, botnveltist í rúminu með veini, stunum og blæstri. Urðu lagsmennirnir, sem sváfu í ysta rúminu andspænis honum, að láta rúmfjöl sína ganga á skrokk Ólafi til þess að vekja hann. En er Guðmundur í Fljótsdal, svo hét annar mannanna, hafði vakið Ólaf með þessu móti nokkur kvöld, þá breyttist þetta á þann hátt, að jafnskjótt sem Guðmundur hóf upp rúmfjölinu, datt allt í dúnalogn, og Ólafur fékk væran blund á eftir.

Svo bar til snemma á góu, að á heimilið kom lítill flökkuhvolpur. Tók Ólafur hann þegar og hændi hann að sér með matgjöfum og lét hann sofa til fóta í rúmi sínu. Brá þá svo kynlega við, að öll ásókn draugsa beindist nú að hvolpinum, og varð hann fyrir nálega öllum skellunum, sem bæði menn og dýr höfðu orðið fyrir áður. Það sögðu skálabúar, að margsinnis hefði honum verið hent langt fram á gólf, en jafnskjótt hefði hann verið þotinn upp í rúmið aftur, og háð sama bardagann að nýju. Oftast mun þó hafa komist full kyrrð á nálægt einni stundu eftir miðnætti.

Eitt kvöld voru flestir háttaðir og sofnaðir nema einn vinnumaður er Þorleifur hét. Hann lá í rúmi sínu og var að lesa "Njólu" Björns Gunnlaugssonar, uppáhaldsbók sína. Hjá rúminu logaði kertaljós, og hafði Þorleifur tólgarkerti á mötuskrínu sinni. Önnur ljós voru þá ekki á baðstofuloftinu, því að komið var fram yfir miðnætti og búið að slökkva á olíulampanum fyrir góðri stundu. Sigríður var ekki háttuð, en hún var þó sofnuð í fötunum. Hafði hún hallað sér upp að súðinni yfir rúminu og sofnað þannig, að hægri hönd hennar hvíldi á fótagaflsbrikinni, sem stóð alveg fast við stigabrúnina. Allt í einu sást einhver gráleitur óskapnaður hreyfast í efsta stigaprepinu; teygði þetta allt í einu úr sér og tók á sig mannsmynd, en samstundis heyrði fólkið háan skell, eins og menn geta slegið harðast saman lófunum. Í sömu svipan þaut Sigríður upp af rúminu með ópi

miklu og sagði, að draugsdjöfullinn hefði slegið sig svo fast á höndina, að hana sárk-enndi til í henni, en lúkan hefði verið köld sem klakastykki. Voru þær annað en kris-tilegar kvöldbænirnar, sem Sigga þuldi á stigabrúninni, um leið og hún skellti aftur hleranum. Flestir í baðstofunni vöknuðu við skellinn. Kallaði bóndinn og spurði, hvað á gengi. Sigga varð fyrir svörum og sagði:

"En draugurinn!" Bar ekki fleira til tíðinda að því sinni.

Laugardaginn fyrir páska bar svo til, að þá er allir voru háttaðir um kvöldið og sumir af sjómönnunum sofnaðir, en kyrrð og ró hvíldi yfir öllu í baðstofunni, var allt í einu tekið að henda til böllum og kirnum í búrskotinu. Ágerðist þessi gauragangur smám saman, þar til tveir balar komu í hendings kasti veltandi inn á gólfið milli rúmana; fór mönnum þá ekki að verða um sel. Í baðstofunni sváfu tveir menn austan úr Hreppum; hét annar þeirra Sigurður. Þá er gauragangurinn með balann og kirnurnar stóð sem hæst, segir Sigurður við lagsmann sinn:

"Fallega lætur hann núna!" Í sömu andrání hrópar Sigurður aftur:

"Heyrðu, lagsi, sko svínið!" Sáu menn þá strákhnokka standa uppi á skörinni og teygja úr sér yfir Sigurð, þar sem hann lá í rúminu.

Sigurður greip sax eitt, sem var í slíðri yfir mötuskrínu hans, og hentist fram úr rúminu. Var þá ekki betur séð en að strákur yrði að engu um leið og hann veltist niður af skörinni; að minnsta kosti sást hann ekki hverfa fram baðstofugólfið, en þó elti Sigurður hann með saxið í hendinni alla leið fram í bæjardyr. Draugur þessi var á stærð við 7-8 ára gamlan strák í grámórauðri prjónapeysu og húfulaus.

Ólafur var mjög fáskiptinn og talaði helst aldrei orði við nokkurn mann á heimilinu nema einn af vinnumönnunum, sem hét Eyjólfur. Hann var smiður góður og var alla daga í smiðjunni, þá er ekki var róíð. Sat Ólafur hjá honum öllum stundum, er hann mátti því við koma, og mun hann hafa sagt Eyjólfu sitt af hverju um drauginn. Til marks um það skal þess getið, að um haustið eftir fékk Eyjólfur bréf frá Ólafi og endaði það á þessa leið: "Nú er eg laus við helv... . Eg fór sjóveg frá Blönduósi til Akureyrar, og síðan hefi eg ekki orðið hans var."

RAUÐSKINNA I 7



Reimleikinn í Valahnjúkshellinum

Árið 1804 rak á land á svo nefndri Valahnjúksmöl á Reykjanesi geysistöran timburflota. Var hann alveg ein samfelld heild og gyrtur afardigrum járnböndum. Allt voru það ferstrend tré, sem voru í flotanum, frá 6 - 10 metra löng, en frá 20 - 30 cm á hvern veg. Það var til marks um stærð flotans, að 10 metra löng tré stóðu upp á endann í honum. En til þess að styrkja flotann sem best, þá voru allar smugur og glufur milli trjáanna fylltar með eikarbútum, sem kallaðir voru "tylftarstykki"; voru þeir frá 1-2 metrar á lengd, en mismunandi að breidd og þykkt; voru þeir að sögn svo þúsundum skipti. Töluvert hafði verið af fötum og fataræflum upp á flotanum, og var haldið, að skip það, sem hafði hann aftan í, hefði farist, en skipshöfnin komist á flotann, en skolast svo aftur af honum í ofviðrinu, en auðvitað voru þetta ágiskanir, og aldrei hefur sannast hvaðan flotinn var, eða hvert hann átti að fara.

Þegar mannfjöldi mikill hafði bjargað öllu timbrinu undan sjó, fór opinbert uppboð fram; voru þar mættir bændur úr allri Gullbringusýslu. Seldust trén á 4-8 dali hvert, sum þó nokkuð meira, allt upp að 12 dölum einstök tré. Allt voru þetta rauðviðartré, sem kallað var, og valinn viður, og til marks um gæði viðarins, þá var rifið hús eitt í Höfnum sumarið 1929, sem byggt var að mestu leyti úr Reykjanesstrandinu, og var mikið af viðnum alveg óskemmt eftir meira en heila öld. Mestan hluta trjáanna keyptu Hafnahrepps- og Vatnsleysustrandarmenn á uppboðinu, dálítið lenti úti á Rosmhvalanesi, en minna í Grindavík og innhreppum sýslunnar. Ár eftir ár voru menn svo úr þessum sveitum að fletta trén í borðvið; mest var unnið að því, að saga trén á sumrum eftir slátt; voru borðin svo flutt á hestum í drátarklyfjum til eigendanna, og sjást vegslóðarnir inn Hafnaheiðina enn í dag, þar sem Strandarmenn og aðrir innan Stapa fóru með lestir sínar.

Hafnamenn einir söguðu lítið af trjánum suður frá, en reru þau aftan í skipum sínum, þegar logn og ládeyða var. Höfðu þeir oft 4-5 tré aftan í einu; var þá lagt af stað um háfjörum að sunnan og norðurfallið látið léttu róðurinn með trén, og ef vel gekk, var lent í Kirkjuvogsvörinni um háflæði eftir 6 tíma þembingsróður. Engin byggð var þá á Reykjanesi og urðu sögunarmennirnir því að liggja í tjöldum eða grjótbryggjum, er þeir hrófuðu upp og skýldu sér í yfir nóttina. En brátt urðu menn þess varir, að uppi á Valahnjúkshamrinum að sunnanverðu, beint upp af þeim stað, þar sem þeir voru að saga, var stór hellir; skoðuðu þeir hann, og leist þeim hann mjög girnilegur til hvíldar, því að þar var þurr, bjartur og hlýr bústaður fyrir hretviðrum haustsins. Hugðu nú margir gott til þessa staðar fyrir sjálfa sig og seppa sína.

Næsta dag var svo hafinn krossmessuflutningur úr tjöldum og grjóthreysum upp í hellinn. Þjuggu menn um sig eftir föngum og gjörðust glaðir mjög; var svo etið og drukkið af kappi miklu, sungin kvæði og sögur sagðar og hlegið dátt, svo að hellirinn glumdi við. Loks voru þó lesnar bænir og lagst til hvíldar. Hvíldi nú grafarkyrrð og helgur friður yfir hellisbúum hálfrar eyktar stund. Allt í einu tóku hundarnir að urra og gelta, og í sama vetfangi var kallað:

"Rífið hann Jón upp; hann er að hengjast. Heyrði þið ekki korrið í honum? Og nú er það komið ofan á hann Brand og hann Gvend og ætlar þá alveg að drepa."

"Komið með kerti fljótt og kveikið ljós."

Nú kom öll hundarþvagan þjótandi og skrækjandi upp í fangið á hellisbúum, og skriðu hundarnir titrandi upp fyrir húsbændur sína og þorðu sig ekki þaðan að hreyfa. Kertið fannst ekki í fátinu og myrkrinu, en úti var aftakaveður af landsuðri með úrfelli, en inni voru reimleikar þeir, sem sóttu að andfærum manna og dýra, og mátti því segja, að menn væru þarna milli steins og sleggju, því að hvorugur kosturinn var góður, að flýja út í veðrið eða reyna að haldast við í hellinum, þar til dagur ljómaði á lofti. Loks urðu hellisbúar ásáttir um að hreyfa sig ekki, en hafa við bænir og sálmasöng, það er eftir var nætur.

Var nú allt með kyrrum kjörum, á meðan allir voru vakandi, og hellirinn bergmálaði af bænahaldi og sálmasöng. En er lifa myndi þriðjungur nætur, gerðust sumir af hellisbúum svefnhöfgir mjög og hugðu á hvíld um stund; áttu þeir, er vöktu, að vera trúir í hinu andlega starfi og vera til taks, ef friður yrði rofinn eða korr

heyrðist í hálsnum hinna sofandi manna. En ekki var mönnum þessum fyrr siginn blundur á brá en sömu ósköpin byrjuðu aftur, hundarnir vitlausir með ýlfri og emji, en mennirnir með kyrkingshljóði og korri miklu þar til félagar þeirra voru búnir að fá þá til fullrar meðvitundar. En nú gekk vindur til vesturs og veðrið batnaði, og skammt var til morguns, fóru því mennirnir allir hið bráðasta út úr hellinum og kvöddu hinn ógestrisna hellisráðanda með ófögnum kveðjum.

Liðu svo full 50 ár, að enginn maður varð til þess að leita skjóls í helli þessum, en árið 1862 leigði presturinn að Stað í Grindavík bændum í Hafnahreppi nokkuð af rekalandi prestssetursins. Bóndinn í Kalmanstjörn leigði svonefndar Krossvíkur sem eru stuttan spöl fyrir austan Valahnjúkinn og nálægt landamerkjum Staðar og Kalmanstjarnar. Valahnjúkurinn fylgir Kalmanstjörn.

Veturinn 1865 rak stórt, ferkantað tré á Krossvíkum. Sendi bóndinn vinnumenn sína og sjómenn marga til þess að koma trénu undan sjó og undir sögun, því að hann ætlaði að láta saga tréð þar suður frá. Lá svo tréð allt vorið og sumarið fram yfir höfuðdag á sögunarpallinum, en seint í september voru tveir vinnumenn, Þorleifur og Eyjólfur, sendir suður eftir að saga tréð. Voru þeir útbúnir með nesti og nýja skó, sængurföt og fleira. Loks var tjaldið og tjaldsúlurnar tekið niður af háalofti.

"Hvað eigum við að gera við þetta?" spurði Leifi gamli.

"Auðvitað liggið þið ekki undir beru lofti," var honum svarað.

"Það ætla eg ekki heldur að gera," segir Leifi. "Eg ætla að lofa Valahnjúkshellinum að hýsa okkur". Þá var Leifi minntur á ósköpin, sem á gengu, þegar Reykjanesstrandið var, en Leifi svaraði með því einu, að lygaþvættingur, heimska og hjátrú vitlausra manna hefði engin áhrif á sig.

Og svo lögðu þeir Þorleifur og Eyjólfur af stað með hund og hest og tjaldlausir. Eyjólfur var með afbrigðum blótsamur, og mátti segja, að hann tæki ærið oft upp í sig.

Næsta morgun um fótaferðartíma er Eyfi kominn á Blágrána gamla að sækja tjaldið. Nú átti auðvitað að spyrja Eyfa spjörunum úr; en það hafðist ekkert annað upp úr honum en hinar óttalegustu formælingar og helv... hann Kolur, og þóttust sumir hafa heyrt tóninn frá Eyfa suður um allt tún, er hann lagði af stað með tjaldið. En víst er, að Þorleifur þjappaði að Eyjólfum með að láta aldrei uppi við ne-

inn, hvernig þeim reiddi af þessa einu nótt í Valahnjúkshellinum og aldrei hafðist neitt frekara upp úr þeim félögum um dvöl þeirra í hellinum.

RAUÐSKINNA I 161



Saga af Hafliða bónda í Grindavík

Árið 1404 bjó sá maður á Þórkötlustöðum í Grindavík er Hafliði hét, en kona hans Guðrún Rúnólfsdóttir; voru þau vel auðug af peningum, fríðum og dauðum.

Þetta sama ár kom skip af hafi gegnt Grindavík svo stórt að menn þóttust ei annað slíkt séð hafa á þeim dögum þar koma. Hafliði sér þetta hið stóra skip, heitir á menn og segist vilja vita hvaða fólk þetta sé. Verða þeir saman tólf, taka áttæring er Hafliði átti, setja til sjóar og róa nú hið glaðasta er mátti. En sem þeir komu þar nærri er þeir sjá skipið, þykir þeim það heldur stórt og ekki svo friðsamlega útbúið, með fjörutíu fallstykki á hvert borð. Vilja nú sumir aftur snúa, en Hafliði segir það ei gegna, því svo snart sem hinir sjái það - séu þeir annars ómildir - gjöri þeir ei annað en skjóta á þá með gaflokum og skotum, og megi því ei undanróðurinn takast.

“Hitt ræð ég heldur til skipsins að leggja og taka við því sem að höndum ber.”

Gjöra þeir svo; en sem þeir komu undir skipið sjá þeir mikinn mannfjölda uppi á því dansandi og leikandi. Eru síðan krókar ofan settir og skip þeirra upp halað með öllu saman. Skilur Hafliði þar engvan mann. Sér hann nú kaptein í þessu og teiknar hann til einhvörs, en að því búnu eru allir hans fylgjarar teknir og allir fyrir borð höggvir og virtist Hafliða sem kapteinn mundi horfa á þetta með fögnuði. Talar hann til manna sinna og segir þeir skuli bíða lítið, kallar á Hafliða á íslenzku, spyr hann að ætt og nafni. Hafliði sagði allt sem var; hann spyr hann að hvað kona hans heiti. Hafliði greinir frá því. Kapteinn svarar:

“Ef þú lýgur að mér skaltu sömu för fara sem fylgjarar þínir, getir þú ei sannað sögu þína.”

Hafliði segir lítið muni um það verða, tekur síðan upp bréf er þeim hafði báðum til skrifað verið og sýnir honum.

Hann leit á og mælti: “Eftir því að þetta er hvað öðru samkvæmt skaltu vera mér velkominn til vistar og veru því þegar ég var páll í Grindavík gjörði þín kona mér mikið gott og skaltu þess njóta,”

- tók síðan Hafliða og hélt í góðu yfirlæti, lét í haf og sigldi góðan vind. Hafði kapteinn ætíð vakandi auga á Hafliða.

Einn fagran veðurdag sjá þeir skip sigla gegnt sér, en kapteinn skipar hið fljótasta að vinda áveðurs við þá og lét því næsta skjóta stykki fyrir aftan þá og framman; gáfu hinir sig upp. Lét kapteinn ganga á borð hjá þeim og þar eftir þá alla fyrir borð höggva; aldrei sagðist Hafliði mannvænliga fólk séð hafa, ræntu síðan skipið og settu á það fallstykkisskot og skildu svo við það, sigldu eftir það víða, ræntu marga kaupmenn og fóru óþyrmilega með þá. Um síðir sáu þeir skip miklu stærra en það þeir á vóru. Sigla hverjir mót öðrum þar til skipin vóru saman lögð, en svo var mikill vaxtarmunur skipanna að Hafliða skipskarfa náði rúmt upp að fallstykkjagrindum á hinu, hvörjar hann sagði svo háar hefðu verið að sætt hefðu sex álnum upp frá öldustokki. Var nú kapteinn mjög æfur og iðandi til og frá sem ætíð var hans vandi þá vígahugur var á honum. Töluðu kapteinar saman sem Hafliði skildi ekki neitt í. Þar eftir var skenkt á þrjú staup víni er þeir saman drukku og var drykkur sá blóðrauður. Eftir það grýttu þeir staupunum í sjóinn. Hafliði spyr til hvers þetta þénaði. Kapteinn segir: “Það kallast slagsmerki.”

Segir kapteinn Hafliða að hann skuli niður leggjast í skip og ekkert láta á sér bera. Hafliði segist ekki geta að því þjónað, sagðist heldur vilja sjá hvað fram færi á slagnum og kvaðst til gjöra það hann gæti. Var nú í herlúður blásið. Segir kapteinn Hafliða að fara upp í reiðann og gjöra þar allt illt af sér er hann gæti með tveimur fallstykkjum, -

“en heyrir þú mig,” segir kapteinn, “blása í lúður minn niðri, ver þá ofan kominn hið fljótasta þú getur.” Var þar næst með korðum allhraustlega slegizt, en Hafliði fer eftir kapteins leiðsögu og hleypir af öðru stykkinu, hvort er afsetur allan rump af skipi óvinanna með kahyttuumbúningi; féllu þá og margir menn af þeim sem næstir stóðu. Lætur hann þar næst annan fjúka, hvert eð skar í sundur öll reiðabönd með möstrum, og í því heyrir hann lúðurinn kveða við fyrir neðan sig. Rennir hann sér á ofan á handlínu í einum svip unz hann er ofan kominn. Setja óvinirnir af skot í allan reiðann og hann út í sjó. Standa nú eftir skrokkarnir tómir; er

nú barizt allharðliga, en þó lýkur svo um síðir að ekki lifir eftir af þeim utan Hafliði og kapteinn. Eru þeir síðan handteknir og ofan í skip látnir. Þjuggu nú víkingar um sár sín og ganga til náða, en hugðu að ryðja skipin af mannabúkum að morgni. Nú er af þeim Hafliða að segja að þeir liggja fjötraðir. Veit Hafliði ei fyrr en kapteinn er laus orðinn og leysti Hafliða og biður hann upp standa, hvað hann og gjörir; gengu þeir svo upp á skip. Ekki var nema ein lúka opin, en vaktir engvar uppi því fólkið var bæði sárt og þreytt og andvaralaust fyrir öllum háska. Kapteinn tekur lúðurinn og blæs. En er skipsfólkið heyrði hljóðið brá það skjótt við og á fætur í einum hasti og upp um þá eina lúku sem opin stóð, en jafnótt hjuggu þeir hvorn mann er upp kom, þar til enginn var lífs eftir. Áttu þeir nú sigri að hrósa þótt lítt staddir kallast mættu.

Að morgni ryðja þeir þann betra skipsskrokkinn og báru þangað allt af hinum sem fémmætt var, hjuggu hann svo úr tengslum og létu hvert reka er vildi. Gekk þetta svo í heil níu ár að þeir sáu hvergi land né skip og gjörðu ei annað en spila og tefla; þá skorti ei heldur allra handa sælgæti. Um síðir litu þeir fagurt land; vindur bar skipsskrokkinn þar á. Sáu þeir þá utan að þeim fara ótölulega marga smábáta er þá umkringdu, höfðu sinn krókstjaka hver maður og sungu hástöfum:

“Undir kóng, undir kóng,” - og með þessum réru þeir skrokkinn að landi, segjast skilja að þetta sé England.

“Munum vér heppnir þykjast ef lifandi komumst héðan aftur. Skulum við taka það við getum af okkar dúkötum komið, kunni það að lukkast.”

En sem skipið er landfast orðið eru þeir báðir teknir og fyrir kóng hafðir og af honum spurðir hvaða manna þeir væru. Kapteinn segist heima eiga á Hollandi, en félagi sinn sé íslenskur maður. Sem kóngur heyrði það svarar hann:

“Þar fyrir skuluð þið báðir dauðann hljóta, því Englandsdugga var fyrir stuttu við Ísland rænd og hefur engin hefnd fyrir komið og skal það hér niðri ná.”

Skipaði kóngur að kasta þeim í myrkvastofu, hvað eð gjört var. Voru þeir þar fram til nætur. Kapteinn segir við Hafliða.

“Ei mun henta hér lengi að liggja; skal ég nú reyna list mína,”

- gengur til dyra stofunnar og sýndist Hafliða hún sjálf upp ljúkast. Gengu þeir svo út á milli vaktaranna svo þeir urðu ei við varir og þaðan á burt. Getur ei um ferðir þeirra fyrr en þeir koma að einni elfu og fundu þar ferjumann. Kapteinn bað

hann flytja þá yfir elfuna. Hinn sagði svo skyldi vera ef hann fengi kaupíð. Kapteinn segir hann skuli fá það að skilnaði. Flutti maðurinn þá yfir um; kapteinn galt honum ríkulega kaupíð með því að hann drap hann. Svo gengu þeir þar til að þeir komu í einn þröngvan skóg.

Þá segir kapteinn: "Nú er ei lengra fært því á gestum á ég von á eftir, og hafir þú nokkurn tíma dugnað sýnt muntu þess nú þurfa."

Fóru þeir upp í eina eik mjög stóra er þar stóð og einn á hverja grein. Því næst sjá þeir tvo jagthunda nær því svo stóra sem naut, hvörjir að nösuðu í för þeirra og þangað er þeir fyrir voru og sóktu sinn að hverjum svo þeir þóttust ekki í slíka raun komizt hafa. Þar til stóð það að Hafliði féll máttlaus niður af mæði ofan úr eikinni og á jörð niður í ómegin. Vissi hann ei fyrr til en kapteinn dreypti á hann víni. Vitkaðist hann þá og sá báða hundana dauða, en kapteinn sagði honum að í því hann hefði dottið hefði hann drepíð þann er að honum sótti og á sama augabragði ofan að hans hundi stokkið og höggvið af honum allt trýnið fyrir ofan augun og með öðru höggi á háls honum.

Eftir langa hvíld fóru þeir til ferðar og varð ei neitt að tálman þar til þeir komu heim í Holland. Átti kapteinn þar góz og garða, einnin kvinnu af eðalbornu slekti. Settist hann nú um kyrrt og virti engan til líka við Hafliða og spyr hann að hvort hann vilji heldur staðfestast þar eða fara til Íslands. Hafliði sagði sér væri í hug að vita hvört fólk sitt lifði í sínu landi. Kapteinn segir hann því ráða verða, þó sér væri miklu þægra að hann þar væri,

- "en þar þú í burtu fer bið ég þig einnar bónar sem er að drepir ei svo neinn mann þó þér í skap renni svo þú ei hafir tal af honum áður, því jafnskapbráðari ertu nú orðinn en áður varstu."

Hafliði lofar það halda. Bjó kapteinn svo út skip alfræktað af gózi og skipað mönnum er fylgdu honum til Íslands og gaf hönum alla fræktina. Skildu þeir með mesta kærleika.

Getur ei um ferðir þeirra fyrr en þeir komu undir Grindavík. Lét Hafliði setja sig strax á land og var það á sunnudagsmorgun. Hann gekk heim til bæjarins. Fólk var ei á fætur komið, en opinn stóð bærinn því þetta var um vortíma. Gengur hann kunnuglega inn í sitt sængurhús. Þekkir hann þá konu sína og mann fyrir framan hana. Hugsar hann að hún muni gift vera, dregur út korða og ætlar að gjöra

bráðan hjónaskilnað. Kom honum þá til hugar hvað hans stallbróðir hafði fyrir hann lagt og hefti sig á verkinu og vakti þau. En er þau sáu hann skelfdust þau við. Hafliði spyr hana að nafni. Hún sagðist Guðrún heita,

- "og er þetta sonur minn er ég gekk með þá maður minn fór frá mér og hef ég ætíð látið hann sofa hjá mér síðan. Er hann nú átján vetra, en hver er sá höfðingi er við mig talar?"

Hann sagðist Hafliði heita, - "og er ég þinn ektamaður."

En hún trúði ekki fyrri en hann varð að leggja út við hana eið að svo væri sem hann segði. En er hún vissi þetta þótti henni upp renna sól í heiði eftir dimma nótt. Lét hann bera fõng sín af skipi og héldu sendimenn sína leið aftur. Hann settist um kyrrt að búi sínu og var orðinn vel ríkur, en miklu þótti mönnum hann vanstilltari en áður ef við einhvern átti illu að skipta - og ljúkum við svo frá Hafliða bónda að segja.

JÓN ÁRNASON IV 162



Sagan af Bjarna vellygna

Bjarni á Bjargi í Miðfirði átti Snælaugu. Þeirra synir voru þeir Jón tókargjóla og Ari. Koma þeir lítt við þessa sögu, því ungir voru þeir, er þetta gjörðist. Bjarni átti oft þröngt í búi. Var hann þó búsyslumaður hinn mesti.

Fór hann árlega til sjóar og var formaður suður í Garði, en sem hér var komið, var vetur í harðara lagi. Byrjaði hann því verferð sína í seinna lagi og voru vermenn allir farnir af stað. Fer nú Bjarni að búa sig til ferðar og járna hesta sína. Var það bleikur hestur og jörp hryssa, góðgeng. Er ei getið, hvað hann hefur í böggum sínum, nema tvö hálfanker af sýru, er Þórður frá Meiðarstöðum hafði pantað hjá honum.

Fer hann nú af stað og ríður sem leiðir liggja suður á Holtavörðuheidi, en þá hann kemur norðan til á Norðurárdal, fer veður að kólna og hvesa, svo varla hafði Bjarni út í hvassara veður komið. En þá hann hafði riðið um hríð, litur hann aftur til hests þess, er hann teymdi, og sá hann, að ei var annað en hausinn eftir af hestinum. Hafði þá veðrið slitið hann úr hálsliðnum. Sleppti þá Bjarni hausnum. Hvesti þá enn meir, svo hann fauk af þeirri jörpu, og kom víðs fjarri niður, en til allrar lukku þá náði hann með þumalfingri í hestfax og dinglaði þar sem strá fyrir straumi í þrjú dægur.

Slotaði þá veðrinu, svo Bjarni sezt á bak og getur ei ferða hans, fyrr en hann kemur út á Akranes. Hafði þá þar niður komið annað kvartilið og var mjög svo brunnið utan af hita sólar, þar það hafði svo nær henni sveimað að það lítt kunni standast hita hennar.

Fær þá Bjarni sér far suður í Garð og byrjar formennsku sína. Getur ei um aflabrogð fyrr en á sumardag hinn fyrsta. Þá reri Bjarni snemma. Gjörði þoku

mjög svarta, en þegar Bjarni var kominn á mið, fiskar hann vel, en þegar hann tekur stjóran, þá setur hann flatningssax sitt í þokuna og þangað reri hann sex daga samfleytt og hafði hnífinn fyrir mið, en á sjöunda degi, þegar hann var kominn á mið sitt, fór að hvesa og þokan að ryðjast af hnífblaðinu. Hafði hann þá dregið eina keilu. Lét hann þá fara að taka stjóra og berja í land. Flatti þá Bjarni keilu sína og lagði á skut aftur, en þegar ein vika sjóar var til lands, þá ætlaði þorskhausahríðin úr landi að drepa hann, því fjallháir hausahlaðar fuku sem lausamjöll. Hertu þeir þá róðurinn og létu koll fylgja kili, rykktu á og rifu aftur úr, unz þeir náðu sinni lendingu.

Var þá Bjarni mjög matlystugur. Snæddi hann því með lyst mikilli, hvar af hann fékk vindgang mjög harðan, svo honum þótti undrum gegna. Tók hann þá fangamerktan stjóra D.H.s. og lét fyrir eftri enda sér, en af þeim yfirnáttúrlega vindgangi fór stjórin af stað og kom niður austur undir Eyjafjöllum, en keila sú, er Bjarni flatti, var orðin sleggjutæk, þá í land kom, og var þó 1 1/2 fjórðungur að vigt.

Fám dögum þar eftir gengur Bjarni af stað inn í Keflavík, en á leið sinni mætir hann manni á Hólmsbjargi. Spyrjast þeir tíðinda. Segir þessi ei annað í fréttum en nógan fiskiafla í Hafnarfirði. Hugsar þá Bjarni með sér, að þar væri sér hentugt að róa einn róður, um leið og hann færi norður. Býr hann þá ferð sína og inn að Görðum í Hafnarfirði.

Þaðan reri hann snemma morguns og út í fjörðinn, en varð ei fiskvar. Setur hann því upp segl og siglir landsynning vestur á Svið. Þar verður hann var við handstinna fiska, dregur þar og einn flatan fisk, þann er vér flyðru köllum. Var hún stór, svo að ei gat hann innbyrt hana, varð því á eftir að hafa.

Hvessti nú veðrið mjög með stóruméljum, svo allir héldu galdraveður mundi vera, en þá þeir voru mjög svo nær komnir landi, sér Bjarni svarta flygsu í lofti fara og koma mjög svo nær sér. Rís hann þá upp í skut og nær í þetta. Var það þá Garðakirkja. Hafði hana þá upp tekið í veðri því. Hnýtir Bjarni henni á aftan í og nær svo lendingu sinni, dregur upp aflann, en nennir ei að para lúðu sína í það sinn.

Líður svo nóttin, en um morguninn tíðlega kemur fjósamaður frá Mosfelli. Hafði þaðan kýr hrakið frá vatni um veldið, Voru þær fjórar og uxi hinn fimmti. Var það

jafnsnemma, er Bjarni fór til sjóar að skipta lúðu sinni. Varð fjósamaður honum samferða að sjá lúðu hans, en þegar þeir þangað koma, sjá þeir, að allar kýr hans voru undir rafabeltinu, en uxinn stóð uppi í henni. Rekur hann nú kýr sínar heim, en Bjarni fer að para lúðu sína. Gjörir hann rikling úr flökunum, og er mælt, að það færi vart á fimm hesta, þegar hart var orðið. Þótti Bjarna magi lúðurnnar mjög svo stór, ristir því á hann. Þar innan úr komu tólf vöðuselir, hverja hann lét reka norður á Holtavörðuheidi.

JÓN ÁRNASON IV 247



Sagnir af Jóni Þórðarsyni

Junkaragerði var fyrrum hjáleiga frá Kalmanstjörn og hefur verið búið þar samfleytt í margar aldir. Var það eitt með elstu býlum í Höfnum. Jón Þórðarson í Junkaragerði varð fullra 70 ára, dó líklega 1819. Hann var gáfaður en dulur og harður í horn að taka. Sem unglingur flæktist hann með kaupfari til Noregs og komst alla leið norður til Finnmerkur og dvaldist þar eitt eða tvö ár og var það mál gamalla manna að Jón hefði numið fræði sín hjá Finnum.

Sögurnar af Jóni sem hér eru sagðar voru á hvers manns vörum í gamla daga. Einu sinni eftir að Jón var orðinn hreppstjóri var honum sendur sveitarómagi ásamt barni frá Rosmhvalanesshreppi en Jón rak manngarminn til baka aftur og batt áður barnið svo rækilega á bakið á manninum að hann gat það ekki við sig losað fyrir en hann kom aftur út á Rosmhvalanes.

Fyrir þetta tiltæki lenti Jón í málaferlum og var að lokum dæmdur í háa sekt.

Með afbrigðum var Jón sagður mikill aflamaður til sjávarins og þótti það ekki einleikið hve drjúg var stundum kösin á skiptivellinum. Þá er hásetar Jóns fóru að gera að afla sínum, var það álit þeirra allra að fiskurinn væri stundum miklu meiri en þeim hafði virzt hann vera í skipinu. En það þótti hásetum Jóns einkennilegast að á sjónum bað hann þá aldrei draga fisk, eins og allra annarra formanna er siður, né hvatti þá til þess, heldur bað hann þá aðeins að reyna nú að krækja í hann. "Gerir minna til, þó að þið missið hann, drengir mínir," sagði Jón gamli. Höfðu hásetar Jóns því þá trú, að karl léti allan þann fisk, sem þeir yrðu varir við, að snerti öngulinn, koma á skiptivöllinn, þá er í land var komið.

Einn af hásetum Jóns hét Guðmundur Jónsson, austan úr Flóa; var hann í 12 ár háseti hjá Jóni, víkingur að dugnaði, og mat Jón hann ávallt mest af öllum háse-

tum sínum. Eitt sinn spurði Guðmundur Jón gamla, hvers vegna hann léti ekki meiri fisk koma á völlinn en aðeins þann, sem snerti öngulinn hjá þeim. Jón var stuttur í spuna og sagði þó:

"Mér er ekki leyft að fara lengra, Guðmundur minn."

Meira fékk Guðmundur ekki að vita hjá Jóni, og féll svo talið niður.

Jón var hinn mesti hófsemdarmaður í hvívetna. Neytti hann aldrei víns nema á hátíðum, og aldrei gaf hann hásetum sínum í staupinu eða út í kaffið, sem kallað var; en það var þó algengur siður í Höfnum, að húsbændur gáfu hjúum og hásetum vel í kaffið, er vel fiskaðist eða mikið var að gera í landi, og var þá unnið með brennivínskrafti, sem kallað var.

Páskadagsmorgun einn brá þó Jón út af venjunni. Kallaði hann þá alla hásetana inn í svefnstofu sína, áður en hann reis sjálfur úr rekkju. Þá er allir hásetarnir voru komnir inn, stakk Jón fjöðurstaf í gat á sperrukjálkanum yfir rúmi sínu og bauð svo öllum hásetunum að drekka sem þá lysti og þeir hefðu þol til. Bar öllum hásetum Jóns saman um það, að betra brennivín hefðu þeir ekki bragðað en úr sperrukjálkanum hans Jóns gamla í Junkaragerði.

Eitt sinn spurði Guðmundur, sem áður er nefndur, Jón gamla, hvaðan úr fjandanum hann fengi brennivínið í sperrukjálkanum. Jón gamli hló við og sagði:

"Keflavíkurkaupmennirnir sjúga blóðið úr Suðurnesjabændunum, en eg sýg brennivínið úr beykikoppum þeirra í staðinn."

Sennilega hefir þetta samtal milli Jóns og Guðmundar farið fram á páskadaginn, því að eftir svari Jóns að dæma, þá hefir hann verið óvenjulega orðhreifur í þetta sinn, jafn dulur og orðvar sem hann var annars.

Á meðan mest var á Suðurnesjum um sjómenn, er gjörðir voru út af húsbændum sínum, aðallega úr Árnessýslu og Rangárvallasýslu, þá var það algild regla, að formennirnir fóru að fala til sín háseta til næstu vertíðar um páskana, og var þá stundum óspart tekinn tappinn úr flöskunni og vínið veitt sem vatn þeim, sem slægur þótti í. Voru sumir formenn óhlífir við það að reyna að ná til sín duglegum hásetum frá öðrum formönnum í sveitinni, og var ekki laust við, að stundum risi úfar á milli formannanna út af hásetaskiptunum.

Þá er Guðmundur Jónsson hafði róið 12 vetrarvertíðir hjá Jóni í Junkaragerði, þá falaði Jón hann eins og vant var til næstu vertíðar, en Guðmundur neitaði að

róa oftar hjá honum. Karl lagði því fastar að Guðmundi að vera áfram, en það kom fyrir ekki; Guðmundur sagðist heldur ekki vera einráður um ráðningu sína, því húsbóndi sinn væri búinn að ráða sig til næstu vertíðar hjá formanni einum í Þorlákshöfn.

Þá sagði Jón gamli: "Fyrst þú ert ófáanlegur til þess að róa hjá mér oft, Guðmundur minn, þá vil eg vara þig við að fara háseti til annarra formanna, bæði í Þorlákshöfn og annars staðar."

En sennilega hefir Guðmundi ekki getizt að þessari viðvörun Jóns, því að hann vissi, að það var ekki við lambið að leika sér, þar sem Jón var, ef því var að skipta. Að áliðnum réttum var það venja að flytja "fætur" sjómanna suður til þeirra heimila, sem þeir áttu að róa frá um veturinn, en þessar færur, sem svo voru nefndar, voru vetrarnauðsynjar hásetanna, skrína full af smjöri og kæfu, reykt sauðarfall, rúmföt, skinnklæði o.fl. Þá er færur Guðmundar áttu að flytjast til Þorlákshafnar um haustið, voru komin harðindi svo mikil, að Ölfusá var farin á ís. Hestur sá, sem færur Guðmundar voru á, var aftastur í lestinni, en á miðri ánni brast ísinn undan honum, og fór hann á kaf í ána. Hesturinn náðist þó lifandi, en færur Guðmundar sáust aldrei framar. Næsta tilraun tókst þó betur, því að færur Guðmundar komust þá klakklaust alla leið til Þorlákshafnar.

Þá er sjómenn fóru í verið um veturinn, um Kyndilmessuleytið, eins og venja var til, var Guðmundur í föruneyti með öðrum sjómönnum, sem fara skyldu til Þorlákshafnar. Gengu þeir Ölfusá á ísum, en á miðri ánni skrikaði Guðmundi fótur, svo að hann féll á ísinn og lærbrotnaði. Lá hann allan veturinn í Óseyrarnesi, en komst þó á skrið með vorinu.

Gekk Guðmundur við hækju jafnan síðan og kom aldrei á sjó framar. Haft var eftir Guðmundi, að honum hefði fundizt sem fótum hefði verið kippt undan sér, er hann datt, og áreiðanlega kenndi hann Jóni Þórðarsyni um ófarir sínar.

Jón Þórðarson var smiður góður, en mest fékkst hann þó við járnsmíðar. En þó að hann væri alla daga í smiðjunni, þá þurfti hann aldrei að kaupa kol. Sótti hann þau árlega á hestum suður á Reykjanes, en hvernig sem reynt var að njósna um ferðir Jóns, er hann fór í þessar kolaferðir, þá tókst mönnum aldrei að rekja slóð hans þrátt fyrir það, þótt öll leiðin sé ægisandur einn. Vissu menn aldrei um þessar ferðir Jóns, fyrr en hann var kominn aftur með kolin. Er það óyggjandi sannleikur,

að karlinn sótti kolin á Reykjanes, og voru margir menn í Höfnum, er sáu kolin hjá Jóni.

Meðal þeirra var Brandur Guðmundsson í Kirkjuvogi, sem sagði að hann hefði oftar en einu sinni séð kolin hjá Jóni. Sagði Brandur, að þetta hefðu verið falleg steinkol, en aldrei gat hann fremur en aðrir fengið það upp úr Jóni, hvar á Reykjanesi kolin væru að finna. Þó var það eitt sinn, að bóndanum á Kalmanstjörn tóks að gjöra Jón gamla vínhreifan um jólin, og var þá ekki dregið úr hömlu að reyna að veiða karlinn, en þó að karl væri kenndur, varðist hann allra fréttu, en sagði þó svo að lokum, að ekki þyrfti að leita langt frá Sýrfelli. Annað hafðist aldrei upp úr Jóni gamla um kolin á Reykjanesi.

Eitt sinn voru hásetar Jóns að tala um íslenzkar fornhetjur, einkum þó um Gretti Ásmundarson, og óskuðu sumir þess, að Grettir væri nú kominn ljóslifandi á meðal þeirra, svo að þeir gætu fengið að sjá, hvernig han hefði verið að vallarsýn, meðan hann var í fullu fjöri.

Jón gamli sat á rúmi sínu í innra herberginu og hlýddi þegjandi á tal háseta sinna, þar til hann kallar til þeirra og segir: "Er ykkur mikil forvitni að fá að sjá, hvernig Grettir var að vallarsýn?"

"Já, já," hrópuðu allir hásetarnir einum rómi.

Litlu seinna segir Jón: "Hver stendur þarna í stigagatinu, piltar?"

Öllum hásetunum varð samstundis litið til stigans, og brá þeim heldur en ekki í brún, er þeir sáu, hvar maður stór og föngulegur í síðum kufli stóð í efsta þrepi stigans. En af fátinu, sem kom á þá við þessa óvæntu sýn, gátu þeir ekki glöggvað sig á neinu verulegu í útliti Grettis, en einn af þeim, er bezt þóttist hafa tekið eftir manninum, sagði, að hann hefði verið nettfriður í andliti með tindrandi augu, og að honum virtist dökkhærður, en skegglaus. Ekki er þess getið, að hásetar Jóns óskuðu eftir því að sjá fleiri fornmenn.

Það var föst venja hjá Jóni gamla að lesa húslestur á hverju einasta kvöldi ársins, áður en gengið var til hvíldar; en framan af vökunni las hann jafnan Íslendinga sögur og Fornaldarsögur Norðurlanda upphátt fyrir allt heimilisfólkið. Hafði það mikla ánægju af sögulestri Jóns, því að hann var frábærlega skýr og góður lesari.

Eitt kvöld á vetrarvertíðinni, er Jón hafði lokið við lestur einnar fornaldarsögun-

nar, en þar er eins og kunnugt er, sagt frá mörgum blóðugum bardögum, fóru hásetar Jóns að tala um það á eftir, að skemmtilegra hefði verið að standa í slíkum bardögum í hópi hraustra drengja en lemja barninginn með brunaverkjum í bakinu og blöðrum og sárum í lófum. Jón gamli hlýddi á þetta tal háseta sinna, en gaf ekkert orð í.

En nokkurum kvöldum seinna í blíðviðri og glaða tunglsljósi, kallar Jón gamli alla háseta sína út, og er allur hópurinn er kominn fram á hlaðið, segir hann, að nú gefist þeim kostur á að reyna fræknleik sinn í hópi hraustra drengja, þeir skuli einungis ganga norður fyrir bæinn; þangað ruddust nú allir hásetarnir í hinum mesta vígahug, en Jón gamli stóð einn eftir í bæjardyrnum og að líkindum ekki aðgerðarlaus, en hann var lánsmaður í það sinn sem oftast, hann Jón gamli, að vera ekki fótum troðinn og steindrepinn af hásetum sínum, sem ruddust á hann með ótta og skelfingu, blóti og fyrirbænum og öðrum aðförum æðisgenginna manna. Þá er Jón gamli kom inn, sagði hann við pilta sína með sinni vanalegu stillingu:

"Mikið gengur nú á, drengir mínir, hvað sáuð þið? Hvers vegna látið þið eins og vitstola menn? Voruð þið ekki búnir að óska ykkur í blóðuga bardaga í hópi hraustra drengja?"

Guðmundur Jónsson varð fyrir svörum: "Allt norðurtúnið var ein þvaga af draugum og þúkum, sem börðust og brytjuðu hver annan í sundur, svo að blóðið rann í lækjum um allt tún."

"Jæja, drengir mínir," sagði Jón gamli og labbaði upp á loft.

Vor eitt, skömmu eftir lokin, fór bóndinn á Kalmanstjörn á tíæring sínum suður á svo nefndar Sandvíkur að sækja rekatimbur. Sandvíkurnar eru hér um bil mitt á milli Kalmanstjarnar og Reykjanessvita, en viðarreki er sameign Kalmanstjarnar og Junkaragerðis, þannig að Kalmanstjörn á 2/3, en Junkaragerði 1/3 af rekanum.

Áður en farið var af stað, kom Jón gamli til Kalmanstjarnarbóndans, sem Einar hét, og bað hann að lofa sér og karli, sem hjá honum var, að vera með á skipinu og hafa svolítið í fari sínu af spýtum. En Einar þverneitaði Jóni um farið og sagðist hafa nóg að flytja fyrir sjálfan sig, og varð Jón að fara heim aftur við svo búíð, um leið og Einar lagði af stað á skipi sínu að sækja timbrið.

Skammt fyrir sunnan Kalmanstjörn gengur tangi fram í sjóinn, sem nefndur er Ey-

rartangi. Úti í sjónum, fáa faðma frá landi, er sker eitt, sem nefnt er Eyrarsker; er það á kafi um háflæði, en kemur upp úr með tæplega hálf- föllnum sjó.

Dag þennan var logn og blíða og ládaður sjór. Þá er leið á daginn, segir Jón gamli við karlinn, sem hjá honum var, að þeir skuli fara fram á Víkina og reyna að fá í soðið, og það geti líka skeð, að þeirra þurfi með, áður en að kvöld sé komið.

Reru svo karlarnir báðir á bátnum fram á svo nefnt Gíslamið, sem er örskammt frá Eyrarskeri. Lögðust þeir þar við stjóra í logninu og blíðunni. Þá er komið var langt fram á dag, kom tíæringurinn fyrir Eyrartangann drekkhlaðinn af timbri, en í stað þess, eins og venja er til, að beygja til djúps á meðan farið er fram hjá Eyrarskeri, þá heldur tíæringurinn beint á skerið, þar til hann stóð rígfastur á því.

Urðu mennirnir fyrst að ryðja skipið að framan til þess að geta komið því af skerinu, en allt kom fyrir ekki; skipið sat blýfast og hallaðist meira og meira eftir því sem lækkaði í sjó, því að það var hörku útfall.

Loks urðu þeir að ryðja nálega öllu timbrinu og hrópa á Jón gamla til hjálpar. Eftir mikla erfiðleika náðist þó skipið að lokum af skerinu með aðstoð Jóns gamla og karlsins, sem með honum var, en þá var timbrið allt farið út í veður og vind, því að hörku suðurfall var, og tvístraðist það því óðfluga suður um allan sjó; en af því að sjór var tjarnsléttur, þá náðist þó skipið óbrotið.

Hvort Jón gamli hefir átt nokkurn þátt í slysnri þessari, skal ósagt, en svo mikið var víst, að samtíðarmenn hans töldu, að óhapp þetta hefði orðið af hans völdum, en tvímælalaust má fullyrða, að aldrei fyrr né síðar hefir skip úr Höfnum rekizt á Eyrarsker.

RAUÐSKINNA I 11



Sagnir um Símon Sigurðsson

Símon þessi var ættaður úr Landeyjum. Kona hans hét Þórdís Ólafsdóttir. Þau Símon og Þórdís fluttust suður í Garð eða Keflavík.

Símon var lágur maður vexti, en þrekinn með fremur smá augu, eldsnör, stutt nef og fremur fríður. Hreyfingar hans allar voru liprar og léttar, og svo var lundin einnig, enda hafði hann ávallt spaug og glettur á takteinum og var eldsnar til andsvara, ekki síst, ef á hann var leitað.

Símon kom fótgangandi utan úr Grindavík og náttaði sig í Þorlákshöfn hjá Jóni og konu hans Jórinni. Stóð þá svo á að þar var einnig staddur Sigurður, faðir Jórunnar og hafði hann dvalið þar í nokkrar nætur áður, en ætlaði nú að leggja af stað heimleiðis og hafði 3 eða 4 gæðinga til reiðar. Þegar Sigurður var ferðbúinn og ætlaði að fara að stíga á bak, sér hann Símon og að hann muni einnig vera að leggja af stað fótgangandi og segir því við han:

"Viltu ekki að eg kippi þér hérna upp á einhvern klárinn, Símon minn, alténd austur að ánni?"

Símon á boðið og sté á bak, hagræðir sér í hnakknum og segir, svo allir viðstaddir máttu heyra:

"Hérna sjáið þið nú ríða úr hlaði Landeyjahöfðingjana tvo: Sigurð Magnússon dannebrogsmann á Skúmstöðum og Símon Sigurðsson stórbónnda frá Yztakoti."

Símon var á ferð úr Grindavík inn í Garð eða Leiru, og mætti manni, sem var á gagnstæðri leið. Þeir töluðu saman nokkra stund o.m.a. spyr Símon manninn, í hvaða erindum hann sé til Grindavíkur.

Maðurinn segir: "Eg ætla að finna hann Jón minn í K ..., eða ætli hann sé ekki heima núna?"

"Jú," segir Símon, "en ef þú ætlar að hitta hann heima, þá er ekki seinna vænna, því það á að jarða hann í dag!"

Símon kom á bæ einn í Höfnum og var hann þá með tvær hryssur, horaðar mjög. Hann hitti húsfreyjuna, aldraða konu, bogna mjög í herðum, eða jafnvel með herðakistil.

Konan segir: "Hvaða ósköp er að sjá drógarnar þínar, maður, þær eru grindhóraðar!"

"Og læt eg það nú vera, hvað horaðar þær eru," - segir Símon, "ekki eru þær farnar að setja upp kryppuna enn."

Símon mætti manni á förnum vegi og gaf honum að súpa á brennivínspottunnu sem hann var með. Símoni þótti maðurinn súpa helsti mikið á, og segir: "Þú gerir svo vel að skyrpa út úr þér gjörðunum, því ekki rennir þú þeim þó niður, þó þér þyki það gott, sem á kútnum er."

Símon og Þórdís kona hans urðu einhverju sinni saupsátt og lét hún dæluna ganga, svo að Símon kom engu orði fyrir sig. Loks, er kerlingin var orðin sem æfust, en varð að taka sér hvíld, til að draga andann, sá Símon sér færi á að leggja orð í belg og sagði:

"Þú lætur mig vita, Þórdís mín, þegar þú heldur að þér ætli að fara að þykja."

BLANDA IV 273



Selatangar

Á Selatöngum var fyrrum verstöð og útræði mikið. Gengu þaðan m.a. biskupsskip frá Skálholti. Þar sér enn allmikið af gömlum búðartóftum og görðum, er fiskur og þorskhausar voru fyrrum hengdir á til herzlu. Hjá Selatöngum eru hraunhellar margir, en flestir litlir. Var hlaðið fyrir opið á sumum þeirra til háls og notuðu sjómenn þá til ýmissa hluta. Í einum höfðu þeir kvörn sína og kölluðu þeir þann helli Mölunarkór, í öðrum söguðu þeir og kölluðu hann því Sögunarkór o.s.frv. Reki var mikill á Selatöngum og færðu sjómenn sér það í nyt; smíðuðu þeir ýmsa gripi úr rekaviðnum, þá er landlegur voru, en þær voru ekki ótíðar, því að bri-
masamt var þar og því sjaldan róið á stundum.

Á síðara hluta 19. aldar bjó í Stóra-Nýjabæ í Krýsuvík maður sá, er Einar hét. Hann átti mörg börn, og er saga þessi höfð eftir tveim sonum hans, Einari og Guðmundi. Einar, faðir þeirra, var allt að 30 vertíðum formaður á Selatöngum. Var í mæli, að reimt hefði verið á Selatöngum, og var draugsi sá í daglegu tali nefndur Tanga-Tómas. Hann gerði búðarmönnum ýmsar smáglettur, en var þó ekki mjög hamramur. Þá bjó á Arnarfelli í Krýsuvík maður sá, er Beinteinn hét. Var talið að Tómas væri einna fylgispakastur við hann. Var Beinteinn þessi full-
hugi mikill, smiður góður og skytta og hræddist fátt. Var þetta orðtak hans: "Þá voru hendur fyrir á gamla Beinteini".

Einu sinni varð Beinteinn heylítill, og flutti hann sig þá niður á Selatanga með fé sitt til fjörubeitar. Var hann þarna um tíma og hafðist við í sjóbúð, er notuð var á veturnum. Kvöld eitt er Beinteinn kemur frá fénu, kveikir hann ljós og tekur tóbak og sker sér í nefið.

Tík ein fylgdi honum jafnan við féð og var hún inni hjá honum. Veit Beinteinn þá

ekki fyrr en ljósið er slökkt og tíkinni hent framan í hann. Þreif hann þá byssuna og skaut út úr dyrunum. Sótti draugsi þá svo mjög að Beinteini að hann hélzt loks ekki við í sjóbúðinni og varð að hröklast út í illviðrið og fara heim til sín um nóttina. Hafði Beinteinn skaröxi í hendi og hvar sem gatan var þröng á leiðinni heim um nóttina, þá kom draugsi þar á móti honum og reyndi að hefta för hans, en undir morgun komst Beinteinn heim og var þá mjög þrekaður. Um viðskipti draugsa og Beinteins er ekki fleira kunnugt, svo að sögur fari af. Þess má geta, að þá er Beinteinn var spurður, hvað hann héldi, að um draugsa yrði, er sjóbúðin yrði rifin, þá svaraði hann: "Og hann fylgir staurunum, lagsi".

Nokkru eftir þetta bar svo við, að tveir áður nefndir synir Einars bónda í Stóra-Nýjabæ fóru niður á Selatanga á jólaföstunni og hugðu að líta til kinda og ganga á reka; jafnframt ætluðu þeir að vita, hvort þeir sæju ekki dýr, því að annar þeirra var skytta góð.

Þeir komu síðla dags niður eftir og sáu ekkert markvert; fóru þeir inn í þá einu búð sem eftir var þar þá og ætluðu að liggja þar fram eftir nóttinni, en fara á fætur með birtu og ganga þá á fjöru og vita, hvort nokkuð hefði rekið um nóttina.

Bálfkar voru í búðinni fyrir fjögur rúm, hlaðnir úr grjóti, eins og venja var í öllum sjóbúðum og fjöl eða borð fyrir framan. Lögðust þeir í innri rúmbálfkinn að vestanverðu og lágu þannig að Einar svaf við gaffhlaðið en Guðmundur andfætis. Þá er þeir höfðu lagzt niður, töluðu þeir saman dálitla stund og segir þá Guðmundur meðal annars:

"Skyldi þá Tómas vera hér nokkurs staðar?"

Kvað Einar það líklegt vera. Fella þeir svo talið og ætlað að sofna en er þeir hafa legið litla stund heyra þeir að ofan af ytra bálkinum við höfuð Guðmundar stekkur eitthvað. Var það líkast því sem stór hundur hefði stokkið niður á gólfid; voru þeir þó hundlausir er þeir komu þangað, og búðin lokuð. Segir þá annar bræðranna:

"Þarna er hann þá núna", en í sömu svipan er kastað tómu kvarteli sem hafði staðið á ytra bálkinum hinum megin, inn í gaffhlað beint yfir höfuð Einari. Sofnuðu þeir bræður ekki um nóttina, en fóru á fætur. Ekki lét draugsi neitt frekara til sín heyra. Eftir 1880 lagðist útræði niður frá Selatöngum. Um það leyti var seinasta sjóbúðin rifin, og hafa menn eigi hafzt þar við síðan.



Séra Sæmundur á Útskálum drukknar

Síra Sæmundur Einarsson fékk Útskálabrauðið 1812 og þjónaði þar til síns dauða er þannig að bar að formaður sá er Einar hét hlóð sig í sjó. Um það kvað Jón prestur Hjaltalín:

Megnan skaða mörgum bjó
mikill auðs-ákafi
að ofhlaða sig í sjó
svoddan skeð þó hafi.

Þenna Einar rak upp og átti að jarðast þann 3. júlí 1826 og stóð fyrir því Jón dannebrogismaður í Vörum - sem heldur vildi titilinn en launin. Dróst það fram eftir öllum degi að líkið kom ekki en presturinn beið ferðbúinn til Reykjavíkur. Komst hann ekki á stað fyrr en um nón; atlaði þá að senda hestana með Erlendi mági sínum á Lambastöðum, inn til Reykjavíkur. En er það heyrði Kristján sýslumaður að Erlendur atlaði landveg stökk hann af skipi og fór með honum. Skildi þar milli feigs og ófeigs.

Með síra Sæmundi voru fimm menn úr heimili hans: Þorsteinn, Pétur og Jón sjómenn að norðan og tveir menn aðrir, Hólmfríður vanfær kvenmaður sem atlaði kynnisför til móður sinnar inn á Nes. En er skipið fór úr vörinni var það ofhlaðið af háfermi, skreið og þess konar og það svo ólánlega, að það lá á hnýfli, en skuturinn skrolldi.

Mælt var að síra Sæmundur hefði farið með mikið af peningum sínum. En er þeir komu inn á sjó hvessti hann þá á landsunnan. En er þeir voru komnir inn á Skerjafjörð og reru inn með löndum vildi síra Sæmundur fara að slaga sig en þar eð

skipið var óliðlega og of hlaðið drakk það svo í sig sjóa að framan að inn rann á milli allra keipa.

Segir þá Pétur svo frá - er einn komst af skipsbrotinu - að hann vissi ekki betur en Þorsteinn gengi þá útbyrðis, en síra Sæmundur féll útbyrðis; sá hann ekki lengur til hans en svo að hann sökk á höfuðið og skaut ekki upp framar - eins og mælt er um alla drukknar menn er í vatn falla. Jón bróðir hans komst á árar og hrakti vestur eftir sjó, en Hólmfríður, vanfæri kvenmaðurinn, sökk ekki og bar sig mjög aumlega sem vonlegt var; eins er og sagt um allar óléttar konur að þær sökkvi seint.

Hefir hann svo frá sagt að sér hafi mest fundizt um að heyra til konunnar. Pétur losnaði aldrei til fulls við skipið og komst upp með stýrinu og stóð upp með mastrinu svo að hann var í sjónum upp að kné því skipið marði í kafi. Þannig var hann á sig er hann fannst fram undan Akranesi. Voru þá liðin til vissu tvö dægur frá því þeir drukknðu. Var hann þá svo ringlaður orðinn öðru hverju að hann vissi ekki hvort hann var á þuru landi eður votu.

Þessi Pétur heitstrengdi að fara ekki oftár til sjós eða sjóróðra. Hann drukknaði þó nokkrum árum seinna suður í Njarðvíkum. Enginn veit til vissu hvort hann hefir nokkurn tíma rekið. Þó er það mælt hann hafi rekið vestur á Mýrum höfuðlaus, en þekkt af báðum fingurgullunum.

Eftir dauða Sæmundar prests var það ærið tíðrætt um það að hann hefði átt að ganga um híbýli heima á Útskálum svo að síra Brynjúlfur hefði ekki getað gengið þar um; hefði hann staðið við skáladyr, í skotum og göngum, en þó engum gjört mein; líkt og sagt er um Höfðabrekku-Jóku; áttu menn þó að falla í öngvit er hann sáu. En kona er þar ólst upp á næsta bæ heyrði ekkert um það getið fyrr en hún fór austur í sveitir. Sama er og að segja um svonefndan Hafna-Grána að hún heyrði ekkert um hann getið, jafnvel þó Þórunn húsmóðir hennar væri gagnkunnug þar í Höfnunum. En strax er hún fór austur heyrði hún mikilvægar sögur um hann og afreksverk hans ærið stórfengileg.

JÓN ÁRNASON III 422



Silfurgjá

Í utanverðri Grindavík eru margar hyldjúpar gjáarsprungur með vatni í sem á yfirborði er að mestu ósalt og flæðir og fjarar í þeim eins og í sjónum. Ein af þessum gjám heitir Silfurgjá, skammt fyrir ofan túngarðinn á Járngerðarstöðum. Í gjá þessari segir sagan, að fólginn sé kista full af silfurpeningum. Hafa allar tilraunir til þess að hefja þennan fjársjóð upp strandað á því að þá er menn hafa náð kistunni upp á gjáarbarminn, þá hefir mönnum sýnt allt Járngerðarstaðaporpið standa í björtu báli og hafa menn því jafnan sleppt kistunni aftur. Síðasta tilraunin fór á þá leið að þeir slepptu ekki einungis kistunni heldur fylltu gjána upp með mold. Svo að nú er yfir kistunni grasi gróin brekka.

RAUÐSKINNA I 44



Sjómannasvipir

Einu sinni var maður á ferð úr Keflavík. Hann mætir þá 5 mönnum á veginum. Þeir voru allir svo búnir og með poka á herðum eins og þeir höfðu verið er þeir fóru litlu áður í verið. Honum stóð einhver geigur af mönnunum svo hann veik úr vegi fyrir þeim er þeir fóru framhjá. Hann hugsaði mikið um þetta á heimleiðinni og skildi ekki hvað gat komið til þess að þeir skyldu snúa strax heimleiðis nýkomnir í verið. En litlu seinna frétti hann að þeir höfðu allir verið nýdrukknaðir þegar honum fannst hann sjá þá og hann hafði hlotið að sjá svipi þeirra.

SIGFÚS II 45



Sjór

ÓLAG:

“Fyrst er það jafnsönn sem almenn sögn, en einkum í brimlendingum, að þrjár öldur miklar fylgist jafnan að hver á eftir annari og heita þær ólag, en bilið sem verður á milli þeirra heitir lag. Fyrsta aldan er ávallt mest þeirra þriggja, en hinar minni.”

DAUÐALAG:

“Það er önnur sögn að þegar eitt skip hefur farizt í lendingu hvort sem það hefur hitt ólag eða því hefur borizt á af öðrum orsökum þá komi kyrrð á sjóinn stundarkorn á eftir og heitir sú kyrrð dauðalag svo þeim lendist vel sem þá leggja að landi á eftir þegar sjórinn hafi fengið sitt; er það kallað að lenda á dauðalagi þeirra sem druknað hafa.”

NÁSJÓIR:

Sjást “ $\frac{1}{4}$ stundum þegar á sjó er verið og þykja ævinlega boða skipreika. Násjóir eru annaðhvort þrír, sex eða níu; falla þeir hver á fætur öðrum og eru auðþekktir á litnum því ýmisr eru þau rauðleitari (fyrir vestan) eða blárri (fyrir austan) en sjór er vanalega.”

NÁÖLDUR:

$\frac{1}{4}$ “eru enn kallaðar; sagt er að þær séu tvær í senn og falli önnur frá landi, en önnur að, og þegar þær mætast verður dynkur mikill og heita það náskellur. Það boðar og skipreika.”

NÁHLJÓÐ:

“Þá er nefnt náhljóð í sjó og er það allt annað en heyrist í kirkjugörðum. - Náhljóð heyrist oft á landi og boðar manna drukknun eins og hitt, sem áður er talið.”

JÓN ÁRNASON I 657



Skrímli grandar manni

Fyrir nokkrum árum var í Njarðvíkum suður maður sem Bjarni hét Högnason. Hann sagði eitt sinni frá því að hann hefði orðið fyrir áleitni af sjóskrímli þar í vikunum og komist nauðulega undan. Gat hann þess og til að það mundi sitja um sig. Svo leið og beið þangað til að hann átti ferð síðla dags á milli Njarðvíkna. En áður hafði hann orðið skrímslisins var á milli þeirra og Keflavíkur og uggði því síður að sér. Hann lenti í myrkri og kom eigi sem menn væntu um nóttina né morguninn. Var hans þá leitað og fannst hann þegar dauður með ærið miklum áverkum. Töldu menn það víst að skrímlið hefði hitt hann aftur og gert útaf við hann. Engin glögg sögn er til um útlit þessa skrímslis.

SIGFÚS IV 130



Skrímshlið á Garðsskaga

Helgi Helgason bóndi á Lambastöðum í Garði var vanur að liggja fyrir tófu, einkum á haustin, ýmist í Heiðinni fyrir ofan Garðinn eða niður í fjörum. Í það skipti, sem hér um ræðir, lá hann utast á Garðsskaga, beint þar niður af, er Garðsskagavitinn stendur nú. Hafði sjórinn haugað þar upp háum þaravegg í flæðarmálinu, með stórum vikum upp í.

Lá Helgi í einu þessu þaravirki, til þess að felast sem bezt fyrir tófunni, þegar hún kæmi ofan úr Heiðinni niður í fjöruna eða upp úr henni aftur. Þetta var um 1870, á kvöldvöku, rétt fyrir jólaföstubyrjun. Þegar Helgi hafði legið þarna fram undir vökulokin og ekki orðið var við neina tófu, sá hann, að einhver skepna kom upp fjöruna, beint fram undan vikinu, þar sem hann lá; var hún á stærð við vetrung, en lágfættari.

Þetta var um fjöru og fjöruborðið breitt, en það sá hann þegar, að hún stefndi beint á hann. Þegar hún átti skammt eftir til hans, færði hann sig um þrjú eða fjögur vik, vegna þess að hann tók eftir því, að skepna þessi hafði veður af honum, en sá hann ekki. Fór hún svo beint upp í það vikið, er Helgi hafði legið í, en hann hélt áfram að færa sig vik úr viki; fylgdi hún honum þá eftir og nálgadist óðum. Heyrði hann glöggt, að hringlaði í skeljum á bók skepnunnar, og taldi hann því sjálfsagt, að hér væri skeljaskrímli á ferð og ekki undir því eigandi að fást við það. Hugsaði hann sér að reyna að forða sér á hlaupi heim að Hofinu, sem var næsti bær, og fjarlægðin ekki nema svo sem 15 mínútna gangur. Miðaði hann þá byssu sinni á skrímshlið og hleypti af skotinu um leið og hann tók á rás, en fleygði byssunni til þess að hafa frjálsar hendur á hlaupunum. Virtist skotið ekki vinna skrímshlinu neitt verulegt mein, því að það veitti Helga þegar eftirför og sótti fast á.

Dró í fyrstu hvorki sundur né saman með þeim, því að Helgi var maður mjög frá

á fæti, en þegar hann kom að varnargarðinum í Hofinu, sem aðskilur túnið og móann, var skrímslið komið alveg á hæla honum; sveiflaði hann sér yfir garðinn, og skildi þar með þeim, því að ekki lagði skrímslið á garðinn, sem var nokkuð hár, en bærinn stóð rétt fyrir innan hann. Ekki gerði Helgi vart við sig í Hofinu, heldur hélt áfram heim til sín að Lambastöðum, sem er næsti bær og örstutt á milli. Lítið varð honum um atburð þenna, en eftir það lá hann aldrei fyrir tófu, hvorki einn síns liðs né með öðrum.

GRÍMA HIN NÝJA III 212



Slysfarir við sjó

Af Reykjanesi hafa borist ýmsar sagnir um slysfarir við sjó er menn eignuðu sæskrímslum eða ókenndum dýrum við sjó, nálægt Hvalsnesi og Skaga og nærri Njarðvíkum, Hólsbergi og víðar. Sagt er að nærri Njarðvíkum fyndust dauðir menn. Voru rifnir eða slitnir af þeim limir. Maður nokkur reið bráðfljótum hesti þar nærri með sæ fram. Elti hann þá ókennt dýr. Það var svo fljótt að það dró hann þegar uppi, stökk upp á lend hestsins og reif hann og sleit aftan. Manninn særði það svo að hann komst nauðulega undan og heim en lagðist þegar og dó eftir lítinn tíma. Í hestinum gróf aftan svo hann drapst.

SIGFUS IV 130



Staðardraugurinn að Útskálum

Séra Þorsteinn að Útskálum (d.1675) var maður ásælinn og þótti hann fara það sem hann gat komist. Eitt vor náði hann í próventumann vel efnaðan og samdist svo með þeim að prestur skyldi halda hann vel að fæði og klæðum til dauðadags, en fá aftur reytur karls. Próventumanninum líkaði illa um sumarið að Útskálum og þótti honum prestur rjúfa samninginn við sig; þóttist hann hafa bæði lélegt viðurværi og óríflega aðbúð. Um haustið vildi hann fara aftur frá presti en ekki var við það komandi og lentu þeir prestur í stælum. N

okkru seinna lagðist karl veikur og þóttist hann vita að sú sótt mundi draga sig til bana. Í þá tíð vildu menn fyrir hvern mun neyta kvöldmáltíðarsakramentisins áður en þeir önduðust en karl vildi ekki þiggja þá þjónustu af séra Þorsteini þar sem þeir voru fjandmenn en fékk einn vinnumanna prests sem hann trúði, til þess að fara til Hvalsness og fá séra Hallgrím Pétursson, sem þar var þá prestur, til þess að koma til Útskála og þjónusta sig. Vinnumaðurinn sagði presti frá þessu öllu saman og bannaði séra Þorsteinn honum að fara, svo að ekkert varð úr því að vinnumaður færi. Karl fór nú að lengja eftir séra Hallgrími og þóttist hann vita, að hann væri brögðum beittur. Hann grunaði og að prestur mundi vera valdur að því að séra Hallgrímur kom ekki og varð reiður mjög. Áður en hann dó, heitaðist hann við prest og sagði, að hann mundi verða lítill gæfumaður upp frá því og svo mundi reynast um fleiri Útskálapresta.

Eftir þetta dó karl og var grafinn, en lá ekki kyrr, sást hann oft á ferli og var jafnan eins búinn og hann hafði verið í lifanda lífi. Stundum sást hann vera að fást við það, sem hann hafði starfað meðan hann lifði, svo sem við hesthúsverk og ávallt markaði hann fyrir gröfum í kirkjugarðinum að Útskálum áður en einhver dó þar í

sókninni. Það er af séra Þorsteini að segja, að hann varð holdsveikur, lenti auk þess í barneignarmáli, missti prestskap og varð að flæmast frá Útskálum.

Séra Þorgeir prestur að Útskálum 1747-53, falsaði tvo kaupmannsseðla. Það komst upp og var séra Þorgeir dæmdur til þess að missa aðra höndina, mannvirðing og búslóð. Málinu var skotið til konungs og náðaði hann Þorgeir prest. Eftir það orti Þorgeir iðrunarsálma og gerðist vinsæll maður.

Séra Egill (1753-89) missti allar eigur sínar fyrir verslun við Hollendinga.

Séra Sæmundur (1812-26) drukknaði í Faxaflóa. Þá sást draugurinn seinast. Hann stóð þá fyrir sáluhliði og glennti sig svo mjög, að hann var allur eitt klof.

Séra Sigurður Sívertsen (d.1887) missti sjónina og varð að segja af sér prestskap. Draugurinn markaði fyrir gröf hans í kirkjugarðinum.

Séra Bjarni (1896-97) lenti í basli og flæmdist af landi burt. Um það leyti varð vart við drauginn og er ekki trútt um, að hann þyki marka fyrir gröfum enn í dag.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON II 49



Stafnesbóndinn

Eftir að mislingarnir gengu hér á landi á 19. öld, var oft mikið um flökkulýð og ölmusumenn, er fóru víða um land, og var meðal annars mikið um þá á Suðurnesjum. Komu þeir tíðast á ríkisheimilin og varð oft mikill átroðningur að þeim og misjafnar viðtökur hjá bændum, því að sumir vildu venja förumenn þessa af komum sínum.

Í þá tíð bjó á Stafnesi ríkisbóndi nokkur; ekki er hér getið nafns hans. Það bar til eitt haustkvöld um réttir, að barið var að dyrum á Stafnesi. Fór bóndi til dyra. Úti stóð lítill drengnokki og bað hann að gefa sér brauðbita. Tók bóndi þegjandi í hönd drengsins og leiddi hann í úthýsi nokkurt, leysti niður um hann og hýddi duglega og sagði honum að því búnu að hafa sig á brott. Hvarf drengurinn grátandi út í myrkrið, og skildi þannig með þeim. Gekk bóndi síðan til baðstofu og varð enginn annar í bænum var við atburð þennan.

Leið nú haustið. En seint á jólaföstunni var enn barið að dyrum á Stafnesi á vökunni. Tvær stúlkur voru frammi í bænum að mala korn og gengu þær til dyra. Dimmt var mjög úti, en þó sáu þær, að kona ein stóð úti fyrir. Biður hún stúlkurnar að skila til húsbóndans, að hún vilji hafa tal af honum. Þær fara inn og flytja bónda tíðindin. Segir þá húsfreyja þeim að fara í humátt á eftir bónda og vita, hvert erindi kona þessi eigi við mann sinn. Þær gera svo, en er þær koma fram að bæjardyrnum, virðist þeim allt útlit konunnar gjörbreytt orðið, og hún vera hin ferlegasta ásýndum og afmynduð af reiði. Hún virðir bónda eigi viðlits, snýr vanga að honum og segir:

"Ekki þarf eg að þakka, en fleirum skal sárna en þeim, sem húðstrýktir eru,"
- og gengur því næst burt. Bóndi sneri þegar aftur til baðstofu og var þá fögur sem

nár. Biður húsfreyja þá stúlkurnar að fara og ná í konu þessa og biðja hana í guðs bænum að tala við sig. Stúlkurnar fara og sjá þær hilla undir konuna norður á túninu. Þær hlaupa á eftir henni og ná henni loks og færa henni orð húsfreyju. En hún er ákaflega fasmikil, lítur ekki við þeim og segir:

"Eg hef skilað erindinu," - og endurtekur það.

Stúlkurnar þorðu eigi lengur að fást við hana og hlupu skelkaðar heim.

- Líður nú fram yfir jól, fram á þorra, og allt er tíðindalaust. Í þorrabyrjun gerði ógæftir miklar, útsynning og brim. Rak þá á Stafnesi tré eitt mikið. Fór húsbóndi með vinnumenn sína til að bjarga trénu frá sjó. En svo vildi til, er þeir veltu upp trénu, að annar endi þess kom dálítið við hné bónda og meiddi hann eitthvað, en eigi svo, að hann gæti ekki gengið heim. En daginn eftir klæðist bóndi ekki og liggur upp frá því rúmfastur í samfleytt 17 ár í hnémeiðsi þessu. Að því búnu komst hann á fætur aftur alheill og óhaltur. Var það ætlun manna, að kona sú, er fyrr var frá sagt, myndi hafa lagt á hann þjáningar þessar fyrir meðferðina á drengnum.

RAUÐSKINNA I 26



Stafnesdraugurinn

Þá er kvefveikin gekk 1894 lagðist í henni Jón nokkur sem kallaður var "í brókinni". Hann átti heima austur í Landeyjum, en var þá vermaður að Stafnesi. Jón var hræddur um, að hann mundi deyja og bað annan sjómann að sækja handa sér meðul til Keflavíkur. Annaðhvort var, að maður þessi neitaði að fara, eða honum dvaldist á leiðinni. Að minnsta kosti er víst um það, að Jón fékk aldrei meðulin og dó nálægt sumarmálum. Eftir það tók Jón að sækja að meðalamanninum og gekk ljósum logum. Maðurinn fór heim til sín, en aðsókninni linnti ekki við það. Jón kvað ganga um eins og grár köttur á Stafnesi enn í dag og einu sinni sást hann á ferð um Rosmhvalanes á meri sem hann hafði átt í lifanda lífi.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON II 40



"Stampinn braut hann"

Einu sinni fékkst engi bakstur í Keflavík og sendi presturinn á Stað í Grindavík tvo karla austur á Eyrarbakka að kaupa bakstur. Hann var í tilslegnum ílátum sem þeir kölluðu stampa. Þeir báru sinn stampinn hvor til baka og datt annar stampurinn í Mjöltunnuklifi og brotnaði. Þeir tíndu brauðið upp í poka og færðu presti. Nokkru seinna var sá karlinn til altaris sem ekki braut stampinn.

Þegar presturinn var að tóna innsetningarorðin og sagði:

"Tók hann brauðið, gjörði þakkir og braut það - ," þá kallaði karlinn upp:

"Lýgurðu það. Stampinn braut hann, en brauðið ekki."

JÓN ÁRNASON V 351



Stapadraugurinn

Sigurður E. Þorkelsson, skólastjóri Holtaskóla og Gylfi Guðmundsson, skólastjóri Njarðvíkurskóla eru æskuvinir. Hafa ætíð verið miklir samgangar á milli þeirra til þessa dags. Í þann tíð bjuggu þau Gylfi og Guðrún, kona hans í Kópavogi og renndu þau einu sinni sem oftast suður í heimsókn í byrjun desember.

Segir ekki af veru þeirra í Keflavík, en langt eftir miðnætti lögðu þau af stað heim í kulda og kafaldsbyl. Er þau komu á mót við Grindavíkurafleggjarann, sjá þau mann við vegarkantinn sem biður um far með bendingu. Þau taka manninn uppí. Hann er úlpuklæddur að þeirra tíma sið, svo lítið sést andlit eða önnur sérkenni. Ekki líður á löngu en Gylfi, sá samræðumaður, vill spjalla við hinn farþegann og spyr hann allmæltra tíðenda. Ekki fær hann nokkurt svar. En hann heldur áfram að spyrja hann um erendi á Stapanum og annað í þeim dúr, en engin fær hann svörin. Finnst honum þetta nokkuð einkennilegt og lítur í baksýnispegilinn og sér þá að enginn er í aftursætinu. Þá lítur hann aftur og sér strax að enginn farþegi er þar afturí. Um hann fer ónotahrollur, enda vel kunnugur sögnum af Stapadraugnum. Hann snýr sér að konu sinni og biður hana að líta aftur í. Nú eru þau bæði orðin nokkuð hrædd og til að stappa í sig stálinu fara þau að syngja, enda bæði söngmenn góðir. Á þessu gengur þar til þau koma á mót við kirkjugarðinn í Hafnarfirði að rödd heyrir úr aftursætinu:

“Hér fer ég út.”

Til er skýring á þessu atviki. En það mun skemma söguna. svo hér læt ég staðar númið.

Frásögn Hildar Harðardóttur, 1997



Steinninn haugbúans í Lykkju

Í Lykkju í Garði suður hefir búið maður sem Þorsteinn hét. Hann byggði bæ sinn og aflaði víða grjóts til hans. Þar allnærri var steinn mikill og fagur og voru á hann ristar fornar rúnir. Hugðu menn hann þar settan á dys fornmanns einhvers, mundu rúnirnar segja hver hann var en þær gátu menn eigi lesið en hitt þóttust menn sjá að vel var um búið undir honum. Þennan stein vildi bóndi færa heim en aðrir sögðu illt af hljótast ef það væri gert og úrtöldu það. En bóndi réði og var steinninn heim færður af mann söfnuði og hló bóndi að hjátrú manna að óttast slíkt. Næstu nótt dreymir bónda það að til hans kemur jötunvaxinn maður all-fornlegur að ásýnd og búnaði; hann er þýðlegur á svip. Biður hann bónda góðlátlega að færa steininn þangað sem hann var. Skilur bóndi að hann muni vera fornmaður og vera heygður undir steininum. Bóndi þykist færast undan því, það kosti svo mikla fyrirhöfn. Þótti mannum auðsjáanlega fyrir þessu og hvarf burtu.

Aðra nótt kom hann aftur og var nú hægur og alvarlegur og talar enn með alvörugefni um hið sama en er nú allt þyngri í orðum og hálf-ógnandi en allt fer sem fyrr.

Þriðju nóttina kemur hann og er nú svo grimmilegur að bónda stóð stuggur af honum. Býður hann bónda nú með harðri hendi að flytja steininn sinn í sinn stað og segir hann skuli annars verra af fá. Bóndi svarar því lítt. Sýnist honum nú eigi betur en hann muni ráða á sig og við það hrekkur hann upp og finnst þá að hann sjá svip þann er hann hvarf frá honum burt. En annaðhvort hafði hann þá komið steininum fyrir í vegg eða hann ætlaði þetta draumskrök orsökðu af hræðslu annarra því eigi færði hann steininn á dysina.

Nú kom það fyrir rétt um þetta bil að hafólgu gerði og brim mikið, tók sjórinn þá

10 skipfund af saltfiski er Þorsteinn bóndi átti. Vitraðist honum þá enn haugbúinn og spurði hvort hann vildi enn eigi undan láta. En eigi er þess getið að Þorsteinn bilaði. Þá missti hann stórgrip. Og enn kom haugbúinn reiður. En Þorsteinn sat við sama keip. Síðan kom haugbúinn hverja nótt af annarri, verri og verri, svo Þorsteinn fór að ugga um líf sitt. Lét hann þá loks undan og lét færa steininn á sinn stað og ganga frá honum eins og hann var áður. Sá hann aldrei haugbúann síðan.

SIGFÚS II 136



Stelpan að Býarskerjum

Guðrún nokkur bjó að Býarskerjum á Miðnesi. Hún átti unga dóttur sem hét Pála(?). Þegar hún var ungbarn tók hún svo snöggri og mikilli breytingu að menn álitu að hún væri orðin umskiptingur, svo var hún ólík öðrum börnum og öllum sínum. Hún var lág og gild, greppleg í ásýnd og óálitleg mjög með gular tennur og neglur beygðar fyrir góma og líkastar klóm. Að öllu leyti var hún afar ellileg að sjá. Þegar hún var í einrúmi hjá þeim er hún trúði sagði hún honum ýmislegt er hún annars leyndi svo sem það að hún hétu eigi það sem hún væri kölluð. "Ég heiti Odda, maður minn; er eldri en þið haldið og barna móðir," sagði hún. En ef hún var spurð meira um það, eyddi hún því og brá í annað tal.

Einu sinni kom maður þangað, sem Þorlákur hét, að Býarskerjum. Hann var einn þeirra manna er neitaði öllu "ónáttúrlegu". Hann hafði oft komið þar áður og átt í stælum um ýmislegt og séð Oddu og heyrt skrafað þar margt og um ýmislegt þess háttar og hlegið að, einkum þó sögnum um umskiptinga. Nú þegar hann var kominn þarna slógu menn á glens við hann og spurðu hvort þeir ættu ekki að sýna honum umskipting. Jú, hann hló að því og kvaðst hafa sterka löngun til að sjá slíkt náttúruafbrigði. Sóttu menn þá stelpuna því móðir hennar var eigi heima. Síðan harðlokuðu þau dyrunum svo stelpa kæmist eigi út.

Það er gömul trú að umskiptingar þoli eigi klukknaðljóð fremur en aðrar kynjavegur og mjög illa var stelpunni við alla skræki og blístur. Þar uppi í baðstofunni var blístrukeyri sem menn höfðu stundum hrætt hana með. Þegar stelpa var komin inn greip einhver keyrið og blés í endann. Þá brá svo við að stelpa brá hart undan og varð sem vitstola. Augun þöndust út af æðinu og hún titraði öll af ósköpum þeim er yfir hana komu. Þar næst réðist hún á súðina, læsti sig fasta með nöglunum og

skreið upp í mæni af einum saman handkrafti svo að fætur löfðu í lausu lofti. Eftir því sem hert var blístrið fór hún harðar svo það var líkast sem köttur klifrar í ákafa. Þannig skreið hún upp og ofan og einnig hliðhallt. Það undruðust allir mest af öllu. Loksins þegar þetta hafði lengi staðið yfir öllum til mestu undrunar opnaði maður baðstofuhurðina og stelpa þeyttist út eins og fjaðrafokka. Þá varð Þorláki að orði:

"Já, svo framarlega sem nokkur umskiptingur hefur nokkurn tíma verið til þá er þessi djöfull umskiptingur. Og þessu hefði ég aldrei trúað hver helst sem hefði sagt mér nema ég hefði séð það sjálfur sem nú er orðið. En margt er ótrúlegt þó það sé satt og er þetta eitt af því."

Snerist nú allt glens í undrun fyrir bæði Þorláki og öðrum. Aldrei fékk móðir Oddu að vita neitt um þetta. En eftir þetta efaði enginn á bænum að Odda væri umskiptingur og vildu fyrir hvern mun koma henni af sér. Spurðu menn nú Guðrúnu hvort hún hefði nokkurn tíma haft hana í kirkju með sér. Hún kvað nei við.

Skoruðu menn þá á hana að fara einn sunnudag með hana í Útskálakirkju því þeir vissu engar kynjaverur standast klukknahtjóm né helgisöngva. Þekktist Guðrún ráðið án þess að hún mundi viðurkenna að dóttir sín væri kynjavera. Lét hún nú til leiðast og var Odda sett upp á stólpagrip sem hest. Riðu þær svo uns þær heyrðu hringinguna frá Útskálum. En þá ærðist stelpa, orgaði og froðufelldi og varð svo þung á hestinum að hann féll þar niður og varð eigi komið á fætur aftur en Odda var froðufellandi og óð. Var þá afráðið að snúa aftur með Oddu og gekk það erfiðlega enda ágerðist ofsinn og æðið svo hún bráðdó á leiðinni til baka.

SIGFÚS III 142



Stjáni blái

Kæmist Stjáni í krappan dans,
kostir birtust fullhugans,
betri þóttu handtök hans
heldur en nokkurs annars manns.

Mælti Örn Arnarson skáld í kvæði sínu um Stjána bláa.
Hann var frekar hár maður, grannur. Föt hans voru þröng og nærskorin, úr bláu vinnufataefni, en alltaf hrein og vel bætt.

Þegar maríumessur voru eða stórrumbudagar kom Stjáni oft að Kotvogi. Hann var dulur og fár við fullorðna en með afbrigðum orðheppinn maður. Hann hafði gaman af krökkum og byrjaði venjulega með því að gefa þeim selbita; hann sagðist gera það til þess að vita hvort heilsan væri góð hjá þeim og áður en varði var hann búinn að hleypa galsa í hópinn með sinni rólegu glettni. Ef strákar voru orðnir svo stálpaðir að þeir voru farnir að róa, gekk Stjáni oft að þeim, tók í handlegg þeirra með þumalfingri og vísifingri og kleip þá, svo að hann virtist ætla að læsa hold frá beini og þeir hljóðuðu. Þá mælti Stjáni: "Ég hélt að þú værir svo stæltur af árinni, lagsi, að puttarnir á mér hrykkju af vöðvunum á þér en það er spauglaust með meyarholdin."

Öðru máli var að gegna, ef Stjáni var með víni. Þá talaði hann lítt við ungu kynslóðina, en sneri þá máli sínu aðallega að þeim karlmönnum sem voru gustmiklir og harðskeyttir og var þá ekki að sökum að spyrja. En þá var líka eins og sjómaðurinn kæmi upp í honum. Tök hans voru bæði frumleg og fantaleg, stundum líkust því sem hann væri að eiga við óþekka fiska við borðstokkinn. Steinbít-

stak var konunglegt að hans dómi.

Og Stjáni var tvennt í senn, hann var handfljótur, handviss og handsterkur. Var það hvort tveggja í senn grátt gaman og þó hálf broslegt að sjá aðfarir hans.

Dag einn, er frátök voru, kom Stjáni niður að Kotvogi, var það um nónbilið. Þann sama dag hafði einhver raki borizt suður í byggðina frá Keflavík og voru sumir sjómenn hreifir. Stjáni fór upp á baðstofuloft, dvaldi þar stutta stund hjá fólkinu, ósköp rólegur og gekk síðan niður og út. Þegar Stjáni kom út á hlað voru þar nokkrir sjómenn fyrir, þar á meðal einn norðan úr Fljótum, stór maður og myndarlegur. Einhver lyfting mun hafa verið komin í hann því að hann fór óðara að særa Stjana og valdi honum ýmsan skáskeyting.

Stjáni sneri sér þá að honum og áður en auga yrði á fest hafði hann rennt vinstra þumalfingri inn um hægra munnvik mannsins, utan við tanngarðinn og gripið á móti með fingrunum aftan við kjálkabarðið, snúið manninn niður og ætlaði nú að ganga svo frá honum að hann yrði rólegur fyrst um sinn. Gengu þá sjómenn á milli og báðu Fljótamanninum griða; var það seinsótt, en tókst þó. Gárungarnir sögðu að sjómaðurinn hefði ekki samkjaftað til hægra munnviksins eftir þetta. Þetta samspil Stjana og sjómannsins flaug um alla sveitina og því var það síðar á þessari vertíð að eftirfarandi atvik kom fyrir er nokkrum sjómönnum lenti saman á landlegudegi.

Einn þeirra var hávaðamaður við vín og óróf og vildi nú stæla meistarann og nota sama tak. En nú var það bara ekki höndin á Stjana sem var með í leiknum og því fór sem fór; maðurinn fór með þumalfingurinn inn á milli jaxlanna en mótstöðumaður hans lagði ómjúkt að og sleppti ekki takinu og kvaldi manninn bæði mikið og lengi svo að hann varð strax að fara til læknis eftir viðureignina. En eins og vandfarið var í fót Stjana, hvað allt tusk snerti, eins var það vonlítið að ætla sér að jafnast á við snilld hans og skilning á sjómennsku.

Svo bar til að liðið var það á vertíð að sílfiskur var farinn að ganga og menn byrjaðir með net. Allir formenn áttu þá net sín suður á Kalmanstjarnarvík, en þegar fiskigangan var sem mest og hrotan stóð sem hæst tók frá í tvo daga og allir sem til þekkja vita hve stórfiskur þolir illa að liggja í netjum án þess að skemmast.

Á þriðja degi var áttleysa, sjór nokkuð lagztur en þó rismikill og útsynntur og þannig að á hann mátti engin breyting koma nema til batnaðar. Allir formenn ýttu úr

vör um morguninn og vitjuðu um netin. En þegar hallaði að hádegi tók sjór að aukast og hann jós í sig briminu sem kallað er. Allir formenn komu líka von bráðar og tóku sundið meðan það var sæmilegt, nema einn; hann kom ekki að sundinu fyrr en allir aðrir formenn voru lentir og höfðu sett skip sín. Kirkjuvogssund er gott sund og verður ekki hættulegt, fyrr en sjór er orðinn hroðalegur. Þegar þetta síðasta skip kom að sundinu, mátti heita, að komið væri stórveltubrim og sundið ófært, nema ef lög komu.

Formaðurinn, Magnús að nafni var góður stjórnandi, skapmikill og einbeittur. Skip hans var áttæringur, fremur lítið skip, en sjóskip ágætt; skipshöfnin var ellefu eða þrettán menn. Þegar hér var komið sögu, var allt fólkið, bæði ungt og gamalt úr þorpinu, komið niður í naustin. Á tímum neyðarinnar verður fólk í litlu sjávarþorpi að einni fjölskyldu. Allir eru sem ein hönd til hjálpar, allir þrá það sama. Og enginn, sem ekki hefir heyrt það og séð með eigin augum, getur skilið, hvílík angist og hryggð getur gripið heilt byggðarlag, þegar svona stendur á. Eins var það nú í Kirkjuvogsvörinni; grátstafir og þungur ekki heyrðist en karlmenn þeir sem stóðu uppi á Kotbogsbakkanum sáu að skipið hélt sig nokkuð utan við sundið. Var þá sjór orðinn svo mikill að skipið hvarf alveg og að því er manni fannst drukklanga stund í öldudalina, en snilldarlega var það þá varið fyrir kvikum og áföllum.

Þá sáu menn líka að til formannsins var kominn Stjáni en hann reri hjá honum þessa vertíð. Og menn vissu hvílíkur snillingur hann var og hversu hann gat hafið sig yfir allan fjölda manna á svona augnablikum. Og það skal ekki orðlengt frekara að nokkuð löngu seinna kom lag á sundi sem þeir tóku og heppnaðist vel enda lögðu þarna tveir snillingar saman ráð sín. Stjáni og formaðurinn. En þegar skipið stóð á þurru, þá mælti Magnús formaður og var þá reiður til þess að bæla niðri í sér klökkvann:

"Hana, piltar, þakkið þið nú honum Kristjáni fyrir lífgjöfina í dag."

Magnús vissi hvað hann sagði. Menn sem voru með Stjana þennan dag á sjó sögðust aldrei hafa þekkt hann alúðlegri né skemmtilegri en þennan dag. Það var eins og hann yxi upp úr sjálfum sér, þegar hann horfðist í augu við háskann. Hann hefir verið einn af þeim mörgu, sem ekki lifa í sterku tjóðurbandi við þetta líf, og því ávallt búinn til að fara, en hann þurfti ekki fyrir það að verða sá listamaður, sem hann varð, á mælikvarða sjómennskunnar. Það hefir honum verið meðfætt.

Stjáni var eins og hvert annað kuldastrá í landi, en í ríki sjómennskunnar var hann fæddur konungur, í ríkinu sem leggur svo mikið til í kjarnann í þjóðlífi okkar Íslendinga.



Stúlkan á Hafnaheiði

Eitt sumar var Ketill í Kotvogi á heimleið frá Keflavík. Hann hvíldi sig í brekku einni á Hafnaheiði, sem kölluð er Ketilsbrekka. Þar hafði hann skamma viðdvöl en lagði síðan af stað aftur.

Skömmu áður en að hann kom að Þrívörðum á miðri heiðinni, sá hann stúlku koma gangandi móti sér sunnan að. Honum varð nokkuð starsýnt á stúlkuna, af því að búnaður hennar allur og fas var með nokkurum öðrum hætti en þá tíðkaðist. Litla tágakörfu hafði hún í hendi, fulla af margvíslega litum, skrautlegum blómum. Stúlka þessi var svo grönn í vexti að það vakti sérstaka athygli Ketils. Er hún varð Ketils vör virtist koma á hana hik og ókyrrð nokkur. Hún hélt þó áfram eftir veginum þar til á að giska 30 metrar voru á milli þeirra. Þá nam hún skyndilega staðar og blíndi á hann, en vék síðan af vegi og gekk á svig við hann svo að alltaf var jafn langt á milli.

Katli fannst kona þessi undarleg mjög og þegar hún vék úr vegi kallaði hann til hennar og heilsaði henni. Ekki svaraði hún einu orði, en hélt áfram að stara unz hún var komin jafn langt aftur fyrir og hún hafði verið fyrir framan hann er hún fór út af veginum. Gekk hún þá aftur inn á götuna og hélt áfram austur eftir henni. Alltaf horfðumst þau í augu, en eftir að hún kom á þjóðveginn aftur virtist hún ekki hafa eins mikinn beyg honum. Þó leit hún oft um öxl. Ketill reyndi ekki frekara að ná tali af henni eða grennslast eftir hver hún væri. En ekki kannaðist hann við hana úr nærsveitunum því að þar þekkti hann hvert mannsbarn.

RAUÐSKINNA I 4, ÞJÓÐSAGNABÓKIN I 30



Svarti hnykillinn

Sumarið 1878 voru tveir piltar í Höfnum sendir upp til fjalla að leita að hestum. Blæjalogn og steikjandi sólarhiti, er þeir lögðu af stað um. Nokkru fyrir innan Kirkjuvog, í svo nefndum Stekkjum, er lón eitt, sem vegurinn lá þá yfir; fellur inn í lónið í stórstreymi, en ef smástreymt er og þurrkar ganga, þornar það upp að kalla. Þá er þeir komu að lóninu, var það nærri horfið, en pollurinn, sem eftir var, morandi af hornsíli. Drengirnir fóru að skemmta sér við að ná hornsílunum og drepa þau, eins og strákum er títt.

Tík ein var með, sem Fídella hét. Er þeir höfðu skamma stund verið að hornsíladrápinu, þá fór tíkin allt í einu að urra og gelta, hljóp spölkorn heim eftir veginum og kom því næst emjandi og urrandi aftur til þeirra. Risu hárin á henni og stóðu í allar áttir eins og á broddgelti. Þótti þeim þetta kynleg læti í tíkinni og hlupu upp á barð fast við veginn til þess að sjá, hverju það gegndi að tíkin lét slíkum látum. Sjá þeir þá nokkru heimar á veginum, hvar moldin þyrlast margar mannhæðir upp í loftið þótt blæjalogn væri. Færðist moldarstrókurinn á áttina til þeirra með þeim feikna hraða að naumast varð auga á fest. Á svipstundu var hann kominn alveg að fótum þeirra. Sáu þeir þá að innan í mökknum var eins og svartur hnykill. Virtist hann vera kafloðinn og fór svo nærri þeim, að moldin þyrlaðist með rokhviðunni framan í þá.

Þá er hnykill þessi kom að lóninu, tók hann sig í háalof og þaut yfir lónið. En skammt fyrir innan það er klöpp ein með grasi gróinni skoru. Þá er hnykillinn kom á móts við klöppina, tók hann sig aftur í loft upp, steypiti sér niður á gjótuna og hvarf þar sjónum drengjanna. Stærri var hnykill þessi en mannshöfuð, en hárstrýið var að sjá sem tog á sauðkind. Eftir þetta hlupu þeir báðir skelkaðir að leita hestanna. En um kvöldið er þeir héldu heimleiðis var öll hræðsla runnin af þeim.

Fóru þeir þá af hestbaki og athuguðu grasglufuna sem hnykillinn hvarf niður í en gátu enga smugu eða holu séð eftir þessa óvætti.

RAUÐSKINNA I 33



Sævíti

Beinteinn var maður nefndur suður í Krýsuvík, bjó hann að Arnarfelli. Eitthvert sinn var hann að smíða skip við sjó frammi, þar sem heitir á Selatöngum. Hafðist hann þar við í verskála. Þar hafði hann alltaf hjá sér hlaðna byssu. Hann lét einatt loga ljós í skálanum þegar kveldaði.

Eitt kvöld, er hann hefur kveikt í skálanum, heyrir hann allt í einu mjög mikinn brest og skarkala í skáladyrum. Lítur hann þangað og sér þá að ógurlegt skrímsli treður sér inn úr dyrunum; það hafði brotið tréð úr þeim, hafði dyraumbúninginn á herðunum og tróð sér svo áfram. En þröngt varð um það á milli grjótveggjanna. Það var eins og maður neðan en mjög ófreskjulegt eða dýrslegt ofan. Beinteinn var harðfær maður og alleinbeittur. Hann þrífur því byssu sína, lætur sér ekki bilt við verða og hleypir af á ófreskjuna. Henni bregður hvergi og treður sér því meir áfram. Beinteinn hleður aftur byssuna og hleypir af. Þá stansar þetta en ekkert sér á því. Enda var það allt að sjá hulið skeljarögg utan.

Beinteinn var í silfurhnepptri millifatapeysu. Hann man nú allt í einu að hann hefir heyrt sagt að þótt engin kúla vinni á skeljastakk skrímsla þá geri þó silfurhneppar það. Slítur hann því hnappana af peysunni sinni, hleður byssuna og hefur á fyrir högl eða kúlu og skýtur enn á skrímslið. Þá tók það snarpt viðbragð, reif sig út og hvarf til sævar. En Beinteinn hljóp út. Þá fyrst greip hann hræðsla. Tók hann til fóta og hægði eigi á sprettinum fyrr en heima við bæ, óður af hræðslu og nærri sprunginn af mæði og sagði söguna. Að morgni sáu aðgerðir skrímslisins en sjálf var það með öllu horfið.



Sögn Beinteins

Beinteinn var maður nefndur suður í Krýsuvík, bjó hann að Arnarfelli. Eitthvert sinn var hann að smíða skip við sjó frammi, þar sem heitir á Selatöngum. Hafðist hann þar við í verskála. Þar hafði hann alltaf hjá sér hlaðna byssu. Hann lét einatt loga ljós í skálanum þegar kveldaði.

Eitt kvöld, er hann hefur kveikt í skálanum, heyrir hann allt í einu mjög mikinn brest og skarkala í skáladyrum. Lítur hann þangað og sér þá að ógurlegt skrímsli treður sér inn úr dyrunum; það hafði brotið tréð úr þeim, hafði dyraumbúninginn á herðunum og tróð sér svo áfram. En þröngt varð um það á milli grjótveggjanna. Það var eins og maður neðan en mjög ófreskjulegt eða dýrslegt ofan. Beinteinn var harðfær maður og alleinbeittur. Hann þrífur því byssu sína, lætur sér ekki bilt við verða og hleypir af á ófreskjuna. Henni bregður hvergi og treður sér því meir áfram. Beinteinn hleður aftur byssuna og hleypir af. Þá stansar þetta en ekkert sér á því. Enda var það allt að sjá hulið skeljarögg utan.

Beinteinn var í silfurhneptri millifatapeysu. Hann man nú allt í einu að hann hefir heyrt sagt að þótt engin kúla vinni á skeljastakk skrímsla þá geri þó silfurhnappar það. Slítur hann því hnappana af peysunni sinni, hleður byssuna og hefur á fyrir högl eða kúlu og skýtur enn á skrímslið. Þá tók það snarpt viðbragð, reif sig út og hvarf til sævar. En Beinteinn hljóp út. Þá fyrst greip hann hræðsla. Tók hann til fóta og hægði eigi á sprettinum fyrr en heima við bæ, óður af hræðslu og nærri sprunginn af mæði og sagði söguna. Að morgni sáust aðgerðir skrímslisins en sjálf var það með öllu horfið.



Sögur Jóns tófusprengs

Sálin í Lóninu:

Þegar eg var í Gnúpverjahreppi hjá móður minni, reri eg suður í Garði. Einu sinni þegar við vorum úti á reginhafi, gerði á okkur grenjandi hríð. Okkur leizt ekki á að bíða og sigldum heimleiðis. Í lendingunni hvolfdi bátnum og druknuðum við allir. Við höfðum seilað fiskinn, og rak allt upp, fiskinn og seilarnar. Mig rak þar upp á malarrif. Þegar eg hafði legið þar nokkra stund, fór mér að leiðast. Eg stökk á fætur og sá, að sálin mín var að synda þar í lóni. Eg óð út í lónið, náði sálinni og gleypti hana. Þá varð mér litið á seilarnar og ár, sem lá í fjörunni. Eg tók árina og eina seil. Það voru á henni milli 20 og 30 fiskar. Eg smeygði fiskakippunni upp á annan árendann og lagði hana svo um öxl mér. Alltaf var grenjandi hríð.

Eg hélt nú af stað og stefndi norðaustur til Henglafjalla, en þegar eg kom upp undir Hengilinn, var snjórinn orðinn svo djúpur, að árin náði ekki upp úr. Þó hélt eg áfram, en vissi varla, hvað eg fór. Eg gekk nú langalengi í snjónum, en loksins hrapaði eg. Þegar eg rankaði við mér, var eg í eldhúsi móður minnar austur í Hrepnum. Eg hafði dottið inn um eldhússtrompinn.

Áraförin:

Einu sinni rerum við í blíðalogni af Suðurnesjum, en þegar degi hallaði, gerði landsynning svo mikinn, að ekki hafði annar eins komið í manna minnum. Húsin fuku til og frá eins og hey, en alla báta rak til hafs. Ekkert skip náði lendingu nema það, sem eg var á, en fast urðum við að taka á, meðan við vorum að berja í land. Daginn eftir var logn, og rerum við sömu leið fram og við höfðum komið um

kvöldið; þótti okkur þá bregða undarlega við, því að áraförin frá því kvöldinu áður
sáust enn á sjónum, og mátti rekja þau alla leið fram á Svið. Það voru hraustir
drengir í þá daga.

JÓN ÁRNASON IV 251



"Taktu þitt og farð" í burtu"

Það er í munnmælum haft að Heiðarhús sem eru spölkorn fyrir ofan Inngarðinn hafi í fornöld verið mesti stórbær svo að þar væru þrjátíu hurðir á hjörum, en hafi aflagt fyrir reimleika sakir. Var sá draugur nefndur Heiðarhúsadraugur. Skyldi einn þar búandi maurapúki peningaauðugur hafa gengið aftur til skildinganna. Þókti þar ekki viðvært lengi fram eftir jafnvel þó þar séu tún hin beztu. Sigurður og Svanhildur kona hans bjuggu í Heiðarhúsum um 1805. Svanhildur var talin forneskjukerling. Sigurður reri þar í Garðinum sem fleiri og kom oft seint heim á kvöldin frá sjónum. Einu sinni seint um kvöld er Svanhildur sat inni, en Sigurður var ekki kominn frá sjónum, var kallað á gluggann hjá henni: "Ég vil mitt." Þá svaraði hún: "Taktu þitt og farð' í burtu." Svo fóru leikar að þeim þókti þar svo óskemmtilegt að þau fóru þaðan.

JÓN ÁRNASON III 348



Tanga-Tómas

Tómas hét maður, er eitt sinn kom að Krýsuvík og baðst þar gistingar en honum var úthýst. Fór Tómas þá þaðan, en varð úti á Selatanga. Tómas gekk aftur og var draugurinn jafnan nefndur Tanga-Tómas. Margir urðu fyrir aðsókn hans en einkum Beinteinn úr Hraunum suður, enda var hann oft við selaskot á tanganum. Stundum skaut Beinteinn silfurhnöppum á drauginn en það hreif ekkert. Aftur fældist hann í svipinn, þá er skotið var á hann lambaspörðum. Oft fylgdi draugurinn Beinteini heim og varð honum helzt til friðar að láta konu sína sofa fyrir framan sig, því að þá komst draugurinn ekki að honum. Einhverju sinni var draugurinn kominn inn í bæinn á undan Beinteini. Hann krossaði fyrir dyrnar, eins og þá var siður til, til þess að varna draugnum að komast inn, en þetta varð til þess í þetta skipti að draugurinn komst ekki út. Hann var með gústmesta móti um nóttina og var stundum bjart í baðstofunni af eldglæringum.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON I 315



Tyrkir í Grindavík

Það er alkunnugt að þegar Tyrkjar ræntu hér á landi 1627 gjörðu þeir landgöngu í Grindavík. Segja menn þeir hafi komið upp á Járngerðarstöðum og söfnuðust menn saman og gengu móti þeim og varð bardagi í fiskigörðunum fyrir ofan varirnar.

Þá bjó karl gamall á Ísólfskála. Hann átti stálpaðan son; rauða meri átti hann líka. Karlsson heyrði talað um að Tyrkjar væru í Grindavík. Hann bað föður sinn lofa sér að fara þangað til að sjá þá. Karl var tregur til þess, en sonurinn sókti fast eftir. Karl lét það þá eftir og setti hann á bak Rauðku og bað hann ríða hægt þangað til hann sæi Tyrkja og snúa þá aftur og flýta sér sem mest. Hann fór nú og segir ekki af honum fyrr en hann sá Tyrkja þar sem þeir börðust við landsmenn. Þá stukku tveir strax og ætluðu að taka hann. Hann varð dauðhræddur, reið undan og barði á báða bóga, en Rauðka var ekki viljugri en svo að Tyrkjar voru alltaf í nánd við hana. Þó dróst svo austur á Hraunssand að þeir náðu henni ekki. Ofan til á miðjum sandi náðu báðir undir eins í taglið á henni, en hún sló aftur undan sér og setti sinn hóf fyrir brjóst hvorum Tyrkja svo þeir féllu niður dauðir, en Rauðka hljóp nú svo hart að karlssyni þótti nóg um og kom hann heill heim á Skála.

Leiði Tyrkjanna sést enn á Hraunssandi, hlaðið úr grjóti og lítið grasi vaxið ofan, næstum kringlótt, nálega einn faðm á hvurn veg. Slétt er fram á það því sandinum hallar, en undan brekkunni er það nálega tveggja feta hátt. Sumir kalla það Kapellu.

Í bardaganum veitti landsmönnum miður. Særðu Tyrkjar suma, en tóku suma; þó féllu margir af Tyrkjum.

Helgi hét maður; hann barðist með kvíslarfæti og drap fimmtán Tyrkja, en var

síðan tekinn. Hann var keyptur út löngu seinna og er sú sögn eftir honum höfð, að hann hafi drepið tvo eigendur sína, hvorn eftir annan, þá hann hlóð múrvegg, en þeir fundu að verkinu, og hafi hann hlaðið þeim í vegginn svo þeir fundust ekki og engan grunaði að Helgi hefði ollað hvarfi þeirra.

Engin dys sjást þar sem bardaginn var eða þar nálægt. En svo segja Grindvíkingar og fleiri að þar vaxi þyrnir síðan þar kom saman kristið blóð og heiðið, en það er raunar þistill, en ekki þyrnir.

JÓN ÁRNASON IV 161



Tyrkir koma í Krýsuvík

Annað sinn komu Tyrkjar undir Krýsuvíkurborg og gengu upp þar sem síðan heitir Ræningjastígur. Þá var sel hjá Selöldu og fóru Tyrkjar þangað, drápu matseljuna, en eltu smalann heim að Krýsuvík.

Það var sunnudagur og var Eiríkur prestur að messa í Krýsuvíkukirkju. Segja sumir að hann væri fyrir altarinu, en hitt mun sannara að hann væri í ræðustól er smalinn kom hlaupandi í kirkjuna og mælti hátt:

"Tyrkjar komu og drápu matseljuna og eltu mig hingað."

Prestur mælti: "Viljið ekki lofa mér að ganga fram í dyrnar góðir menn?"

Menn játtu því. Eiríkur gengur fram í dyr og lítur út og sér Tyrkja koma á túninu.

Hann mælti til þeirra:

"Farið nú ekki lengra! Drepið þarna hvor annan! Væri annar dagur eða ég öðruvís búinn, mundu þið éta hvor annan."

Þar börðust þeir og drápu niður. Heitir þar síðan Orrustuhóll eða Ræningjahóll er þeir börðust, en Ræningjapúfur þar þeir eru dysjaðir. Þar eftir hlóð Eiríkur vörðu á Arnarfelli og mælti fyrir henni sem hinni að meðan hún stæði skyldu Tyrkjar aldrei granda Krýsuvík.

JÓN ÁRNASON I 562



Týndi sjálfskeiðingurinn

Áður fyrr voru þorskhausar hertir og hafðir til heimilisins, eða seldir sveitabændum til átu. Var það oft á haustkvöldum að vinnufólkið sat á rúmunum sínum að rífa þorskhausu áður en ljós voru kveikt og sest að vinnu.

Eitt kvöld um haust var vinnufólkið í Kotvogi sem oftar að rífa þorskhausu. Sat vinnukona að nafni Valgerður á rúmi sínu og var sem aðrir að rífa haus með sjálfskeiðingi; missir hún þá hnífinn niður á gólfid við fætur sér. Beygir hún sig niður og ætlar að taka hnífinn upp, en fann hann ekki; kveikti hún þá ljós og leitaði, en þrátt fyrir nákvæma og langa leit fannst hnífurinn ekki að heldur.

Baðstofan var öll þiljuð í hólf og gólf og hvergi svo stór smuga eða rífa að saumnál gæti fallið niður um, hvað þá heldur hnífurinn. Þótti þetta kynlegt sem von var þar sem allt fólkið heyrði er hnífurinn datt niður á gólfid. Haustið eftir bar svo til eitt kvöld í rökkrinu að Valgerður sat á rúmi sínu og var að þrjóna sjóvettlinga; missir hún þá einn þrjóninn niður, þreifaði hún þá annarri hendi niður á gólfid eftir þrjóninum.

En í stað þess að taka þrjóninn upp, kemur hún með hnífinn, sem hún hafði misst árið áður. Ekkert ryð var á hnífnum og ekki annað að sjá en að hann hefði verið í daglegri notkun. Þótti þetta kynlegur atburður að hnífurinn skyldi koma í leitirnar á þennan hátt eftir heilt ár og varð það ekki til þess að draga úr huldufólkstrú þeirra manna sem þóttust næstum daglega sjá huldufólk og jafnvel hafa samneyti við það.



Töfradrykkurinn

Fyrir austan bæinn Junkaragerði á Suðurnesjum er hæð sú, er nefnist Stóri-Dilkur. Hæð þessi er gróðurlaus á alla vegu, há og glögg frá umhverfinu af sjó að sjá. Í gamla daga bjó einhverju sinni í Junkaragerði bóndi sá er Eyvindur hét. Hann var vænn yfirlitum, mikill að vexti og burðum og fáskiptinn um hag annarra. Hann var ókvæntur er saga þessi gerðist og stundaði sjó sumar og vetur og græddist fé. Hann var talinn hafa draumkonu, er varaði hann við veðrum og þóttust hjú hans hafa séð hana hverfa stundum frá svefnstofu hans á nóttum. Fór það þá stundum þannig að búsysla hans og sjósókn varð mjög næturblandin.

Eitt sinn, er leið að jólum, þóttust heimamenn verða varir meiri umferðar í bænum á nóttum en nokkru sinni fyrr, en á sama tíma hafði Eyvindur draumfarir miklar á hverri nóttu, svo að dreymini hans gerði hann loks afhuga heimilisstörfum. Daginn fyrir þrettándann brá hann sér inn að Kirkjuvogi. Segir ekki af för hans og leið svo þrettándanóttin að hann kom eigi heim. Þennan morgun með birtu bar svo við í Junkaragerði að gamall maður, er Egill hét, gekk út og ætlaði niður til nausta en í því sá hann Eyvind vera kominn heim undir bæinn. Asi mikill var á honum og var svipur hans sem hefði hann munnhörpur. Hann kom úr þeirri átt, sem Dilkurinn var. Hann kallaði til Egils og bað hann ganga með sér til skemmu sinnar. Egill gerði það. Þar tók Eyvindur upp silfurstaup úr vasa sínum. Það var mikið og fagurt og að utan alsett bláum plötum eða deplum er greyptir voru í silfrið. Er þá mælt að Eyvindur hafi sagt Agli frá því að þegar hann um nóttina var á heimleiðinni kominn suður undir Stóra-Dilkinn hafi hann skyndilega orðið gagntekinn af einhverri undarlegri breytingu og kyrrð, sjávarhljóðið virtist deyja út í fjarska og hann heyrði eigi framar til sjálfs sín er hann gekk.

Í því varð honum litið til Dilksins. Hann var horfinn en í staðinn var þar bygging er hann gat eigi lýst. Var það líkast mörgum húsum er stóðu í röðum hvert aftur af öðru, og æ hærra, er aftar dró. Það næsta og mesta var opið og bjart þar inni. Þar stóð bláklædd og fögur kona. Var hálsmál hennar, ermar og faldur bryddað rauðum borðum. Hún bauð Eyvind velkominn og leiddi hann inn í stóran sal. Þar voru rósofnir stólar með háum bókum og drekahöfðum til hliða en úr loftinu héngu skálar í löngum festum og loguðu ljós í hring á börmunum. Alls staðar bar skraut fyrir augað en umhverfis ríkti annarlegur blær sem eins og eyddi öllum hávaða. Konan bauð Eyvindi til sætis og mælti:

"Vita skaltu það. Eyvindur, að oft hefi ég bjargað þér frá vondum veðrum og háska. Ég mun því biðja þig að ganga nú í mína þjónustu, þar sem þú hefir eigi meiri skyldur við aðra en mig. Og fegurra mun blik hafsins vera og betra það að sækja frá bústöðum mínum."

Eyvindur stóð þá upp og mælti: "Eigi mun ég vistast til þín né heillast af þér láta, þótt þú hafir greitt fyrir mér."

Þá mælti konan: "Ég mun þá gefa þér minjagrip um komu þína."

Kom hún þá með silfurstaup tvö og könnu. Hún hellti í staupin rauðu víni úr könnunni. Það var svo kalt að staupin dögguðust að utan. En er Eyvindur drakk það, brá svo við að hann sá allt í öðru ljósi og það, er meira var, að allt virtist skyndilega verða enn fegurra og tilkomumeira, veggirnir eins og fjarlægðust, loftið hækkaði og ljósin á skálunum urðu eins og fjarlæggar stjörnur og hann varð svo heillaður af könnunni að hann missti þau orð af vörunum, er hann með öllu hafði aftekið að segja rétt áður.

Þá mælti konan: "Nú hefir þú drukkið þann drykk að þú munt einskis njóta án mín. En fyrst þú afþakkaðir boð mitt og virtir að vettugi velgerðir mínar, þá legg ég það á þig að þú skalt eigi til mín komast aftur fyrir mína hjálp. En bikarinn skaltu hafa til minja um fundi okkar. Og mun nú hvorugu okkar líða vel."

Eyvindur þóttist þá ætla að grípa til hennar, en við það sortnaði honum fyrir augum og áköf suða greip eyru hans en þegar það hvarf, stóð hann utan í Dilkinum og við það hraðaði hann sér sem mest hann mátti heim til bæjar.

Eftir þessa nótt var Eyvindi brugðið. Hann festi eigi hugann við neitt og allt fór úrhendis í búskap hans. Oft lagði hann leiðir sínar til Dilksins, en allt kom það fy-

rir ekki. Þá var það vetrarkvöld eitt árið eftir að Eyvindur kom heim neðan frá naustum og lagði sig. Jafnskjótt og hann gleymdi sér, dreymdi hann að aldraður maður kæmi að rúmi hans og mælti:

"Illa ferst dóttur minni við þig er hún hefir gert þig afhuga öllu öðru en sér en læsir þó jafnframt fyrir þér bústað sínum. Skaltu nú minnast þess að sjáir þú eitthvað óvenjulegt á himninum í vetur, skalt þú þann sama dag, seint að kvöldi, ganga til Dilksins og mun ég þá greiða þar fyrir þér."

Leið svo tíminn fram yfir Kyndilmessu að aldrei var róið vegna útsynnings og umhleypinga en er veður hægðust og Eyvindur reri í fyrsta sinn þessa vertíð, lagðist hann við stjóra á miði því, er Brúnkolla heitir. Voru þar flestir hásetar Eyvindar öngulsárir. En með birtingu kom Eyvindur á drátt einn þungan svo að hann varð að lúta fram við hann en við það herti hálsborgin á skinnstakki hans mjög að honum. Þegar minnst varði, missti Eyvindur dráttinn af færinu og losaði hann þá strax um hálsbjörgina í beinsylgju sinni að framan. En við það rétti hann sig upp og varð um leið litið til austurs. Sá hann þá gylliniský á austurloftinu þar sem dagurinn var að fæðast. Við það brá Eyvindi svo að hann skipaði hásetum litlu síðar að hanka upp færin frá fiski sem tekinn var að örvast. Var þá létt stjórnum og haldið heim.

Þegar heim kom og tekið hafði verið á köstum og skipt í hluti, voru fimm til hlutar og sló þá óhug á hásetana, því að þeir minntust orðtaksins forna: að betri eru fjórir á skip en fimm í hlut í fyrsta róðri.

Þetta kvöld á vökunni brá Eyvindur sér út en kom ekki aftur. Var hans leitað oft og lengi en aldrei fannst hann né kom fram eftir þetta og var það hald manna að hann hefði náð til álfkonunnar í Dilkinum og hún tekið hann í fulla sátt. Nokkrum vikum seinna bar svo við, er komið var út í skemmu Eyvindar að þar var veizlumatur mikill er enginn kannaðist við og var það álitin sending úr brúðkaupi hans til hjúa sinna. En lengi var það svo í Junkaragerði er rifjuð var upp sagan um Eyvind og hvarf hans að þá var silfurbikarinn með bláu deplunum sýndur til minja um Eyvind og bústaði álfanna í Stóra-Dilkinum.



Um kirkjur

Sagt er að ekkert skip farist á Kirkjuvogssundi rétt förnu þegar kirkjan er opin.

JÓN ÁRNASON IV 95



Útilegumannalest

Þorkell Helgason bróðir Erlendar var vinnumaður hjá séra Auðuni á Stóruvöllum og síðan hjá ekkju hans. Þá var það á einhverju vori að hann kom úr Njarðvíkum og fór þaðan á áliðnum degi með öðrum manni. Þegar þeir voru skammt komnir mættu þeir lest sem þrír menn voru með; þeir voru í sauðsvörtum prjónafötum og dimmleitir. Á hestunum voru prjónaðir sekkir. Þeir Þorkell heilsuðu þeim. Þeir tóku lítið eða ekki kveðju þeirra og skildu svo. Þorkell átti seinna Sesselju Ámundadóttur sniðkara, ekkju Jóns Einarssonar frá Baugsstöðum. Þau bjuggu í Geldingaholti.



Vatnaskrípi í Grænavatni og

Grænavatn skammt frá Krýsuvík er ekki einvörðungu merkilegt fyrir sinn græna lit sem líklega orsakast af dýpt þess heldur einnig af því að margar sögur gengu af undarlegum skepnum sem komu stundum upp úr því. Einn maður fullyrtaði að hann hefði séð eina slíka skepnu, þó eigi mjög stóra, líkasta marsvíni. Hún hvarf fljótt.

Kleifarvatn gengu þó enn þá fleiri sögur um. 1755 sást undarleg skepna líkasta skötu að lit og lögun koma upp úr vatninu, yfirmáta stóra eins og öllum bar saman um að allar þær skepnur væru er menn þóttust sjá í þessu vatni; væru þær bæði stærri og lengur uppi en í Grænavatni.

1750 þorði fólk eigi að veiða í Kleifarvatni þótt það væri fullt af fiski í uppivöðum vegna orms eða slöngu sem væri svört að lit og kæmi iðulega upp og léki sér í vatninu. Hún var að stærð við meðalhval, 30-40 metra löng.

Maður nokkur kvaðst oft, bæði einn og með öðrum, hafa séð hana og aðgætt vel því hún hefði oft verið uppi tvær mínútur. Hann bætti því líka við að menn og konur sem voru að vinnu við vatnið í stilltu veðri og sólbjörtu 1749 í ágústmánuði hefði allt séð þennan orm miklu betur en nokkrir aðrir áður þegar hann skaut sér upp úr vatninu og skreið upp á mjóan tanga eða nes og lá þar hér um bil tvo tíma uns hann fór aftur í vatnið. Fólk þorði eigi að honum en flýði eigi heldur af því hann lá kyrr. Þó gat það eigi lýst hversu hann hreyfði sig frá og í vatnið, dróst saman og rétti úr sér á mis.

DULHEIMAR 97



"Vestangúlpur garró"

Þegar Konráð prófessor Gíslason var unglingur, reri hann til sjóar í Vogunum eða einhvers staðar þar um slóðir, eins og Norðlendingum er títt.

Einu sinni er formaður þeirra snemma á fótum sem oftast og hyggur til veðurs.

Dagsbrún var á lofti, en skuggsýnt. Formaðurinn sýnist maður standa á kletti niður við sjóinn. Hann verður alveg hissa, því að hann þóttist vera fyrstur á ferli; gengur hann niður á klettinn og ætlar að hafa tal af manninum. Þegar hann er kominn fast að honum, kallar maðurinn hátt mjög: "Vestangúlpur garró", og steypir sér því næst fram af klettinum.

Formanninum þykir þetta skrýtið og hugsar, að ekki muni ráðlegt að róa í dag.

Veður var gott, og reru allir nema þeir Konráð, og þótti þeim hásetum það allillt.

Formaðurinn sagði þeim upp alla sögu, en þeir skopuðust að. Þegar leið á daginn, gerði vestangarð mikinn. Mörg skip fórust, en hin hrakti og þóttust hásetarnir þá hafa betur heima setið en róíð.

ÓLAFUR DAVÍÐSSON I 236



Vettlingarnir

Það er altítt á Suðurlandi að róa til fiskjar um nætur og það á ýmsum tímum. Svo bar við sem oftast á vetrarvertíð 1890 að róíð var snemma nætur því veður var allgott.

Sjómaður einn lá vakandi í rúmi sínu í Akurhúsum og bjóst við kalli frá formanninum á hverri stundu. Húsum var þannig háttað, að baðstofan var þiljuð sundur í miðju, og svaf sjómaðurinn í fremri parti hennar og stóð rúm hans beint á móti bæjargöngum. Þannig lá hann nokkra stund vakandi, þar til hann sá dreng nokkurn, Svein að nafni, frá Lónshúsum, sem var næsti bær við Akurhús. Hann sá er hann gekk inn fyrir í innri hluta baðstofunnar, þar sem húsfreyja og vinnukona sváfu.

Eftir nokkra stund heyrði hann að húsfreyja fer á fætur og vekur stúlkuna því hún braust mjög um og lét illa í svefninum, en gat þó ekki vaknað sjálf. Húsfreyja spyr hana, hvað valdi þessum ókyrrleik hennar; kvaðst hún hafa fundið að eitthvað væri að leggjast ofan á sig og hefði það helst ætlað að hengja sig.

Eftir litla stund finnur svo sjómaðurinn eitthvað leggjast léttilega ofan á rúmfötin hans; lyfti hann þeim þá upp og hurfu þá þessi þyngsli alveg en ekkert sá hann. En fljótlega gerði þetta vart við sig aftur og leggst þá enn þyngra en fyrr ofan á hann. Hann sneri sér hvatlega við, dustaði fötin og hrækti fram á gólfið, svo ekki varð meira af þeirri viðureign. Eftir litla stund sá hann hvítan strók, sem fyllti upp göngin, frá gólfi til rjáfurs. Ekki sá hann neitt verulegt sköpulag á þessu, en nokkra stund dvaldi það þarna, þar til það hvarf aftur jafn skyndilega eins og það kom. Svo var allt kyrrt um hríð, þangað til hann sá göngin fyllast aftur með eldglærin-gum, framan úr dyrum og nálega inn að rúmi hans. Hann horfði á þetta stundarkorn, en gat ekki áttað sig á þessu, þar til það hvarf sjónum hans. Þess skal

getið að áður nefndur drengur kom til Akurhúsa daginn áður; hann hafði vettlinga meðferðis, sem hann gat hvergi fundið, þá er hann ætlaði heim aftur; var honum hjálpað við leitina, en þeir fundust samt ekki; var honum þá sagt, að hann skyldi koma daginn eftir og mundu þeir þá finnast. Drengurinn kom snemma um morguninn að vitja vettlinganna; fundust þeir um síðir í rúmi vinnukonunnar, undir sænginni.

ÞJÓÐTRÚ 51



Vitjað ljósmóður

Þegar Þórunn Gísladóttir yfirsetukona var 14 ára, var hún hjá foreldrum sínum á Býjaskerjum á Miðnesi. Í túninu þar var klettur nokkur sem kallaður var Krossbrekka. Var það trú manna að þar byggi huldufólk. Til marks um það má segja að bóndinn á næsta bæ, Bárugerði, þóttist eigi sjaldan sjá konu bregða fyrir uppi hjá klettinum. Sýndist honum kona sín vera að hirða þar þvott; en þegar til kom, reyndist það missýning. Kýr þeirra hjóna, sem var hæluð upp við klettinn, var eigi sjaldan þurrmjólkkuð að kvöldi og vissi enginn nokkurar líkur til að það væri af manna völdum. Gat er vestan á klettinum og hugðu menn það dyr vera. Þórunn og systkini hennar voru oft um þessar mundir á órökuðum kópskinnskóm.

Einn morgun, er hún vaknar, saknar hún annars skós síns og þótti skaði, því að hann var nýr. Leitað var að skónum en hann fannst eigi; var það kennt vanhirðu Þórunnar að hún hefði látið hunda nema skóinn burt en hana minnti statt og stöðugt að hún hefði bundið skóna saman og hengt þá við rúmstokkinn um kvöldið.

En þessa sömu nótt og skórinn hvarf dreymdi Þórunni að til hennar kæmu tvær stúlkur á hennar reki. Báðu þær hana að koma út með sér. Hún þóttist klæða sig og binda upp á sig skóna og fara með þeim. Þegar út kemur biðja þær hana að koma með sér upp að Krossbrekku. Leiða þær hana síðan að gati því er nefnt hefur verið og var á klettinum og biðja hana að koma inn, það liggi mikið við.

Þórunn er treg til þess, því að hún hafði verið hrædd á klettinum. En svo fer að hún lætur til leiðast. Dettur henni þá í hug að hún hefði heyrt að vissara væri, þegar gengið er inn til huldufólks að skilja eftir eitthvað af sér utan dyra. Þykir henni því að hún leysi af sér annan skóinn og skilji hann eftir fyrir utan klettinn. Þegar

inn kemur sér hún að þar liggur kona á gólfi. Fer hún höndum um hana og innan skamms verður konan léttari. Að því búnu mælti konan: "Nú máttu fara; ég ætla ekki að borga þér þetta neitt því að ekki er víst að hverju gagni þér kæmi það en vísast er að þér heppnist vel að hjálpa konum."

GRÁSKINNA I 181, SIGFÚS VIII 251



Vogadraugurinn

Þegar Jón Daniélsson kom að Stóru-Vogum var þar mjög reimt og stóð svo á því að bóndi sá sem þar hafði búið á undan honum hafði einu sinni úthýst manni í misjöfnu veðri, köldum og að líkindum svöngum líka.

Þessi maður ætlaði þá, þegar hann fékk ekki inni í Vogum að fara út í Njarðvíkur yfir Vogastapa og leita þar fyrir sér. En um morguninn eftir fannst hann dauður á Stapa nærri Grímshól; var hann borinn heim að bæ þeim sem honum var úthýst frá kvöldinu áður. Þegar komið var með hann í hlaðið brá bónda svo við að það leið yfir hann; sumir segja að hann hafi orðið á sömu stund bráðkvaddur, en hinir að hann hafi raknað við aftur úr öngvitinu, en aldrei orðið jafngóður og þetta hafi dregið hann til dauða.

Þegar búið var að grafa þann sem úti varð fór þegar að bera á reimleika í Vogum hjá bónda og batnaði ekki hót við það að hann dó. Menn eignuðu það því að sá sem úti hafði orðið vildi hefna sín fyrir það að honum hefði verið vísað á bug úr Vogum og orðið svo úti. Þegar Jón kom að Vogum hélzt reimleikinn enn við þó allt fólk væri þaðan farið sem þar hafði verið þegar mannum var úthýst. Varð Sigríði konu Jóns einna mest mein að því og ásótti þetta hana með svefnóværd mikilli því ekki hafði hún fyrri fest blund á kvöldin í rúminu fyrir ofan mann sinn en hún fór að láta illa í svefninum.

Fyrst í stað vakti Jón hana, en jafnskjótt sem hún blundaði aftur kom að henni sama óværdin. Aldrei kom þetta fram við Jón sjálfan, en ekki var lengi áður honum leiddist þessi áleitni. Eitt kvöld þegar Jón heyrir að fer að korra í konu sinni rýkur hann á fætur aftur og fer ofan og tekur sax í hönd sér og segir ef djöfull sá

láti sig ekki í náðum og alla sína skuli hann reka í hann sveðjuna og vísar honum til fjandans.

Eftir það hætti reimleikum hjá Jóni. En þegar reimleikinn hvarf frá Vogum fór hann að gjöra vart við sig í Tjarnarkoti í Vogahverfinu og var það þó ekki af því að þar væru heldur neinir niðjar þess er hafði úthýst mannum.

Sótti draugurinn einkum á bóndann þar og það svo að hann varð gjörsamlega óður eina nótt. Var þá sent heim að Vogum eftir Jóni því Vogamenn leituðu jafnan liðs hjá honum í flestu sem þeir við þurftu og kom hann vonum bráðar.

En þegar bóndinn í Tjarnarkoti sá hann var hann svo óður að hann sagðist ekki hræðast neinn nema andskotann hann Jón Danielsson. Gekk þá Jón að mannum og segist þá munu neyta þess að hann sé hræddur við sig og skipar hinum óhreina anda út úr mannum með mikilli alvörugefni. En svo brá við það að maðurinn fékk þá værð og datt í dá.

En Jón fór þegar út; fylgdi hann hinum óhreina anda burt frá bænum í Tjarnarkoti og þangað sem nú er búð sú í Vogum sem heitir Tuðra. Þar kom hann honum fyrir og bað hann sökkva þar niður til hins neðsta og versta helvítis þaðan sem hann væri kominn og gjöra aldrei framar mein af sér í Vogum. Við þessi ummæli Jóns hvarf reimleikinn þegar svo hvorki bóndanum í Tjarnarkoti né neinum öðrum varð eftir það meint við hann. En þó hefur þótt örla á því oft að ekki væri allt hreint í Tuðru.

JÓN ÁRNASON I 378



Vogmærin á Eyri

Fyrir sunnan Kalmanstjörn eru grasi vaxnir hólar við sjóinn og ótal rústir og garðbrot; eru þetta leifar af gamalli byggð. Þar var Kirkjuhöfn og er sagt að þar hafi verið kirkjustaður til forna og mikið útræði. Einnig var þar býli er Sandhöfn nefndist. Nokkuru sunnar er nes eitt er gengur til útnorðurs í sjó fram fyrir norðan Hafnaberg. Á nesi þessu var býli það er Eyri hét og var þar byggð til ársins 1776; fylgdi því töluverð grasnyt og útræði afbragðs gott. Fátt er mönnum kunnugt um fyrri búendur á Eyri, nema Grím þann, er Hallgrímur Pétursson orti um vísuna

"Grímur á Eyri

gerir sem fleiri,
gengur hann út", o.s.frv.

Var síra Hallgrímur þá prestur á Hvalsnesi.

Síðastur bóndi á Eyri hét Ormur, en kona hans Gunnvör. Bróður átti Ormur, er Þórarinn hét, bóndi að Kalmanstjörn. Stundaði Ormur bóndi mest sjómennsku því að grasnyt var um þær mundir orðin lítil á Eyri.

Haust eitt kom maður nokkur til Orms er Ari hét. Var hann skipasmiður góður, en dulur í skapi og hjátrúarfullur mjög. Vann hann að skipasmíði hjá bónda og lagfærði ýmislegt, bæði utanhúss og innan. Var Ari á Eyri um haustið og fram yfir hátíðir. En eftir nýárið hafði Ari orð á því við Orm bónda að verið gæti að hann yrði háseti hjá honum um vetrarvertíðina, ef vel semdist með þeim. En svo hagaði til á Eyri að bærinn stóð alveg fram við sjóinn; var aðeins malarkampur á milli bæjar og lendingar, en á honum stóðu útihús. Sundið var stutt, en í því miðju var

sker eitt stjórnborðsmegin, er inn var róið; var það kallað Bænasker, því að lesið var ætíð er farið var fram hjá því á morgnana.

Á þrettánda dags kvöld jóla var veður gott, logn, tunglskin og frost mikið. Fór þá stúlka ein út í fiskihjall að ná í lýsi til ljósmetis. En er hún kemur fram að húsunum, verður henni litið niður að sjónum. Sér hún þá, sér til mikillar undrunar, hvar tíæringur kemur inn sundið og er óðara kominn inn í miðja vör. Það þykir stúlkunni þó kynlegast að hún heyrir ekkert hljóð í skelliskautunum og sýndist henni hásetar þó róa knálega, en að sama skapi gengur illa hjá þeim er inn í vörina er komið.

En formaður situr aftur á bitanum og hamlar duglega og kveður vísu við raust. Var efnið svona:

Einn í hóp, einn í hóp
oss skortir enn;
engin óp, engin óp
eiga við menn.

Hleypur nú stúlkan inn í bæ og segir tíðindin. Fer Ormur samstundis út með húskarla sína, en er þeir koma að útihúsunum frammi í malarkampinum, sjá þeir ekkert skip í vörinni, en kjölfarið sjá þeir fram eftir sundinu í logninu. Fara þeir þá til bæjar og varð mönnum tíðrætt um atburð þenna og lögðu ýmsir misjafnt til um merkingu hans. Nokkurum dögum fyrir Kyndilmessu gerði útsynning og brim.

Gekk Ari þá morgun einn með sjó fram suður að berginu og leit eftir reka. Fann hann þá vogmey í flæðarmálinu, feikistóra og silfurfagra sýnum. Bregður Ara nú mjög við þetta, því að það er gömul trú á Suðurnesjum að slíkt vogrek boði annaðhvort hvalreka eða skipstapa. Kemur Ara þá þegar í hug sýn stúlkunnar á þrettándanum og finnst honum nú flest bera að sama brunni um forlög Orms bónda og þeirra háseta hans. Tekur hann nú vogmeyna og urðar hana í skyndi uppi í malarkambinum og nefnir ekki atburð þenna við nokkurn mann. Morguninn eftir klæðist Ari snemma og skreppur inn til Kalmanstjarnar. Er hann þar allan daginn og kemur ekki út á Eyri fyrr en komið er fram á vöku. Segir hann þá Ormi, að Þórarinn, bróðir hans, hafi lagt svo fast að sér að róa á skipi sínu að hann kveðst loks hafa látið undan þrábeiðni hans og ráðið sig hjá honum um

vertíðina. Lagði Ormur fátt til þessara mála, því að kært var með þeim bræðrum, en þótti þó miður að missa Ara vegna landverka hans.

Fer Ari að því búnu til Þórarins á Kalmanstjörn; takast nú vertíðarróðrar og er allt tíðindalaust. Vertíð þessa voru gæftir fremur stirðar, en færafiskur var mikill fram undan Kistubergi svo nefndu. Þá er liðið var nokkuð á vertíð, dreymir konu eina á Kalmanstjörn, að til hennar kemur maður einn og segir við hana:

"Ærnir eru ávextir Ægis, en ægilegri tók hans."

Kveður hann síðan vísu þessa:

Bárufleygur beztur er,
bylgjur sævar stillir;
blíðast inn við Bænasker
brimið ströndu hyllir.

Sagði kona þessi Þórarni bónda drauminn, en hann lagði eigi trúnað á. Nokkrum dögum síðar rær Þórarinn suður fyrir Hafnaberg; var þá útsynningur, en lygnt veður og nokkur hroði í sjó. Sat hann stutta stund á færum, því að vind herti og brimaði skjótt. Þá er Þórarinn var kominn inn undir Eyri, var brim töluvert, en samt hélt Þórarinn inn til Kalmanstjarnar. En er að sundinu kom, var þar veltu-brim; lagðist hann til laga, en þó fór svo, að skip hans fórst á sundinu.

Sagt var, að fært hefði verið að lenda á Eyri, en Þórarinn myndi ekki hafa skeytt því og talið fært að lenda heima hjá sér; en aðrir sögðu, að bárufleygur hans hefði verið í ólagi, er á sundið kom. Í vertíðarlok rak reyðarfisk mikinn hjá svonefndum Klaufum fyrir sunnan Eyri, nálægt þeim stað, er Ari fann vogmeyna. Var hvalurinn öllum aufúsugestur. En eftir lát Þórarins fluttist Ormur til Kalmanstjarnar á eign bróður síns og hefir eigi byggð verið síðan á Eyri.

RAUÐSKINNA I 29



Vörðurnar á Vörðufelli

Svo er sagt að ræningjar hafi komið í land ekki langt frá Krýsivíkurlandi og hefði flokkur mikill af þeim komið gangandi og stefnt fram til Krýsuvíkur, en er til þeirra sást var strax sendur maður til Eiríks prests. Reið hann sem mest mátti, hitti prest og bjóst hann strax með sendimanni, en er þeir sáu heim að bænum þá hafði ræningjaflokkurinn staðar numið á hólum nokkrum fyrir sunnan kirkjuna í Krýsuvík og börðust í ákafa svo að þeir drápu þannig niður fyrir vopnum sjálfra sín, en komust aldrei heima að bænum.

En nokkru eftir þetta er sagt að prestur hafi farið austur á Selvogsheiði og numið staðar á felli einu lágu; hafi hann þá byggt þar upp fjarska margar vörður og sagt að meðan nokkur varðan stæði mundi Selvogurinn ekki verða rændur og heitir fellið síðan Vörðufell.

JÓN ÁRNASON III 505



Þanghesturinn frá Refshalakoti

Stafnes á Rosmhvalanesi var fyrrum mikil jörð og sýslumannssetur fyrir Gullbringu. Var þaðan útræði mikið og mjög var sótt þaðan í Geirfuglasker á fyrri öldum. Lágu 24 hjáleigur undir Stafnessbóndann, auk Bátsenda er einnig voru í landi hans.

Þá er Stafnes varð kóngsjörð urðu hjáleigubændurnir fyrir ýmsum kvöðum af hendi Bessastaðamanna. Urðu þeir að annast flutninga frá Bátsendakaupmönnum til Bessastaða endurgjaldslaust og fæða sig að auki.

Ein af hjáleigum Stafnessbóndans hét Refshalakot; var þar lítilfjörleg grasnyt og afgangið goldið í fiski. Sagt er að eitt sinn hafi búið maður sá í Refshalakoti er Þórólfur hét. Var hann vanur og veðurglökkur formaður, harðgerr mjög og stórlyndur, ef því var að skipta. Eigi hafði hann búið lengi í Refshalakoti er úfar risu milli hans og Stafnessbóndans út af leigunum. Galt Þórólfur venjulegar leigur eftir kotið en heimabóndi sagði að fylgja ætti þurr og vel verkaður þanghestur að auki. Eigi vildi Þórólfur ganga að því.

Eitt sinn er Þórólfur var að heiman, skrapp Stafnessbóndinn heim að Refshalakoti og lét greipar sópa um þangbirgðir þær er voru í kotinu. Kom Þórólfur nokkuru síðar heim; sárnaði honum mjög tiltæki bónda en fékkst þó eigi neitt frekar um það.

Haust eitt, nokkuru eftir Mikaelsmessu, vildu Bátsendakaupmenn flytja ýmsar vörur til Bessastaða og heimtu þá sem fyrr leiguliðana í för þessa. Skyldi Þórólfur vera formaðurinn. Morgun þann, er fara átti, vaknar Þórólfur snemma; var þá andi af vestri, móða á jöklinum, og þyngsli mikil í sjó. Þótti Þórólfi illt útlit og vildi hvergi fara en þorði þó eigi annað en hlýða, sökum ofríkis og hótana kaupmanna.

Var þá settur fram teinæringur einn mikill, er staðið hafði í naustum frá vertíðarlokum og gisnað nokkuð af sól um sumarið. Var nú borinn flutningur á skip og héldu þeir að því búnu af stað. Voru á skipi þessu margir leiguliðar Stafnessbóndans og þénarar kaupmanna. Var skipið lítt búíð seglum og er inn fyrir Skaga kom, gjörði ofsarok af norðvestri, svo að þá hrakti inn allan Garðsjó og bar þá loks undir Vogastapa og týndist skipið þar með öllu. En nóttina eftir gerðust reimleikar miklir hjá kaupmönnum á Bátsendum. Voru einkum mikil brögð að því í verzlunarhúsunum og var bæði lýsi og brennivíni spillt, skreið hent víðsvegar og leirkönur brotnar úr búðarhillum. Voru svo mikil brögð að þessu að menn héldust eigi við í búðunum er rökkva tók.

Þóttust menn sjá að þar væri kominn Þórólfur formaður. Sótti hann að einum kaupmanna svo mikið að vaka varð yfir honum á nóttum; var oft slegið blautum sjóvettling í rúm hans og þótti þeim sem sáu formann hann skælbrosa um leið og hann gekk út.

Þá bjó í Loddustofu maður sá, er Brandur hét. Var Lodda ein af hjáleigunum frá Stafnesi. Brandur þessi var risi mikill og hraustmenni, óþjáll og stirðlyndur en ótrauður til allra verka ef "betaling var í boði". Höfðu þeir dönsku beyg af honum vegna afls hans og slapp hann því við ýmsa snúninga og kvaðir hjá þeim. Mann þennan fékk nú hinn áður nefndi kaupmaður til að vaka hjá sér.

Kemur Brandur til kaupmanns um kvöldið; er honum vísað til rúms eins í svefnstofu kaupmanns, og skyldi hann halda vörð þaðan um nóttina. Háttar kaupmaður snemma og sofnar þegar. En er liðið er nokkuð fram yfir miðnætti heyrir Brandur frammi í bænum umferð og núningshljóð, eins og þá menn ganga snúðugast skinnklæddir; nálgast þetta svefnstofu kaupmanns; en jafnframt finnur Brandur, að úr sér dregur mátt allan og stenst það svo á að þegar lokið er upp hurðinni að svefnstofunni er Brandur orðinn svo aflvana að hann má sig hvergi hræra né gefa hljóð frá sér.

Birta var mjög dauf en þó sér hann að inn kemur Þórólfur formaður; er hann ófrýnn mjög og alskinnklæddur; heyrir Brandur gutla í brók hans og leka niður af honum bleytuna; jafnframt finnur Brandur lýsislykt og reykjarlykt, því að formaður hafði hengt skinnklæði sín í eldhús til verkunar en tekið þau niður daginn sem fara skyldi til Bessastaða. Sér Brandur að formaður hefur sjóvettling í hendi,

rennblautan og heldur í totuna og gengur rakleitt að rúmi kaupmanns og slær hann rokna kjaftshögg með blautum laskanum. Hrökk þá kaupmaður upp með hljóðum miklum en svo var þá af Brandi dregið að hann gat enga björg sér veitt fyrr en kveikt hafði verið ljós og hann hafði jafnað sig.

Þaut hann þá heim til sín og fékkst eigi til að vera stundinni lengur, hvorki með loforðum né hótunum. Lifði ljós það sem eftir var nætur og var svefninn lítill hjá kaupmanni. Sótti formaður áfram að kaupmanni, þótt viðskipta þeirra sé eigi frekar getið.

Kvöld eitt kom að Bátsendum maður innan frá Kirkjubóli; var þá þénari einn sendur út í búðirnar að mæla honum brennivín. En er þangað kom heyrir hann hávaða mikinn; lýkur hann þá upp gluggahlera einum og sér þá að búðin er full af skinnklæddum mönnum og allt er þar á ferð og flugi en einn manninn sér hann handleika "hevert" einn mikinn og sí og æ stinga honum ofan í eina ámuna og heyrði hann jafnframt kveðnar þessar hendingar:

Drekkjum og dýfum
þeim dönsku í djúp,
dáum ekki, drengir, þ
eirra dyggðahjúp.

Fór maðurinn sem skjótast af glugganum og var ekki til brennivínsins tekið það kvöldið. Nokkru síðar kom dugga ein að Bátsendum; var þá verzlunarhúsunum lokað og Danir allir fóru á brott um veturinn.

En er fram á jólaföstuna leið sáu menn sem gengu til skipa á nóttu reyki mikla frá eldhúsi Stafnessbóndans og jafnframt tóku heimamenn þeir á Stafnesi er til róðra gengu á nóttu að heyra snark mikið er fram til eldhússins kom. Logaði þá eldur glatt í hlóðum og var þang vel að borið en ekkert var yfir eldinum né maður nokkur sjáanlegur. Gekk þetta nokkrar nætur og voru svo mikil brögð að eyðslunni að þangbirgðir allar virtust ætla að ganga til þurrðar. Lét bóndi þá vaka í bænum; bar þá eigi neitt til tíðinda í eldhúsinu, en í þangkofanum heyrðist skjáf mikið, sem gengið væri eftir þangköstunum og nýju þangi væri hlaðið ofan á þá og troðið duglega innundir súðirnar, lamið saman reipahögldum og fleira.

Nokkru síðar bar svo til að kona ein af næsta bæ kom að Stafnesi; dvaldist henni lengi fram eftir kvöldinu og fór þaðan eigi fyrr en í vökulok. Þegar hún var komin út fyrir túngarðinn, sér hún mann einn koma móti sér, sem henni virtist teyma hest með böggum.

Snjór hafði verið í nokkra daga en nýlega hlánað, svo að krap var mikið á jörðu og skreipt í spori. Miðar manni þessum drjúgum í áttina til hennar og finnst henni það furðu sæta, hve lítið ganghljóð hún heyrir til þeirra féлага. Víkur hún því úr vegi fyrir þeim.

Sér hún þá, að maður þessi er skinnklæddur og þunglamalegur mjög í gangi, svo sem væri hann brókarfullur; slamsast hann áfram og heggur með höfðinu í hverju spori, en skepnu þá, er hann teymir, getur hún ekki greint, en henni sýnist hún vera múlbundin með reiptagli og á baki hennar er heljarstór reiðingur og reiðir maðurinn á honum tvo þá ferlegustu þangbagga, er konan hafði nokkurn tíma séð og marrar gríðar mikið í silunum. En um leið og maður þessi fer fram hjá henni, heyrir hún, að hann kveður vísu þessa með gömlu kvæðalagi:

Frá Refshalakoti eg reidda tel
reipafylli þanga,
brenni nú og braki vel
blöðkuklóin langa.

Endurtekur hann síðustu hendingarnar svo lengi sem konan heyrir til og sér hún það síðast til hans að hann hverfur heim að Stafnesi. Nótt þessa var eigi vakað á Stafnesi, en er heimamenn reru, þá logaði eldur í hlóðum sem fyrr. Brá bóndi sé þá daginn eftir inn að Bæjarskerjum og var hann þar allan daginn. Morguninn eftir lét hann með birtu heimamenn sína binda hverja einustu þangkló, sem til var á Stafnesi og reiða heim til ekkjunnar í Refshalakoti; jafnframt lét hann ætíð á vökunni hita eldhússkörunginn og gera með honum hvítglóandi krossmark milli hlóðarsteinanna og mátti enginn ganga til eldhúss eftir það. Hurfu skjótt öll undur við þessar aðgerðir bónda; en talið var að hann hefði þar fylgt ráðum Bæjarskerjabóndans. En aldrei var goldinn þanghestur frá Refshalakoti eftir það.



Þáttur af Eiríki Bjarnasyni

Eiríkur var alvanur sjómaður og átti fallegan bát, er Bliki hét; hafði hann mætur á bátnum og byggði yfir hann hús með hurð fyrir svo að ekki skini á hann sól né á honum dyndi snjór eða regn; sýnir það með öðru fleira, hvaða reglu- og þrifnaðarmaður Eiríkur var heima fyrir. Hann reri tuttugu vertíðir á Suðurnesjum, en þá kvaðst hann ætla að hætta að róa og aldrei fara á sjó framar. Hefur hann vafalaut efnt það.

Vermötu sína útbjó Eiríkur vanalega á þann hátt að í öðrum enda skrínunnar hafði hann sauðakæfu, og smjör milli laga, en í hinum sela- og hrossakjöt, sitt lagið af hvoru. Borðaði hann þetta á víxl á vissum dögum í verinu með ýmsu fiskmeti. En ekki þótti búðarnautum hans þefgott upp úr skrínunni. Eitt haust vandaði Eiríkur mjög vermötuna. Hann slátraði nauti, tók allt kjöt af beinunum hráum, braut þau til mergjar, safnaði saman öllum mergnum og lét hann í dall með vel felldu loki. Síðan sauð hann kindarskrokk í kæfu, lét dallinn með mergnum í miðja verskrínu sína en þrýsti kæfunni ofan með.

Í byrjun vertíðarinnar fór hann svo til vers að vanda suður í Voga og hafði skrínuna með sér. Segir svo ekkert af því þangað til einu sinni í landlegu tekur hann til dallsins, opnar hann og snæðir allan merginn upp úr honum í einu; kvaðst hann ætla að vita, hvort hann geri nokkra verkun.

Um kvöldið gekk hann til hvílu að vanda; en eitthvað virðist mergurinn hafa verkað, því að um morguninn steig Eiríkur allsnakinn fram úr hvílunni, tók þegjandi saman öll rúmföt sín og skundaði með þau ofan í sjó; þar skolaði hann fötin og sjálfan sig á eftir.

Öðru sinni var Eiríkur nýlega kominn til vers í Voga suður. Átti hann góðkuningja suður í Njarðvíkum og einn landlegudag lagði hann af stað senmma morguns til að heimsækja þá. Var hann hjá þeim allan daginn í góðum fagnaði og kom heim að kvöldi. Hafði hann þá neytt með meira móti bæði hangikjöts, kæfu, brennivíns og annars sælgætis.

En þegar hann kom inn í hitann í sjóbúðinni, varð honum flökurt og tók að spýja. Sagði þá einn af félögum hans í gamni, að það væri skömm að láta svo góðan mat fara forgörðum. Eiríkur kvað það satt vera, seildist eftir austurstrogi, sem þar var í loftinu, spjó í það allríflega og setti það á afvikinn stað. Morguninn eftir, þegar flestir voru komnir á fætur, tók hann trogið, settist með það og myndaði sig til að fara að snæða upp úr því. Var þá félögum hans nóg boðið og ruku allir á dyr, hver sem betur gat. Vissu þeir aldrei, hvort Eiríkur át nokkuð úr troginu; hefur hann sálfsagt aldrei gert það og þóttzt góður, þegar hann gat látið félögum sínum ofbjóða.

Einu sinni ætlaði Eiríkur sem oftast suður í Njarðvíkur til sjóróðra. Tók hann þá upp á því að fara ekki sjóveg, heldur landveg, gangandi. Fór hann þá inn fyrir hvern fjörð og hverja vík, fram fyrir hvert nes og hvern tanga og gekk allt af í flæðarmálinu, þar sem það var fært. Var hann á því ferðalagi í sex vikur.

GRÍMA HIN NÝJA II 97



Þjófagjá

Skammt fyrir ofan byggðina í Grindavík er fjall, sem heitir Þorbjarnarfell, - oftast nefnt Þorbjörn. Í toppi þess er hamragjá, sem heitir Þjófagjá.

Er svo sagt, að þar hafi einu sinni hafst við fimmtán þjófar, sem lögðust á fé Grindvíkinga. Eigi sáu byggðarmenn færi á að vinna þá fyrr, en bóndason frá Hópi tókst á hendur að svíkja þá. Hann fór til þeirra, sór þeim trúnaðareið og var með þeim um hríð. Hann varð þess vís, að þeir fóru hvern laugardag í bað í laug þeirri, sem er á Baðsvöllum norðan undir fjallinu.

Einn gætti klæða þeirra, meðan þeir voru í baðinu, og gerðu þeir það til skiptis. Svo kom, að þeir trúðu bóndasyni fyrir að geyma föt sín. Þá sneri hann um annarri skyrtuerminni og annarri brókarskálminni hjá þeim öllum og hljóp síðan, sem fætur toguðu, til bæja. Það fór eins og hann ætlaðist til; þjófunum varð tafsamt að komast í föt sín, og ekki fóru þeir nema í nærklæðin og eltu hann síðan, en náðu honum ekki. Urðu þeir mjög sárfættir í grjótinu.

Nú þustu byggðarmenn að þeim, og gátu þeir ekki komist undan. Voru þeir allir teknir höndum og hengdir þar, sem síðan heita Gálgaklettur. Bóndasonurinn varð ólánsmaður, en eigi er getið, hvað fyrir hann kom.



Þorkatla og Járngerður

Þorkatla bjó á Þorkötlustöðum í Grindavík, en Járngerður á Járngerðarstöðum. Báðar voru þær giftar.

Einu sinni sem oftast voru karlarnir þeirra báðir á sjó. Nú gjörði mikið brim og héldu báðir til lands. Þorkötlu karl fékk gott lag á Þorkötlustaðasundi og komst af. Þá varð Þorkatla fegin og mælti hún svo fyrir að á því sundi rétt förnu skyldi aldrei skip farast ef formann þess brysti hvorki hug né dug, og menn vita ekki til að þar hafi farizt skip á réttu sundi.

Það er að segja frá Járngerðar karli að hann druknaði á Járngerðarstaðasundi. Þá varð Járngerður afar grimm og mælti svo um að þar skyldu síðan farast tuttugu skip á réttu sundi. Segja menn að nú sé fyrir víst níttján drukknuð, en þá er eitt eftir og má búast við að það farist þá og þá. Á götu þeirri sem til skips var gengin frá Járngerðarstöðum er leiði Járngerðar.

JÓN ÁRNASON IV 231



Þorskhausarnir

Þórður Thoroddsen læknir í Keflavík gerði út á sex manna far og héldu sjómenn hans til í kjallara í læknishúsinu á vertíðum. Í hinum enda kjallarans var stór bingur af þorskhausum og annað drasl. Hár stigi lá úr kjallaranum upp í eldhúsið, og rétt hjá honum voru dyrnar inn í herbergi sjómannanna. Stórir gluggar voru á herberginu svo að vel bjart var inni.

Formaður læknisins hét Sigurgísli, en meðal háseta var maður að nafni Jón. Nótt eina veturinn 1888 fékk Jón þessi þrjú uppsölukest. Klukkan hálfjögur um morguninn var róðrarveður gott og reis þá formaðurinn upp og kallaði á háseta sína, en Jón kvaðst eigi treysta sér til að róa. Þá byrsti Gísli sig og sagði, að vel gæti hann róið, því að þetta sé ekki annað en leti í honum. Var hann þá spurður, hvort hann teldi þann mann heilbrigðan, sem fengi þrjú uppsölukest, hvert á fætur öðru, en Gísli svaraði ekki öðru en því, að hann mundi hafa étið yfir sig og yrði að klæðast tafarlaust.

Þá rauk Jón á fætur, enda reiddist hann orðum formannsins. Fóru svo allir upp í eldhúsið til kaffidrykkju, en Jónbragðaði ekki neitt. Þá var ýtt á flot en þegar þeir voru tilbúnir að stíga upp í, sagði Gísli við Jón, að ef hann væri lasinn, skyldi hann fara aftur inn og háttu, en Jón svaraði því engu, heldur stökk upp í bátinn, settist undir árar og reri af kappi út á mið.

En um leið og þeir renndu færunum, stóð Jón upp og fór að losa um brók sína; datt hann síðan ofan á kjalfestuna og stundi við af kvölum. Skipaði þá formaður að draga tafarlaust inn og róa í land. Þegar reynt var að reisa Jón upp og láta hann setjast á þóttuna, þoldi hann það ekki og varð því að láta hann liggja þar sem hann var kominn. Reru menn allt hvað af tók til Keflavíkur og báru hann til rúms í kjallaranum.

Bað formaður stúlku eina að tilkynna læknum veikindi Jóns, þegar hann kæmi á fætur og reru þeir aftur út á mið. Þegar þeir komu úr róðrinum síðara hluta dags, sagði læknirinn að Jón væri með lífhimnubólgu. Lá Jón rænulítill með sárar kvalir alla nóttina, en rétt eftir hádegið daginn eftir bráði ofurlítið af honum og hann fékk rænu um stund. Þegar hann var spurður hvernig honum liði svaraði hann: "Ef Sigurgísli hefði ekki haft þessi orð við mig, hefði eg ekki tekið þessar kvalir." Þetta voru einu orðin, sem hann sagði, því að þá versnaði honum og næsta dag var hann dáinn. Líkið var sett í útihús, þar sem það stóð uppi, á meðan kistan var smíðuð; en koffort hans og fót lágu framan við skilrúmið rétt hjá þorskhausabingnum í kjallaranum. Á ellefta tímanum um kvöldið voru allir komnir til náða í húsinu, en Sigurgísli ásamt einum háseta voru enn vakandi.

Þá heyrðu þeir að farið var að róta við ýmsu framan skilrúmsins og fleygja þorskhausum til og frá. Bað Gísli hann að líta fram fyrir og athuga hvað gengi á, en hann sagði, að hann gæti gert það sjálfur. Þráttuðu þeir um þetta, þangað til hásetinn reis upp og ætlaði að ljúka upp hurðinni, en þá þögnuðu þessi ólæti, og var allt með kyrrum kjörum. Lögðust þeir aftur en jafnskjótt tók þruskið til aftur og þorskhausum hent til og frá í hamagangi. Nú fór hásetinn aftur á kreik og leit fram fyrir en það fór á sömu leið og í fyrra skiptið, að allt datt í dúnalogn þegar hann opnaði hurðina. Stóð á þessu hér um bið tvær klukkustundir, og kom engum dúr á auga.

Daginn eftir var lík Jóns kistulagt. Og í sama mund og kvöldið áður byrjuðu ólætin að nýju, stóðu yfir jafnlengi, og gat fólk ekki fest blund fyrr en þau voru þögnuð. Daginn eftir var kistan flutt að Útskálum til greftrunar, og fór sú athöfn fram á venjulegan hátt. Um kvöldið, var enn tekið til að kasta hausunum, en ekki eins kappsamlega og fyrri kvöldin og stóð miklu styttri stund.

Þegar skipsfélagar Jóns heitins komu að landi næsta dag var hreppstjórinn kominn til að halda uppboð á fötum og dóti. Var allt selt, en ekkert af því keyptu þeir eða nokkur úr læknishúsinu. Um kvöldið bjuggust allir við, að þorskhausarnir færu af stað líkt og fyrri kvöldin, en svo varð ekki og urðu menn einskis varir framar.

GRÍMA HIN NÝJA IV 225



Þorsteinn á Hæli

Þorsteinn á Hæli var kraftaskáld og formaður í Grindavík. Það var einn dag að veður var hvasst og þó ræði að kalla. Hafði verið tregt um fiskirí næstu daga áður, svo að menn vildu róa. Þorsteinn vildi ekki róa, en þótti þó illt að vera í landi ef hinir kynni að fiska, og varð honum illa við þegar hinir fóru. Hann kvað þetta þegar þeir voru komnir í sátur sem róid höfðu: Skarpan gefðu nú skinnklæðaperrinn, skapari minn, svo rekkar fái fyrir róðurinn sinn rauða lófa, en komist þó inn. Allt í einu hvessti svo að menn fóru að flýta sér til lands. Gekk þeim það tregt. Komust þó allir til lands um síðir og voru flestir mjög sárhentir.

JÓN ÁRNASON III 478



Ætlar austur

Í Gerðum í Garði dó ekkja nokkur, er Helga hét, austan úr Landeyjum. Sömu nótt sem hún lézt, dreymdi son hennar í Hafnarfirði, að hún kæmi til sín í hvítum klæðum. Spyr hann hana, hvernig standi á ferðum hennar. Segist hún ætla austur. Draumurinn var ekki lengri. Hann skrifaði stundina og sagði fólkinu að móðir sín væri dáin eða hann væri hræddur um það enda reyndist svo að hún dó um það leyti er hann dreymdi drauminn. Þegar þessi sama kona var fyrir nokkru dáin dreymdi stúlku í Gerðum, er svaf í næsta herbergi við það, er líkið var í, að Helga kæmi til sín og kvartaði yfir kulda á fótunum. Vaknar stúlkan og fer að gæta að líkinu. Höfðu fötin dregist af fótunum af umgangi læknisins.

ÞJÓÐHÆTTIR 426



Ögmundarhraun

Áður en það var rutt varð að fara vestur yfir hálsa fyrir endann á hraun-
supp-
komunni þegar fara þurfti til Njarðvíkur eður Keflavíkur. Bóndinn í Njarðvík átti
dóttur. Hennar bað lausingi nokkur er Ögmundur hét, tröllmenni að stærð og
kröptum. Bóndi vildi ei gipta dóttur sína fúlmenni þessu en treystist ei að standa í
móti honum. Tekur hann því það ráð að lofa honum stúlkunni ef hann vildi vinna
það til hennar að gera færan veg yfir hraunið, þar sem beinn yrði vegur til Suður-
nesja. Þetta verk tókst hann á hendur og framkvæmdi það duglega en lagðist til
svefns að loknu verkinu austan til við hraunbrúnina en bóndi lá í leyni í hraung-
jótu. Ætlaði hann inum stundir að sofna vært og drap hann sofandi. Þar er dys
hans sem drepinn var og er hraunið síðan við hann kennt og kallað Ög-
mundarhraun.

HULD I 231



Örlá álfkona

Fyrir mörgum árum var stúlka nokkur í vist í Vogum. Það var eitt sinn í kal-saveðri að hún hljóp frá vinnu sinni til þess að leita að kúm. Hún var fremur illa búin og var því kalt.

Fyrir ofan veginn í Vogum er einkennilegur, keilulagaður hóll kallaður Skyggvir. Upp á þenna hól var hún von að ganga þegar hún leitaði að hestum eða kúm; þaðan sá hún langt upp eftir heiði og þótti henni mjög vænt um hól þennan. Gekk hún nú sem oftast upp á hólinn og skyggdist eftir kúnum sem hún var að leita að og sá þær þaðan. Þegar hún fór niður hólinn aftur sá hún bláan samanbrotinn klút liggja utan í honum; tók hún klútinn upp og þótti undarlegt að hann var þurr þótt mikið hefði rignt um daginn og ekki þornað af. Lagði hún hann niður aftur á sama stað en tók hann þó upp að nýju og hugsaði sem svo að úr því að henni væri kalt, hefði hún hans brýna þörf. Hún lét hann því á sig, sótti kýrnar og rak þær heim. Nóttina eftir dreymdi hana að kona kæmi til hennar og segði að rétt hefði verið af henni að taka klútinn því að henni hefði hann verið ætlaður; skyldi hann vera laun fyrir það, hversu oft hún hefði varað heimabörnin við að gera hávaða í kringum hólinn hennar og varnað þeim að tína þar ber. Síðan hvarf hún en stúlkan vaknaði.

Nokkru síðar var stúlkan að leita að hestum í norðan kalsastormi. Hún gekk upp á hólinn að vanda og fann þá utan í honum nýja vettlinga, vel vandaða og þóttist hún enga betri séð hafa. Þóttist hún vita að vettlingarnir væru henni ætlaðir því að hún var berhent; tók hún þá og lét þá á sig.

Nóttina eftir dreymdi hana að sama konan kæmi og segði að hún skyldi njóta vettlinganna og aldrei skyldi hún lóga þeim. Hvarf konan síðan en stúlkan vaknaði.

Vorið eftir var stúlkan enn einu sinni á ferð hjá Skyggni; fann hún þá stóran klút sem lá utan í hólnum á sama stað sem hinir hlutirnir höfðu legið. Klúturinn var grábrúnn að lit, allur settur skjöldum. Hún tók klútinn upp og hafði hann heim með sér.

Nóttina eftir dreymdi hana enn sömu konuna; bað hún hana að njóta vel klútsins því að henni hefði hann verið ætlaður; skyldi hún varðveita hann vel. Fleiri hluta varð stúlkan ekki vör á Skyggni, enda var hún skamman tíma eftir þetta í Vogum.

GRÍMA HIN NÝJA V 52